

## INNLIT Á ÞINGEYRI
Simbahöllin orðin að kaffihúsi
HÖNNUN 32

BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR UM FRIDU KAHLO OG DULARFULLAN HEIM INDJÁNANNA
VIÐTAL 22





## SÍÐASTI KENNEDY-BRÓÐIRINN BORINN TIL GRAFAR
ÚTLÖND 26

## ROKKABILLÍ ENDURVAKIÐ Í REYKJAVÍK
TÍSKA 46




# FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
HELGARÚTGÁFA

29. ágúst 2009 — 204. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


VIÐTAL 34



## Sameining embætta á dagskrá

SÁLGÆSLA 30

## Kreppan er lærdómur fyrir okkur

ÍSLENDINGAR 24



## Með miða aðra leið til útlanda

SÉRBLAÐ Í DAG






**Í STÍL VIÐ SÓLARLAGIÐ** Hátíðin Í túninu heima var sett í Mosfellsbæ í gærkvöldi. Varðeldur var tendraður í Ullarnesbrekkum og brekkusöngur var sunginn. Bergvin Snær Alexandersson skartaði bleiku hári í tilefni kvöldsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hreiðar Már segir vaxtastefnu vitleysu

**Afnám verðtryggingar, lækkun stýrivaxta og breyting erlendra lána í krónur eru nauðsynlegar efnahagsaðgerðir að mati Hreiðars Más Sigurðssonar.**

**EFNAHAGSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, segir að vaxtastefna Seðlabanka Íslands sé með ólíkindum. Hann fullyrðir að stýrivaxtalækkun myndi styrkja gengi krónunnar með þeim rökum að lægri vaxtagreiðslur til erlendra aðila bæti viðskiptajöfnuð landsins og geri Seðlabankanum auðveldara um vik að safna gjaldeyrisforða sem aftur styrki gengið.

„Peningastefnunefnd Seðlabankans er á villigötum. Misskilningurinn er fólginn í því að háir vextir laði fjármagn til landsins. Það hefur enginn tiltrú á því að íslenska kerfið standi undir þessum háu vöxtum og þó að vextirnir væru helmingi hærri fengjum við ekki fjárfestingar í íslenskum krónum,“ segir Hreiðar. „Þetta snýst allt um tiltrú, og hún er ekki fyrir hendi.“

Spurður til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að taka á efnahagsvandanum segir Hreiðar að lækka eigi stýrivexti í tvö til fjögur prósent án tafar. „Þessi vaxtalækkun myndi minnka halla ríkissjóðs þar sem vaxtagreiðslur íslenska ríkisins til erlendra aðila myndu dragast verulega saman.“ Erlendir aðilar eiga nú um 500 milljarða króna af íslenskum ríkisskuldabréfum og innistæðum í ríkisbönkunum og Hreiðar telur auðsætt að hvert prósentustig í lækkun vaxta vegi mjög þungt.

Hreiðar vill að verðtrygging verði afnumin úr íslensku fjármálakerfi. „Þrátt fyrir að verðtrygging sé áhugaverð stærðfræðileg lausn á vanda ríkis sem býr við háa verðbólgu gerir hún stýrivexti bitlausa auk þess að færa alla áhættu og kostnað af verðbólgunni yfir á herðar lántakanda.“

Hreiðar segir að öllum hljóti að vera ljóst að breyta þurfi öllum erlendum lánum einstaklinga í krónur og sama eigi við um erlendar skuldir fyrirtækja sem hafi einungis tekjur í krónum. Með þessu náist jafnvægi í efnahagsreikninga bankanna og taprekstri þeirra verði snúið við.

Hreiðar segir að Íslendingar verði að horfa til þeirra aðgerða sem aðrar þjóðir noti til að auka traust á fjármálamörkuðum og lækka greiðslubyrði lána bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. „Nálægt því alls staðar, utan Íslands, hafa seðlabankar verið með mikil inngrip og vextir verið lækkaðir niður í nánast ekki neitt. Þessar aðgerðir hafa virkað. Ísland verður að grípa til sömu aðgerða til þess að milda áhrif kreppunnar.“

- shá

GCD spilar á Ljósanótt:

## Sonur Rúnars í spor föður síns

**TÓNLIST** „Þetta væri ekki hægt nema vegna þess að partur af Rúnari er með okkur,“ segir Bubbi Morthens.

Rokksveitin GCD ætlar að koma saman á Ljósanótt í Keflavík til að heiðra minningu fyrrum félaga síns Rúnars Júlíussonar sem lést á síðasta ári. Yfirskrift viðburðarins verður „Óður til Rúnars“. Júlíus, sonur Rúnars, mun fylla skarð hans bæði sem bassaleikari og söngvari.

- fb / sjá síðu 66










**SPURNING DAGSINS**



*Hlín, er þetta ekki bara eitthvert leikrit hjá ykkur?*

„Jú, og við erum illa leikin.“

Hlín Agnarsdóttir er meðal þeirra umsækjenda um stöðu þjóðleikhússtjóra sem andmæla hæfnismati Þjóðleikhúsráðs.

Nefnd fjögurra ráðuneyta um möguleikana á skaðabótamáli:

# Eva skammar Steingrím Joð

**EFNAHAGSHRUNIÐ** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefði ekki átt að skipa nefnd til að kanna möguleika ríkisins á því að höfða skaðabótamál á hendur þeim sem kunna að hafa valdið almenningi tjóni í aðdraganda bankahrunsins.

Hann hefði betur nýtt þær stofnanir sem eru fyrir hendi, svo sem ríkislögmann eða Landsdóm, til að höfða mál gegn ráðherrum, en Landsdómur hefur aldrei verið kallaður saman. Að stofna nýjar stofnanir virðist vera pólitísk friðþæging.

Svo sagði Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara í rannsókn á bankahruninu, í fréttum Stöðvar tvö í gær.

Eva er þó ánægð með hversu fljótt gekk að semja lög um þrjá saksóknara til aðstoðar sérstökum saksóknara vegna bankahrunsins. Einnig er hún sátt við að sérstakur ríkissaksóknari verði settur vegna bankahrunsins, fyrst Valtýr Sigurðsson vildi ekki láta af embætti. **- kóþ**



**EVA JOLY** Vekur athygli á Landsdómi, sem færi með mál, ef Alþingi ákvæði einhvern tímann að höfða gegn ráðherrum. Hann var stofnaður 1905, en aldrei kallaður saman. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lögreglan á Blönduósi:

## Mikil kannabisrækt á sveitabæ

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Blönduósi fann á þriðja hundrað kannabisplöntur við húsleit á sveitabæ í nágrenni bæjarins á fimmtudagskvöld.

Einn maður var á bænum þegar lögregla mætti á staðinn. Maðurinn var að vökva plönturnar og viðurkenndi hann aðild sína.

Lögreglan hefur haft bæinn til rannsóknar um nokkurt skeið, og notið aðstoðar af höfuðborgarsvæðinu og frá Akureyri. Ræktunin var mjög fullkomin og að mestu leyti sjálfvirk, svo ekki þurfti að koma á bæinn nema á nokkurra daga fresti. **- þeb**

Sigurjón um Icesave:

## Það var engin ríkisábyrgð

**VIÐSKIPTI** Sigurjón Árnason, fyrrverandi forstjóri Landsbankans, telur að ekki hafi verið ríkisábyrgð á Icesave-reikningum Landsbankans með þeim hætti sem nú hefur verið samþykkt.



**SIGURJÓN ÁRNASON**

Alþingi samþykkti í dag ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninga Landsbankans, en deilt hefur verið um það hvort lagaleg ábyrgð hvíli á íslenska ríkinu vegna reikninganna.

Sigurjón, annar fyrrverandi forstjóra Landsbankans, fór fyrir bankanum þegar Icesave-reikningarnir voru settir á stofn og fram að hruni. **- sm**

Skotar horfa til Íslands:

## Nýtt þorskastríð háð í Brussel

**EVRÓPUMÁL Ísland á fram undan nýtt þorskastríð, sem að þessu sinni verður háð í fundarsölum í Brussel en ekki á hafi úti, segir í grein í skoska dagblaðinu The Inverness Courier. Skoskir sjómenn og útgerðarmenn, sem lengi hafa haft horn í síðu fiskveiðistefnu ESB, ætla að fylgjast grannt með því hvernig Íslendingum reiðir af í aðildarviðræðum við ESB um sjávarútvegsmál.**

**Struan Stevenson, þingmaður Skoska íhaldsflokksins, segir í blaðinu að gefi ESB Íslandi eitthvað eftir frá sameiginlegu fiskveiðistefnunni muni Skotar krefjast sambærilegra tilslakana fyrir sinn sjávarútveg. Skosk yfirvöld hafa ítrekað sagt að eðlilegra sé að stjórn fiskveiða sé í þeirra höndum.** **- shá**

# Lögregla fylgist enn með pókermótum

**Lögregla hefur ekki lagt blessun sína yfir pókermót skilyrðislaust þótt eitt slíkt mál hafi verið fellt niður hjá Ríkissaksóknara. Íslandsmót í póker stendur fyrir dyrum og hleypur verðlaunaféð á milljónum. Við fylgjumst með, segir lögregla.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan er ekki hætt að gefa pókermótum gaum þrátt fyrir að Ríkissaksóknari hafi fyrr á þessu ári fellt niður mál á hendur umsjónarmanni eins slíks móts. Þá komst Ríkissaksóknari að því að ákæra í málinu væri ekki líkleg til sakfellingar.



**GEIR JÓN ÞÓRISSON**

Pókersamband Íslands ætlar dagana 12. og 13. september að halda Íslandsmeistaramót í póker í samstarfi við veðmálastofuna Betsson. Áætlað er að verðlaunaféð á mótinu verði á sjöundu milljón króna.

Lögreglan stöðvaði fyrir ríflega tveimur árum 150 manna pókermót þar sem heildarverðlaunafé nam um 600 þúsund krónum. Málið var í rannsókn og ákærumeðferð um langt skeið, þar til það var loks fellt niður snemma á þessu ári.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að sú ákvörðun Ríkissaksóknara þýði ekki að lögreglan sé hætt afskiptum af fjárhættuspili á borð við pókermót.

„Það voru ákveðnar forsendur sem lágu að baki því að saksóknari taldi sakfellingu ekki líklega í þessu tiltekna máli,“ segir Geir Jón. „Við munum að sjálfsögðu halda áfram að fylgjast með þessum mótum og síðan er hvert mál skoðað fyrir sig með tilliti til þess hvort lög hafi verið brotin,“ segir hann.



**VIÐ PÓKERBORÐ** Íslenskum pókerspilurum fjölgar ört. Til eru þeir sem gera fátt annað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> „Við munum að sjálfsögðu halda áfram að fylgjast með þessum mótum og síðan er hvert mál skoðað fyrir sig.“
>
> **GEIR JÓN ÞÓRISSON** YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Bæði er ólöglegt að þriðji aðili hagnist á fjárhættuspilum og að hvetja til fjárhættuspila. Mót sem þessi virðast því vera á gráu svæði.

Vefsíðan Pokerstars.com stendur einnig fyrir móti í Reykjavík á næstunni. Þar verða engin peningaverðlaun, en þeir sem vinna sér rétt til þátttöku á mótinu í netspili leika þar um laust sæti á móti vefsíðunnar erlendis, þar sem sigurlaunin eru tugir milljóna.

Könnun dómsmálaráðuneytisins frá því í fyrra sýndi að fjöldi þeirra Íslendinga sem spilað hafði póker fyrir peninga hafði þá tvöfaldast á þremur árum. Á sama tíma hafði fjöldi þeirra sem spilaði póker á netinu fjórfaldast.

Pókerklúbbar eru starfræktir víða í borginni þar sem menn spila fyrir háar upphæðir – jafnvel milljónir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa tugir Íslendinga það að sinni einu atvinnu að spila póker dægrin langt, aðallega á netinu. Tekjur þessara manna geta numið milljónum á mánuði.

**stigur@frettabladid.is**

Makrílveiðar:

## Hlutfall makríls í afla hækkað

**SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gaf í gær út nýja reglugerð, sem heimilar að hlutfall makríls sem meðafla megi vera allt að tuttug prósent af heildarafla hvers skips úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir tímabilið 9. júlí til 30. september. Heimilt er að flytja meðaflaheimild á milli skipa.**

**Eldri reglugerð, sem ráðuneytið gaf út í júlí, kvað á um að hlutfall makríls í aflanum mætti vera tólf prósent. Sú reglugerð var sett í kjölfar mikillar makrílveiði þar sem heildaraflinn var orðinn um 100 þúsund tonn.**

**Vaðandi makríll hefur verið víða í íslensku lögsögunni í sumar og í mun meira mæli en áður eru dæmi eru um. Vegna gildandi takmarkana á makrílveiðunum hafa skip að veiðum á norsk-íslenskri síld að undanförnu átt í erfiðleikum með að stunda þær veiðar vegna makrílgengdar.** **- shá**

Árekstur í Hafnarfirði:

## Flytja þurfti þrjá á slysadeild

**LÖGREGLUMÁL** Þrír voru fluttir á slysadeild eftir árekstur á mótum Reykjavíkurvegar og Álftanesvegar í Hafnarfirði um kvöldmatarleytið í gær.

Slysið varð með þeim hætti að fólksbíll og rúta skullu saman. Klippa þurfti tvo út úr bílnum og voru þeir fluttir á slysadeild með áverka. Sá þriðji var fluttur til skoðunar, en enginn var talinn mikið slasaður þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Loka þurfti Reykjavíkurvegi í nokkurn tíma vegna slyssins og sköpuðust einhverjar umferðartafir vegna þess. **- þeb**






Réttarlæknir í Kaliforníu greinir frá niðurstöðum krufningar:

# Dauði Jacksons var manndráp

**BANDARÍKIN** Lát Michaels Jackson hefur verið úrskurðað manndráp. Réttarlæknir í Los Angeles greindi frá þessu í gærkvöldi.

Mikið magn af lyfjum var í líkama Jacksons þegar hann lést. Dánarorsökin var deyfiáhrif af völdum propofols, sem er kröftugt deyfilyf. Fimm önnur lyf voru í líkama hans. Fyrrverandi læknir söngvarans, Conrad Murray, hefur verið yfirheyrður vegna málsins en hann hefur þó ekki verið skilgreindur sem sakborningur. Hann hefur sagt lögreglu að hann hafi gefið Jackson lyfið propofol sem hluta af meðferð við svefnleysi. Hann hafi hins vegar haft áhyggjur af því að Jackson væri að verða háður lyfinu og verið að reyna að minnka skammtana.

Lögfræðingur Murrays gagnrýndi yfirvöld í Los Angeles fyrir að birta ekki krufningarskýrslu hans í heild sinni. Hann segir að skjólstæðingur sinn hafi alltaf verið sannsögull, en hann hefur ávallt neitað sök í málinu.

Til stendur að jarðsetja Jackson 3. september næstkomandi. Áður hafði verið áformað að jarðsetja hann í dag, á 51. afmælisdegi hans. **- þeb**



**LÆKNIR JACKSONS** Conrad Murray hefur verið yfirheyrður vegna málsins.

# GÖTU MARKAÐUR

## VALDAR VÖRUR Á ENN LÆGRA VERÐI!
## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

**40%** AFSLÁTTUR **Af reiðhjólum**

**Allir reiðhjóla-hjálmar 999kr**



**MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM Á 99kr**



**50%** AFSLÁTTUR **af völdum ljósum**



**Flíspeysur** verð frá **1.999**



**35-70%** AFSLÁTTUR **Af völdum blöndunar-tækjum**



**40%** AFSLÁTTUR **Af útileikföngum**



## VALDAR VÖRUR - ÓTRÚLEGT VERÐ!

**Af völdum búsáhöldum 50% afsláttur - Greinaklippur 35% afsláttur - Grasklippur 35% afsláttur - Ruslatínur 30% afsláttur - Ruslavagnar 35% afsláttur - Valin slönguhjól 40% afsláttur - Ýmis garðverkfæri 25% afsláttur - Blómakassar 50% afsláttur - Sláttuvélar 30% afsláttur - Bensínorf 30% afsláttur - Grasteppi 30% afsláttur OG MARGT FLEIRA!**
**ÚRVAL GETUR VERIÐ MISJAFNT MILLI VERSLANA.**

**AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA TAKMARKAÐ MAGN.**
ATH. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 28.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,46 | 126,06 |
| Sterlingspund | 204,75 | 205,75 |
| Evra | 180,02 | 181,02 |
| Dönsk króna | 24,181 | 24,323 |
| Norsk króna | 20,864 | 20,986 |
| Sænsk króna | 17,72 | 17,824 |
| Japanskt jen | 1,3354 | 1,3432 |
| SDR | 196,09 | 197,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,4429

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bresk og hollensk stjórnvöld fagna Icesave-ábyrgð Alþingis:

# Næst er að skoða skilyrðin

**UTANRÍKISMÁL** Breskir og hollenskir fjölmiðlar bregðast af varfærni við samþykkt Alþingis á ríkisábyrgð vegna Icesave-samningsins. Því er fagnað að Íslendingar hafi samþykkt að greiða skuldina, en bent er á þá óvissu sem fylgi skilyrðum Alþingis.

Í breskum fjölmiðlum er vitnað í yfirlýsingu breska fjármálaráðuneytisins, þar sem segir: „Eins og búast má við mun Bretland skoða vandlega öll skilyrði sem sett eru á lánið og ganga úr skugga um að þau séu sanngjörn.“


**DARLING OG BROWN** Fjármála- og forsætisráðherra Bretlands þurfa nú að skoða fyrirvara Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður ráðuneytisins segir þó að samþykki Alþingis sé „mikilvægt og jákvætt skref fram á við“.

Talsmaður hollenska fjármálaráðuneytisins segir einnig að samþykki Alþingis sé „mjög jákvætt“, en hollensk stjórnvöld ætli nú að ræða skilyrðin við íslensk stjórnvöld.

Bæði breskir og hollenskir fjölmiðlar vitna í orð Jóhönnu Sigurðardóttur um að ríkisábyrgð Icesave samningsins sé „stærsta fjármálaskuldbinding sem íslenska ríkið hefur nokkru sinni tekið á sig“.

„Ísland lætur undan“ er fyrirsögn viðskiptafréttamiðilsins Forbes, þar sem segir að með samþykkt ríkisábyrgðarinnar sé niðurstaða komin í margra mánaða deilur á Íslandi. - gb

Veiði á Íslandsmiðum:

# Lítil veiði erlendra skipa

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Mjög rólegt var yfir veiðum erlendra skipa í íslenskri lögsögu í júlímánuði. Tvö færeysk skip voru á línuveiðum og var heildaraflinn rúmlega 102 tonn. Þorskaflinn var aðeins rúmlega fjögur tonn. Enn fremur tilkynntu færeysk skip um 170 tonna síldarafla úr lögsögunni.

Botnfiskafli færeyskra skipa í lögsögunni fyrstu sjö mánuði ársins er kominn upp í 1.697 tonn, sem er nokkuð minni afli en á sama tíma í fyrra þegar hann var 2.296 tonn. Færeysk skip hafa nú nýtt tæplega 33 prósent af þeim aflaheimildum sem þau hafa til ráðstöfunar í botnfiski. - shá


**VERENA BECKER** Náðuð fyrir tuttugu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Liðskona RAF-samtakanna:

# Handtekin á ný í Þýskalandi

**ÞÝSKALAND, AP Verona Becker, fyrrverandi liðsmaður í Rauðu herdeildinni, hryðjuverkasamtökum vinstri róttæklinga jafnan kenndum við Baader og Meinhof, var handtekin í Þýskalandi á fimmtudag, tuttugu árum eftir að forseti landsins náðaði hana.**

**Fundist hafa nýjar sannanir, byggðar á greiningu erfðaefnis, sem tengja hana við mannrán og manndráp sem átti sér stað 7. apríl 1977. Samtökin rændu þá saksóknaranum Siegfried Buback, og fóru leikar þannig að Buback var myrtur.**

**Becker var handtekin stuttu eftir morðið, en ekki voru nægar sannanir gegn henni þá. Hún hlaut hins vegar dóm þá fyrir aðrar sakir.** - gb

## LEIÐRÉTTINGAR

Rétt er að taka fram vegna fréttar í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag um að tekið væri á biðlista fyrir vorönn Hússtjórnarskólans, að ekki er kominn biðlisti fyrir vorönn. Biðlistinn er fyrir haustönn sem hafin er.

Akureyrarvaka hófst í gær, föstudag, en ekki á fimmtudag eins og ranglega var sagt í Fréttablaðinu.

# Von stjórnarliða um breiða samstöðu brást

**Icesave-málið var samþykkt með atkvæðum stjórnarþingmanna. Stjórnvöld taka upp viðræður við Breta og Hollendinga um framhaldið. Þingi var frestað í gær.**

**ALÞINGI** Frumvarp fjármálaráðherra um ríkisábyrgð lána vegna Icesave-samninganna við Breta og Hollendinga var samþykkt á Alþingi í gær með atkvæðum þingmanna stjórnarflokkanna.

Stjórnarandstæðingar voru ýmist á móti eða sátu hjá. Einn var fjarstaddur. Þingmenn Framsóknarflokksins, níu að tölu, greiddu atkvæði gegn frumvarpinu. Það gerðu líka Þráinn Bertelsson, þingmaður utan flokka, þingkonur Borgarahreyfingarinnar, þær Birgitta Jónsdóttir og Margrét Tryggvadóttir og tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Árni Johnsen og Birgir Ármannsson.

Aðrir Sjálfstæðisflokksþingmenn sátu hjá, sem og Þór Saari, Borgarahreyfingunni.

Sjálfstæðismenn greiddu almennt atkvæði með þeim breytingatillögum sem meirihluti fjárlaganefndar gerði við frumvarpið. Með því lýstu þeir stuðningi við breytingarnar – enda áttu þeir þátt í þeim – en á hinn bóginn vísuðu þeir ábyrgð á málinu í heild á ríkisstjórnina og sátu því hjá við lokaafgreiðsluna.

Ráðherrar og stjórnarþingmenn kölluðu alla tíð eftir breiðri pólitískri samstöðu um málið enda töldu þeir það styrkja málstað Íslendinga. Með hjásetu þorra sjálfstæðismanna og andstöðu eða hjásetu Borgarahreyfingarþingmanna urðu þær vonir að engu.

Næst á dagskrá ríkisstjórnarinnar er að kynna Bretum og Hollendingum nýju lögin með formlegum hætti og sannfæra þá um að skynsamlegt sé að fallast á fyrirvara þingsins.

bjorn@frettabladid.is / sjá síðu 14



**NIÐURSTAÐAN LJÓS** Margvísleg svipbrigði mátti sjá á andlitum þingmanna eftir Icesave-atkvæðagreiðsluna. Þingi hefur verið frestað til 1. október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kolfreyjustaðarprestakall:

# Bæjarstjóri verði sóknarprestur

**STJÓRNSÝSLA Valnefnd hefur lagt til að séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarstjóri í Grindavík, verði skipuð sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli. Jóna Kristín hefur verið bæjarstjóri í Grindavík frá því í júlí í fyrra. Hún mun sinna starfinu áfram næstu mánuði.**


**JÓNA KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR**

**Þrír umsækjendur voru um embættið en einn þeirra dró umsókn sína til baka.**

**Biskup Íslands skipar í embættið til fimm ára að fenginni umsögn valnefndar. Níu manns úr prestakallinu voru í valnefndinni ásamt prófasti Austfjarðaprófastdæmis.** - þeb

Sjávarútvegsmál í Kanada:

# Forðuðu hruni með kvótakerfi

**SJÁVARÚTVEGUR** Kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum er lykillinn að árangursríkri fiskveiðistjórnun, segir Gordon R. Munro, hagfræðiprófessor við háskólann í Bresku Kolumbíu. Við upptöku þess fyrirkomulags við stjórnun fiskveiða fyrir rúmum áratug urðu alger umskipti til hins betra í útgerð í Bresku Kolumbíu í Kanada. Sjávarútvegur í fylkinu var þá nánast kominn í þrot. Frá þessu er sagt á heimasíðu LÍÚ.

Þessa skoðun setti Munro fram á ráðstefnu um skilvirka fiskveiðistjórnun sem hófst í Reykjavík í gær. Ráðstefnan er haldin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. - shá

Bakleikfimi
í Faxafeni 14



Bakleikfimi
með sambaívafi
undir leiðsögn
sjúkraþjálfara

Hádegis- og
eftirmiðdagstímar
Þriðjudaga og
fimmtudaga

Upplýsingar og skráning í síma
897-2896 og á www.bakleikfimi.is

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**BJART SYÐRA**
Framan af degi verður fremur stíf norðan átt, 8-13 m/s, hvassast norðvestan og vestan til. Lægir víðast smám saman í dag en bætir heldur í vind austast á landinu með kvöldinu. Þurrt sunnan og vestan til með nokkuð björtu veðri á sunnanverðu landinu. Norðanlands verður rigning lengst af í dag en norðan til á Vestfjörðum og á austanverðu landinu verður úrkomulítið.



**Á MORGUN**
8-15 norðvestan og vestan til, annars 5-8 m/s.

**MÁNUDAGUR**
8-13 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 15° |
| Eindhoven | 20° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 22° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Osló | 15° |
| París | 22° |
| Róm | 33° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.






## Skóladagar senn á enda

Mikið úrval og margvísleg tilboð á ritföngum, skólafötum, fartölvum, skólatöskum og öðrum litríkum nauðsynjum á Skóladögum í Smáralind.

**Skóladögum lýkur 31. ágúst.**
**Mundu eftir afsláttarheftinu.**

## Húllumhæ í Vetrargarðinum í dag

### Hjálparsveit skáta Kópavogi 40 ára

Afmælishátíð í Vetrargarðinum í Smáralind
laugardaginn 29. ágúst kl. 12-16.

- Kynning á starfi sveitarinnar
  - » Tæki og búnaður
  - » Myndasýning
- Óvæntar uppákomur á hverri klukkustund
- Klifurveggur og hoppukastali
- Þjálfun nýrra félaga hefst 2. september, áhugasamir geta kynnt sér málið

**Allir velkomnir!**

ENNEMM / SÍA / NM38934

**Opið til kl. 18 í dag**

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## KJÖRKASSINN



*Ætti að selja Kanadamönnum hlut Orkuveitunnar í HS Orku?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,7 |
| Nei | 78,3 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ferð þú oft í Þjóðleikhúsið?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Hagsmunasamtök heimilanna funduðu með ríkissáttasemjara:

# Boða til greiðsluverkfalls

**EFNAHAGSMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna hafa boðað til greiðsluverkfalls hinn 1. október. Greiðsluverkfallið á að standa í tvær vikur, eða til 15. október.

Samtökin funduðu í gær með ríkissáttasemjara og héldu að því loknu blaðamannafund þar sem málið var kynnt. Samtökin óskuðu eftir því við ríkissáttasemjara að hann miðlaði málum í samningaviðræðum milli samtakanna og ríkisins, samtaka fjármálafyrirtækja og Landssambandi lífeyrissjóða. Að sögn samtakanna tók Magnús Pétursson ríkissáttasemjari vel í erindi þeirra.

Á fundinum voru áform um greiðsluverkfallið og ályktun samtakanna kynnt. Í ályktuninni kemur fram að þúsundir Íslendinga séu nú þegar í óskipulögðu greiðsluverkfalli, og samtökin ætli að veita þeim aðgerðum stuðning. Í greiðsluverkfallinu felast nokkrar aðgerðir. Meðal þeirra er að draga afborganir af öllum lánum í þessa fimmtán daga, takmarka greiðslu af lánum við greiðsluáætlun, taka út innistæður frá ríkisbönkunum og segja upp kortaviðskiptum og greiðsluþjónustu. Samtökin vonast með þessu til að telja ríkið og aðra aðila á að ganga til samninga við sig. **- þeb**



**REYKJAVÍK** Hagsmunasamtök heimilanna hafa boðað til greiðsluverkfalls og vonast til að nokkur þúsund manns muni taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Merkingar bættar:

# Setja upp skilti fyrir ferðafólk

**SAMGÖNGUMÁL Vegamálastjóri, fulltrúar tryggingarfélaganna og fulltrúar bílaleiganna undirrituðu nýlega samstarfssamning um kostun, gerð og uppsetningu upplýsingaskilta. Á skiltunum verða upplýsingar fyrir ökumenn um reglur þær og ástæður fyrir því að utanvegakstur á Íslandi er bannaður.**

**Frá bílaleigunum og tryggingarfélögunum eru jafnframt þau skilaboð að akstur fólksbíla frá bílaleigum inn á hálendið er bannaður. Skiltin verða sett upp við innkomur á helstu leiðir inn á hálendi landsins.**

**- shá**

Fyrirtækið 3X Technology:

# Níu manns sagt upp á Ísafirði

**ÍSAFJÖRÐUR Ísfirska fyrirtækið 3X Technology sagði upp níu starfsmönnum í gærmorgun. Uppsagnirnar eru tilkomnar vegna samdráttar í sölu á vörum fyrirtækisins.**

**Fyrirtækið býður upp á lausnir fyrir matvælaiðnað, einkum í tengslum við sjávarútveg. Það starfar mikið í Bretlandi, á Spáni og í Kanada, og á þessum stöðum hefur verið samdráttur á mörkuðum.**

**Alls hefur ellefu manns verið sagt upp hjá fyrirtækinu á árinu, en einhverjar uppsagnanna verða endurskoðaðar ef breytingar verða á næstu mánuðum. 45 manns störfuðu hjá fyrirtækinu.**

**- þeb**

## SAMGÖNGUR

### Tafir á Breiðamerkursandi

Vegna málningarvinnu verða umferðartafir yfir brúna yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi í dag og á morgun frá klukkan 8 til 20. Búast má við allt að fimmtán mínútna töf hverju sinni.

## ÁRBORG

### Amfetamín gert upptækt

Lögreglan á Selfossi gerði fjórtán grömm af amfetamíni upptæk í gær. Efnið fannst við húsleit hjá manni á þrítugsaldri. Lögreglu grunar að efnin hafi verið ætluð til sölu. Maðurinn var yfirheyrður en sleppt að því loknu.

## LÖGREGLUMÁL

### Kannabis gert upptækt

Lögreglan í Reykjanesbæ handtók í gær karlmann eftir að 25 kannabisplöntur fundust á heimili hans. Manninum var sleppt að yfirheyrslum loknum en lögregla lagði hald á plönturnar sem verður eytt.


**Alicante**

**í sept. og okt.**

**frá kr. 24.990**

**Verð kr. 24.990**

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sértilboð 24. september og 8., 15., 22. og 29. október. Flugsæti aðra leið með sköttum frá Alicante. Sértilboð 17. og 24. september og 8., 15., 22. og 29. október. Verð fram og til baka á þessum dagsetningum kr. 49.990. Takmarkaður fjöldi sæta á þessu verði.

***Síðustu sætin***

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante í september eða október á hreint ótrúlegu verði. Bjóðum sértilboð á takmörkuðum fjölda flugsæta á völdum dagsetningum. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.

Heimsferðir

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**

**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Saurgerlar bárust frá minkabúi í Helgadal

**Dalsbú í Helgadal fær áminningu fyrir að veita minkaskít í bæjarlækinn. Saurgerlamengunin hefði getað valdið veikindum hjá fólki, segir heilbrigðisfulltrúi. Minkabóndinn segir um að kenna klaufaskap sem ekki muni endurtaka sig.**

**UMHVERFISMÁL** „Það geta allir verið rólegir því að þetta gerist ekki aftur,“ segir Ásgeir Pétursson, minkabóndi í Mosfellssveit, sem á von á áminningu frá heilbrigðisnefnd eftir að minkaskítur barst út í vatnakerfið í Helgadal.

Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis bárust kvartanir 28. júlí síðastliðinn um að mikið magn af skít hefði borist í Katlagilslæk og þaðan í Suðurá. „Það voru mikil ummerki mengunar þegar samstarfsmaður minn kom á staðinn. Við tókum sýni og niðurstaðan var sú að þarna mældist mikið magn saurgerla,“ segir Þorsteinn Narfason heilbrigðisfulltrúi.

Ásgeir Pétursson segir að um algert óhapp hafi verið að ræða. Það megi skrifa á kunnáttuleysi erlends starfsmanns sem hafi hreinsað skít út úr röngu minkahúsi. Sú leðja hafi borist út í skurð sem gerður hafi verið til að leiða vatn sem kemur úr fjalli ofan við búið framhjá húsunum. Allt hafi síðan borist niður í Kálfagilslæk. Ásgeir verður gert að loka umræddum skurði.

„Vonandi skilja menn að þetta var bara klaufaskapur,“ segir Ásgeir. „Við viljum vera í góðri sátt við okkar nágranna og síðan er það þeirra að sjá um sitt,“ bætir hann við.

Þorsteinn segir að jafnvel þótt mengunin hafi skolast niður Katlagilslæk og þaðan um Suðurá og Köldukvísl alla leið til sjávar í Leirvogi á tiltölulega stuttum tíma hafi verið um afar alvarlegan atburð að ræða. „Saurgerlar eru vísbending um sjúkdómsvaldandi bakteríur. Þarna eru krakkar að leika sér og skepnur að drekka og hefði getað farið illa ef fólk hefði veikst,“ bendir heilbrigðisfulltrúinn á.



**ÁSGEIR PÉTURSSON** Eigandi Dalsbús segir klaufaskap hafa orðið til þess að minkaskítur barst frá búi hans í vatnakerfi Helgadals og lofar að það gerist ekki aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þarna eru krakkar að leika sér og skepnur að drekka og hefði getað farið illa ef fólk hefði veikst.
>
> **ÞORSTEINN NARFASON**
> HEILBRIGÐISFULLTRÚI KJÓSARSVÆÐIS

Íbúar í nágrenni við Dalsbú sögðu við Fréttablaðið að börnum væri haldið frá Katlagilslæk. Það væri erfitt því Laugarnesskóli væri með sumarbústað skammt undan og lækurinn hefði mikið aðdráttarafl fyrir þau.

Undir venjulegum kringumstæðum er minkaskíturinn borinn á tún og haga Ásgeirs og ýmissa nágranna hans í sveitinni. „Það fæst varla betri áburður enda er allt hér iðjagrænt,“ segir minkabóndinn á Dalsbúi og bendir í kringum sig.

Þorsteinn heilbrigðisfulltrúi tekur undir með Ásgeiri. „Þetta er gríðarlega góður skítur og upplagt að dreifa þessu á tún og úthaga. Það þarf aðeins að gæta þess að dreifa ekki of miklu magni.“

**gar@frettabladid.is**


**OPIÐ HÚS**

**í dag kl. 13-16**

**Komdu og kynntu þér námsframboðið með kennurum.**

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is


Þjóðleikhúsráð bregst ekki við kvörtunum umsækjenda að svo stöddu:

# Kolbrún andmælir einnig

**MENNING** Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri og fyrrverandi umhverfisráðherra, hefur bæst í hóp þeirra umsækjenda um stöðu þjóðleikhússtjóra sem andmæla umsögn þjóðleikhúsráðs.

Ráðinu ber samkvæmt lögum að meta hæfni umsækjenda og leggja mat sitt fyrir menntamálaráðherra, sem skipar í stöðuna.

Gagnrýni umsækjendanna fjögurra, sem vitað er til að andmæli umsögninni, snýst meðal annars um að ráðið sé vanhæft til umsagnarinnar, enda hafi náinn samstarfsmaður ráðsins, sitjandi þjóðleikhússtjóri, sótt um.

Einnig hafi ráðið hvorki rökstutt umsögn sína né boðað fólk í viðtöl.

Kolbrún fer fram á það að ráðherra ógildi umsögnina, svo ekki skapist fordæmi fyrir því að það að hafa stýrt „stofnanaleikhúsi“ verði eina starfsreynslan sem hefur verulegt vægi í mati ráðsins.

„Það gæti þýtt að næst þegar staðan losnar yrði bara einn Íslendingur, fyrir utan Tinnu Gunnlaugsdóttur, raunverulega hæfur í stöðuna og það er Magnús Geir Þórðarson [Borgarleikhússtjóri],“ segir hún.

Ekki náðist í Ingimund Sigfússon, formann þjóðleikhúsráðs og fyrrverandi sendiherra, en Halldór Guðmundsson, varaformaður ráðsins, sagði í gær að eðlilegast væri að bíða með viðbrögð við andmælunum þar til andmælafrestur líður.

Síðustu andmælin gætu borist í pósti á mánudag. **- kóþ**



**ANDMÆLIR** Kolbrún er ein af mörgum umsækjendum um stöðu þjóðleikhússtjóra sem hafa sent menntamálaráðherra andmæli. MYND/ÚR SAFNI



Velkomin á opið hús!
Í dag, laugardag kl. 13–16
Líf og fjör um allt leikhús
• Söngvaseiður – Atriði á Stóra sviði frá kl. 13
• Harry og Heimir
• Skoppa og Skrítla flytja inn og skemmta
• Skoðunarferðir um töfraveröld leikhússins
• Tónlist í forsal – KK, Geirfuglar og fleiri
• Gauragangur og trúðar
• Ilmandi vöfflur, Söngvaseiðsís og blöðrur
• Teiknisamkeppni og happdrætti – Vegleg verðlaun
• Tæknifikt og búningamátun fyrir börnin
• Opnar æfingar á Fjölskyldunni, Heima er best og Bláa gullinu
• Sönglist og Íslenski dansflokkurinn
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3
Borgarleikhúsið
Áskriftarkortasala í fullum gangi
4 sýningar að eigin vali á aðeins 8.900 kr.
GAURAGANGUR
Söngvaseiður
Skoppa og Skrítla
FJÖLSKY
FURNAR DÚFUR
FAUST
Bláa gullið



ENNEMM / SÍA / NM38955

Viðræður bæjarfulltrúa:

# Þjóðstjórn á Álftanesi?

**SVEITARSTJÓRNIR** Nú standa yfir viðræður bæjarfulltrúa á Álftanesi um sameiginlega stjórn bæjarins. Stjórnarkreppa hefur verið í bænum eftir endurkomu Kristjáns Sveinbjörnssonar í bæjarstjórn. Kristján hafði í desember stigið til hliðar sem bæjarfulltrúi og sagt af sér sem forseti bæjarstjórnar. Félagar hans í Á-listanum töldu að hann ætti ekki að snúa aftur í bæjarstjórnina á þessu kjörtímabili. Margrét Jónsdóttir úr Á-lista sleit viðræðum við félaga sína um myndun meirihluta 18. ágúst og hefur síðan reynt að mynda meirihluta bæði Á-lista og D-lista með „þjóðstjórnarfyrirkomulagi“. **- gar**



**ÁLFTANES** Andstæðar fylkingar reyna að mynda „þjóðstjórn“ í erfiðu ástandi.



**MANNRÆNINGJARNIR** Phillip og Nancy Garrido. NORDICPHOTOS/AFP

# Börnin fóru aldrei í skóla né til læknis

**Jaycee Lee Dugard hitti móður sína og systur á fimmtudag eftir átján ár í klóm mannræningja. Ræninginn réttlætir gerðir sínar með því að segja fæðingu fyrsta barns síns hafa gerbreytt lífi sínu.**

**BANDARÍKIN, AP** Jaycee Lee Dugard var aðeins ellefu ára þegar henni var rænt á leiðinni í skólann. Nú átján árum síðar losnaði hún loks úr prísundinni, eftir að hafa eignast tvær dætur með mannræningjanum sem nauðgaði henni ítrekað.

Mannræningjarnir voru reyndar tveir, Phillip Garrido og eiginkona hans Nancy, sem bæði voru á fertugsaldri þegar þau sátu fyrir stúlkunni á götu í bænum South Lake Tahoe í Kaliforníu árið 1991.

Þau hafa haldið henni fanginni í bakgarðinum heima hjá sér í borginni Antioch allar götur síðan, ásamt börnunum tveimur, sem nú eru ellefu og fjórtán ára.

„Börnin hafa aldrei komið í skóla, þau hafa aldrei farið til læknis,“ segir Fred Collar lögreglumaður. „Þeim var haldið í algerri einangrun inni á þessari lóð.“

Upp komst um Garrido eftir að hann sást á ferð með tvö börn á þriðjudaginn fyrir utan Kaliforníuháskóla í borginni Berkeley. Hann hafði ætlað að fara inn í háskólann til að dreifa þar trúarbæklingum. Lögreglumönnum þótti hann haga sér grunsamlega, og komust að því að hann væri á skrá yfir barnaníðinga.

Hann mætti svo daginn eftir til yfirheyrslu á lögreglustöð ásamt eiginkonu sinni, börnunum tveimur, og svo hinni 29 ára gömlu Jaycee Lee Dugard, sem sagðist heita Alissa. Þar viðurkenndi hann svo mannránið.

Prísundin í bakgarðinum var þannig úr garði gerð að hún sást ekki, jafnvel ekki þótt gengið væri um íbúðina og bakgarðinn. Skúrum og trjágróðri var komið fyrir þannig að skyggði á íverustaðina.

Dugard hitti móður sína og systur á fimmtudag og voru það fagnaðarfundir. Ekki er vitað til þess að hún hafi haft samband við nokkra aðra en mannræningja sína þessi átján ár.



**JACEE LEE DUGARD** Stjúpfaðir hennar var lengi vel grunaður um aðild að mannráninu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjúpfaðir hennar, Carl Probyn, sagðist fyrir löngu hafa gefið upp alla von um að hún fyndist á lífi. Hann varð vitni að mannráninu og var lengi vel grunaður um að hafa átt aðild að því.

„Þetta eyðilagði hjónabandið mitt. Ég leið vítiskvalir vegna þessa, enda var ég grunaður maður alveg þangað til í gær,“ sagði Probyn, sem nú er sextugur.

Mannræninginn Garrido segist hins vegar vera orðinn trúaður maður og reyndi að gera gott úr ódæði sínu. Í sjónvarpsviðtali sagði hann fæðingu fyrstu dóttur sinnar hafa gjörbreytt lífi sínu: „Það sem gerðist var viðbjóðslegt alveg frá byrjun til enda. En ég sneri lífi mínu algerlega við.“

Hann á að baki langa sakaskrá kynferðisbrota.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Útsalan er hafin í Hátækni

*Tryggðu þér þessar græjur á frábæru útsöluverði áður en við rýmum fyrir nýjum vörum!*

## Allt að 80% afsláttur!

**42"** LG



full HD 1080P

**LG 42" LCD Full HD**
- Upplausn: 1920 x 1080
- Skerpa: 30.000:1
- Svartími: 5 ms

ÚTSALA 20% afsláttur
Útsöluverð **199.995 kr.**
Verð áður 249.995 kr.

**LG 32" tölvuskjár/monitor** LG **32"**



ÚTSALA 50% afsláttur
Útsöluverð **69.995 kr.**
Verð áður 139.995 kr.
Fótur og festingar fylgja ekki.

**Sony Ericsson C702** Sony Ericsson



ÚTSALA 53% afsláttur
Útsöluverð **19.995 kr.**
Verð áður 42.995 kr.

**LG DVD spilari DVX482**

ÚTSALA 47% afsláttur
Útsöluverð **9.995 kr.**
Verð áður 18.995 kr.



**Samsung M110** SAMSUNG



ÚTSALA 40% afsláttur
Útsöluverð **11.995 kr.**
Verð áður 19.995 kr.

PIPAR • SÍA • 91316

**Yamaha MCR330 microstæða** YAMAHA



iPod fylgir ekki með.

ÚTSALA 29% afsláttur
Útsöluverð **49.995 kr.**
Verð áður 69.995 kr.

**Sony Ericsson T280** Sony Ericsson



ÚTSALA 41% afsláttur
Útsöluverð **9.995 kr.**
Verð áður 16.995 kr.

ÚTSALA 69% afsláttur
Útsöluverð **19.995 kr.**
Verð áður 64.995 kr.

**Archos 605 30GB Margmiðlunarspilari**

**Festing fylgir með.**

ARCHOS



## KEF hátalarar og heimabíó allt að 50% afsláttur

Sony Ericsson

**Sony-Ericsson Bluetooth headset PV702**



ÚTSALA 63% afsláttur
Útsöluverð **2.995 kr.**
Verð áður 7.995 kr.

## 20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
## 10% afsláttur af öðrum farsímum.

Hátækni

**Opið:** virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17 | Sunnudag 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is



**ÞRÖNG Á ÞINGI Í JERÚSALEM** Múslimar fjölmenntu til bænahalds við moskuna helgu í Jerúsalem við moskuna Al Aksa. Hinn helgi föstumánuður ramadan hófst fyrir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitað að nýjum ræðismanni í Pétursborg í stað Magnúsar Þorsteinssonar:

# Ræðismaður tekur poka sinn

**UTANRÍKISMÁL** Athafnamaðurinn Magnús Þorsteinsson, kenndur við Samson, Landsbankann og Eimskip, er ekki lengur ræðismaður Íslands í Pétursborg í Rússlandi.

Magnús var skipaður kjörræðismaður þar árið 2004, en í framhaldi af gjaldþroti hans í sumar var farið að skoða stöðu hans í utanríkisráðuneytinu. Nú er leitað að hentugum eftirmanni hans.

Samkvæmt heimasíðu ráðuneytisins gegndi hann enn stöðunni í gær, en það mun hafa misfarist að uppfæra síðuna. Ekki fengust upplýsingar í ráðuneytinu um hvenær Magnús lét af störfum ræðismanns.

Þar var staðfest að tiltekin skilyrði þyrfti að uppfylla til að menn gætu verið ræðismenn. Eftir að Magnús varð gjaldþrota hefði hann ekki uppfyllt þau skilyrði.

Samkvæmt skilgreiningu á kjörræðismanni, á sömu heimasíðu, er þess „krafist, að um vel metna menn sé að ræða sem eru fjárhagslega sjálfstæðir, og talið er æskilegt að þeir séu nægilega efnaðir til að geta haldið uppi viðunandi risnu“. Gjaldþrota menn koma því vart til greina í slík trúnaðarstörf.

Sá sem varð fyrir svörum í ráðuneytinu gat ekki svarað því hvort aldrei hefði verið rætt um stöðu Magnúsar, og forvera hans í starfi, Björgólfs Thor Björgólfssonar, í ljósi fyrri hluta skilgreiningarinnar: „vel metnir menn“. En sem kunnugt er hafa erlend stórblöð oftar en einu sinni brigslað þeim um samstarf við rússnesk glæpasamtök.

Enginn svaraði símanum sem utanríkisráðuneytið gefur upp fyrir ræðismann Íslands í Pétursborg í gær. **- kóþ**



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Þáverandi utanríkisráðherra skipaði Magnús ræðismann í Pétursborg, en áður gegndi stöðunni félagi hans, Björgólfur Thor Björgólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


# Styrkir
## Reykjavíkurborgar

Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2010. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinna málaflokka:

- félags- og velferðarmála
- menntamála - grunnskólar/leikskólar
- íþrótta- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála

Vakin er athygli á því að reglur um styrkveitingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar *www.reykjavik.is/styrkir*. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vef Reykjavíkurborgar, *www.reykjavik.is/styrkir*. Eyðublöðum þessum skal skilað rafrænt ásamt fylgigögnum, eða, ef þess er ekki kostur, í Ráðhús Reykjavíkur, merktum Reykjavíkurborg – styrkumsókn.

***Umsóknarfrestur er til 1. október nk.*** og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um.

Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í árslok 2009.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið styrkir@reykjavik.is

*www.reykjavik.is/styrkir*




**LAURA DEKKER** Lætur úrskurðinn ekkert á sig fá. NORDICPHOTOS/AFP

Foreldrar þrettán ára stúlku sviptir forræði:

# Staðráðin í að sigla ein í kringum jörðina

**HOLLAND, AP** Þrír dómarar við héraðsdóm í Utrecht í Hollandi kváðu í gær upp þann úrskurð að barnaverndaryfirvöld fengju tímabundið forræði yfir Lauru Dekker, þrettán ára stúlku sem hugðist sigla einsömul í kringum jörðina.

Dómararnir sögðu þessi áform djörf og áhættusöm, en vildu þó ekki svipta foreldra hennar alfarið forræðinu. Stúlkan mun áfram búa hjá föður sínum, en foreldrarnir mega ekki taka stórar ákvarðanir fyrir hana, eins og til dæmis hvort leyfa eigi henni að sigla ein umhverfis jörðina.

„Ég myndi ekki fara ef báturinn minn væri ekki fararhæfur, þannig að ekkert hefur breyst, nema að þetta tekur svolítið lengri tíma,“ sagði Laura Dekker og lét sér fátt um úrskurðinn finnast.

Dómstóllinn tilnefndi barnasálfræðing í hálft ár til að meta það hve hæf hún væri til að takast á við þær áhættur sem biðu og hugsanlegan skaða sem hún yrði fyrir ein síns liðs þetta ung í tveggja ára ferð.

Daginn áður en dómstóllinn kvað upp úrskurð sinn lauk sautján ára breskur drengur, Mike Perham, við siglingu umhverfis jörðina einn síns liðs. Hann sló þar með það met, sem Laura vonast til að slá innan fárra ára, að verða yngst til að vinna þetta afrek. **- gb**

Þorskeldi HB Granda:

# Hafa sett út 50 þúsund seiði í Berufirði

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fiskeldi HB Granda í Berufirði fékk nýlega 27 þúsund þorskseiði frá Stofnfiski sem komið hefur verið fyrir í eldiskvíum í firðinum. Þetta er annar seiðaskammturinn í sumar því í júnímánuði voru sett út 23 þúsund seiði. Fyrir voru í eldi um tíu þúsund þorskar þannig að alls eru nú í stöðinni um sextíu þúsund fiskar, að því er fram kemur á vef HB Granda.

Þorski var síðast slátrað á vegum HB Granda í lok síðasta árs en fiskurinn, sem nú er í eldiskvíunum, verður væntanlega ekki kominn í sláturstærð fyrr en í lok næsta árs. **- shá**



**ÞORSKELDI** Tíu þúsund þorskar voru fyrir í kvíum í Berufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# OPIÐ HÚS

## Í DAG FRÁ KL. 13 - 16

10 HEPPNIR GESTIR GETA UNNIÐ 25.000 KR. GJAFABRÉF

KENNARAR VERÐA Á STAÐNUM OG VEITA RÁÐGJÖF

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

## INNRITUN HAUSTANNAR STENDUR YFIR!

### STARFSNÁM OG BRAUTIR

- Skrifstofu- og tölvunám
- NÝTT! Frumkvöðla og rekstrarnám
- Sölu- og markaðsnám
- Skrifstofunám & hönnun
- Sölunám & hönnun
- Skrifstofu- og rekstrarnám
- Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

### ALMENNT TÖLVUNÁM

- Tölvunám - fyrstu skrefin
- Almennt tölvunám (ECDL)

### TÆKNINÁM OG BRAUTIR

- NÝTT! Diplomanám í forritun
- Kerfisumsjón
- Tölvuviðgerðir
- MCITP (áður MCSA)
- MCTS og Network+
- Kerfisstjórinn
- Cisco CCENT & CCNA
- Windows 7
- MCDST
- Styttri sérfræðinámskeið í samvinnu við Opin Kerfi

### BÓKHALD OG NAVISION

- Grunnnám í bókhaldi
- NÝTT! Bókaranám framhald

### MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

- Grafísk hönnun
- Photoshop Expert
- Myndvinnsla m. Photoshop
- Alvöru vefsíðugerð

NTV STYRKIR ATVINNULAUSA SEM NEMUR 25% AF VERÐI NÁMSKEIÐA

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS



**ELDUR Í GILI** Skógareldur blossaði upp í gili rétt fyrir utan Los Angeles í vikunni, þar sem veður hefur verið þurrt og kyrrt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðuneyti fá ný heiti með tilflutningi verkefna og áherslubreytingum í störfum:

# Seðlabankinn undir viðskiptaráðherra

**ALÞINGI** Forræði yfir Seðlabanka Íslands flyst úr forsætisráðuneytinu í viðskiptaráðuneytið hinn 1. september. Öðlast ráðuneytið um leið heitið efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Við það tækifæri flytjast þangað öll verkefni stjórnarráðsins á sviði efnahagsmála sem nú eru vistuð í öðrum ráðuneytum.

Lög um tilfærslu verkefna innan stjórnarráðsins voru eitt af lokaverkefnum sumarþingsins sem lauk í gær.

Með þeim breytast heiti fjögurra ráðuneyta. Áður er getið um efnahags- og viðskiptaráðuneytið en jafnframt verða til dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið færast framkvæmd sveitarstjórnarkosninga og neytendamála og Fasteignaskrá ríkisins. Hagræði og samræming er ástæða tilfærslunnar.

Málefni nokkurra hlutafélaga í eigu ríkisins færast í fjármálaráðuneytið, þar á meðal Ríkisútvarpsins. Þá færast nokkur menningarverkefni úr forsætisráðuneytinu í mennta- og menningarmálaráðuneytið, til dæmis Þjóðmenningarhúsið og Gljúfrasteinn. - bþs



**RÁÐHERRAR** Verkefni flytjast á milli ráðuneyta á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saksóknurum fjölgar:

# Ellefu sóttu um stöðurnar þrjár

**STJÓRNSÝSLA** Ellefu sóttu um stöður þriggja sérstakra saksóknara sem ætlað er að starfa við hlið Ólafs Þórs Haukssonar við rannsóknina á bankahruninu.

**Umsækjendurnir eru:**

1. Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur og staðgengill lögreglustjórans á Suðurnesjum.
2. Arnþrúður Þórarinsdóttir, aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.
3. Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá ríkissaksóknara.
4. Eyjólfur Ármannsson, saksóknarfulltrúi hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.
5. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir héraðsdómslögmaður.
6. Guðmundur Kristjánsson hæstaréttarlögmaður.
7. Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, lögfræðingur yfirstjórnar LRH og aðstoðarsaksóknari embættis sérstaks saksóknara.
8. Hulda María Stefánsdóttir, fulltrúi ríkissaksóknara.
9. Jón Magnússon, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi alþingismaður.
10. Kristín Björg Pétursdóttir héraðsdómslögmaður.
11. Ragnheiður Jónsdóttir lögfræðingur.



**FYRIR** Inn um þennan glugga má sjá svalahurðuna sem hvarf, og glugga á móti, sem einnig var tekinn.



**EFTIR** Þar sem svalahurðin var áður er nú ekkert nema plastdúkur.

# Stálu gluggum og hurðum úr bústað

**Bíræfnir þjófar stálu þremur gluggum og tveimur hurðum úr fokheldum sumarbústað í Grímsnesi. Talið er að tjónið nemi hundruðum þúsunda króna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er hið furðulegasta mál," segir Tinna Þorvaldsdóttir, sumarbústaðareigandi í Grímsnesi, um dularfullan þjófnað á gluggum og hurðum úr bústaðnum. Svo virðist sem einhver hafi fengið fagmenn til að fjarlægja úr húsinu tvær hurðir og þrjá glugga, bæði gler og karma, og flytja á brott með sér. Tjónið nemur hundruðum þúsunda króna.

Tinna og maðurinn hennar tóku bústaðinn nýverið upp í söluverð á íbúð sinni og hugðust reyna að selja hann sem fyrst. Hann var þá fokheldur og hafði staðið auður svo mánuðum skipti. Þegar hugsanlegir kaupendur fóru að skoða bústaðinn í vikunni komust þeir að því bústaðurinn var alls ekki fokheldur – í hann vantaði allar útihurðir og þrjá glugga þar að auki.

Tinna og maður hennar hafa haft samband við alla sem eitthvað kynnu að vita um málið – fyrrverandi eigendur, iðnaðarmenn, þann sem flutti húsið inn og fasteignasala – án árangurs.

„Ýmislegt dettur manni í hug, en ekki að einhver taki bara bústaðinn í burtu í bitum," segir Tinna. Augljóst sé að fagmenn hafi verið að verki. Allur frágangur sé góður og gluggarnir hafi greinilega ekki verið rifnir úr með offorsi. Þá séu sumar einingarnar sem hurfu gríðarstórar og margra manna tak, til dæmis sé svalahurðin 320 sinnum 220 sentimetrar. Mikið farartæki hafi þurft til að koma varningnum af vettvangi.

Hjónin hafa kært hvarfið til lögreglu. Tinna biðlar til þeirra sem kunna að vita um afdrif húshlutanna að gefa sig fram og segist jafnvel tilbúin til að borga fundarlaun. stigur@frettabladid.is



**SUMARBÚSTAÐURINN** Eigendurnir hafa kært þjófnaðinn til lögeglu.


## Erlent tæknisamstarf og fjármögnun

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands** boðar til morgunverðarfundar 2. september nk. með Ray Philips frá Pera í Bretlandi (*www.pera.com*) um erlent tæknisamstarf og fjármögnun slíkra verkefna í gegnum **Research for the benefit of SME´s** áætlun Evrópusambandsins.

Fundurinn hefst **kl. 08.15** á **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** og lýkur fyrir kl. 10.00.

Verulegur árangur hefur náðst með samstarfi við Pera. Nú verður nýtt kall eftir verkefnum kynnt og ætti fundurinn að vera áhugaverður fyrir öll fyrirtæki sem áhuga hafa á tækniþróun í samvinnu við önnur fyrirtæki og stofnanir.

Skráning er í **síma 522 9000** eða með því að senda tölvupóst á **osk@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

ASKUR
jakki
Verð: 13.500 kr.



Andar vel. Vindheldur og vatnsfráhrindandi.

ANDVARI
húfa
Verð: 3.900 kr.



Handþrjónuð húfa úr 100% Merino ull.

ANDVARI
derhúfa
Verð: 4.800 kr.



Handþrjónuð derhúfa úr 100% Merino ull.

# ENGIN BINDING !



Engin binding í heilsurækt kr. 6.900.- á mánuði
Engin binding í Baðstofu kr. 19.900.- á mánuði

## Skólakort World Class.

# 20 % afsláttur

Sýna þarf gild skólakort.









Átak konur
Átak karlar
Súperform
CrossFit
Rope Yoga
Fitnessbox
Herþjálfun
Peak Pilates
Mömmutímar
SHOKK námskeið
Sjálfsvarnarnámskeið
Líkaminn fyrir lífið konur

Námskeið hefjast 2. september.
Skráning er hafin.

Laugar Seltjarnarnes Spöng Mosfellsbær Hafnafjörður Kópavogur Hús Orkuveitunnar

World Class ICELAND

Nánari upplýsingar í síma 553 0000 og á www.worldclass.is.

**FRÉTTASKÝRING:** Icesave-ábyrgðin lögfest

# Landsbankamenn beri Icesave-tjónið

**Ríkissjóður mun ábyrgjast lántökur vegna Icesave-málsins. Alþingi ákvað það í gær. Lög þar um kveða á um að leitað verði leiða til að láta ábyrgðarmenn Landsbankans bera það tjón sem þjóðin þarf annars að bera.**

Við tæplega átta vikna meðferð þingsins bættust margháttaðir fyrirvarar við upphaflegt frumvarp fjármálaráðherra. Í fyrstu var það aðeins ein grein. Í henni sagði að fjármálaráðherra væri heimilt að veita ríkisábyrgðina.

Lögin eru á annan veg. Þau telja átta efnisgreinar og fela í sér ýmis viðmið um greiðslur, ábyrgðir, endurskoðun og fleira.

Forsendur ríkisábyrgðarinnar eru tilgreindar:

- Taka ber tillit til erfiðra og fordæmalausra aðstæðna landsins.
- Hvorki má gera aðför að eignum sem nauðsynlegar eru landinu til að starfrækja fullveldi sitt né eignum erlendis sem njóta verndar að þjóðarrétti.
- Ísland heldur yfirráðum yfir náttúruauðlindum.

Þriðja grein laganna fjallar um efnahagsleg viðmið ríkisábyrgðarinnar. Þar er hún sögð grundvölluð á því að fjárhagsleg byrði verði innan viðráðanlegra marka. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn meti hvort forsendur séu fyrir endurskoðun á lánasamningum Íslands við Breta og Hollendinga. Skal tekið tillit til stöðu í þjóðarbúskapnum og ríkisfjármálum og mats á horfum.

Ríkisábyrgðin er miðuð við hámark á greiðslum úr ríkissjóði. Á árabilinu 2017-2023 miðast hámarkið við fjögur prósent af vexti vergrar landsframleiðslu mælt í pundum vegna samningsins við Breta og tvö prósent af vextinum mælt í evrum vegna samningsins við Hollendinga. Hlutföllin verða helmingi lægri árin 2016 og 2024.

- Verði greiðslubyrðin meiri en nemur hámarkinu skal taka upp viðræður við lánveitendurna. Fari þær ekki fram eða leiði ekki til niðurstöðu takmarkast ríkisábyrgðin við hámarkið.

Lagalegum viðmiðum eru gerð skil í fjórðu grein. Þar segir að ekki hafi fengist skorið úr því hvort aðildarríki EES-samningsins beri ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar, þar á meðal við kerfishrun á fjármálamarkaði. Þó að Ísland hafi samið við Breta og Hollendinga hafi ekki verið fallið frá réttinum til að fá úrskurð þar um. Fáist úr því skorið að slík ábyrgð hvíli ekki á Íslandi skal taka upp viðræður við Breta og Hollendinga um áhrif slíkrar niðurstöðu.

- Ríkisábyrgðin miðast við að um úthlutun eigna við uppgjör Landsbankans eða þrotabús hans fari samkvæmt íslenskum lögum. Skal láta á það reyna fyrir þar til bærum úrlausnaraðilum hvort kröfur innstæðutryggingasjóðsins gangi framar öðrum hluta krafna vegna sömu innstæðu. Er með þessu tekið tillit til ábendinga Ragnars H. Hall hæstaréttarlögmanns og fleiri.

Alþingi skal samþykkja ákvörðun um ósk um viðræður um breytingar á lánasamningunum samkvæmt endurskoðunarákvæðum laganna. Við ákvörðunina skal byggt á forsendum og viðmiðum laganna. Skal ákvörðun þar um liggja fyrir fyrir 5. október 2015.

Fjármálaráðherra skal árlega upplýsa Alþingi um framkvæmd lánasamninganna en fjármálaráðuneytið, viðskiptaráðuneytið og Seðlabankinn eiga að meta þróun heildarskulda, greiðslubyrði og skuldaþol.

Þá á fjárlaganefnd, við eftirlit með fjárlögum, að meta hvernig skuldbindingarnar þróast.

Áttunda grein laganna fjallar um endurheimtur. Í henni segir: „Ríkisstjórnin skal þegar í stað grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana sem þarf til að endurheimta það fé sem safnaðist inn á Icesave-reikningana.“ Skal hún fyrir miðjan október hafa frumkvæði að samstarfi við, meðal annars, yfirvöld í Bretlandi, Hollandi og Evrópusambandinu og óska aðstoðar þeirra við að rekja hvert innstæðurnar af Icesave-reikningunum voru fluttar. Skal semja áætlun fyrir árslok um hvernig reynt verður að endurheimta það fé sem kann að finnast.

- Í lögunum segir einnig: „Í því skyni að lágmarka ríkisábyrgð samkvæmt lögum þessum skal ríkisstjórnin einnig gera ráðstafanir, í samráði við þar til bæra aðila, til þess að þeir sem kunna að bera fjárhagsábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa vegna Icesave-reikninganna verði látnir bera það tjón.“

Í þessu felst að þeir Landsbankamenn sem ábyrgð kunna að bera verði lögum samkvæmt sóttir til saka og bóta, dugi ekki annað til.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



**ÞVÍ SEGI ÉG NEI** Fjölmargir þingmenn gerðu grein fyrir atkvæðum sínum í atkvæðagreiðslunni í gær. Þó að skiptar skoðanir hafi verið um frumvarpið voru þingmenn almennt á því að málið væri það erfiðasta sem til kasta þingsins hefði komið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÞINGMÁLINU LOKIÐ EN ICESAVE EKKI

Þó Alþingi hafi lokið umfjöllun sinni um Icesave-málið með samþykkt frumvarpsins um ríkisábyrgðina er málinu sjálfu hvergi nærri lokið.

Icesave-málið snýst um lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hjá breskum og hollenskum stjórnvöldum og endurgreiðslu þeirra lána. Samið var um að ekki þyrfti að greiða af lánunum næstu sjö árin en endurgreiðslur hefjast árið 2016 og eiga að standa til 2024. Allt fram til síðasta dags verður fylgst grannt með greiðslugetu þjóðarbúsins, forsendum samningsins, verðmætum eigna Landsbankans og mögulegum heimtum á bótum frá ábyrgðarmönnum Landsbankans svo fátt eitt sé nefnt.

Hugsanlega kemur til úrskurðar- og dómsmála vegna Icesave. Líklegt er að reynt verði að fá úr því skorið hvort Íslandi beri yfir höfuð að greiða skuldina og eins getur komið til sérstakra dómsmála yfir Landsbankamönnum.

### FÁUM RÁÐRÚM TIL AÐ NÁ KRÖFTUM Á NÝ

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í lokaumræðum um Icesave-málið í gær að með samningunum við Breta og Hollendinga og lögunum um ríkisábyrgðina fengju Íslendingar ráðrúm til að ná kröftum sínum á ný áður en til greiðslu lánanna kæmi. Hún sagði málið stærstu einstöku fjárhagsskuldbindingu sem íslenska ríkið hefði tekið á sig og það hefði verið ríkisstjórninni erfitt.

Jóhanna sagði næsta verk stjórnvalda að ræða við Breta og Hollendinga og sannfæra þá um að skynsamlegt væri af þeim að fallast á íslensku fyrirvarana. Kvaðst hún allvongóð um að það tækist þó að hún hefði ekki fyrir því fullvissu.

### RÍKISSTJÓRNIN FÉLL Á PRÓFINU

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að málið væri ekki það sama og ríkisstjórnin lagði upp með. Stjórnin hafi fallið á prófinu því hún hafði ekki tryggan meirihluta fyrir málinu í byrjun. Hennar ætlan hafi verið að fá frumvarpið samþykkt án fyrirvara. „Þingið tók völdin,“ sagði Bjarni en vísaði ábyrgð málsins á ríkisstjórn og stjórnarflokka.

### INNRA MEÐ MÉR ER UGGUR

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar, sagði að semja þyrfti upp á nýtt og fá til verksins bestu mögulegu samningamenn. Þá gætum við átt möguleika á standa uppi með glæsilega niðurstöðu.

„Innra með mér er uggur því ég veit að þetta er dropinn sem fyllir mælinn,“ sagði Birgitta um málið og fullyrti að margir ætluðu að flytja frá landinu vegna þess.

Hvatti hún þó þjóðina til að gefast ekki upp.

### ÉG SKAL VERA HOLTA-ÞÓRIR

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hæddist að stjórnarandstöðunni fyrir að vilja eigna sér heiðurinn af breytingunum á frumvarpinu. „Það er gott, þá geta flestir verið ánægðir.“ Flestir væru orðnir sigurvegarar í málinu, nema náttúrlega hann. Sagðist hann taka að sér með glöðu geði að vera sá eini sem ekki væri sigurvegari í málinu. „Ég skal vera Holta-Þórir þessa máls,“ sagði Steingrímur og vitnaði þar í Njálu.

Hann sagði málið hafa styrkst í meðförum þingsins með málefnalegri og sanngjarnri umgjörð um efnahags- og lagalega þætti þess.

### AUMINGJASKAPUR RÍKISSTJÓRNARINNAR

„Eina raunhæfa leiðin er að fella málið,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og kvað afleiðingar samninganna hafa alvarlegar félagslegar afleiðingar. Sagði hann ríkisstjórnina hafa sýnt aumingjaskap í málinu, vinnubrögð þingsins hefðu verið óásættanleg; allt hefði verið gert rangt.

### SAMNINGURINN VERRI EN VANDAMÁLIÐ

Þráinn Bertelsson, þingmaður utan flokka, sagðist hafa skoðað málið vel. Niðurstaða hans væri sú að Icesave-samningurinn sem lausn á vandamáli sem vissulega væri til staðar væri verri lausn en vandamálið sjálft.


Tækniþróunarsjóður

Kynning á öndvegisstyrkjum sjóðsins um vistvænt eldsneyti

Tækniþróunarsjóður boðar til opins kynningarfundar á Grand hótel, mánudaginn 31. ágúst kl. 10:00.

Sveinn Þorgrímsson, formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs, stýrir fundinum. Á dagskrá eru erindi um innlend verkefni á sviði vistvæns eldsneytis auk kynningar á öndvegisstyrkjum Tækniþróunarsjóðs á því sviði. Umsóknarfrestur fyrir öndvegisstyrkina verður 15. október n.k.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Boðið verður upp á veitingar á fundinum.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
LAUGARDALSHÖLLIN
ódýrt
OPIÐ ALLA HELGINA
1.999 kr.
ÍÞRÓTTAGALLAR FYRIR BÖRN
STÆRÐIR: 2 - 8 ÁRA
5.999 kr.
BARNAÚLPA
STÆRÐIR: 4 - 12 ÁRA
1.499 kr.
HETTUPEYSA
STÆRÐIR: 3 - 10 ÁRA
2.999 kr.
DÖMULEGGINGS
STÆRÐIR: SM/ML
ALLT NÝJAR VÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
3.999 kr.
ARMYBUXUR HERRA
STÆRÐIR: S TIL XL
3.999 kr.
DÖMUGALLABUXUR
STÆRÐIR: 34 - 42
Aðeins brot af úrvalinu
399 kr.
VETTLINGAR
1.999 kr.
ALADIN BUXUR
3.999 kr.
VELÚRGALLI
2.999 kr.
PILS/JAKKI/BUXUR
STÆRÐIR: 2 - 8 ÁRA
Leggings frá 999 kr
Hettupeysur frá 2490 kr.
Úlpur frá 2990 kr.
Gallabuxur frá 999 kr.
Komdu og gerðu kjarakaup
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Forn von og ótti – og ný:

## Höfuðdagur

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Höfuðdagurinn er í dag. Veður þá var talið ráða um vályndi og veðravon komandi fimm vikna í fornri trú. Samkvæmt henni átti veðrið á höfuðdegi að breytast og standa um langa hríð. Menn reyndu því að koma heyjum í hús fyrir veðrabrigðin. Von og ótti takast á í hinni fornu merkingu dagsins þótt upplag hans megi rekja til örlaga Jóhannesar skírara sem var hálshöggvinn og höfuð hans fært erlendum kúgurum þjóðar hans á fati og þannig reynt að slökkva hreyfingu sem hafði um síðir frægan sigur. Jóhannes datt inn í trúarkerfi margra trúarbragða enda kærkomið fórnarlamb.

Þennan höfuðdag sjáum við fram á breytt veður í samfélaginu. Langþráðar lyktir eru loks komnar í stórt, flókið og vandasamt úrlausnarefni Alþingis. En sjaldan er ein báran stök. Þingsins bíða stór og erfið úrlausnarefni um bráðan vanda sem fjöldi íslenskra heimila er kominn í.

Á götunni kvisast sá almannarómur að fátt óttist þing og stjórn meir þessa daga en umbjóðendur sína og skiptir þá litlu hver styrkur þingmanna er að atkvæðamagni. Er nema von að þingmenn óttist múginn eins og framferði þeirra hefur verið í þessu sumarþingi? Og þjóðin er mædd eftir sólbjart og þurrkasamt sumar. Við lifum válynda tíma.

Kostulegast í karpi sumarsins er þrasið, hin fáfengilega sjálfsdýrkun á tímum þegar brýnt er að menn sýni siðfágun til að beita öllum kröftum sínum heilum til að ná saman. Veik von er að það hafi menn sýnt á nefndarfundum, en veik er hún og þarft hefði verið lýðræðinu að rigga upp tökuvélum á fundum fjárlaganefndar til upplýsingar almenningi svo hann mætti dæma fulltrúa sína af raunverulegri frammistöðu í beinni útsendingu en ekki skrumkenndum látalátum í ræðustól. En hætt er við að þar hefðu sömu tilburðirnir verið í boði.

Er ekki kominn tími á samantekt um hvaða þingmenn þeir eru sem standa sig best í frammíköllum, eiga metið í aðhrópunum að þeim sem hefur orðið? Það er sárgrætilegt að forseti þingsins skuli þurfa að áminna þingmenn um að gæta að virðingu sinni. Og eftir síðustu vikur er líklega of seint í rassinn gripið.

Nú gefst þinginu lát á störfum skamma hríð og undirbúningur að langri og strangri vinnulotu þar sem enn reynir á þroska þingmanna, ábyrgð og festu, ekki síður en viljann til að hraða málum til niðurstöðu sem byggir á bestri málamiðlun. Aldrei í sögu þingsins hefur sú brýning verið skærari í hugum almennings að þingmenn gangi upp úr skotgröfum þófs og þrætugirni og vinni eins og menn við björgun í stórum háska. Þá veðurbreytingu vill þjóðin sjá á höfuðdegi.

Annars fjúka höfuð og menn munu bera smán sína það sem eftir er. Því senn fara í hönd tímar þar sem ábyrgðin verður rifjuð upp svo þjóðin geti lagt mat á ábyrgð þingmanna, ráðherra og flokka. Þá verður ekki síðra að minnast þess hverjir þeir voru sem eyddu kröftum sínum í þrætur og flokkakryt þegar fárviðrið gekk yfir og lamdi byggðirnar í mask og fólkið fórst.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Ráðleysi í stjórnarskrármálinu


**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Hljótt hefur verið á sumarþinginu um fjögur mál ríkisstjórnarinnar sem snerta stjórnskipunina, stjórnsýslu og kosningar. Öll lúta þau að verðugum viðfangsefnum þó að deila megi um efnistök í einstökum greinum.

Fyrir kosningar lagði ríkisstjórnin meiri þunga á stjórnlagaþingstillöguna en nokkurt annað mál. Sjálfstæðisflokkurinn lagðist gegn því. Hann bauð hins vegar upp á málamiðlun um ráðgefandi stjórnlagaþing. Ríkisstjórnin hafnaði því boði. Nú hefur hún horfið frá fyrri áformum og flutt málamiðlunartillöguna sem áður þótti ótæk.

Umskiptin benda til þess að sá hugur hafi ekki fylgt máli um stjórnarskrárendurskoðun sem látinn var í veðri vaka á vordögum. Málamiðlunin kann að vera skárri kostur en frumhugmyndin. Best færi þó á að ríkisstjórnin tæki einfaldlega forystu um að ljúka því endurskoðunarstarfi sem komið var vel á veg 2007 og Alþingi fengi það síðan til úrlausnar og afgreiðslu.

Á vordögum gátu stjórnarflokkarnir ekki sameinast um tillögu um breytingu á stjórnarskránni sem heimilað hefði aðild að Evrópusambandinu. Trúlega er slíkur innri ágreiningur enn ástæðan fyrir því að stjórnin treystir sér ekki til að hafa frumkvæði um efnislegar úrlausnir mála á þessu sviði.

Þá hefur ríkisstjórnin flutt frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur. Það hefur þann tilgang helstan að búa til farveg til þess að koma hugsanlegum samningi um aðild að Evrópusambandinu í leiðbeinandi þjóðaratkvæði áður en Alþingi tekur afstöðu til hans. Þjóðin á ekki að fá endanlegt úrslitavald um samninginn og það sem meira er: Hún á að taka afstöðu til aðildar áður en hún verður heimil samkvæmt stjórnarskrá.

Allt ber þetta vott um fumkennd vinnubrögð. Ef vilji væri fyrir hendi gæti Alþingi samþykkt stjórnarskrárbreytingar á komandi vorþingi. Það væri bæði skjótvirkari og vandaðri háttur en sá sem áformaður er. Niðurstaðan er sú að stjórnarskrármálið líður fyrir ráðleysi.

## Persónukjör

Um nokkurn tíma hefur áhugi farið vaxandi á persónukjöri. Fyrir sumarþinginu hefur legið frumvarp frá ríkisstjórninni sem miðar að úrbótum í þessa veru bæði vegna þingkosninga og sveitarstjórnarkosninga. Þar er gert ráð fyrir að kjósendur geti raðað frambjóðendum í aðalsæti á listum.

Frumvarpið byggir eðlilega á óbreyttri kjördæmaskipan. Æskilegt hefði hins vegar verið að taka hana til endurskoðunar. Þá hefði verið unnt að vinna að lausnum á persónukjörinu í stærra samhengi.

Ekki er unnt að fullyrða að sú breyting sem frumvarpið gerir ráð fyrir þýði endalok prófkosninga innan flokkanna. Það er þó líklegt. Fari svo hætta kjósendur að ráða hverjir skipa aðalsæti listanna. Þeir hlutast eingöngu til um röð þeirra á listanum. Einhverjum kann að finnast sem það auki vald flokkanna um val á frambjóðendum. Að sumu leyti er það rétt. En hér verður ekki á allt kosið.

Ýmsir hafa efasemdir um persónukjör af ótta við að það dragi úr málefnalegum umræðum í kosningabaráttu. Ugglaust verður kosningabaráttan að einhverju marki persónulegri. Reynsla annarra þjóða bendir þó ekki til að kjósendur fari á mis við málefnaleg átök.

Vel er hugsanlegt að gera tilraun með persónukjör fyrst í sveitarstjórnarkosningum. Þær eru víða persónulegri en þingkosningar. Af þeirri reynslu mætti síðan draga ályktanir og ákveða hvort gera ætti sams konar breytingar við kjör til Alþingis.

Frumvarpið er vandað og samið af góðri þekkingu á viðfangsefninu. Mjög áhugavert er að koma breytingum af þessu tagi fram með einhverjum hætti. Vonandi lendir framgangur málsins ekki í útideyfu.

## Uppstokkun stjórnarráðsins

Vert er að geta frumvarps ríkisstjórnarinnar um flutning nokkurra stjórnsýsluverkefna milli ráðuneyta. Svo á að heita að þetta sé upphaf að viðameiri breytingum sem ákveða eigi síðar á kjörtímabilinu. Þau fyrirheit eru ekki sannfærandi.

Í reynd er frumvarpið metnaðarlaust. Því fer fjarri að það taki á þeim miklu ágöllum sem eru á skipulagi stjórnarráðsins. Að vísu er ríkisstjórnin ekki í verra ljósi en margar fyrri stjórnir sem hafa heykst á þessu viðfangsefni.

Segja má að það sé orðin áratuga regla að við myndun ríkisstjórna vinnist ekki tími til að ákveða uppskurð á stjórnarráðinu. Þegar kemur fram á mitt kjörtímabil reynist ógerningur að fækka ráðherrum. Flest bendir til að núverandi stjórn hafi fest sig í þessu gamla fari.

Nú hagar hins vegar svo til að ekki er með góðu móti unnt að verja vettlingatök á þessu viðfangsefni frekar en öðrum. Þeir sem til þekkja vita að ráðuneytin er of mörg og of smá. Við jafn mikinn niðurskurð í ríkiskerfinu og við blasir er ekki hægt að láta við það sitja að nokkur verkefni séu flutt á milli ráðuneyta.

Hugsanleg aðild að Evrópusambandinu kallar líka á hagræðingu í æðstu stjórnsýslu ríkisins. Hún gerir þörfina fyrir færri og sterkari ráðuneyti einnig brýnni.

Margt af fyrirhuguðum verkefnatilflutningi orkar tvímælis. Ætlunin er til að mynda að setja Seðlabankann aftur undir viðskiptaráðuneytið sem að réttu lagi á að leggja niður. Miklu nær væri að flytja yfirstjórn peningamálanna í fjármálaráðuneytið. Samhæfing þessara tveggja þátta er afar mikilvæg. Slík breyting væri stefnumarkandi þar um.

Þetta frumvarp er greinilega sett fram til að gera eitthvað. Í reynd er það ómarkvisst kák.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 09-1515




**Bókabúð Máls og menningar verður í dag opnuð að nýju eftir breytingar.**

Afgreiðslutími verður sem fyrr kl. 9–22
á virkum dögum og kl. 10–22 um helgar.

**Glæsileg bókatilboð í tilefni opnunarinnar.**

MÁL OG MENNING

**Jóga í Garðabæ**

**Byrjar í Kirkjuhvoli 7. september**

Framhaldstímar mánud. og fimmtud. kl. 18.00–19.15
Byrjendatímar mánud. og fimmtud. kl. 19.30–20.45

**Kennari er Anna Ingólfsdóttir, Kripalu jógakennari.**

**Upplýsingar og skráning í símum 565 9722 og 893 9723 eftir kl 17.00 og einnig á annaing@centrum.is.**


*Anna Ingólfsdóttir*


# Íslensk prentlög eru úrelt

**UMRÆÐAN**
Elín G. Ragnarsdóttir skrifar um dómsmál


ELÍN G RAGNARSDÓTTIR

Allt frá því að Sigríður Rut Júlíusdóttir vann meiðyrðamál á hendur ritsjórum tímaritsins Hér og nú fyrir hönd Bubba Morthens hafa flóðgáttir lögsókna á prentmiðla opnast. Lögfræðingurinn Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hefur nýtt sér veikleika prentlaganna sem Sigríður fann í Bubba-málinu og límt hennar rökflutning á hin margvíslegustu mál en þó oft án árangurs.

Veikleiki prentlaganna er í grunninn túlkaður í dag með þessum hætti:

Hver maður er frjáls skoðana sinna og sannfæringar og á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður blaðamaður þær fyrir dómi.

Skv. stjórnarskrá Íslands er þetta með öðrum hætti, eða:

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi.

Prentlögin samræmast því ekki 73. gr. stjórnarskrár.

Laugardaginn 22. ágúst sl. birtist svo grein eftir lögmanninn Vilhjálm Hans Vilhjálmsson. Sá sem stýrir pennanum virðist fullur reiði og heilagrar vandlætingar í garð Birtíngs útgáfufélags og starfsmanna þess. Þó er það svo að fátt kemst nærri sannleikanum í greininni og lítið sem ekkert fer fyrir málefnalegum rökum. Of langt mál væri að leiðrétta allar þær rangfærslur sem lögmaðurinn fer með og skal því látið sitja við þær alvarlegustu.

Í fyrsta lagi fullyrðir lögmaðurinn að á sl. mánuðum hafi gengið sjö dómar í héraðsdómi eða Hæstarétti, þar sem Birtingur eða blaðamenn þess og/eða tengdra félaga hafi verið dæmdir fyrir hegningarlagabrot. Þó að skilgreiningin sé víð er þetta þó rangt hjá lögmanninum. Tvö þessara mála varða ákvæði höfundarlaga en fjalla ekki um hegningarlagabrot. Því er um að ræða fimm dóma og er í öllum þeim tilvikum um að ræða einkarefsimál.

Þó að tölfræðin, sem Vilhjálmur styðst mjög við í grein sinni, sé rakin rökvilla í þessum efnum, mætti allt eins draga fram þá staðreynd að í átta málunum hefur verið krafist ómerkingar á alls 103 ummælum. Niðurstaðan er að ómerkt hafa verið alls 32 ummæli eða innan við þriðjungur af því sem lagt var upp með. Slík uppskera myndi þykja rýr á flestum bæjum, í það minnsta ekki eitthvað til að stæra sig af, líkt og lögmaðurinn gerir í nefndri grein. Þá er hverjum sem les heimilt að draga eigin ályktanir af þeirri tölfræði að Vilhjálmur hefur verið lögmaður stefnenda í sex af þessum átta málum gegn Birtingi og starfsmönnum þess. Sé eingöngu litið til þessara sex mála verður uppskeran, er lýtur að ómerktum ummælum, enn rýrari.

## Tjáningarfrelsi skert á Íslandi

Þegar spurningu Vilhjálms um það hvort við dómstóla sé að sakast er svarað, verður vart komist fjær málefnalegum rökum en að leggja til grundvallar hversu margir meiðyrðadómar hafi gengið gegn einu stærsta útgáfufyrirtæki landsins. Nær er að líta til forsendna dómanna og bera t.d. saman við forsendur mannréttindadómstóls Evrópu í málum er lúta að tjáningarfrelsi. Að því virtu má með góðum rökum halda því fram að íslenskir dómstólar líti á tjáningarfrelsi sem undanþágu hér á landi, frekar en meginreglu öfugt við mannréttindadómstól Evrópu. Þegar þetta er haft í huga þarf engan að undra að ákveðið hafi verið að vísa svonefndu Vikumáli til meðferðar hjá mannréttindadómstólnum. Það er forsenda fyrir því að vísa Vikumálinu svokallaða til Strassborgar að íslenskir dómstólar hafi farið út af sporinu við að fylgja eftir lögfestum ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu og þeim sjónarmiðum sem beitt er af mannréttindadómstólnum sjálfum í málum er varða tjáningarfrelsi. Hver einasti dómur þar sem ummæli eru ómerkt reisir tjáningarfrelsinu skorður.

Það er mat þeirra sem að kærunni til Strassborgar standa að íslenskir dómstólar hafi gengið of langt í að setja tjáningarfrelsi og fjölmiðlafrelsi skorður. Fróðlegt væri t.d. að vita hvort blaðamanninum Eiríki Jónssyni yrði í dag aftur gert að þola ómerkingardóm og greiða miskabætur með þeim rökum að „Stefnandi er fjárfestir og orðspor hennar í viðskiptalífinu því mikilvægt. Telja verður að framangreind ummæli, sem eiga ekki við rök að styðjast, séu óviðurkvæmileg, ærumeiðandi og til þess fallin að sverta ímynd stefnanda sem persónu og fjárfestis.“ Ummælin hafði blaðamaðurinn eftir viðmælanda sínum og voru þau þess efnis að tiltekin efnamanneskja hefði ekki staðið í skilum við skuldbindingar sínar. Það er í það minnsta mat undirritaðs að eitthvað virðist hafa slaknað á kröfum samfélagsins um að ekki megi tala með þessum hætti síðan þessi dómur féll, hvað sem líður afstöðu dómstóla. Loks er í þessu samhengi fróðlegt að rifja upp dóm yfir tveimur blaðamönnum frá miðjum síðasta áratug, sem fullyrtu að fölsuð málverk væru seld í fyrirtækinu Gallerí Borg. Þeim var gert að þola ómerkingardóm og greiða bætur, þrátt fyrir að hafa viðamiklar heimildir fyrir skrifum sínum. Ekki leið þó á löngu eftir þennan dóm þar til starfsmaður gallerísins var dæmdur fyrir málverkafölsun.

## Hvernig gæti Thelma Ásdísardóttir sagt frá?

Þá er loks ótalin sú staðreynd að blaðamönnum prentmiðla er með lögum gert að bera ábyrgð á sannfæringu, öllum skoðunum og hugsunum viðmælenda sinna.

Prentlögin virðast þannig að mati dómstóla ganga framar 73. gr. stjórnarskrár Íslands, sem kveður á um að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær sjálfur fyrir dómi. Slíkum hlutlægum ábyrgðarreglum, þar sem fólki er gert að bera ábyrgð án sakar, hefur fækkað undanfarið, enda þykja þær óréttlátar. Ábyrgðarreglur íslenskra prentlaga enduróma hugsunarhátt löngu genginna kynslóða.

Með Vikudómnum, þar sem blaðamaður var sakfelldur fyrir ummæli viðmælanda síns sem sagði frá sárri reynslu sinni af því að vinna á Goldfinger, er búið að setja miklar skorður við því að prentmiðlar fjalli um viðkvæm málefni, sem oftar en ekki snúa að konum. Hvernig gæti Thelma Ásdísardóttir sagt frá sárri reynslu sinni i því umhverfi sem ríkir í dag? Ákafur lögmaður hefði sjálfsagt fundið einhvern til að fara í mál við hana. Með slíkum dómum sem Vikudómnum hafa dómstólar heft verulega tjáningarfrelsi í landinu og lamað að hluta prentmiðla til að uppfylla hlutverk sitt. Ekki bætir úr skák þegar fólk, sem þarf að bera slíka ábyrgð án sakar, er kallað síbrotamenn af lögmönnum, sem eiga að vita betur.

Af framangreindu ætti öllum að vera ljóst að greinarskrif Vilhjálms eru byggð á röngum forsendum og fullyrðingum. Í raun fer Vilhjálmur fram með rangar fullyrðingar sem hæglega væri hægt að kæra. Og með framferði sínu og fullyrðingum gerist Vilhjálmur að öllum líkindum brotlegur við siðareglur Lögmannafélagsins. Að framansögðu er ómögulegt annað en að komast að þeirri niðurstöðu að lögmaðurinn setji vísvitandi fram rangfærslur, þar sem honum er kunnugt um allar framangreindar staðreyndir. Tilgangurinn virðist vera sá að nýta sér gölluð prentlög og auglýsa nýjar málssóknir á hendur starfsmönnum Birtíngs.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Birtíngs útgáfufélags.*




Helga Hansdóttir
lyf- og öldrunarlæknir,

hefur opnað læknastofu hjá **Heima er best**, Askalind 1 í Kópavogi.

Tímapantanir í síma **511 5070**.

Fer gjarnan í vitjanir í heimahús.

Heima er best
www.heb.is

Askalind 1 / 201 Kópavogur / Sími 511 5070



*Smárit Ferðafélags Íslands*

*Handhægar gönguleiðalýsingar til að hafa með í bakpokanum*

*Fást á skrifstofu FÍ og í næstu bókabúð*






Í nýjasta fræðsluriti FÍ, sem er það fimmtánda í röðinni, er umfjöllunarefnið fjalllendið milli Snæfellsness og Borgarfjarðar. Ritinu er ætlað að bæta úr skorti á aðgengilegum leiðarlýsingum og kortum, bæði varðandi Vatnaleiðina milli Hnappadals og Norðurárdals og eins um önnur áhugaverð göngusvæði á þessum slóðum.

**SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!**




FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is



**Auglýsingasími**

**512 50 50**

– Mest lesið



# Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Hvað er IdeaPad létt?
lenovo
Komdu á fartölvudaga í Sense Center í Kringlunni núna um helgina og giskaðu á hversu fislétt IdeaPad s10-2 er
Þú gætir unnið stórglæsilega vinninga
8GB lyklar
Canon
320GB flakkarar
sense center
Kringlunni
KAPITAL.IS

# Erlent fjármagn þarf til endurreisnar

**UMRÆÐAN**
Friðrik Sophusson
skrifar um virkjanir


FRIÐRIK SOPHUSSON

Enginn vafi leikur á því að nýting endurnýjanlegra orkulinda hér á landi hefur á undanförnum áratugum bætt lífskjör íslensku þjóðarinnar og fært þjóðarbúinu dýrmætar framtíðareignir. Erlend fyrirtæki hafa fjárfest í orkufrekum iðnaði, sem greiðir góð laun og skapar margvísleg þjónustustörf að auki.

Í nýlegri skýrslu, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir iðnaðarráðuneytið er niðurstaðan m.a. sú að flest bendi til að hagkvæmt sé fyrir þjóðina að ráðist verði í stóriðjuframkvæmdir á næstu árum. Nýjar, arðsamar orkuframkvæmdir geta hleypt lífi í atvinnumálin og skapað skilyrði fyrir erlendar fjárfestingar, sem auka traust á þjóðinni meðal banka og fjárfesta. Þessar staðreyndir höfðu aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin án efa í huga, þegar skrifað var undir stöðugleikasáttmálann fyrir rúmum tveimur mánuðum.

Í hagvaxtarspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir stóriðjuverkefnum í Helguvík og Straumsvík. Það er hins vegar ekki nóg að gera áætlanir. Þeim verður að fylgja eftir með aðgerðum. Þetta gerðu ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins sér ljóst, þegar stöðugleikasáttmálinn var gerður. Í honum segir orðrétt: „Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun… Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.“ Ástæðan fyrir því að 1. nóvember er nefndur er væntanlega annars vegar endurskoðunarákvæði í kjarasamningum og hins vegar að þá ætti niðurstaða að liggja fyrir í 2. áfanga rammaáætlunar.

Uppbyggingarvandi Íslendinga í efnahagskreppunni liggur í því að erlendir bankar og fjárfestar eru ekki tilbúnir til að veita fé til landsins. Í kjölfar bankahrunsins hafa þeir ekki traust á stjórnvöldum, sem nú eru eigendur íslensku bankanna og fjölmargra fyrirtækja þ.á m. orkufyrirtækja. Nokkur erlend fyrirtæki hafa þó – þrátt fyrir allt – áhuga á að fjárfesta hér á landi í atvinnugreinum, sem tengjast orkuiðnaðinum. Í því liggja tækifæri fyrir okkur.

Á næstu vikum og mánuðum verður það sameiginlegt verkefni stjórnvalda, orkufyrirtækja, aðila á vinnumarkaði og lífeyrissjóða að afla hér á landi og erlendis þeirra fjármuna, sem þarf til að koma hjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik. Leita þarf nýrra fjármögnunarleiða með opnum huga. Ljóst er að ríkisvaldið þarf að hafa forystu í þessu starfi a.m.k. til að byrja með. Forsendan árangurs er að þeim erlendu fjárfestum, sem hingað vilja koma, sé tekið opnum örmum og á þá sé litið sem samstarfsmenn en ekki boðflennur.

*Höfundur er forstjóri Landsvirkjunar.*

# Lífsspursmál fyrir þjóðina

**UMRÆÐAN**
SIgurður Ragnarsson skrifar um niðurfellingu skulda


SIGURÐUR RAGNARSSON

Leiðrétting á skuldastöðu heimilanna er lífsspursmál fyrir alla þjóðina.

Nú þegar haustar og fólk gerir sér grein fyrir að langur skuldavetur er framundan fá margir hroll. Ekki bara kuldahroll, heldur skuldahroll. Hér er einkum um að ræða íbúðar- og húseigendur sem hafa tekið gengistryggð lán en einnig þá sem hafa innlend íbúðalán með hátt lánshlutfall, en höfuðstóll þessara lána hefur vaxið gríðarlega.

Því miður virðast stjórnvöld ekki gera sér grein fyrir alvarleika vandans. Ekki er lögmæt sú afsökun að ekki hafi verið tími eða svigrúm til að leysa úr þessum málum. Það hlýtur að vera hægt að vinna meira en í einu máli í einu. Það er bráðum ár síðan hrunið átti sér stað og enn eru ekki góðar lausnir í augsýn. Félagsmálaráðherra virðist aðeins vera farinn að líta til þessara mála og hefur t.a.m. rætt um möguleika á niðurfærslu skulda. Hann er samt ekki með alveg skýr svör í þessum efnum og virðist vera að þar muni skuldarar ekki fá að sitja við sama borð.

Það eru margir þegar búnir að benda á ósanngirni þess að fólk með fasteignalán eigi sérstaklega að líða fyrir fávisku og/eða græðgi ýmissa aðila sem leiddi til skelfilegrar brotlendingar þjóðarinnar. Það er nefnilega engin sanngirni fólgin í því að einn hópur fólks beri að stóru leyti þetta tjón, tjón sem það ber ekki einu sinni ábyrgð á. Það er líka þannig að flestir virðast sammála um að nú verði að byggja upp nýtt samfélag, samfélag án spillingar og græðgi. En er þetta góður grunnur fyrir slíka uppbyggingu? Alls ekki, fólk mun ekki sætta sig við svona ójafnrétti og siðleysi. Hjá fjölmennum hópi fólks mun fljótt skapast mikið misræmi í lífsgæðum milli þess sem Ísland hefur uppá að bjóða og þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Stór hluti þessa hóps mun því einfaldlega pakka saman og kveðja. Slíkir flutningar eru reyndar þegar hafnir og er það virkilega dapurleg staðreynd.

Hvers vegna á fólk sem hefur verið brotið á og sættir sig ekki við spillingu og lélegt siðferði að vilja búa hér áfram? Og það sem meira er, þó það vildi vera hér áfram og reyna að berjast þá mun það ekki hafa efni á því. Skjaldborgin margumrædda er að breytast í skuldafangelsi og fólk mun reyna eftir fremsta megni að brjótast út úr þeim ómannúðlegu vistarverum.

Ef ekkert verður að gert, og það sem fyrst, verður mikill fólksflótti en slíkt myndi hafa skelfilegar afleiðingar fyrir þjóðina og fela í sér gríðarlegan kostnað, bæði fjárhagslegan og félagslegan. Sá kostnaður yrði mun meiri en sá kostnaður að leiðrétta skuldastöðu heimilanna. Stjórnvöld eru algerlega að bregðast stórum hópi fólks og munu auðvitað súpa seyðið af því ef ekki verður breyting á. Að láta sér detta annað í hug er firra. Nauðsynlegar aðgerðir munu auðvitað kosta en borga sig þó þegar heildarmyndin er höfð í huga.

Síðan er annað, hvar er sá náungakærleikur þjóðarinnar að aðstoða þá sem eru í vanda staddir? Viðhorf þeirra sem ekki hafa orðið fyrir áfalli og segjast ekki vilja rétta hjálparhönd eða leggja neitt á sig til að koma samborgurum til bjargar er ekki til fyrirmyndar. Ef Ísland ætlar að komast út úr þessu þá verða allir að standa saman. Samkennd og náungakærleikur eru afar vanmetnir þættir núna á þessum vondum tímum en þeir eru samt nauðsynlegir til að taka réttar ákvarðanir undir þessum súrrealísku kringumstæðum. Við verðum að hjálpast að. Stjórnvöld verða að taka réttar ákvarðanir sem gera íbúum landsins kleift að lifa hér mannsæmandi lífi. Stjórnvöld verða að leiðrétta skuldastöðu heimilanna strax. Annað er bara ekki í boði.

*Höfundur er háskólakennari með leiðtogafræði og stjórnun sem sérsvið.*

„Það verður mikill léttir að vera laus við yfirdráttinn.“

María Guðmundsdóttir
viðskiptavinur Íslandsbanka



# Sýn ungra háskólanema á íslenskan sjávarútveg

**UMRÆÐAN**

Ari Freyr Hermannsson, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Kristján Freyr Kristjánsson og Sóley Jónsdóttir skrifa um íslenskan sjávarútveg.


ARI FREYR HERMANNSSON


JÓHANNA DÝRUNN JÓNSDÓTTIR


KRISTJÁN FREYR KRISTJÁNSSON


SÓLEY JÓNSDÓTTIR

Íslenskur sjávarútvegur er fullur af tækifærum sem Íslendingar eiga að nýta sér til viðhalda þróun á iðnaðinum sem virðist hafa staðnað undanfarin ár.“ Það eru niðurstöður nýsköpunarhóps Innovit sem sumarið 2009 var falið að vinna verkefni um íslenskan sjávarútveg.

Hópurinn, sem samanstóð af fjórum háskólanemendum á aldrinum 24-27 ára, var mjög fjölbreyttur. Nemendurnir komu úr verkfræði, stjórnmálafræði og viðskiptafræði en höfðu einnig grunn á öðrum sviðum. Verkefnið fólst í því að kanna íslenska markaðinn og meta hvar leyndust hugsanleg tækifæri fyrir nýsköpun í sjávarútvegi.

Verkefni þetta var unnið fyrir Icelandic Group, alþjóðlegt fyrirtæki í sjávarútvegi, undir handleiðslu Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs.

Þar sem hópurinn var menntaður á mörgum sviðum, var hann fær um að meta þverfaglega kosti og galla íslensks sjávarútvegs og möguleg tækifæri, þrátt fyrir að hópurinn hefði ekki áður starfað við íslenskan sjávarútveg.

### Óaðgengileg atvinnugrein

Upplýsingar um íslenskan sjávarútveg eru almennt ekki auðfengnar. Þar má sem dæmi nefna upplýsingar um virðiskeðju fiskafurða og hvernig kaup og sala á fiskafurðum fer fram. Ekki er heldur um auðugan garð að gresja á veraldarvefnum og vefsíður útgerða og fiskvinnslufyrirtækja eru sjaldan eða illa uppfærðar. Þau gögn sem helst er hægt að reiða sig á eru gögn frá Hagstofu Íslands og Fiskistofu en eru þau þó langt frá því að vera fullnægjandi þegar farið er út í veigamikil verkefni.

Hópurinn áttaði sig fljótt á því að eigendur útgerða og kvóta, sem og helstu stjórnendur í íslenskum sjávarútvegi eru oftast nær „fæddir inn í bransann“ og því ekki greið leið fyrir aðra áhugasama inn í atvinnugreinina.

Til að fræðast um íslenskan sjávarútveg voru tekin viðtöl við fagaðila á markaðnum. Rætt var við sjómenn, kvótaeigendur, útgerðir og allar helstu stofnanir tengdar íslenskum sjávarútvegi. Sem dæmi má nefna MATÍS, LÍÚ, Útflutningsráð, Landssamband fiskeldisstöðva og Samtök fiskvinnslustöðva.

Niðurstöður þessarar upplýsingaleitar voru sláandi. Aðilar á markaði höfðu mjög mismunandi sýn á íslenskan sjávarútveg en til að mynda höfðu sjómenn sem starfað höfðu í iðnaðnum í 30 ár allt aðrar skoðanir en kaup- og sölumenn á því hvernig iðnaðurinn gengur fyrir sig. Vitneskja þeirra sem spurðir voru, var mestmegnis hjá þeim sjálfum og í hugum þeirra fremur en í gögnum sem hægt var að vísa í. „Menn bara vita þetta“ var algengt svar þegar hópurinn spurðist fyrir um hvar helst væri að finna gagnlegar upplýsingar um iðnaðinn. Það að mikilvægar upplýsingar sem þessar skuli ekki vera skjalfestar á einn eða annan hátt er iðnaðinum síður en svo til framdráttar. Upplýsingaskortur kann að vera ein ástæða þess að ungt fólk leitar síður í sjávarútveg en annan íslenskan iðnað því góðar upplýsingar eru jú grunnforsenda fyrir sýnileika iðnaðarins.

### Víða pottur brotinn

Að mati hópsins er víða pottur brotinn í íslenskum sjávarútvegi. Fyrirtæki á markaðnum hafa mörg hver ekki tileinkað sér þau fræði og þær stjórnunaraðferðir sem viðgangast í atvinnurekstri nú á dögum. Hugsanleg ástæða þess kann að vera að ungt háskólamenntað fólk hefur streymt inn í fjármálageirann og sáralítil endurnýjun hefur verið í íslenskum sjávarútvegi síðastliðin ár.

*Upplýsingar um íslenskan sjávarútveg eru almennt ekki auðfengnar. Þar má sem dæmi nefna upplýsingar um virðiskeðju fiskafurða og hvernig kaup og sala á fiskafurðum fer fram.*

Kanna þarf tækifæri sem felast í innleiðingu nýrra starfshátta. Sem dæmi má þar nefna þekkingarstjórnun, stjórnun og stefnumótun og bestun á hina ýmsu verkferla. Þetta eru þættir sem geta haft virðisaukandi áhrif á íslenskan sjávarútveg og gert hann að mörgu leyti skilvirkari.

Þröngsýni hefur verið þess valdandi að margir Íslendingar hafa misst trú á tækifæri í íslenskum sjávarútvegi og því leitað á önnur mið. Rökin eru gjarnan að einungis sé verið að veiða tiltekið magn sjávarafurða ár hvert og virði þeirra standi í stað. Þetta viðhorf einkennist af gömlum gildum og er vert að gera tilraunir til þess að breyta því með aukinni fræðslu meðal almennings.

Hvers vegna er til dæmis hægt að panta norskan lax á öllum fínustu veitingastöðum heims?

Það er vegna þess að Norðmönnum hefur, með einkar öflugri markaðssetningu, tekist að gera norska laxinn að sterku vörumerki og staðsetja hann í hugum neytenda sem gæðavöru.

Íslendingar gætu beitt ámóta aðferðum og þannig aukið verðmæti íslenska fisksins til muna. Íslenskur fiskur gæti með þessum aðferðum náð vinsældum á alþjóðamarkaði því augljóst er að hann á hann jafn mikið erindi þangað og sá norski.

### Mörg tækifæri

Margar leiðir eru til þess færar að gera íslenska fiskinn það eftirsóknarverðan að hann skeri sig úr meðal annars fisks. Til dæmis væri hægt að sérmerkja allar umbúðir utan um íslenskan fisk þannig að neytendum væri gert kleift að sjá hvar og hvenær hann var veiddur. Vörur framleiddar úr roði, til að mynda skófatnaður og bindi gætu einnig aukið sýnileika íslenska fisksins á alþjóðamarkaði. Þar sem fiskur er takmörkuð auðlind væru þetta ákjósanlegar leiðir til þess að ná fram auknu virði með aukinni eftirspurn.

Mikið hefur verið um tæknilega þróun innan sjávarútvegs á Íslandi en lítil þróun hefur verið í aðferðum til að auka virði fiskafurða.

Íslenska þjóðin gæti tekið sér aðrar þjóðir til fyrirmyndar, til að mynda þjóðir sem ekki búa yfir miklum auðlindum en hafa á hinn bóginn skapað sér eigin verðmæti með hugviti og tækni.

### Þróun óumflýjanleg

Ef sömu aðferðum væri beitt á íslenskan sjávarútveg væri hægt að auka virði hans til muna. Íslenskur sjávarútvegur á að opna dyr sínar fyrir nýjum hugmyndum og nýju og kraftmiklu fólki. Hann á beita aðferðum til að laða að menntafólk úr háskólum landsins og virkja hugvit þess til að efla iðnaðinn.

Þróun er óumflýjanleg í íslenskum sjávarútvegi. Þau fyrirtæki sem átta sig á því og grípa til aðgerða munu að öllum líkindum sjá aukinn hag í sjávarútvegi á komandi árum. Áhugavert verður að sjá hverjir munu leiða þá þróun.

*Ari Freyr Hermannsson, BSc í iðnaðarverkfræði frá HÍ, stundar meistaranám í fjármálaverkfræði við HÍ.*

*Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, BSc í viðskiptafræði frá HR, stundar meistaranám í stjórnun og stefnumótum við HÍ.*

*Kristján Freyr Kristjánsson, BA í stjórnmálafræði frá HÍ, stundar meistaranám í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum við HÍ.*

*Sóley Jónsdóttir stundar nám í viðskiptafræði við HR.*

# Icesave-frumvarpið til almennings

**UMRÆÐAN**

Hjörtur Hjartarson skrifar um Icesave


HJÖRTUR HJARTARSON

Icesave-frumvarpið er úr höndum Alþingis. Á www.kjosa.is er verið að safna undirskriftum við áskorun til forseta Íslands um að synja frumvarpinu staðfestingar þannig að almenningur geri út um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Meginrökin eru þríþætt: Fjárskuldbindingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þjóðin gangist undir er fordæmalaus, bæði stærð skuldbindingarinnar og hvernig til hennar var stofnað. Í öðru lagi á almenningur kvölina af Icesave-hneykslinu, hvort sem ríkisábyrgðinni verður hafnað eða hún samþykkt. Í þriðja lagi virðist fullreynt að ná sæmilegri sátt meðal þjóðarinnar um málið eftir hefðbundnum leiðum.

Sé litið til ástandsins í samfélaginu, þyngjast enn rökin fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér ríkir vantraust á stjórnmálamönnum, embættismönnum og stjórnsýslustofnunum. Líklega fordæmalaust í „vestrænu lýðræðisríki“. Stjórnmálastéttin hefur að formi til umboð þjóðarinnar í málinu, en ekkert umfram það. Icesave-krísan er orðin að táknmynd hrunsins og almenningur verður að fá að gera út um hana sjálfur. Að öðrum kosti verður Icesave-gremjan viðvarandi næstu árin til stórkostlegs skaða fyrir samfélagið. Farsæl niðurstaða er sú sem þjóðin nær sátt um. Niðurstaða sem magnað ósætti ríkir um er röng.

Forsetaembættið getur ekki tekið afstöðu til málsins. Embættið getur aðeins gert þjóðinni kleift að eiga síðasta orðið. Aumt væri að gefa upp á bátinn, baráttulaust, stjórnarskrárvarinn rétt sem almenningur á til þess að taka mál í sínar hendur. Þegar þetta er ritað hefur hátt á fjórða þúsund manns skorað á forseta Íslands að vísa málinu „í okkar hendur“. Það eru um 1,5% kjósenda, en á Ítalíu og í Sviss, til dæmis, myndi það duga ríflega til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um mál.

Áskorunin er sett fram í trausti þess að forseti Íslands fallist á röksemdirnar fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Við vonum samt og treystum á framtakssemi almennings – þeirra sem munu borga Icesave-reikninginn. Takið undir áskorunina. Tíminn er naumur.

*Höfundur er talsmaður „Í okkar hendur“ á vefsíðunni www.kjosa.is.*


## Einn besti sparnaður sem völ er á

Margir gera sér ekki grein fyrir því hversu dýrt er að vera með yfirdráttarlán árum saman. Íslandsbanki vill auðvelda viðskiptavinum að losna við yfirdráttinn með því að lækka vextina hjá þeim sem greiða hann niður í markvissum skrefum. Við núverandi efnahagsaðstæður er niðurgreiðsla á yfirdrætti einn besti sparnaður sem völ er á.

Tvær leiðir í boði:

I Losaðu þig við yfirdráttarlánið á innan við tveimur árum og við lækkum vextina niður í **11,75%** á ársgrundvelli meðan þú greiðir lánið niður*.

Til að fá þessi kjör þarf að gera samkomulag um niðurgreiðslu á yfirdráttarláni hjá ráðgjafa í næsta útibúi. Þjónustan er í boði fyrir viðskiptavini sem eru með 50.000 til 1.000.000 kr. í yfirdrátt.

II Í Netbankanum geta viðskiptavinir sjálfir lækkað yfirdráttinn með markvissum hætti. Þetta er einföld aðgerð, þú setur þér markmið og sérð svo árangurinn á myndrænan hátt. Kjörin á yfirdráttarláninu haldast óbreytt ef þetta er gert í Netbankanum.

* Skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 21. ágúst 2009. Vextir eru breytilegir og taka mið af vaxtatöflu bankans hverju sinni.

Ef þú ert með 300.000 kr. í yfirdrátt ...



... og greiðir hann niður um 12.500 kr. á mánuði ...



... þá losnar þú við yfirdráttinn á 2 árum ...

**... og sparar allt að 53.281 kr. á tímabilinu**

Kynntu þér málið nánar á **islandsbanki.is**, í þjónustuveri í síma **440 400** eða í næsta útibúi.

Íslandsbanki

# „Jörðin fékk blóðið mitt“

Það er grár morgunn í Reykjavík og við lítið hús í Skuggahverfinu snarast síðhærður ljós maður fráneygður niður tröppur í fylgd kattar: **Atli Rafn Sigurðarson** er á leið í vinnu, hann er að leikstýra verki eiginkonu sinnar, **Brynhildar Guðjónsdóttur**, sem fjallar um líf mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo. Í anddyrinu stendur leikskáldið og býður til stofu með augljósri yfirlýsingu: „Ég er vöknuð.“ ***Páll Baldvin Baldvinsson*** hitti Brynhildi snemma að morgni dags.

Það er hvolpur á spani á gólfinu og skærir litir eru í sterkri mótsögn við grátt bárujárnið, Skuggahverfið og rigningarhimin yfir borginni.

Það eru rétt tvær vinnuvikur í frumsýningu á verki Brynhildar. Hún fer sjálf með hlutverk Fridu, konu sem hefur lengi heillað hvern þann sem kynnist þjáningarfullu lífshlaupi hennar og litskrúðugu lífi, sem er ekki aðeins þekkt í gegnum málverk hennar, heldur líka ævisögur, skáldsögur sprottnar af jarðvist hennar og kvikmynd fyrir fáum árum sem leikhúskonan og kvikmyndaskáldið Julia Taymor leikstýrði með Sölmu Hayek í titilhlutverkinu.

Hvað er það sem heillar konur svo af ævi Fridu, ekki eina sem ég þekki, heldur margar: konur detta í Fríðu.



**BRYNHILDUR AÐ TAKA SIG TIL FYRIR SÍÐUSTU TVÆR VIKURNAR FYRIR FRUMSÝNINGU** „Ég vildi ekki bara fara í nýjan kjól og segja eitthvað sem hefur verið sagt hundrað sinnum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Tíðahringur

„Aðdáun á Fridu Kahlo hófst hjá mér þegar ég var krakki og sá svona litskrúðugar myndir, en fyrir alvöru 2005 þegar ég sá stóru yfirlitssýninguna í Tate Modern sem var þá í London,“ segir Brynhildur. Lundúnasýningin var stærsta yfirlitssýning sem til þessa hafði þá verið dregin saman, en fram að því hafði ekki annað eins yfirlit birst um verk hennar. „Það var sú sýning sem vakti áhuga minn. Þá fór maður að pæla hvað hún fer í gegnum marga strauma og stefnur og breytist, fer frá næfum mannamyndum yfir í þetta mikla súrrealíska myndmál.“ Brynhildur segist ekki vita hvað reki konur svona mikið í myndheim Fridu: „Það er líklega einhver tíðahringur sem ræður því, einhver sjávarföll.“

Við undirbúning verksins fóru Brynhildur og Atli til Mexíkó í fyrra: „það var 11. september í fyrra og frumsýningin er 11. september núna. Ég vona að það viti á gott. Þetta var svona rokk og ról dagur. Við vorum eina fólkið sem flaug frá JFK þennan dag, sjö árum eftir turnana á fimmtíu prósenta afslætti.“

### Bláa húsið

Þau dvöldu í Mexíkó í fjórar vikur: „Við leigðum okkur íbúð á góðum stað og fengum aðstoð frá heimafólki. Við kynntumst þar vel starfsfólkinu í Bláa húsinu sem er húsið hennar og safn, fengum greiðan aðgang að ýmsu. Þarna er kona sem heitir Elín Emilson sem er búin að búa þarna alla sína tíð og hún bjó einu sinni við hliðina á Christinu Kahlo, en Frida var ömmusystir hennar. Þessi manneskja hefur haldið nafninu hennar, Hún er ljósmyndari en líka sýningarstjóri – kúrator – fyrir myndir Fridu og Diego manns hennar og í gegnum þessa íslensku konu komumst við í kynni við Christinu og það opnaði fyrir okkur dyr. Hún gat sagt okkur ýmislegt verandi í fjölskyldunni og margfróð um feril Fridu og verk hennar.“

### Nýr heimur

Dvölin í Mexikó breytti miklu: „Það sem ég er að reyna að skoða í þessu verki er að skoða Fríðu og Diego, án hvor annars eru þau ekki til, það eru indíánaræturnar sem ég fékk betri skilning á með því að vera þarna, hitta þetta fólk, borða þennan mat og sjá indíánana, bara með því að rölta um. Og allt í einu skildi ég Diego Rivera sem ég hafði ekki gert. Ég skildi ekki Diego fyrr en ég sá myndirnar og stærð þeirra, sá hvað hann er dóminerandi í þessari borg. Hann er alls staðar, hann er utan á leikhúsum, alls staðar. Hann er að segja þessari ólæsu þjóð sögu sína í myndum sem þekja heilu veggina. Húsið hans með forngripasafninu en hann var manísk-ur safnari á forngripi, þar er þessi mikilfengleiki sem maður skilur þá. Mér fannst sem ég kæmist í tengsl við hvað þessi indíánaheimur er fyrir þeim. Ferðin var algjörlega ómissandi.“

> Verkið lýsir lífsferli manneskju, en svo langaði mig að fara inn í höfuðið á henni og skilja hana og sýna hvernig hennar heimur var samansettur.

### Hann og hún – tungl og sól

Það er algengt í firnamörgum frásögnum af sambandi þessara listamanna að Diego er málaður í neikvæðu ljósi meðan henni er lýst á samúðarfullan hátt. „Það er mjög auðvelt að gera það: hana góða og hann vondan,“ segir Brynhildur. „Það verður að vera jafnt í vogarskálunum svo hlutirnir virki: þau sem jin og jang, sól og tungl. Það er búið að skrifa hundrað bækur um Fridu Kahlo, fullt af fólki búið að gera hana að sínu yrkisefni. Það er nánast alltaf svoleiðis að hann er sá vondi og hún er góð. Allt ýtir í þessa átt, en mér finnst það ekki svoleiðis. Fyrst þegar ég fór að lesa allt sem ég komst yfir spurði ég mig: hvað vil ég segja nýtt eða vil ég bara fara í einhvern kjól? Mér finnst ég finna í gegnum myndirnar hvað hún er að segja, fyrst og fremst í indíána-mýtólogíunni sem mér finnst spennandi: í hennar heimi er kanína í tunglinu en ekki karl í tunglinu, hvað er það? Þar er alltaf þessi asteka-pýramídi, þessi blóðfórnarkúltúr sem hún samsamar sig við.

### Blóðfórnardagur

Frida lendir í slysi á tilteknum degi og með því að fara í astekasólina, örlagatímatalið, þá velur hún sér afmælisdag. Hún lýgur til um fæðingardag, bæði til að vera tengd mexíkósku byltingunni en líka til að tengjast réttum guði. Samkvæmt þeim guði varð slysið á miklum örlagadegi, degi kanínunnar í tunglinu. Það er blóðfórnardagur þegar ungri stúlku var fórnað fyrir jörðina. Æðstipresturinn fláði líkið og klæddist húðinni og hún segir: það voru hennar örlög en ég lendi í slysi og líkami minn varð aldrei samur, það voru mín örlög. Jörðin fékk blóðið mitt. Í gegnum myndirnar fann ég þennan heim indíána sem mér finnst rosalega spennandi: blóðmóðirin – Frida liggur á brjósti indíánakonu sem var þvegið áður en hún var lögð á brjóstið, meðan systir hennar sem var innan við ári yngri drakk mjólkina hennar mömmu. Mömmu sem var af indíánaættum en var ofsalegur púrítani, ofsalegur kaþólikki, samanbitin og óhamingjusöm. Fríða segir: „Hún var ólæs og óskrifandi en enginn kunni betur að telja peninga en hún mamma.“ Það eru svona hlutir sem heilla mig.“

### Fötluð uppreisnarkona

„Það er eins og hún sé að prjóna sig og fatta hver örlög hennar eru, í gegnum alla myndlistina. Í lokin er hún komin út í kommúnismann, hún var ekki aktífisti sem helgast af því að hún komst ekki neitt, hún var veik manneskja. Hún elskaði í alvörunni Stalín, Lenín, Engels og Marx. Leit á þá sem undirstöðu hins nýja heims þar sem allir geta haft það gott. Hún fyrirlítur einræðisherrann sem undirokar indíánakúlturinn, hún upphefur hann. Hún tekur málstað allra minnihlutahópa, hún segist vera gyðingur ef henni hentar það þegar þau Diego eru gestir á fínu hóteli í Bandaríkjunum þar sem gyðingum er bannaður aðgangur. Þar stendur hún og segir – ég er gyðingur – hvað viljið þið gera?“

### Tvö hlutverk

Þetta er í annað sinn sem Brynhildur smíðar leikverk um sterka miðjupersónu sem hún leikur svo sjálf, fyrst var það Brák sem enn er í sýningum í Landnámssetrinu í Borgarnesi og nú Frida. Hvernig gengur henni að ganga frá stöðu höfundar og verða túlkandi á litlum parti í stórri vél?

„Það er ekki hægt að líkja þessu saman, skalinn er svo breyttur. Stundum gengur það vel, stundum gengur það djöfullega. Stundum er ég alveg „on top“ en stundum er eins og ég sé inni í kúlu sem er með fallegu lofti, en svo fer að tínast úr loftinu og þá sé ég heiminn og verð svolítið hrædd, þegar maður uppgötvar. Þetta er andstyggileg ábyrgð í rauninni. Það er þægilegt að vera partur af vélinni, finna að maður er bara partur af vélinni, og er einhver sem tekur á móti og annar sem rekur á eftir. Þetta er góð vél og frábært fólk.“

### Hópurinn

Atli Rafn setur verkið á svið, Egill Ólafsson semur tónlistina og er það í annað sinn sem hann vinnur tónlist við efni frá Suður-Ameríku, hann gerði tónlist við leikgerð Kjartans Ragnarssonar fyrir nokkrum árum. Leikmynd gerir Vytautas Narbutas, en Filippía Elísdóttir búninga, Jóhann Bjarni Pálmason lýsir furðuheim sýningarinnar. Tveir hljóðfæraleikarar koma fram og níu leikarar skipta sín á milli fjölda hlutverka en þau Brynhildur og Ólafur Darri leika Fridu og Diego.

Það kann síðan að koma Brynhildi á óvart en fjórum klukkustundum eftir að hún frumsýnir verk sitt um Fridu hinn 11. september verður vestur í Syracuse frumsýnd ópera um þau hjón eftir tónskáldið Robert X. Rodriguez og textahöfundana Hilary Blecher og Migdaliu Cruz.

Brynhildur ætlar að halda áfram að semja verk: „Mér finnst að það sé rétt og vona bara að fólki líki sem sér.“




**Í FYRSTA SINN Í BEINU LEIGUFLUGI!**







## Ógleymanleg ævintýraferð!

Úrval-Útsýn býður uppá ógleymanlega 12 daga ævintýraferð til Thailands um áramótin. Flogið verður í beinu flugi frá Íslandi til Bangkok 28. desember og til baka 10. janúar. Í ferðinni verður dvalið í 3 nætur í Bangkok og 9 nætur í strandparadísinni Hua Hin. Gist verður á 5 stjörnu lúxushótelum á báðum stöðum. Nýttu þér einstakt tækifæri til að upplifa thailenska menningu og matargerð, njóta frábærra strandhótela, auk þess sem færi gefst á að fara í einstakar skoðunarferðir. Hér er þitt stóra austurlenska ævintýri - komdu með okkur í áramótaferð til Thailands!

VERÐ FRÁ: ★★★★★

**289.900 kr.**

á mann í tvíbýli.

*Innifalið: flug, flugvallaskattar, íslensk fararstjórn, akstur milli Bangkok og Hua Hin, gisting á 5 stjörnu hótelum 3 nætur í Bangkok og 9 nætur í Hua Hin með morgunverði.

**Sölumenn Úrval Útsýnar:**


Vallý


Ingibjörg


Ásdís


Erla


Lilja


Selma




MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

* Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

# Með miða aðra leið til útlanda

Samanskroppin tækifæri og fyrirsjáanlegt atvinnuleysi hefur ýtt fjölda fólks úr landi. En kreppan er ekki eina ástæða þess að margir hleypa heimdraganum um þessar mundir. Sumir eru til að mynda á leið í langþráð nám og halda sínu striki, hvað sem fárveikri krónu líður. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hringdi nokkur millilandasímtöl í Íslendinga sem höfðu það fínt á Íslandi í fyrra en freista nú gæfunnar í útlöndum.




**GÆFUNNAR FREISTAÐ Í ÚTLÖNDUM** Fjölmargir Íslendingar eru á leiðinni út til náms eða starfs.

## FJÖGUR BÖRN OG TVEIR KETTIR

Í júní lagði Hjördís Svan Aðalheiðardóttir af stað með börnin sín fjögur og tvo ketti með flugi til Danmerkur. Þar hafði eiginmaður hennar, Kim Gram Laursen, beðið fjölskyldunnar í hálft ár. „Kim var að vinna í fjarvinnu sem tölvunarfræðingur hjá Kaupþingi en missti vinnuna þar í október. Þar sem við vorum búsett á Höfn voru möguleikarnir minni en í Reykjavík fyrir hann. Það kom því eiginlega ekki annað til greina fyrir hann en að fara út og leita að nýrri vinnu þar," segir Hjördís. Kim er danskur og átti því auðvelt með að finna sér vinnu í Danmörku. Hann var kominn með góða vinnu hjá leikfangaframleiðandanum Lego strax í janúar.

Hjördís og Kim eiga fjögur börn, Sólon Svan, tólf ára; Emmu Sóldísi, fimm ára; Matildu Sóldísi, þriggja ára, og Míu Sóldísi, tveggja ára. Fjölskyldan býr nú í smábænum Egtved, sem er rétt fyrir utan Vejle á Jótlandi. „Við kunnum mjög vel við okkur hérna. Sólon er byrjaður í skólanum og eldri stelpurnar tvær eru byrjaðar á leikskóla. Svo skúra ég í banka, eldsnemma á morgnana áður en allir vakna, og er svo heima með yngstu stelpuna. Ég stefni á að vera með hana heima til áramóta, þegar hún má byrja í leikskóla. Þá ætla ég að byrja í hjúkrunarfræði í Háskólanum í Vejle."



**HJÖRDÍS OG FJÖLSKYLDA** Hjördís Svan Aðalheiðardóttir, eiginmaður hennar, Kim Gram Laursen, sonurinn Sólon og dæturnar Emma, Matilda og Mía áttu heima á Höfn í Hornafirði en búa nú í smábænum Egtved á Jótlandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

Þrátt fyrir að fjölskyldunni gangi allt í haginn viðurkennir Hjördís að það sé nokkuð flókið púsluspil fyrir móður að láta öllum í svo stórri fjölskyldu líða vel í kjölfar flutninganna. „Það er auðvitað erfitt að fara frá fjölskyldunni og rífa börnin upp með rótum, sérstaklega hann Sólon, af því hann er á viðkvæmum aldri. En við höfum svo sem prófað þetta áður því við bjuggum áður í Danmörku og í Englandi í eitt ár. En við fluttum hins vegar heim árið 2006, keyptum okkur hús á Höfn og saum fyrir okkur að setjast þar að til frambúðar. En við náðum sem betur fer að selja það hús. Svo við getum talist heppin."

## Lítið til að sakna í Japan

„Við erum að fara í eins árs skiptinám í japanska háskólanum ICU," segir Sveinn Eiríkur Ármannsson, sem er nýlentur í Japan ásamt unnustu sinni, Björk Ellertsdóttur. „Við erum búin að læra japönsku í Háskóla Íslands í tvö ár og ætlum bæði tvö að halda því áfram."

Ástandið á Íslandi átti ekki beinan þátt í þeirri ákvörðun Sveins Eiríks og Bjarkar að drífa sig til Japans. „Við vorum búin að stefna að þessu í meira en tvö ár. En erum mjög fegin núna að hafa ekki farið í fyrra, þegar þetta hefði allt saman komið í bakið á okkur."

Að skiptináminu loknu þurfa Sveinn Eiríkur og Björk að koma aftur til Íslands og skrifa BA-ritgerð sína við HÍ. Að því loknu vonast þau eftir að komast aftur út í frekara nám. „Auðvitað fer það þó eftir ýmsu, meðal annars því hvernig gengur að venjast Japan og ástandinu heima. Það er svo alls óvíst hvort maður sest að í Japan til frambúðar. Ástandið þarna heima á þó örugglega eftir að spila meira og meira inn í það hvar við ákveðum að setjast að þegar fram í sækir. Þá sérstaklega hvort maður fær einhverja góða vinnu á Íslandi að öllu námi loknu en líka bara stemningunni."

Sveinn Eiríkur segir það hreint ekki hafa verið erfiða ákvörðun að fara frá Íslandi. „Við vorum búin að vera að hugsa um þetta í nokkurn tíma, en við heimsóttum Japan fyrst árið 2006. Við höfðum smá áhyggjur af því að það yrði kannski ómögulegt þegar kreppan skall á en þá vorum við í miðju umsóknarferli í japönsku skólana. Þetta er auðvitað dýrara núna, út af genginu, en það þýðir bara að við komum til með að skulda LÍN aðeins meira. Annars erum við eiginlega bara fegin að sleppa úr ástandinu heima - og enn fegnari að sleppa við stöðuga fjölmiðlaumfjöllun um kreppuna, Icesave og fylgikvilla sem við vorum orðin langþreytt á. Það er lítil hætta á öðru en að þetta verði skemmtilegt ævintýri held ég og lítið til að sakna, annað en fjölskylda og vinir, sem eru reyndar margir hverjir að fara í nám hér og þar í heiminum hvort eð er."



**SVEINN EIRÍKUR ÁRMANNSSON** Sveinn og unnusta hans, Björk Ellertsdóttir, leggja nú stund á japönskunám í Japan. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Rétti tíminn til að mennta sig



MYND/ÚR EINKASAFNI

**ERLA TRYGGVADÓTTIR** Erla var að hefja seinna ár meistaranáms síns í alþjóðaviðskiptum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, CBS.

„Nú er rétti tíminn til að mennta sig," segir Erla Tryggvadóttir, sem er um þessar mundir að hefja lokaárið í meistaranámi í alþjóðaviðskiptum við Copenhagen Business School. Fyrra árið tók hún við Háskólann í Reykjavík og mun útskrifast þaðan að árinu í CBS loknu. Fyrstu dagarnir við skólann lofa góðu. „Mér líst vel á CBS enda er þetta einn af þeim bestu í Evrópu, mjög nútímalegur og má segja framúrstefnulegur."

Erla var verkefnastjóri hjá Straumi fjárfestingarbanka á samskipta- og markaðssviði. Starfshlutfall hennar var minnkað í haust og svo missti hún vinnuna í vor. Þær breytingar áttu þó ekki beinan þátt í þeirri ákvörðun hennar að fara út. „Það var hluti af náminu að fara út í skiptinám í eina önn. Ég hefði því alltaf farið, en núna eru áherslurnar aðrar en fyrir ári síðan. Ég verð hér í að minnsta kosti eitt ár og er að bræða með mér hvort ég eigi ekki bara að halda áfram í námi, jafnvel að skella mér í doktorsnám. Núna er rétti tíminn fyrir slíkar ákvarðanir, því á góðæristímum sleppir maður ekki tækifærunum í atvinnulífinu. Það er nauðsynlegt að horfa á jákvæðu hliðarnar. Nú hefur maður tækifæri á að upplifa skemmtileg námsár erlendis," segir Erla.

## HAMINGJUSÖM Í HAUGASUNDI

Í sumarbyrjun fóru handboltamaðurinn Ólafur Haukur Gíslason og eiginkona hans, Margrét Rún Einarsdóttir, að skipuleggja flutninga til útlanda með syni sína tvo, Einar Benedikt og Gísla Baldur, tveggja ára og sex mánaða. Í byrjun ágúst voru þau flutt í Haugasund á vesturströnd Noregs og eru nú bæði komin með atvinnutilboð.

Það stóð þó ekki endilega til að flytja frá Íslandi. „Við bjuggum úti í Sviss fyrir nokkrum árum síðan. Við fluttum svo heim fyrir þremur árum og ég skráði mig í BS-nám í viðskiptafræði. Þá stefndum við á að fara fljótlega aftur út en svo kom góðærið mikla og við tókum ákvörðun um að vera heima, enda gott að vera á Íslandi og nóg af tækifærum."

Þegar hillti undir útskrift hjá Ólafi hafði landslagið hins vegar breyst. „Það leit ekki vel út með vinnu eftir námið, enda fóru örugglega 80 prósent samnemenda minna í áframhaldandi nám. Margrét Rún var í fæðingarorlofi. Hún hafði verið að vinna á auglýsingastofu en missti vinnuna í hópuppsögn, svo það leit ekki vel út hjá henni heldur. Maður var í sjokki í nokkra mánuði en svo heyrði ég af áhuga nokkurra erlendra liða á að fá mig til að spila. Mér bauðst líka að fara til Þýskalands, Svíþjóðar og Danmerkur. Á endanum valdi ég Haugasund, enda var hér mesta öryggið."

Í samningi Ólafs var loforð um að redda bæði honum og Margréti Rún vinnu og við það var staðið. „Ég er búinn að fá vinnu í banka, þar sem ég á að byrja í lok september og Margrétar Rúnar bíður vinna á auglýsingastofu, þegar hún verður búin með fæðingarorlofið."

Enga kreppu er í Noregi að sjá, segir Ólafur. „Þeir hafa líka tapað peningum. En munurinn á þeim og okkur er að þeir hafa aðallega tapað peningum sem þeir áttu, ekki peningum sem þeir áttu ekki. Miðað við hvernig fólk lifir lífinu hér er ekki að sjá að kreppan bíti á það."

Þau Ólafur Haukur og Margrét Rún sjá ekki fyrir sér að koma heim á næstu árum. „Okkur líður mjög vel hérna. Við fengum frábæra íbúð á góðum stað og Norðmenn eru gestrisnir í alla staði. Það var auðvitað heljarinnar ákvörðun og dálítið erfitt að fara frá ömmunum og öfunum. En það þýðir samt ekkert að setja það fyrir sig. Þetta er bara spennandi."





FRÉTTABLAÐIÐ/KIDDI

Hún kann vel við sig í Danmörku. „Kaupmannahöfn er yndisleg og ég gæti vel hugsað mér að vera hérna áfram. Fari ég ekki í doktorsnám finnst mér líklegt að ég reyni að finna mér vinnu hér. Ég ætla samt ekki að taka neinar ákvarðanir strax og sjá hvernig ég verð stemmd eftir þetta ár. En ég verð að viðurkenna að mér finnst ástandið heima mjög óspennandi: Ráðstöfunartekjur hafa lækkað mikið, verðbólga og almenn leiðindi. Ég verð nú að segja að það fer lítið fyrir hinni umtöluðu skjaldborg heimilanna og hvet ríkisstjórnina til þess að standa við gefin kosningaloforð. Finna þarf úrræði fyrir fyrirtæki og heimilin í landinu sem allra fyrst.“

Þrátt fyrir að kunna vel við sig í Danmörku er ekki laust við að hún fái að finna fyrir uppruna sínum af og til. „Já, ég hef alveg fengið nokkur skot, enda keyptu Íslendingar þjóðargersemar Dana og margir þeirra skildu svo eftir sig sviðna jörð. Núna finna Danirnir dálítið til sín og eru óhræddir við að skjóta á mann fyrir að vera Íslendingur. En almennt held ég að Danir séu með dálítla fordóma fyrir útlendingum, og Íslendingar eru ekki þar undanskildir.“



**ÓLAFUR OG EINAR BENEDIKT** Ólafur Haukur Gíslason handboltamaður býr nú í Haugasundi í Noregi ásamt eiginkonu sinni og tveimur sonum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Útverðir Íslands en ekki á flótta

„Þótt ég sé orðinn fullorðinn skammast ég mín ekkert fyrir að segja að mömmu sakna ég mest,“ segir Guðfinnur Sigurvinsson, fyrrverandi fréttamaður hjá RÚV, sem nú nýtur sumarsins í Düsseldorf, þrátt fyrir að sakna fjölskyldu sinnar og vina. Þar býr hann nú ásamt kærasta sínum, Símoni Ormarssyni. „Símon var flugþjónn hjá Icelandair en missti vinnuna í hópuppsögn í fyrrasumar. Ég fylgdi í kjölfarið hjá RÚV í lok nóvember. Þá urðum við að endurmeta allt lífið. Símoni hafði boðist vinna sem klippari á hárgreiðslustofu Vidal Sassoon. Þegar boðið barst sýndum við því mátulegan áhuga en þegar þessi staða var komin upp hjá okkur slógum við til. Síðastliðið haust hefði mig ekki grunað að ég yrði fluttur til Þýskalands innan árs, enda vorum við nýbúnir að festa kaup á íbúð í Garðabænum og ætluðum að skjóta þar rótum. Nú sjáum við fyrir okkur að vera hér í nokkur ár.“

Guðfinnur ætlar að láta það verða sitt fyrsta verkefni í nýja landinu að læra þýsku. „Ég er búinn að finna málaskóla hér í næsta nágrenni við heimili okkar. Þegar ég hef náð tökum á málinu verða mér allir vegir færir og ég ætla að finna mér vinnu hér. Ég er þegar með járn í eldinum hvað það varðar.“

Álit heimsins á Íslandi er orðið að óþarflega stóru skrímsli í hugum Íslendinga, að mati Guðfinns. „Almennt er mér vel tekið sem Íslendingi. Við fórum sem dæmi til Hollands um daginn. Við fórum þar út að borða og konan á næsta borði fór að forvitnast um hvaðan við værum. Við svöruðum því og áttum von á Icesave-skotum úr öllum áttum. Konan brosti þá sínu blíðasta og sagði: „Já, alveg rétt, þið kusuð fyrstu konuna til forseta, er það ekki?“ Álitshnekkir hvað, spyr ég nú bara.“

Honum finnst út í hött að tala um að fólk sem flytur af landi brott sé á flótta. „Jú, ef þetta hörmungarástand hefði ekki komið til þá væri ég og margir aðrir sjálfsagt heima. Ég kýs hins vegar að líta á þá sem fóru sem útverði Íslands. Þar leita ég í smiðju Jóns Sigurðssonar, forseta og langfrænda míns. Jón hefði aldrei náð slíkum árangri í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar ef hann hefði fundað í hátíðarsal MR lon og don. Hann náði árangri af því hann flutti til Kaupmannahafnar og talaði máli þjóðar sinnar þar.“



**GUÐFINNUR SIGURVINSSON** Guðfinnur flutti nýverið til Düsseldorf ásamt kærasta sínum, Símoni Ormarssyni. Þar ætlar hann að læra þýsku og finna sér vinnu.

MYND/ÚR EINKASAFNI




# Maður málamiðlana fallinn frá

Síðasti **Kennedy-bróðirinn** verður borinn til grafar í dag í Arlington-kirkjugarði í Virginíu þar sem bræður hans hvíla. *Guðsteinn Bjarnason* fór yfir feril „frjálslynda ljónsins“ sem stundum var sagður „evrópskastur“ bandarískra þingmanna. Honum sveið sárt að hafa ekki getað leitt til lykta eitt helsta baráttumál sitt áratugum saman, heilbrigðistryggingar fyrir alla Bandaríkjamenn.

Þótt veldi Kennedy-ættarinnar hafi langa hríð varla verið svipur hjá sjón, og alls ekki miðað við gullöld hennar í bandarískum stjórnmálum á öndverðum sjöunda áratugnum, þykir fráfall Edwards Kennedy marka viss tímamót í sögu Bandaríkjanna.

„Land okkar hefur misst mikinn leiðtoga, sem tók upp kyndil fallinna bræðra sinna og varð mikilhæfasti öldungadeildarþingmaður okkar tíma,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti.

Fjölmiðlar og ráðamenn víða um heim hafa tekið undir þetta og margir benda á þá sérstöðu sem Kennedy hafði vegna þeirrar áherslu sem hann lagði á velferðarmál á þingi þar sem meirihlutinn hefur jafnan verið afar tregur til að samþykkja aukin ríkisútgjöld, nema þá helst til hernaðarmála.

Kennedy var nefndur „frjálslynda ljónið“ á þinginu, í landi þar sem „frjálslyndur“ er nánast skammaryrði, og þótti að mörgu leyti minna meira á evrópska sósíaldemókrata en bandaríska demókrata.




**VINSÆLL MEÐAL DEMÓKRATA** Þótt Ted Kennedy hafi tapað fyrir Jimmy Carter þegar Demókratar kusu sér forsetaefni árið 1980 naut hann alla tíð mikilla vinsælda og virðingar meðal flokksmanna. Þessi mynd er tekin á flokksþinginu í júlí 2004, þegar John Kerry var valinn forsetaefni. NORDICPHOTOS/AFP

### Missti af slag

Heilbrigðismálin voru honum ekki síst hugleikin, en hann hafði áratugum saman verið í fararbroddi þeirra demókrata sem börðust fyrir því að ríkið tryggði öllum landsmönnum heilbrigðistryggingar, allt fram á þennan dag gegn harðri andstöðu bæði frá Repúblikanaflokknum og mörgum demókrötum sem vilja ekki skuldbinda ríkið til slíkra útgjalda.

Nú í sumar hefur einmitt þetta baráttumál Kennedys verið í brennidepli á þinginu í Washington. Barack Obama forseti hafði lagt fram frumvarp um endurbætur á heilbrigðiskerfinu, þar sem loks átti að tryggja almenningi í landinu heilbrigðisþjónustu. Vonaðist forsetinn til að sátt næðist um málið í byrjun ágúst.

Sú sátt hefur þó ekki náðst enn, og víst er að Kennedy hefði viljað taka þátt í þessum slag. Aðeins fáeinum dögum áður en hann lést sagði sonur hans, fulltrúadeildarþingmaðurinn Patrick Kennedy, að föður sínum þætti það afar pirrandi að þurfa að vera fjarri þinginu einmitt á meðan átökin um heilbrigðismálin stæðu hvað hæst.

### Maður málamiðlana

Kennedy lést af völdum krabbameins í heila og hafði verið frá störfum mánuðum saman þegar hann lést síðastliðinn þriðjudag, 77 ára gamall. Hann hafði setið á þingi síðan 1962, í nærri hálfa öld.

Miklar breytingar hafa orðið á starfsháttum þingsins og andrúmsloftinu þar þessa áratugi síðan Kennedy tók þar fyrst sæti. Þeir dagar eru liðnir að repúblikanar og demókratar skiptust í hópa eftir málefnum, oft þvert á flokkslínur, og þá skipti meira máli að finna málamiðlanir en að standa við flokksaga.

Þrátt fyrir að halda fast við velferðaráherslur sínar meðan sívaxandi harka færðist í skotgrafahernað flokkanna hélt Kennedy alla tíð áfram að leita sáttaleiða með málamiðlunum þvert á flokkslínur, með misjöfnum árangri reyndar.

Fyrir vikið naut hann þó ákveðinnar virðingar, einnig meðal margra andstæðinga sinna í Repúblikanaflokknum. Þannig sagði repúblikaninn John McCain, fyrrverandi keppinautur Obamas um forsetaembættið, sem sjálfur er reyndar gamall jaxl á þinginu, að fjarvera Kennedys frá umræðunni um heilbrigðismálin hefði getað skipt sköpum um það, hvort sættir tækjust um málið í þinginu.

### Fjölskylduveldi

Þegar Edward Kennedy settist fyrst á þing var fjölskyldan tvímælalaust sú valdamesta í Bandaríkjunum. Bróðir hans John var forseti og þriðji bróðirinn Robert dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Johns.

Árið eftir var John forseti myrtur og fimm árum síðar var Robert einnig myrtur, skömmu eftir að hafa tryggt sér útnefningu sem frambjóðandi Demókrataflokksins í næstu forsetakosningum.

Smám saman minnkuðu áhrif Kennedy-ættarinnar í bandarískum stjórnmálum, þótt áfram hafi hún verið áberandi í þjóðlífinu. Áframhaldandi hrakfarir fjölskyldunnar vöktu athygli, svo jafnvel var farið að tala um að einhver undarleg bölvun hvíldi á henni.

Sjálfur var Edward nærri dauðanum í flugslysi árið 1964 og fimm árum síðar varð hann valdur að dauða ungrar konu í bílslysi.

### Metsölubók væntanleg

Þótt Kennedy hafi ekki tekist að leiða baráttuna um heilbrigðistryggingarnar til lykta tókst honum þó að ljúka við ævisögu sína áður en hann dó. Sú bók kemur út 14. september næstkomandi og heitir „True Compass“, eða „Sannur leiðarvísir“.

Hann var búinn að semja við útgefanda aðeins fáeinum mánuðum áður en hann greindist með krabbamein í heila í maí á síðasta ári.

„Til allrar hamingju var hann í nógu góðu formi til að ljúka henni,“ segir Robert Barnett, útgáfufulltrúi Kennedys, í viðtali við fréttastofuna AP. „Þetta er hans bók. Hann skrifaði og samþykkti hvert einasta orð.“

Óhætt er að gera ráð fyrir að sú bók muni seljast vel, svona rétt í kjölfarið á dauða höfundarins.



**VIÐ INNSETNINGU OBAMAS** Þrátt fyrir baráttu við krabbamein mætti Edward Kennedy á innsetningarathöfn Baracks Obama í janúar. NORDICPHOTOS/AFP

## BÖLVUN KENNEDY-ÆTTARINNAR

Þrátt fyrir að Kennedy-fjölskyldan hafi átt mikilli velgengni að fagna hafa hörmungarnar elt hana. Fjögur af níu börnum ættforeldranna, þeirra Rose og Josephs Kennedy, og nokkur barnabörn að auki, dóu voveiflegum dauðdaga.



**1941 Rosemary Kennedy**, elsta dóttir **Josephs** og **Rose Kennedy**, var lögð inn á stofnun vegna misheppnaðrar heilaskurðaðgerðar. Þar dvaldi hún til dauðadags árið 2005.



**1948 Kathleen Kennedy Cavendish**, fjórða barn Kennedy-hjónanna, fórst í flugslysi í Frakklandi 28 ára gömul.



**1964 Edward Kennedy** öldungadeildarþingmaður, yngsti sonurinn, sá sem nú er nýlátinn, slapp naumlega á lífi úr flugslysi.



**1969 Edward Kennedy** ók út af brú á Chappaquiddick-eyju nýkominn úr veisluskemmtun þar. Farþegi hans, **Mary Jo Kopeche**, drukknaði.



**1997 Michael Kennedy**, annar sonur Roberts, fórst á skíðum í Aspen í Colorado, 39 ára.



**1944 Joseph Kennedy yngri**, elstur níu barna þeirra Josephs og Rose, fórst 29 ára gamall í flugslysi í seinni heimsstyrjöldinni, meðan hann gegndi hermennsku.



**1963 John F. Kennedy** Bandaríkjaforseti, næstelsti sonurinn, var myrtur í bifreið sinni á götu í Dallas í Texas, 46 ára gamall.



**1968 Robert Kennedy**, öldungadeildarþingmaður, var myrtur í í Los Angeles, 42 ára gamall, skömmu  eftir að hafa tryggt sér útnefningu Demókrata sem forsetaefni flokksins.



**1984 David Kennedy**, eitt af ellefu börnum Roberts Kennedy, lést af völdum fíkniefnamisnotkunar, 28 ára að aldri.



**1999 John Kennedy yngri**, sonur Johns F., fórst ásamt eiginkonu sinni og mágkonu í flugslysi rétt hjá sumarhúsabyggð á eyjunni Martha's Vineyard.

MYNDIR: GETTY IMAGES, AP


Erikurnar eru komnar!
3 stk að eigin vali
1199 kr
Allar pottaplöntur á útsölu
Útsalan
heldur áfram
30-70%
AFSLÁTTUR
Gjafavara
Styttur, box, myndir, rammar, könnur, skraut, skreytingarefni og margt fleira
Orkidea
ný sending
1499
ALLAR VÖRUR
30-50%
AFSLÁTTUR
Soldis
Silkitré & silkiblóm
Kaffi Garður
Skútuvogi
Kjötsúpa
190
Kaka og kaffi 290
Í HÚSASMIÐJUNNI UM LAND ALLT
Berjatínur 2.699
Berjagrind 1.699
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind



**Í GRÖSUGUM ÚTHAGA** Þessi hross minna helst á flóðhesta í sefi, svo hátt er grasið í kringum þau, sem er glöggt dæmi um áhrif góða veðursins í sumar.

# Sólríku sumri senn að ljúka

Dagarnir voru hver öðrum notalegri þetta sumar, sem nú er að renna sitt skeið. Nú verður þess ekki langt að bíða að haustið nái yfirhöndinni. Því er tilvalið að kalla fram minningar sumarsins og skoða ljósmyndir *Gunnars V. Andréssonar*, sem fangaði mörg augnablikin með myndavélinni í sumar.



**VINÁTTA** Hvolpinn Tarú munar ekkert um að þvo vini sínum, Finni Má, á bak við eyrun og uppsker að launum skellihlátur stráksins.



**VIÐ INGÓLFSTORG** Ferðamenn voru áberandi á götum borgar og bæja í sumar. Þessir ferðamenn gæddu sér á nesti sínu, umkringdir sögufrægum húsum við Ingólfstorg.



**SIGLINGAR Í HÖFNINNI** Sjómannsblóðið ólgaði í æðum þessara ungu drengja sem æfðu siglingar í Hafnarfjarðarhöfn í sumar.



**Á FERÐINNI** Kettir eru dularfullar verur sem fara sínar eigin leiðir. Hver veit hvert þessi Vesturbæjarköttur var að fara, annar en hann sjálfur?



**EINBEITING OG MÝKT** Borgarbúar spreyta sig á kínverskri leikfimi á Ingólfstorgi og láta nærveru ljósmyndarans ekki slá sig út af laginu.



**EFTIRMINNILEG STUND** Katla og Bettý kenna börnum sínum að hjóla á blíðviðrisdegi í Laugardalnum í Reykjavík.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJARNAFÆÐI
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
Einiberjakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
489
K.S FROSIN
LAMBALÆRI
1078 kr./kg.
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR 489 kr./kg.
K.F LAMBALÆRI
EINIBERJAKRYDDAÐ
1398 kr./kg.
Holta
Bitar
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 698 KR. 419 kr./kg.
Holta
Bringur
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR. 40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.
Holta
VÆNGIR
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 398 KR 40% AFSLÁTTUR 239 kr./kg.
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
898
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr./kg.
FERSKUR ALI GRÍSABÓGUR
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.
FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
BÓNUS
Kjúklingur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
Tortilla Chips
Natural
Tortilla Chips
Cheese
198
TORTILLA-SNAKK 200g
TVÆR TEG 198 kr.
Svali Svali Svali
Svali Svali Svali
98
SVALI 3 FERNUR
EPLA OG APPELSÍNU 98 kr.
Friconpan
15
398
FRICONPAN FROSIN SMÁBRAUÐ
15 STK 398 kr.
SKÓLA OSTUR
SKÓLA OSTUR
TILBOÐ 25%
25%
AFSLÁTTUR
SKÓLAOSTUR STYKKI
972 kr./kg
Í SNEIÐUM 1236 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: FÖSTUD: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# Kreppan er fyrirlestur til okkar um það sem við þurfum að læra

**Dr. Lisa M. Cataldo** er lektor í sálgæslufræðum við Fordham-háskólann í New York. Hún er stödd á Íslandi ásamt dr. Ann Belford Uanov en hún er einn virtasti kennimaður heims á sviði trúarlífssálarfræða og Jungian-sálfræði. Þær munu halda námskeið í Skálholtsskóla næstu helgi um mannlegt vitundarlíf í sálgæslu. *Dr. Haukur Ingi Jónasson*, prófessor í sálfræði, ræddi við Lisu um hagnýta guðfræði og hvað Íslendingar gætu lært af kreppunni.

Eins og með flestallar kreppur og þunglyndi – og þá vísa ég í bæði reynslu skjólstæðinga minna og mína eigin – þá er eitthvað sem orsakar þær: hugsanagangur, fyrri athafnir, fyrri reynsla eða hvaðeina annað,“ útskýrir Lisa M. Cataldo þegar hún er beðin um að veita Íslendingum góð ráð á erfiðum tímum. „Það sem er gagnlegt að gera er að reyna að skilja: Hvað þarf ég að læra á þessu? Hvað er verið að gefa mér í þessu? Hver er gjöfin? Ég stend föstum fótum í þeirri trú að kreppur og þunglyndi komi til af því að það er eitthvað mikilvægt sem við höfum vanrækt og að það sé því eitthvað sem er að sækja að okkur með þessum einkennum. Kreppan er því eins konar fyrirlestur til okkar um það sem við þurfum að læra næst. Mér verður því hugsað til jógasögunnar þegar jógameistarinn sagði: Þegar þú ert glaður, hugsaðu þá um það sem gerir þig dapran og þegar þú ert hryggur, hugsaðu þá um það sem gerir þig glaðan. Á uppgangstímum skulum við hugsa kreppu og í kreppu skulum við hugsa uppgang. Íslenskri þjóð vil ég því segja: Allt sem gerist mun líða hjá og ekki vara að eilífu. Sérhvert verkefni felur í sér lærdóm.“



**LEIT AÐ SKILNINGI** „Ég lít á sjálfa mig sem konu sem skilur að það skiptir máli að taka tillit til manneskjunnar sem heildar; til hugans, líkamans, tilfinninganna, andans, þrárinnar, reiðinnar og alls annars sem bærist í okkur,“ segir dr. Lisa M. Cataldo.

### Vildi gera eitthvað markvert við lífið

Lisa er fædd og uppalin í Wooster í Massachusetts-ríki Bandaríkjanna. „Ég var mikill bókaormur sem krakki og allt frá því að ég lærði að lesa fimm ára gömul þá hef ég verið lesandi allt síðan hinns og jarðar. Ég ólst upp í stórri fjölskyldu sem enn er mjög náin. Faðir minn er úr ítalskri innflytjendafjölskyldu og móðir mín er úr írskri innflytjendafjölskyldu frá Nýja-Englandi. Ég gekk í kaþólskan barnaskóla og þar lærði ég það sem ég kann um mikilvægi félagslegs réttlætis. Allt þetta gerði mig líka áhugasama um trúarlegar spurningar. Ég lagði stund á jóga og hindúisma og hef réttindi sem jógakennari.“ Að loknu MBA-námi frá Columbia-háskóla í New York starfaði Lisa um árabil á sviði fasteignafjárfestinga í viðskiptaheimi New York-borgar. „Þó að ég hefði að mörgu leyti kunnað vel við mig í starfi þá ákvað ég engu að síður að snúa við blaðinu eftir um tíu ára starf. Ég fór yfir til Union Theological Seminary og þar lauk ég M.Div.-prófi og síðan Ph.D.-prófi í geðlæknis- og trúarbragðafræðum, og algerlega nýr og magnaður heimur opnaðist fyrir mér. Eins mikið og ég hafði gaman af vinnu minni á Wall Street þá fannst mér á einhvern hátt að þetta væri ekki sérlega merkileg störf sem við vorum að vinna.“ Lisa segist hafa viljað gera eitthvað merkingarbærara við lífið en það sem peningar gátu veitt henni. „Ég hafði líka verið, líkt og svo margir í New York, í sálgreiningarmeðferð og það merkilega og persónulega ferli fór að setja hlutina í samhengi. Þetta stuðlaði að því að ég myndi jafnvel leyfa mér að kalla andlega vakningu mína. En andleg vakning í mínum huga er að vakna upp við það að það er meiri og dýpri merking með lífi manns en maður er að fást við og að vinna með veraldlegan auð gefur ekki það sem andleg auðlegð getur gefið. Og svo kom að því að ég gat ekki gert annað en kýlt á það.“ Lisa starfar nú sem aðstoðarprófessor í sálgæslu og kennimannlegri guðfræði við Graduate School of Religion and Religious Education við Fordham-háskóla í New York. „Ég held fjölda fyrirlestra um sál- og guðfræðileg efni, meðal annars á ráðstefnum American Association of Religious Studies (AAR) og víðar. Þá er ég líka sjálfstætt starfandi sálgreinir í New York og legg mig fram um að hjálpa New York-búum að komast til sjálfs sín, einum í einu,“ segir hún og brosir.

> Andleg vakning í mínum huga er að vakna upp við það að það er meiri og dýpri merking með lífi manns en maður er að fást við og að vinna með veraldlegan auð gefur ekki það sem andleg auðlegð getur gefið.



**LISA M. CATALDO** „Hagnýt guðfræði felst í því að beita guðfræðinni og snýst um hvernig við lifum í raun og veru. En ef guðfræðin snertir ekki við okkur, þá er það ekki raunveruleg guðfræði.“

### Að hjálpa fólki í leit að trúarlegum skilningi

Sálgæslufræði er hluti af því sem stundum er kallað hagnýt guðfræði. En hvernig getur guðfræði verið hagnýt? „Hvernig getur hún ekki verið hagnýt?“ segir Lisa og hlær. „Hvaða augum sem við lítum á guðfræðina, á hugsunina um guð eða um trúarlega upplifun, þá hlýtur allt þetta að hafa eitthvað með nytsemi eða gagnsemi að gera. Ef guðfræðin er ekki gagnleg þá væri guðfræðin hún aðeins vitsmunaleg æfing en ekki eitthvað sem hefur umbreytandi áhrif til góðs. Hagnýt guðfræði felst í því að beita guðfræðinni og snýst um hvernig við lifum í raun og veru. En ef guðfræðin snertir ekki við okkur, þá er það ekki raunveruleg guðfræði.“ Lisa segir að hún líti ekki beint á sjálfa sig sem guðfræðing. „Ég lít á sjálfa mig sem konu sem skilur að það skiptir máli að taka tillit til manneskjunnar sem heildar; til hugans, líkamans, tilfinninganna, andans, þrárinnar, reiðinnar og alls annars sem bærist í okkur. Það er því ekki hægt að kljúfa guðfræðina frá sálfræðinni og það er ekkert til sem heitir ótúlkuð reynsla. Allir sem starfa á kirkjulegum vettvangi eru í eins konar meðferðarsamhengi og þurfa að vera starfi sínu vaxnir. Tengslin við líf líkamans er sérstaklega mikilvægt hvað þetta varðar. Ráðandi öfl innan kirkjunnar litu lengi vel fram hjá þessu og héldu á lofti hugmyndum um að við þyrftum að komast úr sambandi við líkamann og í nánari tengsl við „andann“. Þessi miðlæga hugmynd í vestrænni hefð leiðir okkur í ógöngur.“

En hvað með hlutverk eða köllun guðfræðinganna? „Sannast sagna þá veit ég það ekki alveg. Kannski að vera túlkendur, velta vöngum, og að finna leiðir til að hjálpa fólki í leit þess að trúarlegum skilningi. Ég tel að innst inni séu allir áhugasamir um skilning af þessu tagi og að guðfræðin gerir þetta með tvennum hætti: hún getur annaðhvort byrjað með hugmyndina um Guð og skoðað hvernig þessi hugmynd spilar sig út á sviði mannlegra athafna eða á hinn veginn getur hún byrjað á að skoða reynslu okkar af því að vera til og skoða hvaða afleiðingar sú reynsla hefur. Öll guðfræði tekur annan hvorn pólinn. En munum líka að það er í reynd ómögulegt að stunda guðfræði án tenginga við persónulega reynslu okkar og ástundun.“

### Menntun í viðskiptasiðfræði bráðnauðsynleg

Oft er því haldið fram að það þurfi að skipta um stíl í viðskiptafræðimenntum samtímans. Hvernig væri hægt að gera hlutina öðruvísi?

„Ég veit ekki nákvæmlega hvað er að gerast í viðskiptaskólunum núna, en þegar ég fór síðast í teiti til heiðurs útskrifuðum nemendum við Columbia-viðskiptaskólann árið 1996 þá sagði forseta skólans að þeir hefðu fellt niður viðskiptasiðfræðinámskeiðið. Námskeiðið sem reyndar hét Conception and Foundation of Businesses hafði ekki fallið í nægjanlega góðan jarðveg hjá nemendum og þeim fannst það ekki gagnlegt. Það er vandamál ef viðskiptaskólarnir eru aðeins að mæta eftirspurn og veigra sér við að láta nemendur hugsa í raun og reynd um samhengi athafna sinna.“ Lisa segir þetta einnig hafa verið lýsandi fyrir það sem var að gerast á þessum tíma þar sem viðskiptafræðimenntun snerist einungis um peninga. „Í kjölfarið varð allt að einum graut – menntun ruglaðist saman við græðgi – og síðast fóru sögur að berast um hrikalega sjálftöku, spillingu og skeytingarleysi gagnvart hagsmunum annarra af hendi þeirra sem tileinkað höfðu sér æðri menntun á sviði hagvísinda. Og auðvitað er slíkt ekki verst með þá ríkustu því þeir komast yfirleitt upp með hvaðeina, heldur er það fátækt fólk sem mest finnur til. Skilaboð mín til bæði guðfræðinga og viðskiptafræðinga og sérstaklega til þeirra sem sinna menntun fólks í viðskipta- og athafnalífi: Þú getur ekki klofið hlutina í sundur; þú getur ekki skorið viðskiptalíf þitt frá tilfinningu þinni og gildismati. Og það eru skilaboð mín til viðskiptaskólanna: Að kljúfa viðskiptalífið frá spurningum um gildismat, réttlæti og mannlegar tilfinningar allra – og þá meina ég allra – þeirra hagsmunaaðila sem málið varða mun alltaf leiða til vanda og er ekki sjálfbært.“

### Mannlegt vitunarlíf á erfiðum tímum

Hinn 6. september mun dr. Ann Belford Uanov halda fyrirlestur í Neskirkju. Námskeið verður í Skálholtsskóla 7.-8. september um mannlegt vitundarlíf í sálgæslu, sálgreiningu og í meðferðarvinnu undir leiðsögn Ann Uanov og dr. Lisu Cataldo en einnig munu Yrsa Þórðardóttir, prestur og sálgreinir, og dr. Haukur Ingi Jónasson, prestur, sálgreinir og lektor í stjórnunarfræðum við Háskóla Íslands, koma að námskeiðinu. Nánari upplýsingar eru á www.skalholt.is




SÚPUKJÖT 1/2 FRAMPARTUR
659 kr/kg
998 kr/kg
TILBOÐ
34% afsláttur
Glæsileg helgartilboð!
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL LAMBALÆRI, KRYDDAÐ
1.399 kr/kg
1.998 kr/kg
ÍSFUGL
BBQ KJÚKLINGALEGGIR
468 kr/kg
699 kr/kg
33% afsláttur
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILLPYLSUR
769 kr/kg
1.098 kr/kg
32% afsláttur
GOÐI
BITTU MIG ELSKAÐU MIG!
GRÍSALÆRVÖÐVI PIRI PIRI
1.291 kr/kg
1.898 kr/kg
PERUR Í ÖSKJU 1kg
129 kr/askjan
258 kr/askjan
50% afsláttur
GOÐI
VELDU MIG!
HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR, LÉTTREYKTAR
1.299 kr/kg
1.998 kr/kg
BULLET ORKUDRYKKUR
98 kr/stk.
158 kr/stk.
www.markhonnun.is
BULLET
GÓU
Hraun BITAR
GÓU HRAUN EÐA ÆÐIBITAR
179 kr/pk.
PEPSI 2l
138 kr/stk.
PEPSI
PLENTY ELDHÚSRÚLLA
197 kr/pk.
299 kr/pk.
Plenty
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 27. - 30. ágúst eða meðan birgðir endast
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



**SKÍFUSÍMI** Wouter og Janne fengu ýmsa hluti gefins frá eldri Íslendingum í kaffihúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SJARMERANDI** Parið sótti markaði í Belgíu með notaða vöru til að setja í Simbahöllina.



**HORFINN TÍMI** Reynt var að skapa gamaldags stemningu í Simbahöll.

# Nýta sjarma Simbahallarinnar

**Wouter Van Hoeymissen** og **Janne Kristensen** eignuðust Simbahöllina svokölluðu fyrir 2.500 krónur. Þau hafa gert það upp og opnað kaffihús. Ljósmyndari Fréttablaðsins, *Anton Brink*, leit í heimsókn í sumar og *Marta M. Friðriksdóttir* sló á þráðinn.

Á Þingeyri hefur kaffihúsið Simbahöll verið starfrækt í sumar. Kaffihúsið er í húsi sem reist var árið 1916 en þar var lengi verslun. Húsið hafði staðið mannlaust lengi þegar parið Wouter Van Hoeymissen og Janne Kristensen fékk það og gerði upp. „Ég hafði verið að ferðast um Ísland og vinna á bóndabæjum um landið þegar ég rakst óvart inn á Þingeyri. Mér bauðst að kaupa húsið fyrir 2.500 krónur og ákvað að slá til,“ segir Wouter.

Um helgina verður haldið lokahóf í Simbahöll en kaffihúsinu verður lokað í vetur. „Við fengum bara rekstrarleyfi til bráðabirgða í sumar,“ segir Wouter. „Það gekk mjög vel í sumar og við áætlum að hafa opið á veturna líka í framtíðinni.“

Wouter segir að í upphafi hafi þau Janne hugsað Simbahöllina sem almenningsstofu. „Okkur langaði að gæða Þingeyri lífi og búa til stað þar sem fólk gæti hist,“ upplýsir Wouter og bætir við að þau hafi aldrei ætlað sér að setjast að á Þingeyri.

Wouter og Janne gerðu húsið sjálf upp á og sköpuðu gamaldags stemningu þar. „Mér hefur alltaf líkað stemningin á Árbæjarsafni og það var rökrétt að nýta sjarma hússins í Simbahöll,“ segir Wouter en þau innréttuðu kaffihúsið með búslóð sinni að utan, sóttu markaði með notaða vöru í Belgíu, fóru á ruslahauga og eldri Íslendingar gáfu þeim hluti sem skapa gamaldags stemningu.




**EIGENDURNIR** Janne Kristensen og Wouter Van Hoeymissen hafa unnið að því síðastliðin þrjú ár að gera kaffihúsið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KAFFIHÚSIÐ** Simbahöllin á Þingeyri er á leið í vetrarfrí en aftur verður opnað næsta sumar.



**GAMALDAGS** Janne og Wouter hefur alltaf líkað stemningin í Árbæjarsafni og fannst rökrétt að nýta sjarma hússins í Simbahöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SUZUKI

Way of Life!

# NÝR GRAND VITARA

## Til hamingju Suzuki eigendur!

**Nú hefur það verið staðfest að Suzuki bílar eru ódýrastir í rekstri.**

Þetta er niðurstaða breska bílatryggingafélagsins Warranty Direct sem greint er frá í frétt á mbl.is 24.8 s.l.. Tekið er tillit til allra helstu þátta í rekstri bíls, þ.e. eldsneytiseyðslu, viðgerðarkostnaðar o.fl.

Meðalbíllinn fær 112 stig skv. þessari könnun.
**Suzuki er í fyrsta sæti og fær 31,13 stig!!!**
(Mazda fær 53.5 stig og Toyota 56.22 stig, Land Rover rekur lestina með 213.73 stig.)

SUZUKI




**Fullt af nýungum s.s. enn sparneytnari vélar, boðið upp á nýja 6 strokka vél 232 hö (!), öflugri hemlar, nýtt mælaborð, nýtt litaval, meiri hljóðeinangrun, tölvustýrð loftkæling, stefnuljós í útispeglum...og margt fleira.**



SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf ágúst 09

# Sameining embætta á dagskrá

**Það hafa ekki verið rólegir mánuðir sem Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hefur átt frá því að hún tók við embætti í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar. *Brjánn Jónasson* ræddi óánægju innan lögreglunnar, fjárskort Landhelgisgæslunnar, breytingar í dómsmálum og önnur mál sem krefjast langra vinnudaga hjá ráðherranum sem aldrei hefur gengið til liðs við stjórnmálaflokk.**



SKYLDURÆKNI „Ég veit að lögreglumenn eru duglegt og skyldurækið fólk, og ég veit að það stendur ekki til að þeir fari að bregðast skyldu sinni. Ég hef velt fyrir mér hvort fólk geri sér almennt grein fyrir því hvers konar álag var á lögreglumennina í búsáhaldabyltingunni, þegar þeir stóðu vaktina," segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórnvöld standa nú í ströngu við að undirbúa enn meiri niðurskurð í sínum ráðuneytum og undirstofnunum en þegar hefur verið ráðist í vegna vinnu við fjárlög næsta árs, sem kynnt verða í haust. Mikið mæðir á hverjum og einum, en talsverður styr hefur staðið um ýmis mál sem falla undir yfirstjórn Rögnu Árnadóttur, dóms- og kirkjumálaráðherra.

Undir Rögnu fellur embætti sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins sem tekst á við risavaxið verkefni. Hún ber einnig ábyrgð á lögregluembættum þar sem gríðarleg óánægja ríkir ef marka má tíðar frásagnir lögreglumanna. Landhelgisgæslan getur ekki lengur haldið úti nægilega mörgum áhöfnum á þyrlur sínar til að komast alltaf í langflug, og svona mætti lengi telja.

### Réttlætiskennd fullnægt

*Búast má við holskeflu dómsmála tengdum bankahruninu, sér í lagi ef stjórnvöld fara líka að höfða skaðabótamál gegn gerendum í hruninu. Þarf að styrkja dómstólana til að takast á við þetta aukna álag, til dæmis með því að fjölga dómurum?*

Ég tel að dómarar þurfi að vera vakandi fyrir því að afla sér þeirrar sérþekkingar sem þarf til að fást við efnahagsbrotamál. Það er undir dómstólunum komið hvernig þeir leysa það, og ég held að menn séu meðvitaðir um að það séu mörg mál á leiðinni. Áform um að koma upp millidómstólsstigi hafa farið í salt í bili þar sem það eru ekki til peningar til að ráðast í slíkar skipulagsbreytingar.

Það verður að koma í ljós hvort fjölga þurfi dómurum. Dómstólaráð hefur lagt til að héraðsdómstólar landsins verði sameinaðir í einn, og frumvarp sem felur í sér þær breytingar hefur verið samið. Það á reyndar eftir að dreifa því í þinginu, en það er svo undir Alþingi komið hvort sú breyting verði gerð. Þessi breyting yrði þá gerð til að koma í veg fyrir að fækka þurfi dómurum í komandi niðurskurði. Þeir líta svo á að það megi að minnsta kosti ekki fækka dómurum, og ég er alveg sammála því.

Það sem liggur fyrir, og gildir um stofnanir ráðuneytisins almennt, er að við búum við þröngan fjárhag. Það eru allir kraftar nýttir til hins ýtrasta og allir reyna að gera sitt besta. Auðvitað er það ekki svo að lægri fjárveitingar leiði til betri þjónustu, en ég hef tekið þann pól í hæðina að það verði að reyna að sjá hver þörfin er, hvað hlutirnir kosta. Á niðurskurðartímum verða menn svo að vera raunsæir með þær afleiðingar sem niðurskurðurinn hefur.

*Þú segir að dómsmálum sé þröngt sniðinn stakkur vegna efnahagsástandsins. Telur þú að bágur fjárhagur geti haft áhrif á rannsókn og saksókn mála sem upp koma tengt bankahruninu?*

Nei, það er sérstakur málaflokkur sem undir þessum mjög svo óvenjulegum aðstæðum hefur fengið nýtt embætti. Í rauninni er það eitt af algerum forgangsatriðum hjá ríkisstjórninni að það sé vel staðið að þessari rannsókn.

*Reyndur hæstaréttarlögmaður telur ólíklegt að þeir sem kunni að verða sakfelldir í einhverjum málum tengdum bankahruninu þurfi að sitja meira en nokkra mánuði bak við lás og slá. Er refsiramminn í efnahagsbrotamálum nægilega víður til þess að refsingar þeirra sem mögulega verða sakfelldir fyrir brot í aðdraganda hrunsins muni ekki virka eins og blaut tuska í andlit almennings?*

Refsingar fyrir auðgunarbrot geta verið nokkuð þungar, en svo er það alltaf spurning hvað menn verða sakfelldir fyrir á endanum. Hvort það fullnægir réttlætiskennd almennings er alltaf stór spurning. Refsingar hafa verið að þyngjast í kynferðisbrotamálum, en slíkar breytingar er ekki hægt að gera eftir á. Ég er ekkert viss um að endilega sé hægt að setja samasemmerki á milli þeirrar refsingar sem menn gætu fengið og þess sem almenningur telur að sé réttlát refsing. Það er alltaf álitamál.

### Erfitt að sækja meiri peninga

*Landhelgisgæslan hefur undanfarið verið í fjársvelti, þyrluvaktir eru of fáar til að hægt sé að senda þyrlu langt á haf út hvenær sem er. Hvaða lausnir sérðu fyrir þér á vanda gæslunnar?*

Það er augljóst að fimm þyrluvaktir gera ekki sama gagn og sex þyrluvaktir. Það þarf að kanna hvort hægt er að nota þær fjárveitingar sem til staðar eru öðruvísi, hvernig forgangsröðunin er. Hjá Landhelgisgæslunni hafa menn mætt niðurskurðarkröfum með skynsamlegum hætti, og flugrekstrardeildin liðið einna minnst fyrir minnkandi fjárframlög.

Ég hef áhyggjur af þeirri stöðu, ég get ekki neitað því. Við verðum að tryggja öryggi sjófarenda. Þetta er eitt af þessum viðfangsefnum sem þarf að takast á við nú þegar aðstæður í ríkisrekstrinum eru þannig að það er erfitt að sækja meiri peninga.

*Má ekki reikna með því að forstjóri Landhelgisgæslunnar hafi nú þegar farið vandlega yfir aðrar hagræðingarleiðir?*

Með núverandi rekstrarfyrirkomulagi er ljóst að það eru ekki til meiri peningar í fjárveitingu fyrir Landhelgisgæsluna til að halda úti sex þyrluvöktum. Spurningin er sú hvort það sé hægt að ná einhverri hagræðingu, og þar tel ég skynsamlegt að líta á þetta í stærra samhengi. Til dæmis í samhengi við aðra starfsemi ríkisins á hafinu, og í fluginu. Spurningin er hvort hægt sé að finna leiðir til að nýta mannskap og tækjakost betur milli stofnana, sem ekki endilega heyra undir sömu ráðuneytin. Ég tel skynsamlegt að skoða það.

*Hvað með möguleikann á sameiningu Landhelgisgæslunnar og Varnarmálastofnunar, sem oft hefur verið nefndur undanfarið?*

Það er einn möguleikinn. Ef menn sjá einhverja hagræðingu í samþættingu starfsemi hjá þeim stofnunum þá er það eitthvað sem verður að skoða. Það er ekki fullreynt með það, umræðan um að ná fram hagræðingu hefur aðeins verið að byrja á röngum enda, á því hvort það eigi að leggja einhverja stofnun niður eða sameina. Það verður fyrst og síðast að skoða hvað vinnst með því að sameina stofnanir. Það er engin vinna í gangi eins og er milli utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytisins, en ég á alveg eins von á því að vinna fari í gang á næstunni, í tengslum við vinnu við fjárlögin.

### Eiga skilið heiðursmerki

*Óánægja hefur kraumað lengi innan lögreglunnar. Hver telur þú að sé rót vandans hjá lögreglunni?*

Rót vandans er margþætt, og ég verð að játa að þegar þessi umræða hófst í sumar var ég ekki meðvituð um alla þá þætti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að óánægjan innan lögreglunnar snerist um eitthvað annað og meira en fjárveitingar. Auðvitað eru þær stór hluti vandans, en það kemur fleira til. Til dæmis skipulagsbreytingar innan einstakra embætta í kjölfar sameiningar lögregluembætta árið 2007.

En einnig hafa orðið ákveðnar breytingar í samfélaginu, sem veldur því að lögreglumenn þurfa meira að velta eigin öryggi fyrir sér. Það er vegna ákveðinna atburða í búsáhaldabyltingunni, þegar lögreglan stóð vaktina fyrir framan stofnanir ríkisins, og stóð sig með mikilli prýði. Þarna myndaðist ástand sem ýmsir áttu ekki von á að gæti myndast hér á landi.

Svo er auðvitað ákveðin undiralda í gangi í samfélaginu. Skemmdarverk eru framin á eignum fólks, innbrotum fjölgar. Þetta og fleira kallar á aukna viðveru lögreglu. Það er eðlilegt að lögreglumenn séu þeirrar skoðunar að þeir séu of fáir. Ég er þeirrar skoðunar að þeim megi að minnsta kosti ekki fækka meira en orðið er úti á götunum, það gengur ekki upp. Þess vegna verður að reyna að finna aðferðir til að skipuleggja lögreglu þannig að það mæti þeirri þörf sem fyrir hendi er.

*Þú hefur talað fyrir því að lögregluembætti landsins verði sameinuð, ertu sannfærð um að það sé rétta leiðin?*

Það er hugmynd sem mér þykir skynsamleg, og er að láta athuga betur. Það verður að ráðast í ákveðna útreikninga, og ég er að vonast til þess að fá einhverjar niðurstöður í september. Það er auðvitað ljóst að tíminn er ekki mikill. Svo er líka erfitt að ráðast í breytingar sem manni finnst fagleg rök fyrir, en jafnframt gera það með niðurskurðargleraugun á nefinu. En það er til mikils að vinna, og ég hef trú á þessari leið. Ég geri mér hins vegar vel grein fyrir því að þetta er mjög róttæk breyting, svo við verðum að sjá hvernig þetta fer.

*Hvað með sýslumannsembættin, stendur til að fækka þeim?*

Sýslumannsembættin eru svo annað mál sem við höfum líka verið að skoða. Þau eru sum hver svo lítil að það er vafamál að þau geti tekið á sig þann niðurskurð sem þarf til án nokkurra breytinga. Ég tel að fækka þurfi embættunum og þau jafnframt stækkuð, en vera jafnframt með útibú til að viðhalda þjónustu við almenning. Ég geri mér grein fyrir því að sýslumannsembættin gegna mikilvægu hlutverki, ekki síst á landsbyggðinni. Þetta er vinna sem við þurfum að ráðast í. Það eru ótal verkefni í ráðuneytinu þessa dagana, og ekki hægt að ráðast í þau öll í einu.

*Undanfarið hafa reglulega borist fréttir af því að lögreglumenn hafi ekki komist til að sinna nauðsynlegum verkefnum. Til dæmis hefur komið fram að í það minnsta þremur tilfellum hafi húsráðandi vaknaði með innbrotsþjóf inni í íbúð sinni en ekki getað fengið aðstoð lögreglu þar sem lögreglumenn voru í öðrum verkefnum. Hvernig bregst þú við þessu, er það ásættanlegt fyrir landsmenn að vita til þess að lögreglumenn hafa varla tíma til að sinna störfum sínum sökum manneklu?*

Ég vil ekki tjá mig um einstök tilvik, en almennt séð á lögreglan að vera þannig búin að hún geti sinnt þeim útköllum sem hún á, lögum samkvæmt, að sinna. Það er auðvitað mjög slæmt ef mannfæð verður til þess að lögreglan geti ekki gætt öryggis borgara þessa lands. Það er mikilvægt, ekki síst nú á dögum þegar óróleiki og ólga er í samfélaginu, og aukinn fjöldi afbrota.

*Hinn handleggurinn á því máli er öryggi lögreglumanna. Lögreglumenn óttast um öryggi sitt sökum þess að oft er langt í aðstoð frá öðrum lögreglumönnum, og þeir eru sífellt oftar hafðir einir á bílum. Reyndur lögreglumaður orðaði það þannig í viðtali við Fréttablaðið að það sé bara tímaspursmál hvenær lögreglumaður verður drepinn í starfi. Skilur þú þessi sjónarmið lögreglumannanna, og ef svo, hvað verður gert til að breyta þessu?*

> Ef lögreglumenn líta svo á að það sé tímaspursmál hvenær einhver þeirra lætur lífið í starfi þá bregður manni auðvitað við það.

## RÁÐHERRADÓMURINN MESTA ÁSKORUNIN

Ragna Árnadóttir hefur starfað í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá árinu 2002, og eins og hún orðar það sjálf hefur hún gegnt flestum störfum innan ráðuneytisins, fyrir utan að svara í síma. Oft er hins vegar talið heppilegt að fá nýtt sjónarhorn á málaflokka með því að fá ráðherra sem koma utan frá.

Ragna segir það ótvírætt kost fyrir sig að hafa reynslu af störfum fyrir ráðuneytið áður en hún tók við embætti ráðherra, enda hafi hún þannig öðlast mikilvæga innsýn í málaflokka ráðuneytisins.

„Hlutverk embættismanns í ráðuneyti og hlutverk ráðherra er mjög ólíkt. Maður finnur um leið og maður sest í sæti ráðherra að þetta er ekki sambærilegt á neinn hátt. Ráðherra þarf að hugsa í töluvert víðara samhengi en embættismaðurinn. Það fylgir því stefnumótun að vera í þessu embætti."

Ástandið í þjóðfélaginu er vægast sagt erfitt um þessar mundir, og utan frá virðist starf Rögnu ganga að miklu leyti út á að slökkva elda.

„Þetta er eitt stærsta verkefnið sem ég hef þurft að vinna, ég hef aldrei verið í jafnkrefjandi starfi," segir Ragna. „Ég átti reyndar ekki von á því að taka við starfinu til að byrja með, en þegar það hafði verið ákveðið átti ég vissulega von á að þetta yrði erfitt. Það vill svo heppilega til að mér hef mjög gaman af því að vinna, svo ég tel það ekki eftir mér þó vinnudagarnir verði langir. Mér finnst líka gott að geta gert samfélaginu gagn á þennan hátt, og vona að ég sé að gera gagn."

Staða Rögnu er talsvert önnur en flestra annarra ráðherra í ríkisstjórninni. Bæði hún og Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra eru ópólitískir ráðherrar, hafa ekki gengið í gegnum kosningar, og eiga ekki sæti á Alþingi.

„Mín staða sem utanflokka-
er öðruvísi en staða ráðherra
hluti af þingflokki. Þegar mál
dómsmálaráðuneytið koma u
takandi í þeim málum. Ég ver
vilja meirihluta þingsins, þega
leita ég auðvitað til stjórnarflo
einhverju leyti lýst sinni stefn
en þegar því sleppir þarf ég a
Ragna

„Umboð mitt sem ráðherra

## Tilraunaeldhús

Yfirkokkar Fiskfélagsins deila lundauppskrift staðarins með lesendum.

SÍÐA 2





## Haustborð í rauðu

Ólöf Jakobína Ernudóttir innanhússarkitekt leggur á haustborð og skreytir með rauðum ylliberjum. SÍÐA 10


Nammi-
dagur




# Litríkur kostur og ljúffengur

Til eru þeir sem telja grænmeti einungis kanínufóður. Aðrir hafa vanist því að borða það bara í formi kartaflna og rófna. En æ fleiri átta sig á gildi grænmetis í daglegu fæði og þá í fjölbreyttu formi.



Í opnu blaðsins eru uppskriftir frá tveimur meisturum í matargerð, Nönnu Rögnvaldardóttur og Evu Guðmundsdóttur. Þetta eru girnilegir réttir sem allir eiga það sameiginlegt að vera úr fersku, íslensku grænmeti sem gnægð er af nú um stundir.

Nönnu Rögnvaldardóttur þarf ekki að kynna fyrir landsmönnum. Hún setur saman fyrir okkur fullkomna máltíð úr einföldu hráefni sem margir eiga við höndina, hvort sem þar er um eigin uppskeru að ræða eða aðkeypta. Á hennar diski eru kryddaðir klattar með fyllingu, byggpílaf með grænmeti og grænt og ferskt salat.

Eva Guðmundsdóttir er ein af kokkum veitingastofunnar Krúsku við Suðurlandsbraut. Úr eldhúsinu þar fá lesendur þessa blaðs nokkrar góðar hugmyndir að frískandi meðlæti sem hentar með öllum mat. „Hjá okkur er hausttíminn eins og vorið. Allt lifnar við þegar bændur koma færandi hendi með sitt fallega og litríka grænmeti úr nærliggjandi sveitum,“ segir hún.

Þó að við Íslendingar fögnum því vissulega að geta fengið fjölbreyttar tegundir af grænmeti að utan yfir vetrartímann er óneitanlega mikill munur á þeim og hinum kjarngóðu íslensku afurðum sem vaxa svo að segja við bæjardyrnar.

### Grænmetið er ómissandi

Eva Guðmundsdóttir er menntuð sem matartæknir og hefur unnið á leikskóla Reykjavíkurborgar. Hún kom til starfa í Krúsku við opnun hennar á síðasta ári.

„Hvort sem fólk aðhyllist eintómt grænmetisfæði eða ekki þá geta allir verið sammála um að grænmeti er ómissandi sem meðlæti með öllum mat,“ segir Eva. Hún kveðst nýbúin að uppgötva rauðrófur og henni líkar þær vel. „Rauðrófur eru vítamín- og trefjaríkar og auk þess skemmtilegar í matargerð. Þær eru fínar hráar og marineraðar, mjög góðar soðnar og enn betri bakaðar,“ segir hún og gefur uppskrift að rauðrófurétti.

Kartöflur telur hún bestar beint úr garðinum, soðnar og borðaðar með smjöri en sendir okkur þó

FRAMHALD Á SÍÐU 6

## BANANASTANGIR Á GRENSÁS

**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

Ég get stundum ekki beðið eftir að verða gömul kona þar sem ég hét sjálfri mér fyrir löngu að þegar ég yrði gömul ætlaði ég að borða konfektmola í öll mál. Kjaga feit með konfektkassa upp í rúm á hverjum morgni, leggjast á beddann og stynja af ánægju þegar ég styngi þeim upp í mig – allan daginn.

Sætindi eru sem sagt mín veika hlið. Bland í poka dugar mér í kvöldmat, ég vil helst hafa hnetusmjörs-M&M með camembert og súkkulaðismjör á franskbrauð þykir mér ein stórkostlegasta uppfinning síðari tíma. Svo ekki sé minnst á sírópið mitt sem ég helli ofan á ostasamlokur.

Frá því ég man eftir mér hefur líf mitt snúist um að finna allar mögulegar og ómögulegar leiðir til að verða mér úti um sælgæti. Þeim mun minni áhuga hafði ég á mat og fúlsaði við öllu nema það héti þá í mesta lagi brauð með osti. Ég var jafnklók í að redda mér sælgæti eins og ég var í því að koma matnum óséð í ruslið.

Á þeim tímum sem ég ólst upp var venjan enn sú, heppilega fyrir heilsu mína eflaust, að börn fengu bara sælgæti til hátíðabrigða. Dagarnir fóru því í að redda sér nammi með einhverjum aðferðum og eitt sinn man ég eftir strokleðri sem lyktaði svo dásamlega að ég reyndi að éta það.

Maður lét sér duga margt. Þannig æfði ég ballett á þessum árum í Skúlagötu og það fleytti mér langt að teyga að mér ilminn sem barst úr Nóa-Siríus-verksmiðjunni sem þá var í næsta húsi. Við mældum líka göturnar í leit að aurum sem við gátum keypt kúlur fyrir og eitt sinn sagði ég einfaldri nágrannastúlku í næsta húsi að ef hún myndi grafa karamelluna sína í sandinn myndi vaxa þar karamellutré. Tréð óx aldrei og karamellan hvarf upp í munninn á mér um kvöldið.



Margt dásamlega gott er í minningunni frá þessum tíma. Gulur breikpinni, Double dip, eilífðarkúlur og drakúla. Maður var líka fljótur að sigta út þá nágranna sem voru nýkomnir frá útlöndum og var að gaufast fyrir utan húsið hjá þeim þar sem kallað var á mann og manni boðið Twist. Pabbi var orðinn útsmognari en ég og faldi sælgætið það vel þegar hann kom frá útlöndum að enn þann dag finnst jafnvel fílakaramellupoki frá 1985 inni í veggjum (hann faldi þetta eins og um væri að ræða gull á stríðstímum).

Bananastangir frá Góu slógu þó allt sem gott var út. Ég lærði þar hins vegar ágæta lexíu í hvernig hægt er að komast yfir einhverja fíkn – á sama hátt og alkinn þarf að skafa botninn til að leita sér hjálpar tók ég of stóran skammt af bananastöngum og gleymdi þeim um tíma. Peningunum sem ég hafði safnað fyrir hamstri heilan vetur, stakk ég í poka og tók tíuna frá Árbæ niður á Grensásveg. Í sjoppunni þar sem strætisvagnarnir stoppuðu voru nefnilega bestu bananastangir landsins og fyrir hamsturspeningana alla lét ég konuna telja bananastangir ofan í stóran poka. Það tók mig nokkra daga að klára þær.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · M Meðlæti · Til hátíðabrigða · Hvunndags · Annað kjöt en fuglakjöt · Fiskur · Grænmeti

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT

Síðumúla 15, sími 588 5711 & 694 6103
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogahielsa.is

YOGA • YOGA • YOGA

- RÉTT SLÖKUN losar um spennu í vöðvum, róar og kyrrir hugann.
- LÍKAMLEG ÁREYNSLA Í ÆFINGUM. Þá styrkjum við vövða, liðbönd, liðamót, mýkjum hrygginn og örvum blóðrás.
- RÉTT ÖNDUN þýðir að anda djúpt og vel.
- RÉTT FÆÐI sem stjórnast af hófsemi
- JÁKVÆTT HUGARFAR. Að beina huganum jákvætt að verkefnum dagsins strax að morgni.

Morgun-, hádegis-, síðdegis- og kvöldtímar.

Sértímar fyrir:
barnshafandi konur og byrjendur,
einnig sértímar fyrir lengra komna.



Grískur réttur með íslenskum lunda.



Rétturinn er litríkur og fagur.



Gústav Axel Gunnlaugsson og Vigdís Ylfa Hreinsdóttir eru yfir matreiðslunni á Fiskfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tilvalið til tilrauna

Íslenskt hráefni hentar vel til tilrauna og má blanda við það matarhefðum annarra landa. Yfirkokkar Fiskfélagsins deila lundauppskrift staðarins með lesendum.

Tilrauna-eldhús

Rétturinn er frá Grikklandi, við erum með grískt jógúrt og grískan fetaost en samt er íslenskt hráefni undirstaðan í honum, sem er lundinn, nautakinnin, radísur og fleira. Við notum jógúrtið til að gera þetta aðeins skemmtilegra. Við erum eiginlega bara með íslenskt hráefni í réttunum okkar en svo notum við brögð og krydd frá öllum heimsálfum,“ segir Vigdís Ylfa Hreinsdóttir, kokkur á Fiskfélaginu í gamla Zimsen-húsinu við Grófartorg. Hún og Gústav Axel Gunnlaugsson töfruðu fram þennan lundarétt, en þau eru yfir matreiðslunni á staðnum.

Vigdís segir íslenskt hráefni henta vel í „fusion“ og það koma skemmtilega á óvart. „Við erum með mikið af ferskum íslenskum fiski, til dæmis ferska skötu, sem kemur gestunum yfirleitt á óvart. Núna fer fólk að fatta hvað við eigum rosalega gott hráefni. Það er gaman að nota bara íslenskt og fá svo smá hjálp frá einhverju öðru landi.“

\- kbs

### ÍSLENSKUR LUNDI FISKFÉLAGSINS, FRÁ DRANGEY

*Forréttur, uppskrift fyrir 4*

#### LUNDINN

**4 stk. lundabringur**
**1 stk. rauður chili**
**1 stk. hvítlauksrif**
**50 ml olía**

*Skerið chili-ið smátt ásamt hvítlauk og blandið við olíuna. Látið lundabringurnar liggja í leginum yfir nótt eða 24 klst. Takið upp úr maríneringunni og steikið lundann á heitri pönnu á báðum hliðum í nokkrar sekúndur eða brúnið lundann. Kryddið með salti og pipar.*



#### NAUTAKINNIN

**1 nautakinn**
**3 l vatn**
**1 stk. laukur**
**1 stk. hvítlaukur**
**1 stk. gulrót**
**olía, salt og pipar**

*Nautakinnin er soðin í vatninu ásamt grænmetinu í 6 klst.*

*Kælið og rífið niður, olíu, salti og pipar bætt út í.*

VERSLUN SÆLKERANS

# Frú Lauga

Bændamarkaður Frú Laugu var opnaður á Laugalæk 6 í byrjun ágúst og er þar að finna vörur sem koma beint frá bændum. „Núna erum við með mikið af grænmeti. Við erum líka með kæli- og frystivörur, egg, kjöt og fisk,“ segir Arnar Bjarnason, sem rekur verslunina ásamt konu sinni Rakel Halldórsdóttur. „Svo slæðist hér inn önnur vara eins og sápur frá bændum á Lóni og gærur frá Löngumýri.“

Arnar segir að Frú Lauga sé komin til að vera. „Þetta er ekki bara haustopnun,“ segir Arnar og bætir við að áherslurnar muni breytast eftir árstíðum. Frú Lauga er opin fjóra daga vikunnar frá miðvikudegi til og með laugardegi. „Við erum að afla okkur aðfanga hina dagana. Það fer mikil vinna í það því þetta er þannig vara. Við höldum líka markaðshugmyndinni gangandi með takmörkuðum afgreiðslutíma en það er ekki útilokað að hann breytist.“



# ego dekor

-40%



Veggsamstæða í hnotu
Br: 243cm
Hæð: 156cm
Verð áður: 145.000,-
Verð nú: 87.000,-

LOTUS stóll
Fáanlegur í brúnu, svörtu og hvítu
Verð áður:
14.500,-
Verð nú:
11.600,-

-20%



-20%



Leðurstóll
Eingöngu í hvítu leðri
Verð áður:
19.800,-
Verð nú:
15.840,-

-30%



Skápasamstæða
Hvíttuð eik-svart gler
Verð áður: 238.000,-
VERÐ NÚ: 166.600,-

-25%



TV skenkur
Br: 180cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 98.000,-
Verð nú: 73.500,-

-25%



TV skenkur með ljósi
Br: 200cm
Fáanlegur í natural og hvíttaðri eik
Verð áður: 89.000,-
Verð nú: 53.400,-

-40%



TV skenkur
Br: 200cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 106.000,-
Verð nú: 79.500,-

## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-70% AFSLÁTTUR

-30%



PLANET tungusófi
Stærð: 290x160cm
Verð áður:
256.000,-
Verð nú:
179.200,-

CLAY leðursófasett
3ja sæta - Verð áður:
145.000,-
Verð nú:
108.750,-
2,5 sæta - Verð áður:
129.000,-
Verð nú:
96.750,-

-25%



Stóll - Verð áður: 79.000,-
Verð nú: 59.250,-

-20%



YORK tungusófi
Stærð: 280x190cm
Færanleg tunga
Verð áður:
245.000,-
Verð nú:
196.000,-

-20%



GRANDO tungusófi
Stærð: 230x157cm
Færanleg tunga
Verð áður:
168.000,-
Verð nú:
134.400,-

-20%



AURORA hvítt háglans sófaborð
Stærð: 90x90cm
Verð áður: 37.000,-
Verð nú:
29.600,-

-30%



AIR tungusófi
2 mynstraðir púðar fylgja
Stærð: 297x155cm
Verð áður:
238.000,-
Verð nú:
166.600,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

LEYNIVOPNIÐ

# TÖFRAR AÐ VOPNI

Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona hefur það einfalt en gott í eldhúsinu. „Leynivopnið er töfrasprotinn. Ég nota hann í rosalega margt, bý til möndlumjólk og ávaxtahristingur. Ég enduruppgötvaði hann fyrir stuttu þegar blandarinn minn bilaði. Ég var vön að nota hann í margt en þegar hann brást mér komu töfrar töfrasprotans fram.“ Töfrasprotinn er tæki sem nýtist við maukun ýmissa afurða.

Kristín fékk sprotann fyrst fyrir fjórum árum en lagði hann á hilluna um stund. „Ég fékk æði fyrir því að nota hann þegar ég varð ólétt og hef ekki hætt.“ Hún tekur þó einnig fram að kaffivélin sé henni kær, enda bara einn takki sem þarf að þrýsta á.

Kristín er nýlega búin að eignast sitt fyrsta barn og segir sprotann hafa hjálpað sér mikið á meðgöngunni. „Þegar ég var ólétt var ég alltaf að huga að heilsunni. Þá fór mig að langa í alls konar kælandi ávaxtahristinga. Ég set banana og frosna ávexti, klaka, þetta er mjög einfalt hjá mér. Það kom mér líka á óvart hvað það er auðvelt að gera svona græna drykki. Ég hafði miklað það mjög mikið fyrir mér, en svo er það ekkert mál. Svo er hægt að skella þeytara framan á þetta og töfra ýmislegt.“



Kristín Þóra er lítið fyrir eldamennsku en bjargar sér með töfrasprotanum.

Hún segist lítill kokkur almennt og elda mjög lítið. Hún tekur því undir með blaðamanni að fyrir þá sem eru lítið fyrir að elda er gott að eiga góða græju. „Reyndar er móðureðlið aðeins farið að segja til sín í matargerðinni, þannig að við sjáum til.“ Hún sér fyrir sér að sprotinn komi að góðum notum þegar hún fer að matreiða ofan í drenginn sinn og hellir sér alfarið í maukið.

- kbs




Ferskur fiskur og fiskréttir

Ýsa R/BL • Ýsa M/Roði • Ýmsir réttir

Strákarnir í Fiskbúðinni Mos taka vel á móti þér alla virka daga

Fiskbúðin Mos

Háholt 13-15 –milli Krónunnar og Mosfellsbakarís - S: 578-6699 – Opið 10-19 alla virka daga



Fallegur réttur sem samanstendur af grænmeti, sætum kartöflum og sósu.



Lundirnar eru látnar standa áður en þær eru snæddar í tíu mínútur.



Salt og olía er best á þær sætu.

# Sætar og sinnep

Kristbjörn Helgason, tónlistarmaður og eðlisfræðingur, vill eiga sem minnst við gott hráefni sem góðar meyrar lambalundir eru. Meðlætið er hins vegar smá nostur.

Hollt og gott!

Ég er alltaf hrifnastur af því að nota bara svartan pipar og salt á lambakjöt og grilla það alls ekki of lengi. Það er allt og sumt sem ég geri við kjötið en ég vel mér helst lundirnar því þær eru svo meyrar og fínar. Með kjötinu er ég þessa stundina mjög hrifinn af því að hafa vín frá Katalóníu,“ segir Kristbjörn en hann segist vera öllu liðtækari við grillið en aðra eldamennsku. Meðlætið samanstendur af hollri sósu en sætar kartöflur, grillaðar og saltaðar með sjávarsalti passa afar vel með kjötinu að sögn Kristbjörns.

- jma



Kristbjörn Helgason, tónlistarmaður, eðlisfræðingur og grillmeistari heimilisins með meiru, er hrifnastur af lundunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## EINFALDAR LAMBALUNDIR MEÐ SÆTUM KARÖFLUM

*Fyrir 4*

### LAMBALUNDIR

**1 kg lundir**
**salt og pipar**

*Saltið og piprið kjötið eftir smekk, grillið það í nokkrar mínútur, alls ekki of lengi, og látið það standa í 10 mínútur eftir að það er tekið af grillinu.*

### SÆTAR KARTÖFLUR

**salt**
**ólífuolía**

*Til að kartöflurnar þurfi ekki að vera heila eilífð á grillinu eru þær skornar í tvennt og settar með hýðinu inn í örbylgjuofn í fimm mínútur til að hita þær upp að vissu marki. Því næst eru þær penslaðar með ólífuolíu og saltaðar. Þá þarf ekki að grilla þær nema í um korter og auðveldar þannig eldamennskuna til muna.*

### SINNEPSGRASLAUKSSÓSA

**1 dós sýrður rjómi**
**1 msk. dijon-sinnep**
**1 msk. hlynsíróp**
**2 msk. graslaukur**
**salt og pipar**

*Skerið graslaukinn smátt og hrærið saman við allt saman.*



# Gáfulegt grænmeti

**Eins og fólkið sem borðar það**

Inniheldur enga fitu

Getur orðið gulleitt þegar það er soðið í vatni en til að fyrirbyggja það er gott að setja matskeið af mjólk eða sítrónusafa út í vatnið

Er mjög ríkt af C-vítamíni sem er nauðsynlegt til að viðhalda heilbrigðum bandvef í líkamanum

Mark Twain kallaði það „káltegund með háskólamenntun“



Blómkál og spergilkál eru einu grænmetistegundirnar sem jafnframt eru blóm

Hvíti hluti blómkálsins er kallaður ystingur

Skal ekki soðið í járnpotti því efnasamsetning blómkáls bregst við járninu á þann veg að það verður brúnt eða blágrænt

Hentar einkar vel sem létt snarl við hvaða tilefni sem er með léttri sósu og fitusnauðum osti

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 44761 06/09


Gulrætur að hætti Evu.


Kartöflusalat í sportbúningi.


Grænt salat úr garðinum.


Rófur sem líkjast frönskum.




A M

## LÉTTIR RÉTTIR ÚR BRAKANDI FERSKU GRÆNMETI ÚR GARÐINUM

### ÚR ELDHÚSI KRÚSKU VIÐ SUÐURLANDSBRAUT

**RAUÐRÓFUSALAT MEÐ SUNNUDAGSLÆRINU**

**3 rauðrófur rifnar fínt**
**1 grænt epli rifið saman við og blandað vel saman**
**Handfylli af döðlum saxað út í**
**Handfylli af saxaðri steinselju**
**Safi úr einni appelsínu blandað saman við 2 msk. agavesírópi**
**Skreytt með kókósflögum**

**HVER VILL EKKI GULRÆTUR?**

**1/2 kg gulrætur**
**2 appelsínur skornar í þunnar sneiðar, látið safann fara með**
**1/2 msk. sítrónusafi**
**1 msk. lífræn ólífu-olía**
**Smá salt**
**1/2 tsk. kanill**
**1/2 tsk. kummin**
**Skreytt með ein-hverju grænu**

*Rifið gulræturnar með ostaskera til að fá þunnar ræmur. Þeytið saman olíu og krydd og setjið saman við ásamt appelsínunum.*

**GRÆNT SALAT ÚR GARÐINUM EÐA SVÖLUNUM**

**1 höfuð lambhagasalat rifið niður**
**2 stilkar af grænkáli sem er sneitt niður í þunna strimla**
**Steinselja eins mikið og hver kýs**
**Basil**
**Kóríander**

*Blandið öllu vel saman. Þeir sem eiga ber ættu endilega að skella þeim út í.*

**KARTÖFLUSALAT Í SPORTBÚNINGI**

**1 kg smælki**
**Smásletta af olíu**
**1 grein ferskt timjan eða blóðberg**
**1 bolli ólífur**
**1 bolli sólþurrkaðir tómatar**
**Smá sletta af tamari-sósu**
**Gróft salt**

*Kartöflurnar bakaðar með timjaninu í olíunni við 180°C í 16 mínútur. Ólífur, tómatar og tamari-sósa sett saman við og grófa saltinu stráð yfir áður en salatið er borið fram.*

**RÓFUR FYRIR BÖRNIN**

**6 rófur skornar í fingurbreiða bita**
**Smá olía**
**Gróft salt**
**Aioli-sósa eða tómatsósa**



*Skerið rófurnar í fingurbreiða bita og skellið í ofninn með smá olíu yfir og bakið við 190°C í 12-15 mínútur. Þegar þær eru tilbúnar er ekkert eftir að gera en að strá grófu salti yfir og njóta sælunnar með aioli-sósu eða tómatsósu.*

### GRÆNMETISRÉTTIR NÖNNU

**GRÆNMETISKLATTAR**

**3 egg**
**150 ml mjólk eða vatn**
**100 ml grísk jógúrt (má líka sleppa og nota meiri mjólk)**
**Um 250 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**Salt**
**Nýmalaður pipar**
**1/2 tsk paprikuduft**
**E.t.v. söxuð basilíka eða aðrar kryddjurtir**

*Egg, mjólk og jógúrt sett í skál og hrært saman. Mestöllu hveitinu blandað saman við ásamt lyftidufti og hrært þar til blandan er slétt; meira hveiti bætt við ef hún er fremur þunn. Kryddað með salti, pipar, paprikudufti og e.t.v. söxuðum kryddjurtum. Látið standa á meðan grænmetið er steikt.*



**FYLLING**

**Grænmeti eftir smekk, t.d.**
**150 g sveppir**
**1 paprika**
**100 g spergilkál (ekki stönglar)**
**Nokkrir vorlaukar eða blaðlaukar**
**2 tómatar, vel þroskaðir**
**3-4 msk. olía og meira til steikingar**

*Sveppirnir skornir í bita. Paprikan fræhreinsuð og skorin í litla bita og spergilkálskvistirnir skornir smátt ásamt vorlauk eða blaðlauk. Tómatarnir skornir í bita. Olían hituð á pönnu og sveppir, paprika, spergilkál og vorlaukur látið krauma í nokkrar mínútur. Tómötunum bætt á pönnuna og steikt í 2-3 mínútur í viðbót. Öllu hrært saman við deigið (olían á pönnunni látin fylgja með). Pannan þerruð með eldhúspappír, olíu bætt á hana og síðan eru klattarnir steiktir, nokkrir í einu, í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Teknir af pönnunni og haldið heitum á*

www.fas.is • fas@fas.is • 4708070

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu FAS

**Fjarnám í skipstjórn.**

Boðið verður upp nám á A-stigi skipstjórnar, sem hefst í haust.

Námið er 46 einingar og dreifist á 6 annir. Kennsla fer fram í gegnum netið og í lotum.

Umsóknarfrestur er til 30.ágúst og kynningarfundur í Tækniskólanum 4. september.

**Upplýsingar og umsóknir í síma 4708070 og fas@fas.is**

Skólameistari

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu FAS

www.fas.is • fas@fas.is • 4708070



„Með fjögurra línu drekunum er hægt að gera miklar kúnstir,“ segir Guðmundur kampakátur. MYND/HEIDA.IS

# Fljúga skal flugdrekinn hátt upp í himininn

**Guðmundur Sverrisson kerfisfræðingur getur valið úr menningarviðburðum á Akureyrarvökunni nú um helgina. Sjálfur stendur hann fyrir flugdrekasýningu í dag milli 14 og 16 sunnan við Verkmenntaskólann.**

„Ætlunin er að vera með mismunandi gerðir flugdreka og miðla smá fróðleik um flugdrekaflug og fleira sem viðkemur þessu sporti. Sýningin er alger frumraun en ég vona að einhverjir mæti með sína dreka,“ segir Guðmundur þegar forvitnast er um framlag hans til Akureyrarvökunnar. Flugdrekar eru eitt af hans áhugamálum sem hann ætlar að gefa fleirum hlutdeild í. Skyldi hann vera laginn við að búa þá til sjálfur? „Ég hef ekki gert mikið af því. Hef aðallega dundað við að fljúga tveggja og fjögurra línu flugdreka. Fjögurra línu drekar eru lítið þekktir hér á landi en með þeim er hægt að gera miklar kúnstir. Ég á tvo sem ég verð með í dag ef veður leyfir.“

Guðmundur kveðst hafa leikið sér talsvert með flugdreka sem strákur og haft mjög gaman af. „Ég átti flottan tveggja línu dreka sem ég keypti í Leikfangaverslun Sigurðar Guðmundssonar á Akureyri eða hjá Sigga Gumm eins og hann var kallaður. Svo kom langt hlé, eða þar til sumarið 2003 er ég var í útilegu og þar voru krakkar með flugdreka. Þá kviknaði áhuginn aftur. Þegar ég fór að skoða erlendar netsíður komst ég að því að þetta er fjölþætt áhugamál sem höfðar til margra. Sumir eru í hönnun, saumaskap og smíði flugdreka. Aðrir eru að keppa í margs konar þrautum, fljúga mynstur, jafnvel margir saman. Sumir senda myndvélar upp með drekunum til að taka myndir af svæðum sem erfitt er að koma öðrum tækjum að. Það er svo margt hægt að finna í þessu sporti,“ segir Guðmundur sem sjálfur heldur úti vefsíðunni www.kite.is sem snýst um dreka og flug. Hann telur flugdrekagerð upplagt verkefni fyrir skólabörn og fleiri áhugasama og dreymir um að afrakstur slíks vetrarföndurs fari á loft á Akureyrarvökunni að ári.

Vonandi fá Akureyringar gott veður í dag fyrir sín hátíðahöld. Hversu mörg skyldu óskavindstigin vera fyrir flugdreka?

„Það fer eftir efninu í þeim. Sumir sem búnir eru til úr geimaldarefnunum, eins og kolefnatrefjum og léttnæloni geta flogið í mjög litlum vindi en svo er hægt að fá flugdreka sem þurfa mikinn vind. Mínir drekar kjósa helst fimm metra á sekúndu og upp úr.“

*gun@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS



**BURSTABÆRINN KRÓKUR** á Garðaholti í Garðabæ verður opinn á sunnudaginn frá klukkan 13 til 17. Í Króki eru varðveitt gömul húsgögn og munir sem voru í eigu hjónanna Þorbjargar Stefaníu Guðjónsdóttur og Vilmundar Gíslasonar. Aðgangur er ókeypis.


KERRUVARAHLUTIR



Úrval af varahlutum og kerruhlutum í flestar gerðir af kerrum.

BRIMCO

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími 894 5111 - www brimco.is


ALLT MATUR



Hjördís, til vinstri, selur allt og fer úr landi. Með henni á myndinni eru Gerða og Þórdís. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Selur og flytur

FIMM STELPUR ÆTLA AÐ HALDA FATAMARKAÐ Í HEIMAHÚSI Á LAUGARDAGINN.

„Vinkona okkar, Hjördís Hugrún Sigurðardóttir, er að fara að flytja til Svíþjóðar, með kærastanum sínum og er í raun að tæma alla íbúðina sína því hún má taka svo lítið með sér," segir Margrét Jústa Pétursdóttir. Hún og Jóhanna Ragnheiður Lárusdóttir hafa haldið úti bloggsíðum þar sem þær selja fötin sín. Auk þeirra og Hjördísar verða systur Jóhönnu, Gerða Kristín og Þórdís Harpa Lárusdætur með föt á markaðnum.

„Við erum að selja föt fyrir stelpur, stráka og börn. Flest af þessu eru mjög fín föt, sérstaklega af Hjördísi, hún er að selja föt sem hún er nýbúin að kaupa, merkjavöru og allt, þannig að þetta er ekkert drasl. Þetta er á mjög hagstæðu verði. Það eru allir að græða, sérstaklega kaupendurnir," segir Margrét. Hún hélt eigin fatamarkað í byrjun sumars við góðar undirtektir. „Þetta er voða skemmtilegt og allir mjög ánægðir með þetta." Markaðurinn verður opinn frá hádegi til sex á Laugarnesvegi 110. Þeir sem vilja kynna sér bloggsíður stelpnanna er bent á að slá inn blog.central.is/odyr-flott-fot og blog.central.is/kreppufot.

*- kbs*


YOGA HEFST 7. SEPT
MORGUN HÁDEGI SÍÐDEGI

BYRJENDANÁMSKEIÐ HEFST 7. SEPT
HEILSUFRÆÐSLA HEFST 14. SEPT
HUGLEIÐSLA HEFST 16. SEPT

KRAKKAYOGA HEFST 7. OKT
FJÖLSKYLDUYOGA HEFST 12. SEPT

Ásta Arnardóttir • 862 6098 • asta@this.is
Lótus jógasetur • www.this.is/asta



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Keppt verður í mörgum greinum í dag, allt frá torfæru til BMX-hjólreiða.

# Mótorsportið kynnt í dag

**Stórt samvinnuverkefni margra klúbba mótorsports lítur dagsins ljós á Lexi Games sem fram fer í dag. Hátíðin er tileinkuð mörgum helstu jaðar- og mótorsportsgreinum sem æfðar eru á Íslandi.**

Hátíðin fer fram í Jósepsdal, Bolaöldu hjá Litlu kaffistofunni. Hefjast leikar klukkan 12 og standa fram eftir degi. Alexander Kárason, einmitt kallaður Lexi, er sá sem skipuleggur leikana.

„Viðburðurinn er gerður að bandarískri og evrópskri fyrirmynd en ég held að jafn stór viðburður af þessu tagi hafi ekki verið haldinn hér á landi áður. Þetta er samvinnuverkefni allra klúbba viðkomandi mótorsporta og með þessu viljum við bæði kynna þessa skemmtilegu íþrótt fyrir almenningi sem og að virkja þá sem iðka mótorsport af ýmsu tagi og gera þeim hátt undir höfði."

Meðal þeirra greina sem þarna verður keppt í eru fjórhjólakross, mótókross, BMX-hjólreiðar, rallýkross og torfæra en auk þess munu listfélagar fljúga um svæðið. Peningaverðlaun eru fyrir fyrsta sætið í hverjum flokki.

„Margar þessara greina hefur fólk séð áður en önnur hafa ekki verið sýnd á svona hátíð áður. BMX-hjólin munu þarna sýna listir sínar og það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Svo er hugmyndin að gera þessa veislu það skemmtilega að á næsta ári verði þetta að enn stærri viðburði: Tveggja daga veislu," segir Alexander en um 100 keppendur eru skráðir til leiks.

„Þetta verður eins konar sleitulaus flugeldasýning með fjöri og gaman en X-ið mun spila tónlist á svæðinu."

Miða á hátíðina er hægt að nálgast hjá N1 Ártúnshöfða og hjá Nítró, mótorhjólaverslunninni á Bíldshöfða.

*- jma*



Alexander Kárason, skipuleggjandi mótorsporthátíðarinnar Lexi Games, býst við margmenni í Jósepsdal í dag þar sem keppt verður í alls kyns greinum mótorsports. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Kínverskur heilsudagur

Opið hús

Skeifunni 3j. Laugardaginn 29. ágúst kl. 9-16.
Heilsudrekinn og Wu-Shu félag Reykjavíkur kynna:

- Frí Ráðgjöf á kínverskri heilsumeðferð
- Kynning á hugrænni teigjuleikfimi
- Tai-Chi og Kung-Fu fyrir börn og fullorðna
- Kynning á kínversku heilsu tei og heisubætandi áhrif te drykkju

HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind
SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS

Kung Fu fyrir alla
Kennari: Meistari Zhang
einkatímar og hópatímar
Tao lu og Tai chi
Frístundakort
Skráning er hafin
DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍK
Skeifunni 3j · Sími 553 8282
www.heilsudrekinn.is

MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

**HÚSSTJÓRNARSKÓLINN** er með aðsetur í einu fallegasta húsi borgarinnar við Sólvallagötu 12, 101 Reykjavík. Námið í skólanum er ein önn sem hefst að hausti eða vori og er metið til 24 eininga. Sjá www.husstjornarskolinn.is.







Nemendur sumarnámskeiðsins spá og spekúlera. MYND/ÁSDÍS

# Spunnið á halasnældu, heklað og gimbað

**Allir sem áhuga hafa á heimilisiðnaði og handverki eru velkomnir á haustnámskeið Textílseturs Íslands á Blönduósi sem verða haldin í lok október. Áherslan verður einkum lögð á prjón, hekl, gimb og spuna.**

Starfsemi er að hefjast að nýju í Kvennaskólanum á Blönduósi sem á sér nær hundrað ára merka sögu. Þar hefur Textílsetur Íslands hreiðrað um sig. Markmið þess er að þeir sem áhuga hafa geti komið saman við handíðir án þess að hafa áhyggjur af amstri hversdagsins. Í þeim anda verða þar fjölbreytt og fróðleg námskeið dagana 24. til 27. október. Ragnheiður Eiríksdóttir mun halda fyrirlestra um prjón og kenna prjóntækni með spennandi útfærslum sem byggir á hugmyndafræði Elizabeth Zimmerman prjónagúrús. Edda Lilja sem er að prjóna 52 húfur á 52 vikum verður með hugmyndasmiðju í anda þessa verkefnis og einnig verða námskeið í hekli, bæði rússnesku og venjulegu, sem og gimbi og spuna á halasnældur. Um hálfs dags námskeið er að ræða svo nemendur hafi tækifæri til að fara á milli.

Allt þetta upplýsir Ásdís Birgisdóttir framkvæmdastjóri. Hún segir þetta aðra námskeiðalotu setursins. Sú fyrsta hafi verið í júní síðastliðnum. Þá hafi nemendur tálgað, kniplað, baldýrað og prjónað. „Það var setið í hverju horni við vinnu, auk þess að skrafa um daginn og veginn en ekki síst um sameiginlegt áhugamál allra, handverkið," segir hún glaðlega. „Svo var brosað og dæst yfir dásamleika þess að sitja í ró og næði í þessu sögulega húsi sem ber með sér andblæ liðins tíma."

*gun@frettabladid.is*



Sumarhópurinn heimsótti Erlend Magnússon útskurðarmeistara og þessi mynd var tekin við það tilefni.



Faldbúningapilsin eru fín.



Knipl er kúnst sem gaman er að kunna.

Undraheimur Þingvalla er tveggja kvölda námskeið sem Endurmenntun Háskóla Íslands heldur 8. og 10. september. Þar verður fjallað um söguna, jarðfræðina, lífríki vatnsins og heimsminjaskrána og sérfræðingar þessara fjögurra fræðasviða sjá um kennsluna.



Þetta gæti verið sniðugt námskeið fyrir þá sem vilja gera næstu Þingvallaferð að nýrri upplifun.

**www.hi.is**


# Útsala

- Úlpur
- Kápur
- Jakkar

**Glæsilegar yfirhafnir.**

**50% afsláttur**

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16



Bowen Tækni
EUROPEAN COLLEGE OF BOWEN STUDIES

**Námskeið í Bowen Tækni**

**Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.**
**Virkar vel á hverskonar vandamál**

**Kennt í Reykjavík 25. - 28. september**

Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.

Uppl. í síma 496-0769 og 897-7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is



**ENSKA ÁN ERFIÐIS**



**Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum**

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

** Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

**Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799** Tungumál.is



HOLLT OG HAGKVÆMT



Auður Ingibjörg Konráðsdóttir Heilsukokkur heldur matreiðslunámskeið fyrir fólk sem hefur áhuga á hollum og góðum mat.

Áhersla verður lögð á grænmeti og hvernig má gera holla, gómsæta og budduvæna rétti án mikillar fyrirhafnar.

Nánari upplýsingar í síma 823-8000 og á www.heilsukokkur.com



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Netuppsetningar og símkerfi

**Svar tækni óskar eftir að bæta við sig starfsmanni í fullt starf**

**Starfið felur í sér:**
Uppsetning á netkerfum ásamt uppsetningu og þjónustu við IP símkerfi.
Viðkomandi mun í starfi sínu eiga samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins og mun hluti af vinnu fara fram utan vinnustaðar.

**Hæfniskröfur:**
Þekking á Windows server umhverfi og þeirri netþjónustu sem því fylgir er æskileg. Áhugi á uppsetningu og rekstri IP símkerfalausna er kostur.

Rík þjónustulund, lipurð og vilji til að læra og þroskast í starfi eru eiginleikar sem við leitumst eftir.

Svar tækni er framsækið fyrirtæki með 15 starfsmenn í fullu starfi. Hjá fyrirtækinu er öflug söludeild á fyrirtækjamarkaði ásamt því að reka verslun með raftæki. Einnig er öflug þjónustudeild og þjónustuverkstæði hjá fyrirtækinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í sem fyrst.
**Umsóknarfrestur er til mánudagsins 7. september.**

***Umsóknum skal skila til:***
Svar tækni ehf., Síðumúli 37, 108 Reykjavík
eða á *umsokn@svar.is*

svar:) tækni

ÍSTAK
*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



# TÆKNIMENN Á JAMAÍKA

Vegna væntanlegra verkefna á Jamaíka óskar Ístak eftir að ráða tæknimenn til starfa. Viðkomandi þurfa að hafa víðtæka reynslu af byggingaframkvæmdum, búa yfir góðri þekkingu á húsbyggingum í Ameríku og þekkja þarlendan markað vel.

**Meðal verkefna:**
- Samningar við efnissala og framleiðendur.
- Samningar við undirverktaka.
- Þátttaka í hönnunarstjórnun.
- Undirbúningur framkvæmda.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði húsahönnunar æskileg.
- Skilyrði er að viðkomandi hafi gott vald á ensku, bæði rituðu og töluðu máli.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**



Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn fá hollan mat í glæsilegu mötuneyti og boðið er upp á akstur til og frá vinnu. Hjúkrunarfræðingar og læknir sinna heilsuvernd starfsmanna í álverinu.

# Framtíðarstarf hjá Alcoa Fjarðaáli

## Sérfræðingur á rannsóknastofu

Við leitum að sérfræðingi á rannsóknastofu álvers Alcoa Fjarðaáls. Viðkomandi þarf að hafa menntun á sviði efnafræði eða annarra raungreina. Reynsla af störfum á rannsóknastofu er æskileg.

Starfið er fjölbreytt og felst meðal annars í að greina sýni og miðla niðurstöðum rannsókna, hafa eftirlit með tækjum og búnaði á rannsóknastofu, taka þátt í að þróa verkferli fyrir rannsóknavinnu og þjálfa starfsfólk í notkun rannsóknabúnaðar.

**Umsóknarfrestur fyrir þetta starf er til og með 7. september.**

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi, hafðu þá samband við Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent í síma 540 1000 eða netfangið tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is
ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 47096 08/09

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Holta KJÚKLINGUR — Grunnur að góðri máltíð

# Sölumaður

**Sölumaður óskast hjá Reykjagarði.**

Æskilegt er að viðkomandi sé kokkur eða hafi sambærilega menntun eða starfsreynslu.

Umsóknir sendist á holta@holta.is eða Reykjagarður, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík (merkt sölumaður). Upplýsingar eru ekki veittar í síma.

**Reykjagarður hf** | Fosshálsi 1 | 110 Reykjavík | Sími 575 6440 | Fax 575 6490 | Kt. 650903-2180 | www.holta.is
Reykjagarður er 100 manna vinnustaður og er leiðandi í framleiðslu kjúklinga á Íslandi.




# ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN

## ÍTR ÓSKAR EFTIR FÓLKI TIL STARFA

### FRÍSTUNDAHEIMILI FYRIR BÖRN FRÁ 6-9 ÁRA Í ÖLLUM HVERFUM BORGARINNAR

**HELSTU VERKEFNI**
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

**KRÖFUR Í STARFI**
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

### FRÍSTUNDAHEIMILI FYRIR FÖTLUÐ BÖRN FRÁ 6-9 ÁRA OG FRÍSTUNDAKLÚBBA FYRIR 10-16 ÁRA.

**Um er að ræða frístundaheimili og klúbba við Öskjuhlíðarskóla og frístundaklúbba í Austurbæ, Breiðholti og Grafarvogi. Þar er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur.**

**HELSTU VERKEFNI:**
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir börn og unglinga með fötlun á aldrinum 6-16 ára
- Leiðbeina börnum og unglingum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn, unglinga og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk skóla

**KRÖFUR Í STARFI**
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

### Í BOÐI ERU HLUTASTÖRF MEÐ SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA EFTIR HÁDEGI.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.REYKJAVIK.IS**

Nánari upplýsingar á **www.itr.is**

# Mötuneyti

Afgreiðsla og aðstoð í eldhúsi. Vinnutími 8-4 mánudaga til fimmtudaga og 8-2 föstudaga. Íslenskukunnátta er skilyrði.

Upplýsingar gefur Guðlaug í síma 864 3747.

**SPORTÍS EHF. LEITAR AÐ STARFSKRAFTI Í AFGREIÐSLUSTARF Í CINTAMANI VERSLUN, AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ**

Kostir starfsmanns þurfa að vera:

- Reynsla af afgreiðslustörfum
- Þjónustugleði
- Brosmildi og jákvæðni
- Sölumetnaður
- Stundvísi
- Þekking á tísku og útivist
- Frumkvæði
- Dugnaður /Kraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tungumálakunnátta

Áhugasamir sendi umsókn á: sigrun@sportis.is

CINTAMANI

CINTAMANI VERSLUN - AUSTURHRAUNI 3 - 210 GARÐABÆR
S: 533-3805 - WWW.CINTAMANI.IS

# Finnst þér gaman að reikna?

**Iceland Express auglýsir eftir öflugum bókara til að vinna í alþjóðlegu umhverfi fyrir eitt af dótturfyrirtækjum okkar. Um er að ræða 100% starf í þægilegu umhverfi með góðu fólki.**

**Helstu verkefni**
- Yfirumsjón með bókhaldi, kostnaðareftirliti og greiningu. VSK-skil, skýrslugerðir og undirbúningur fyrir endurskoðun
- Ábyrgð á eftirliti með innheimtu og greiðslum
- Fjárhagsleg vöktun með einstökum verkefnum sem og afstemmingar
- Eftirlit með skuldunautum og lánadrottnum

**Hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi eða sambærileg menntun ásamt reynslu af reikningshaldi og stjórnun
- Góð tölvukunnátta og þekking á Navision Dynamics fjárhagskerfi
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót
- Tungumálakunnátta, enska

*Umsóknarfrestur rennur út 7. september og allar nánari upplýsingar er að finna á **www.icelandexpress.is/jobs***

Iceland Express með ánægju

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

www.hsvest.is



## Fagstjóri/Master's Program Director

Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra meistaranáms í haf- og strandsvæðastjórnun. Meistaranámið er alþjóðlegt, þverfaglegt nám með um 20 nemendur frá hinum ýmsu löndum.

Í boði er spennandi starf í litlu en framsækinu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði. Fagstjórinn hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér einhverja kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í umhverfis- og auðlindastjórnun eða tengdum fögum æskileg
- Háskólapróf á meistarastigi
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Mjög góð enskukunnátta. Kunnátta íslensku og norðurlandamáli æskileg

Staðan er auglýst til tíu mánaða vegna barneignarleyfis með möguleika á framlengingu. Nýr fagstjóri þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 01.01.2010.

Upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma 450 3045 eða weiss@hsvest.is eða Sigríður Ólafsdóttir fagstjóri í síma 896 5874.

Umsóknir sendist sem viðhengi á weiss@hsvest.is og í bréfpósti.

Umsóknarfrestur er til og með 15.09.2009

Marel Food Systems er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3700 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 hér á landi.

# Við leitum **hug- og verkviti**

## Vélaverkfræðingur/véltæknifræðingur

Starfið felur í sér þróun á nýjum vörum sem og aðlögun tækja og lausna að þörfum viðskiptavina. Við vélahönnun hjá Marel starfa yfir 40 verk-, iðn- og tæknifræðingar hér á landi og í Danmörku.

**Þú munt:**
- vinna í spennandi alþjóðlegu umhverfi
- vinna með öflugum sérfræðingum í faginu með vönduð vinnubrögð í fyrirrúmi
- hanna í SolidWorks

**Þú þarft að:**
- vera með menntun á sviði vélaverkfræði eða tæknifræði
- hafa reynslu af hönnun
- búa yfir góðri enskukunnáttu, Norðurlandamál æskilegt
- geta unnið sjálfstætt og í teymi
- geta ferðast vegna starfsins

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Hallvarðsson í síma 563 8000

*Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk. Vinsamlega sækið um störfin á heimasíðu Marel,* ***www.marel.com/jobs***

RETURN ON INNOVATION
www.marel.com
marel food systems

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000.**
**Opið þegar þér hentar**


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



„Kartöflur eru bestar beint úr garðinum, soðnar og borðaðar með smjöri," viðurkennir Eva. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Blandaðir og samansoðnir réttir eru frábær leið til að nýta uppskeruna, segir Nanna Rögnvaldardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRAMHALD AF FORSÍÐU

uppskrift sem hún segir góða til tilbreytingar.

Rófur ber Eva fram eins og franskar kartöflur en bendir á að þær séu mun bætiefnaríkari en þær frönsku.

### Auðvelt að breyta til

Á þessum árstíma er auðvelt að ná sér í gott grænmeti af ýmsu tagi. Hér kemur ein af fjölmörgum hugmyndum Nönnu Rögnvaldardóttur um hvernig útbúa má heila máltíð úr einföldum hráefnum.

„Mér finnst einn af stóru kostunum við grænmetisrétti vera sá að það er oft svo auðvelt að breyta til – nota eina tegund af grænmeti í stað annarrar, bæði eftir eigin smekk og eftir því hvað er verið að taka upp úr garðinum eða hvað er ferskast, mest spennandi eða ódýrast í búðinni," segir Nanna. Hún telur blandaða og samansoðna grænmetisrétti frábæra leið til að nýta uppskeruna. „Maður notar bara það sem hugurinn girnist," segir hún glaðlega.

Nanna segir fólk hugsa mest um bragð matarins þegar uppskriftin sé ákveðin en telur aðferðina skipta líka máli. Hún gefur okkur uppskriftir að uppskerumáltíð samsettri úr þremur þáttum með mismunandi aðferð. Klattarnir eru mjúkir undir tönn og grænmetið í þeim vel meyrt, pílafið er þéttara og meira bit í því og salatið stökkt, safaríkt og frísklegt. „Þess vegna er líka allt í lagi að nota meira og minna sama grænmetið í réttina," segir hún. „Þeir verða samt ólíkir hver öðrum." - gun



Grænmetisklattar Nönnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



*meðan afgangurinn er steiktur. Deigið ætti að duga í um 12 klatta. Þeir eru bestir heitir en það má vel borða þá kalda.*

**BYGGPÍLAF MEÐ GRÆNMETI**

**150 ml (1 1/2 dl) bankabygg**
**1/2 l vatn**
**1 tsk. salt**
**3-4 gulrætur**
**Annað grænmeti, t.d. spergilkál (með stönglum), blómkál, paprika, blaðlaukur**
**Nýmalaður pipar**
**Nokkrar timjangreinar eða 1/2 tsk. þurrkað timjan**
**1/2 tsk. kóríanderfræ, malað**
**1/2 tsk kummin, malað**

*Bygg, vatn og salt sett í pott og hitað að suðu. Gulræturnar hreinsaðar og skornar í fremur litla bita. Settar í pottinn, þétt lok sett yfir og látið malla við hægan hita í um hálftíma. Á meðan er afgangurinn af grænmetinu hreinsaður og skorinn smátt. Sett í pottinn ásamt pipar, kóríander og kummini og látið malla áfram í 10 mínútur, eða þar til byggið og grænmetið er soðið. Svolitlu vatni bætt við ef þarf til að ekki brenni við en það ætti ekki að þurfa að hella neinu vatni af bygginu þegar það er tilbúið. Kryddjurtum e.t.v. hrært saman við og borið fram.*

**FRÍSKLEGT HRÁSALAT**

**200 g gulrófur**
**200 g hnúðkál (eða t.d. gulrætur eða epli)**
**100 g gúrka**
**Nokkur blöð af salati eða kínakáli**
**Nokkrir konfekttómatar eða aðrir tómatar (má sleppa)**
**3 msk. olía**
**1 msk. vínedik**
**1/2 tsk. hlynsíróp eða hunang eða svolítill sykur**
**Nýmalaður pipar**
**Salt**

*Gulrófur og hnúðkál flysjað og rifið fremur fínt ásamt gúrkunni. Salatið rifið eða skorið smátt og tómatarnir skornir í báta eða bita. Öllu blandað saman í skál. Olía, edik, síróp, pipar og salt hrist saman, hellt yfir og blandað.*

**NOKKRIR GÓÐIR PUNKTAR**

*Þessir matarmiklu klattar eru fljótlegir og góðir og í þá má nota ýmiss konar grænmeti – auk þess sem hér er nefnt mætti til dæmis hafa rifnar gulrætur, rófur eða hnúðkál, smátt skorið blómkál eða soðnar, smátt skornar kartöflur. Þeir eru kannski svolítið lummulegir en bragðið er það ekki. Um að gera að pipra þá vel og það mætti jafnvel bæta við svolitlum chili-pipar.*

*Íslenskt bankabygg er gott í margs konar rétti, ekki síst með nýuppteknu grænmeti. Hér er tilvalið að nota stinnt grænmeti sem þarf dálitla suðu til að verða meyrt, t.d. gulrætur, rófur, spergilkáls- og blómkálsstöngla og þess háttar. Ég krydda þetta með timjani og kóríander- og kumminfræi en það mætti líka nota t.d. óreganó og paprikuduft. – Ef það er afgangur má nota hann í salat daginn eftir.*


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



## VEITINGASTAÐURINN




# SAFFRAN Í KÓPAVOGI

Veitingastaðurinn Saffran í Glæsibæ annar ekki eftirspurn og verður því opnaður nýr staður á Dalvegi 4 í Kópavogi á sunnudag. Austurlensk stemning er yfir bæði útliti og matreiðslu staðarins, en Saffran hefur getið sér gott orð fyrir heilsusamlega rétti úr íslensku hráefni, en saffran-kryddið sjálft er að sjálfsögðu innflutt.

Austurlenskur blær er einnig yfir nýja staðnum, sem Thelma Guðmundsdóttir innréttaði, líkt og þann við Glæsibæ. Veggirnir eru í sterkum hlýjum litum, auk þess sem viðarklæðning gefur notalegt yfirbragð. Þá prýða myndir Áslaugar Snorradóttur veggi staðarins, en þær eru teknar á ferðalögum hennar um Indland og Marokkó.

Kokkarnir á Saffran koma víða að og hefur það sjálfsagt áhrif á alþjóðlegt yfirbragðið. Jamil Jamchi, annar eigenda staðarins, ásamt Hauki Víðissyni, er hálfur Persi og hálfur Bandaríkjamaður en einnig starfa kokkar frá Írak og Sýrlandi. - kbs

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Fyllt laxarúlla með romain-salati og balsamikgljáa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Lax veiðimannsins

Snorri Birgir Snorrason, eigandi Brauðbæjar, hefur stundað laxveiði í tuttugu ár. Hann segir að villti laxinn sé bestur á bragðið á þessum tíma ársins.

Hver fiskitegund hefur sinn árstíma og nú er laxinn upp á sitt besta," segir Snorri Birgir Snorrason, eigandi Brauðbæjar. Hann hefur haft umsjón með veiðihúsinu við Haffjarðará undanfarin sumur og veit hvað hann syngur. Þar veiðir hann stundum sjálfur í soðið og viðurkennir að það sé jafnvel enn meira sport en að gæða sér á aflanum enda hefur hann stundað laxveiði í um tuttugu ár. „Þetta er án efa áhugamál númer eitt."

Snorri er hrifinn af öllu sjávarfangi og nefnir þorskhnakka, smálúðu, hlýra, steinbít og rauðsprettu. „Ég mun þó leggja höfuðáherslu á laxinn eitthvað fram í september en síðan taka aðrar tegundir við og með haustinu kemur flatfiskurinn sterkur inn."

Eins og gefur að skilja hefur Snorri prófað sig áfram með fjölmarga laxarétti og gefur lesendum uppskrift að fylltri laxarúllu með romain-salati og balsamikgljáa. „Þetta er einfaldur réttur sem krefst þó smávegis undirbúnings en matreiðslan er aðeins frábrugðin því sem gengur og gerist og gæti fólki þótt gaman að prófa eitthvað nýtt."

Að sögn Snorra eru útlendingar sérstaklega sólgnir í laxinn á Brauðbæ en þar hefur hann boðið upp á villtan lax í allt sumar. „Síðan er ég með íslenskt lamb og nautakjöt enda reynum við að hafa sem minnst innflutt í anda dagsins í dag. Við reynum að halda okkur sem næst upprunanum og laga allt frá grunni," segir hann og snýr sér að eldamennskunni að nýju. - ve



Snorri segir réttinn einfaldan þótt hann krefjist smávegis undirbúnings.

### FYLLT LAXARÚLLA MEÐ ROMAIN-SALATI OG BALSAMIKGLJÁA

*Fyrir fjóra*

**LAXAFARS**

**150 g lax**
**1 eggjahvíta**
**1 dl rjómi**
**½ tsk. rifið engifer**
**½ tsk. mangóchutney**
**½ tsk. rifinn hvítlaukur**
**1 tsk. söxuð steinselja**

*Allt sett í matvinnsluvél og maukað vel.*



**LAXARÚLLA**

**640 g laxaflak (roðlaust og beinlaust)**

*Laxinn er skorinn í 4 parta, barinn léttilega og farsið sett í miðjuna og laxinum rúllað upp í plastfilmu og lokað vel. Rúllan er þá sett í sjóðandi vatn og soðin við vægan hita í 8-10 mínútur.*

**ROMAIN-SALAT**

**1 stk Romain-salat**
**2 msk. ólífuolía**
**1 tsk. sesamfræ**

*Skorið gróft og soðið í 2 mínútur í léttsöltu vatni. Sett í sigti og látið leka af því. Kryddað með ólífuolíu og sesamfræjum.*

**BALSAMIKGLJÁI**

**½ l kjötsoð**
**½ bolli balsamikedik**

*Soðið niður í 10-12 mínútur.*



## FJALLAGRÖS Í MATARGERÐ

Fjallagrös eru fléttur, það er samlífi sveppa og þörunga, og hafa þau lengi verið nýtt til matargerðar, lækninga og heilsubótar í Evrópu. Þau eru algeng í fjalllendi og á hásléttum á norðlægum slóðum. Fjallagrös eru sérstaklega algeng á Íslandi og vaxa um mestallt land en algengast er að finna þau á heiðum. Fjallagrös geta verið dökkbrún eða nær svört, mjó og rennulaga eða blaðkennd, allbreið og ljósbrún eða grænleit.

Á Íslandi tíðkaðist að fara í grasaferðir til að safna fjallagrösum. Fjallagrös er best að tína í vætu með höndunum því þá fylgja mosi og aðrar jurtir síður með. Nauðsynlegt er að þurrka grösin strax eftir tínslu og best er að dreifa úr þeim og snúa reglulega.

Íslendingar hafa um aldir notað fjallagrös til matargerðar og lækninga. Litið var á þau sem holla og næringarríka fæðu, auðuga af steinefnum, einkum járni, kalki og trefjaefnum. Grösin voru notuð með margvíslegum hætti til dæmis í fjallagrasamjólk, fjallagrasagraut, brauð, slátur og til tegerðar.

Fjallagrös voru einnig nýtt til lækninga, einkum gegn kvillum í öndunarvegi og meltingarfærum. Auk þess hafa þau verið notuð útvortis sem bakstrar á exem, þurra húð og sár sem gróa illa.









Ofan í hverja skál setti Ólöf Jakobína smávegis af ylliberjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Tveggja hæða kökudiskurinn er gerður af húsfrúnni sjálfri en hún selur þá einnig.



Rautt og hvítt og rómantískt.



Hnífapörin eru falleg við hvítan grunninn, kallast Grand Prix, og fást í Epal.



Ylliberin eru fullþroskuð í ágúst.



Hördúkur er á borðinu en stellið er alveg hvítt án nokkurra skreytinga.

# Lagt á haustborð

Ólöf Jakobína Ernudóttir innanhússarkitekt segist vilja dekka upp matarborðið á einfaldan hátt þar sem ekki þarf að kosta miklu til. Hún notaði ber af ylli og gamlar sultukrukkur sem uppistöðu í haustmatarboði sínu.

Innanhússarkitektinn Ólöf Jakobína hefur komið að ýmsu í gegnum tíðina sem snertir hönnun, hefur sjálf framleitt vörur og heldur nú úti skemmtilegu bloggi þar sem hún deilir alls kyns hugmyndum fyrir heimilið - www.olofjakobina.blogspot.com.

„Mér finnst alltaf betra að hafa skreytingar ekki of flóknar í framkvæmd og þessi skreyting snerist í rauninni bara um það að fara út í garð nágrannakonu minnar, sem býr svo vel að eiga ylli, og tína svo fram einhverjar krukkur úr skápum, sem ég notaði bæði sem blómavasa og undir kerti,“ segir Ólöf Jakobína.

Ólöf Jakobína valdi ber yllisins því um þessar mundir eru þau fagurrauð en ber reynitrjánna eru hins vegar enn ekki búin að ná fullum lit. „Svo má nota reynitrésberin þegar lengra líður á haustið.“ Ólöf notaði bæði kerti af nokkrum stærðum, bæði há og lág og svo teljós.

Leirtauið er úr ýmsum áttum en kökudiskurinn sem skreytir borðið er það nýjasta sem innanhússarkitektinn hefur verið að fást við en þá vinnur hún úr gömlu postulíni.

- jma



PH5 eftir Paul Henningsen er borðstofuljós Ólafar Jakobínu en ljósmyndin yfir píanóinu er Þórsmerkurmynd tekin af Ólafi Magnússyni árið 1942. Myndina fann Ólöf í Góða hirðinum en svo skemmtilega vill til að sömu mynd má sjá á sýningunni Úrvalið sem opnar um þessar mundir á Listasafni Akureyrar.

## margt smátt



**ÍSLENSKAR KRYDDJURTIR** Best er að krydda íslenska matvöru, líkt og lamb, gæs, svartfugl og annað með íslenskum jurtum. Blóðberg er sívinsælt til kryddunar, sem og birki, lyng, hvönn og fleira. Blóðbergsgarðurinn býður upp á blöndu úr íslenskum jurtum. Hvort sem hún er nýtt eða hver jurt valin eftir eigin smekk er gott að mylja jurtirnar niður í olíu ásamt pipar og papriku og nudda á lamb eða annað kjöt til marineringar nokkrum tímum fyrir eldun.

**FYLLT GÆS** Ef matreiða á heila gæs er gott að stinga í húðina og nudda salti og pipar yfir, auk matarolíu. Upplagt er að fylla hana með hverju því sem manni finnst gott. Ef elda á gæsina á ameríska mátann er mælt með því að fylla hana með niðurskornum eplum og kryddi eftir smekk. Á breskan máta er hún fyllt með portvínslegnum sveskjum, hnetum, lauk, hvítlauk, sellerí og parsley. Þá eru laukurinn, hvítlaukurinn og selleríið brúnað áður og sveskjunum og hnetunum bætt við eftir á. Þetta er látið malla í um hálftíma. Loks er parsley bætt varlega við og gæsin fyllt með öllu saman.





**HREINDÝR** Fara þarf varlega með hreindýrakjöt og skal það alltaf vera vel bleikt í miðjunni. Best er að snöggsteikja á pönnu og stinga svo inn í ofn í um tíu mínútur við um 200 gráður. Villisveppasósa er tilvalin með. Þá er upplagt að steikja beikon í smáum sneiðum með lauk. Þegar það er orðið vel brúnað er það sett til hliðar og rauðvíni, brandí eða koníaki hellt yfir pönnuna. Hægt er að þykkja með smjöri eða þynna með soði af villibráð og þá er komin afbragðs sósa.



**ELDUM ÍSLENSKT** eru matreiðsluþættir sem eru á dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN á mánudagskvöldum klukkan 20. Bjarni G. Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, stjórnar þeim. Í þáttunum er sýnt hvernig best sé að elda íslenskt hráefni. Farið er yfir hráefni allt frá grænmeti til kjöts. Þegar er búið að sýna tíu þætti af tuttugu en hægt er að horfa á gamla þætti á www.inn.is.

**HREFNUKJÖT Í SUSHI** Til að geta nýtt sér hrefnu í sushi þarf kjötið að vera nýtt og ferskt. Best er að skera kjötið í mjög þunnar sneiðar, en skorið er þvert á vöðvaþræðina. Kjötið er svo borðað með wasabi og sojasósu eftir smekk líkt og annað sushi. Gott er að krydda það með ferskum jurtum, til að mynda timian, um leið og það er skorið. Þar sem súrefni er helsti óvinur hrefnukjöts er ráðlegt að geyma stykkið plastað í kæli þangað til rétt áður en skal snæða.



MATREIÐSLU**BÓKIN**

# BRAUÐVÉLAR AÐ NÝJU

Brauðvélar geta sparað fólki útgjöld og glatt heimilisgesti, en bara ef maður kann að nota hana. Ný bók Fríðu Sophiu Böðvarsdóttur, Bakað í brauðvél, inniheldur yfir hundrað uppskriftir.

Bókin hefur verið uppseld um árabil en hefur verið gefin út að nýju. Í bókinni er að finna uppskriftir að spari-, grænmetis-, hversdags-, ávaxta- og kryddbrauði. Þá eru uppskriftir að bollum og pitsum, kökum, súpum, kæfum og sultum. Sérstaka athygli undirritaðrar vekja vítamínbombur svokallaðar, hunangs-, papriku-, villijurta-, papaja- og ananasbrauð. Þá er að finna uppskriftir að pitsubotnum úr spelti sem og heimatilbúnu naan-brauði. Þá vekur rósmarínkæfan sérstaka eftirtekt. Ættu uppskriftirnar því að geta breikkað notkun hvers eiganda brauðvélar talsvert, sem og annarra bakara.

Fríða hefur áður gefið út bókina Bakað úr spelti og er sú uppseld og í prentun að nýju fyrir jólin. Fríða hefur unnið sem bakari hjá veitingastaðnum Við Tjörnina og Listasafni Íslands auk þess að hafa kennt matreiðslu. Bókin er gefin út af Jentas.

- kbs





**HEILSULEIKSKÓLINN HAMRAVELLIR, HAFNARFIRÐI**

**Vilt þú taka þátt í Heilsustefnu og halda áfram að þróa hana í leikskólanum?**
Við leitum að **leikskólakennara eða öðru uppeldismenntuðu fólki** sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, ef svo er þá átt þú samleið með okkur.
Við leitum að ábyrgu starfsfólki með reynslu af leikskólastarfi til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur.
Einnig vantar okkur stuðningsfulltrúa í okkar góða hóp.



Leikskólinn er fimm deilda fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.



**Nánari upplýsingar veitir**
**Kristín Auður Harðardóttir**
**aðstoðarskólastjóri í síma 424-4640.**

**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is**

SKÓLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR





**Gæðafiskur úr Eyjum**

**www.boddabiti.is**
pantaðu á netinu eða
hringdu í síma 616 1299 og við sendum þér

Ýsa m/án roðs • Ýsuhakk • Reykt ýsa
Saltfisk-hnakkar • Þorskur • Gellur • Humar
Skötuselur • Harðfiskur • Hundaharðfiskur

**Þú færð fiskinn okkar einnig á eftirtöldum stöðum:**
**Plúsmarkaðurinn** Hátúni 10b Reykjavík
**Pétursbúð** Ránargötu 15 Reykjavík
**Gónhóll** Eyrarbakka
**Bændamarkaðurinn** Flúðum
**Minni-Borg,** Grímsnesi
**Stallar** bændamarkaður
**Vöruval** Vestmannaeyjum

GODTHAAB
Í NÖF

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**... EFTIRRÉTTUM** í sniðugum ílátum. Góð hugmynd getur verið þegar búið er að gera girnilegan eftirrétt að bera réttinn fram í ílátum sem ekki eru hugsuð til framreiðslu. Eitt ráðið er að setja réttinn í blómavasa sem sjaldan er notaður, en muna verður að hreinsa hann vel áður en rétturinn er borinn fram.



**... REYNIBERJASKREYTINGU** í eldhúsið. Nú fara haustlitirnir bráðlega að ríkja úti í náttúrunni og þá er gaman að bregða sér í göngutúr um Reykjavík og lauma nokkrum reyniberjaklösum í vasann á leiðinni til að skreyta heimilið.



**... TEBOLLA** í dimmunni á kvöldin. Hvað hljómar betur en að fara í þægileg föt, hella upp á sjóðheitt te og skríða upp í sófa á meðan vindurinn feykir laufunum af trjánum. Mikið úrval er af ýmsum tetegundum í verslunum og þá er einnig hægt að prófa sig áfram með jurtir úr íslenskri náttúru.

**... HAUSTLAUTARFERÐ.** Undirbúið ferðina vel því líklega verður þetta sú síðasta á þessu ári. Tínið ýmislegt góðgæti til í stóra körfu og gleymið ekki mjúku teppi til að sitja á, klæðið ykkur vel því vindurinn er napur, veljið síðan góðan áfangastað og skundið í lautarferð.




WWW.DALE.IS

# // NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA

„VIÐ VINNUM MEÐ STJÓRNENDUM FYRIRTÆKJA AÐ ÞVÍ AÐ AUKA ÁRANGUR, MEÐ ÞVÍ AÐ EFLA HÆFNI STARFSFÓLKS.“



Beinum athyglinni að einstaklingum á ný með Dale Carnegie þjálfun – upprunalegu og enn bestu leiðinni til að þróa mannlegu hliðina.

## // DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐIÐ

**12 vikna opin námskeið hefjast:**
**8. september,** þriðjudaga, 18:00–22:00
**16. september,** miðvikudaga, 18:00–22:00
**7. október,** miðvikudaga, 08:30–12:00

## // LEIÐTOGAÞJÁLFUN FYRIR STJÓRNENDUR

**7 vikna opið námskeið hefst:**
**15. september,** þriðjudaga, 08:30–12:00

## // ÁRANGURSRÍK SALA

**8 vikna opið námskeið hefst:**
**22. september,** þriðjudaga, 08:30–12:00

## // ÁHRIFARÍKAR KYNNINGAR

**2 daga opið námskeið hefst:**
**5. október,** mán/þri, 08:30–16:00

## // FRAMHALDS DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐ

**4 vikna opið námskeið hefst:**
**17. september,** fimmtudaga, 17:30–21:30

## // VINNUSTOFUR

**Afrekslið, 4. september,** kl. 08:30–10:00
**Markþjálfun sölufólks, 11. september,** kl. 08:30–10:00
**Virkjum mannauðinn, 18. september,** kl. 08:30–10:00

Skráðu þig á póstlistann okkar á www.dale.is og fáðu vinnustofuna fría.

## // FRÍR KYNNINGARTÍMI

**1. september,** þriðjudagur, kl. 08:30–10:00
**2. september,** miðvikudagur, kl. 20:00–21:30
**7. september,** mánudagur, kl. 08:30–10:00

**Hringdu núna og tryggðu þér frítt sæti**



„Í síbreytilegum nútímanum getur verið erfitt að hafa sjálfstraust til að takast á við allar þær breytingar sem verða á ferlum, tölvukerfum og vinnulagi. Við vildum aðstoða okkar fólk við að aðlagast breyttu umhverfi og stuðla að áframhaldandi velgengni þeirra í starfi.

Á námskeiðinu unnu starfsmennirnir hagnýt verkefni sem nýttust beint í starfi jafnóðum og þau voru unnin. Námskeiðið var jafnframt mjög krefjandi þar sem verkefnin voru ögrandi og gera miklar kröfur til þátttakenda. Það var því gríðarlega stoltur hópur sem kynnti árangur sinn fyrir stjórnendum í lok námskeiðsins. Mikil viðhorfsbreyting átti sér stað í hópnum og sjálfstraust og starfsánægja óx í kjölfarið.

Vel þróað námsefni og gríðarlega hæfir þjálfarar er það sem gerir námskeið hjá Dale Carnegie að góðri fjárfestingu.“

*Anna Rós Ívarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs VÍS*

HRINGDU OG TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á NÁMSKEIÐ
Í HAUST Í SÍMA **555-7080** EÐA SENDU OKKUR LÍNU
Á **UPPLYSINGAR@DALE.IS**

**Ath. Stéttarfélög og starfsmenntasjóðir niðurgreiða þjálfun í mörgum tilfellum bæði til einstaklinga og fyrirtækja.**

// LEIÐTOGAÞRÓUN // ÁRANGURSRÍK SALA // SKULDBINDING STARFSMANNA
// BETRI FERLAR // ÞJÓNUSTA // ÁHRIFARÍKAR KYNNINGAR

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN



Masaman karrý er vinsælasta gula karrýblandan frá Tælandi og er gjarnan notuð með kjúklingi og kartöflum. Þessi blanda af karrý er einkar ljúf og mild.

THAI-CHOICE

*Toppurinn frá Thailandi*




## Kjúklingur í Masaman karrýsósu

1 dós Thai Masaman Curry sósa (290g)
1/2 dós Thai Choice kókosmjólk (200g)
250g kjúklingabringa skorin í strimla
100g grænmet
(t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)

Steikið kjúklinginn og grænmetið á pönnu við háan hita í 3-4 mín. Bætið Thai Masaman Curry sósuni og kókosmjólkinni út í og eldið þangað til kjötið er full eldað (ca. 4 mín.) Í dósinni eru nokkrir kartöflubitar sem upplagt er að stappa saman við sósuna til að þykkja hana áður en hún er sett á pönnuna.

Berið fram með Jasmine hrísgrjónum eða Thai Choice núðlum.

## HAFNAR AÐSKILNAÐI RÍKIS OG KIRKJU

Þótt þeir málaflokkar sem falla undir dómsmálaráðuneytið séu fyrirferðarmestir í umræðunni þessa dagana er Ragna Árnadóttir einnig ráðherra kirkjumála. Umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju hefur lengi verið hitamál í íslensku samfélagi. Ragna hefur ákveðnar skoðanir á því máli, en hún segist sjálf vera trúuð, og í þjóðkirkjunni.

„Ég er þeirrar skoðunar að fyrirkomulagið sem er á þessum málum í dag sé gott. Ríkisvaldið hefur ákveðnum skyldum að gegna gagnvart kirkjunni samkvæmt stjórnarskrá, og á að vernda og styðja þjóðkirkjuna. Prestar þjóðkirkjunnar eru embættismenn sem hafa skyldum að gegna við fleiri en bara safnaðarmeðlimi þjóðkirkjunnar. Þeir hafa skyldu gagnvart öllum í þessu landi,“ segir Ragna.

„Ég tel að það séu góð rök fyrir því að halda óbreyttu ástandi. Það er auðvitað búið að skilja á milli að ákveðnu leyti, kirkjan ræður algerlega sínum eigin málefnum, og það fer vel á því.“

Megi það aldrei verða að lögreglumaður láti lífið við skyldustörf. Mér fannst mjög alvarlegt að lesa þetta og velti þessu lengi fyrir mér. Ef lögreglumenn líta svo á að það sé tímaspursmál hvenær einhver þeirra lætur lífið í starfi þá bregður manni auðvitað við það. Þetta er eitt af því sem við erum að skoða, það er grunnþjónustan, mannskapurinn og hvernig vaktin er staðin gagnvart borgurunum.

*Lögreglumenn verða sífellt harðorðari í yfirlýsingum sínum. Í nýlegri yfirlýsingu Landssambands lögreglumanna segir að komi til nýrrar búsáhaldabyltingar sé ekki gefið hvorum megin línunnar lögreglumenn muni standa. Þá hafa fjölmargir lögreglumenn sem hafa verið í óeirðahópi lögreglu, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, hætt þátttöku í því verkefni. Hvernig verður brugðist við þessu?*

Þetta er hluti af þeirri óánægju sem lögreglumenn hafa lýst. Við erum að vinna í þessum málum, og þess vegna er erfitt að bregðast við þessum yfirlýsingum. Það eru breytingar fyrirhugaðar innan lögreglu höfuðborgarsvæðisins sem lögreglustjóri embættisins verður að svara fyrir.

Ég veit að lögreglumenn eru duglegt og skyldurækið fólk, og ég veit að það stendur ekki til að þeir fari að bregðast skyldu sinni. Ég hef velt fyrir mér hvort fólk geri sér almennt grein fyrir því hvers konar álag var á lögreglumennina í búsáhaldabyltingunni, þegar þeir stóðu vaktina.

Þeir þurftu að þola hluti sem enginn maður ætti að þurfa að þola, það var kastað á þá saur og hlandi, sem er algerlega óásættanlegt. Ég skil ekkert í því að þeim skuli ekki hafa verið veitt heiðursmerki fyrir frammistöðu sína. Þeir stóðu vaktina með sóma, en ég finn að þeir kvíða því, einhverjir þeirra að minnsta kosti, að þessi staða komi upp aftur. Ég skil það mjög vel. Þess vegna er nauðsynlegt að vel sé búið að mönnum í óeirðahópum lögreglu, og að þeir fái næga hvatningu til að standa svona erfiða vakt.

### Einblínt um of á Kína

*Biðtími eftir ættleiðingum erlendis frá hefur lengst mikið á síðustu árum og fjöldi para á biðlistum eykst sífellt. Hvað er hægt að gera til að snúa þessari þróun við?*

Vandinn er sá að það er erfiðara að fá börn til ættleiðingar núna. Þar munar mikið um að mikið hefur dregið úr ættleiðingum frá Kína, sem er það land sem Íslensk ættleiðing hefur verið í hvað bestu sambandi við. Þegar allt situr fast þeim megin frá segir það sig sjálft að það er óhægt um vik hér á landi.

*Forsvarsmenn ættleiðingarfélaga hafa bent á nokkrar leiðir, til dæmis þær að fólk geti verið á biðlista í fleiri en einu landi í einu. Kemur það til greina?*

Það er eitt af því sem við höfum verið að skoða. Fyrr í sumar skrifuðum við þeim löndum sem eru í ættleiðingarsambandi við íslensk ættleiðingarsamtök, og spurðum hvort þau fyrir sitt leyti samþykktu slíka breytingu. Það er ekki víst að svo verði, en það tekur tíma að fá svör við svona erindum, þó það taki vonandi ekki allt of langan tíma.

*Nú stefnir í að um 30 pör detti út af biðlistum vegna íslenskra aldurstakmarka, en til dæmis kínversk stjórnvöld fella fólk ekki út af biðlistum sökum of hás aldurs. Hvernig verður brugðist við þessum vanda?*

Það hefur mikið verið rætt um aldurshámörkin, og ég hef verið treg til að endurskoða þau. Hins vegar er það þannig að við erum að vinna að breytingum sem miða að því að forsamþykkið svokallaða geti gilt í fjögur ár eftir að aldurshámarki er náð. Samþykkið getur fólk allt upp í 45 ára fengið, og hefur þá fjögur ár til viðbótar. Þá getur fólk verið allt að 49 ára þegar það ættleiðir börn. Það ætti að koma til móts við einhvern hluta þess hóps sem nú er að renna út á tíma. Ég bendi bara á að hámarksaldurinn er töluvert hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Ég tel að með því að teygja þetta í allt að 49 ár séum við búin að ganga ansi langt.

*Annað mál sem mikið hefur verið rætt um eru ættleiðingar sem einstaklingar sjá alfarið um sjálfir, í stað þess að fara í gegnum ættleiðingarfélög eins og ber að gera hér á landi. Þegar eru einhver dæmi um að fólk hafi ættleitt án milligöngu félags, hver er þín afstaða til þess?*

Ættleiðingarfélögin leggja mikla áherslu á að gefa þetta frjálst, og það er til skoðunar í ráðuneytinu eins og annað sem varðar þetta mál. Okkar lagaumhverfi er svipað og á hinum Norðurlöndunum, og við byggjum á hinum svokallaða Haag-samningi. Ættleiðingarfélögin hafa bent á að prívat ættleiðingar stangist ekki á við þann samning, en slíkar ættleiðingar eru engu að síður mikið álitaefni. Tilgangurinn með regluverkinu er fyrst og fremst sá að gæta að hag barnsins, til dæmis með því að koma í veg fyrir mansal. Á sama tíma má kerfið ekki vera þannig að það sé allt of stíft og óréttlátt. Við höfum nokkur dæmi um fólk sem hefur ættleitt barn hingað til lands án milligöngu ættleiðingarfélaganna, svo það verður að skoða hvert mál fyrir sig út frá jafnræðisreglu.

*Forsvarsmenn ættleiðingarfélaga segja fólk sem nú bíður eftir því að geta ættleitt börn erlendis frá líða fyrir að málaflokkurinn hafi verið í fjársvelti í góðærinu undanfarin ár. Voru það mistök að styrkja ekki ættleiðingarfélög til þess að fjölga þeim löndum sem íslenskir foreldrar geta ættleitt frá?*

Ég skal ekki segja hvaða ástæður liggja þarna að baki. Kannski gæti ein ástæðan verið sú að Íslensk ættleiðing einblíndi um of á Kína. Það gekk vel svo kannski fannst mönnum ekki ástæða til að huga að fleiri samböndum. Ég skal ekki segja til um það, þetta er ein skoðun og ég tek í sjálfu sér ekki afstöðu til þess.

- og utanþingsráðherra
sem eru þingmenn og
sem ekki heyra undir
pp er ég ekki þátt-
ð auðvitað að kanna
r þarf að móta stefnu
okkanna. Þeir hafa að
u í samstarfsyfirlýsingu,
ð leita fyrir mér,“ segir
er það sama og

annarra, en ég þarf að hafa meira fyrir því að kanna hvaða skref á að taka, ég get ekki gert hlutina algerlega ein og úr tengslum við meirihluta þingsins. Ég starfa í umboði meirihluta þingsins.“

Hún hefur að eigin sögn alltaf haft mikinn áhuga á stjórnmálum, en aldrei tekið þátt í pólitík sjálf. „Ég fékk vinnu á Alþingi strax eftir að ég útskrifaðist sem lögfræðingur, og þurfti að vinna með fólki úr öllum flokkum. Þar komst ég að því að það eru margar hliðar á öllum málum. En ég hef aldrei hugleitt að leggja stjórnmálin fyrir mig.“



# MÆLISTIKAN

## Á uppleið



**Dans** Um þessar mundir er sviðslistahátíðin ArtFart í gangi auk fjölda annarra dansverkefna. Gósentíð fyrir spriklunnendur.

**Veitingastaðir** Þrátt fyrir kreppu spretta þeir upp um allan bæ. Auðvitað verður fólk líka að lyfta ser upp á leiðinlegum tímum.



**Bjór frá Færeyjum** Föroyabjór er dásamlega góður, í fallegum umbúðum og bráðum fáanlegur á Íslandi.



**Hlöllabátar og Nonnabitar** Vissuð þið að það er hálft kíló af mat í Nonnabitabát? Hann ætti að duga út alla vikuna.

## Á niðurleið



**Leti.** Nú eru skólarnir að byrja og tími til að taka sig taki, fara snemma í háttinn og vera duglegur að mæta.



**Djammlæti í unglingum í miðbænum** Annar hver maður virðist heita Siggi og allir eru að leita að honum. Dularfullt.

**Harðlínuhnakkar** Mæta á djammið með derhúfu og í íþróttaskóm og vilja aðeins hlusta á tónlist þegar það er búið að taka allt burt nema taktinn.

**Slettureifpeysur** Við viljum ekki sjá fleiri American Apparel hettupeysur með skræpóttu drasli yfir allt saman. Oj bara.






Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
*meðan byrgðir endast.*

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**
**www.rainbow.is**




**HLÁTURMILD** Snædís Lilja Ingadóttir segist hlæja frekar mikið. Síðasta hláturskast var afleiðing eigin fyndni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Hleypir skrímslinu út*

Í kvöld hleypir **Snædís Lilja Ingadóttir** sínu innra skrímsli út úr búri sínu og gerist sýndarþræll dýrslegra hvata. Herlegheitin munu eiga sér stað í Batteríinu, þar sem sköpunarverk hennar, Rough Sea, verður sýnt á sviðslistahátíðinni artFart. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* tók Snædísi Lilju í yfirheyrslu.

**Ef þú værir ekki dansari, hvað værir þú þá?**
Rík.

**Hver er þinn eftirlætislistamaður?**
Það eru svo margir en David Lynch er einn af uppáhalds.

**Draumadagurinn í stuttu máli?**
Sofa út, gott að borða með góðu fólki og margir kokkteilar.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur nokkurn tímann gert?**
Vann einn dag í svona færibandavinnu, þar sem ég stóð og sneri pulsubrauðum rétt. Gat það ekki.

**Hvaða myndi fullkomna líf þitt?**
Að geta lifað af listinni minni.

**Ertu með einhverja kæki?**
Já, ég bít stundum innan í kinnarnar á mér en frænka mín er dugleg að skamma mig fyrir það.

**Ef þú mættir nefna götu í Reykjavík, hvaða nafn fengi hún?**
Snæstígur eða kannski Pæjuport.

**Ertu orðin það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?**
Ekki alveg enda mér finnst mér ég ekki orðin stór ennþá.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Snædís Lilja Ingadóttir.

**FÆÐINGARÁR:** 1980.

**FERILLINN Í HNOTSKURN HINGAÐ TIL:** Skóli, skóli, vinna, skóli og svo Listaháskólinn.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast og hver olli því?**
Ég hlæ dálítið mikið en ég held að síðasta alvöru hláturskast hafi verið í byrjun ágúst og það var af minni eigin vitleysu og Superhero Frenzy.

**Hvernig hljómar síðasta SMS í símanum þínum?**
Var að klára. Sorrý. Farnar?

**Hvað veist þú sem við hin megum ekki missa af?**
Rough Sea.

**Hver heldur þú að gæti bjargað Íslandi?**
Ég veit ekki hvort það er einhver einn sem gæti bjargað Íslandi en hann/hún þyrfti að eiga nóg af peningum.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?**
Ætli það verði ekki að vera heima hjá mömmu.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?**
Ég myndi fara nógu langt aftur í tímann til að geta séð risaeðlur.

**Áttu þér leynda nautn sem þig langar að deila með lesendum?**
Hmmm… ég held að ég verði að halda henni leyndri aðeins lengur … búbb.

**Hryllingsmynd eða rómantísk gamanmynd?**
Rómantísk gamanmynd, ég get ekki sofið ef ég horfi á hryllingsmynd.

**Uppáhaldsorðið þitt?**
Búbb.

**Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni?**
Blower's Daughter.

**Af hverju ertu stoltust?**
Af sköpunarverkum mínum.

**Hvaða þrjá staði gætir þú heimsótt aftur og aftur og aftur?**
Barcelona, París og auðvitað íslensku náttúruna.






*Í túninu*
**HEIMA**

# Fjölskylduhátíð í Mosfellsbæ

## Í TÚNINU HEIMA - BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR 27.-30. ÁGÚST.

**Tónlist, leiklist, myndlist, listflug, útimarkaðir, sölu- og markaðstorg, Skoppa og Skrítla, varðeldur, brekkusöngur og margt fleira.**

**Laugardagur 29. ágúst**
Hátíðardagskrá í íþróttahúsi, Skoppa og Skrítla skemmta kl. 13, Boot Camp keppnin, flugsýning og karamellukast, götugrill, Tívolí, útimarkaðir, flugeldasýning, listflug og stórtónleikar á Miðbæjartorgi: Örn Árnason skemmtir börnunum, Bubbi og Egó, Paparnir ofl. Stórdansleikur að Varmá að loknum tónleikum.

**Sunnudagur 30. ágúst**
Regnbogahlaupið, Fornbílasýning, golfmót í Mosfellsdal, leiksýning, púkamót í mótorkrossi, stofutónleikar á Gljúfrasteini, leikfélag Mosfellssveitar sýnir söngleikinn Fúttlúz. Hátíðardagskrá í íþróttahúsi: Stórsveit Reykjavíkur ásamt Ragga Bjarna og Kristjönu Stefáns kl. 15.

**Sölu- og markaðstorg í Íþróttahúsinu að Varmá alla helgina og útimarkaðir í Álafosskvos og Mosfellsdal laugardag.**

Fjör fyrir alla fjölskylduna

Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.mos.is**

Frítt með leið 15
á laugardaginn



MOSFELLSBÆR

**MICHAEL JACKSON POPPTÓNLISTARMAÐUR VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1958.**

*„Ef þú kemur inn í þennan heim vitandi að þú ert elskaður og ferð úr þessum heimi með sömu fullvissu í hjarta er hægt að ráða við allt sem gerist þar á milli.“*



***Michael Jackson var söngvari, leikari, dansari og lagahöfundur. Hann var barn að aldri þegar hann hóf feril sinn með fjölskylduhljómsveitinni Jackson 5 en varð síðan sólólistamaður og stundum kallaður konungur poppsins.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 29. ÁGÚST 1992**

## *Svo á jörðu sem á himni frumsýnd*



Kvikmyndin Svo á jörðu sem á himni eftir Kristínu Jóhannesdóttur var frumsýnd þennan dag árið 1992. Myndin fjallar meðal annars um strand franska rannsóknarskipsins Pourquoi pas? við Mýrar árið 1936. Lítil stúlka sem heitir Hrefna blandar saman fortíð og framtíð með ímyndunarafli sínu og reynir að hafa áhrif á atburðarásina. Því fléttast inn í myndina skörungskonan Straumfjarðar-Halla sem var uppi á 14. öld og þótti þá forn í skapi og fjölkunnug. Meðal þess sem hún kunni fyrir sér var að vinna járn úr mýrarrauða í smiðju sinni.

Svo á jörðu sem á himni var að miklum hluta tekin upp við Höfn í Hornafirði. Hornfirskir áhugaleikarar komu þar við sögu og félagar í Karlakórnum Jökli voru í hlutverki hinna látnu skipbrotsmanna í fjörunni. Í myndinni léku einnig landsfrægir leikarar, meðal annars Álfrún Örnólfsdóttir, þá tíu ára, Tinna Gunnlaugsdóttir, Helgi Skúlason, Jón Sigurbjörnsson, Sigríður Hagalín og Guðrún Gísladóttir.

**MERKISATBURÐIR**

- **1862** Akureyri fær kaupstaðarréttindi í annað sinn.
- **1910** Fyrsti keisaraskurður á Íslandi, þar sem bæði móðir og barn lifa, er framkvæmdur í Reykjavík.
- **1944** Á Ísafjarðardjúpi veiðist 300 kílógramma túnfiskur.
- **1945** Hafin er bygging húss fyrir Þjóðminjasafn Íslands við Hringbraut í Reykjavík.
- **1948** Baldur Möller verður skákmeistari Norðurlanda, fyrstur Íslendinga.
- **1971** Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd brennur til kaldra kola og kviknar í bíl sóknarprestsins.
- **2005** Fellibylurinn Katrín fer yfir suðurströnd Bandaríkjanna, 1.600 manns láta lífið.




**SKÁTAR** Báturinn verður eflaust til sýnis ásamt bílum og sleðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skátar kynna björgunarbúnað

Kynning á tækjum og búnaði Hjálparsveitar skáta í Kópavogi verður í Vetrargarðinum í Smáralind í dag frá klukkan 12 til 16. Viðburðurinn er einn af mörgum sem sveitin heldur í tilefni af fjörutíu ára afmæli sínu á þessu ári, að sögn formannsins Írisar Marelsdóttur. Hoppkastali og klifurveggur verða í garðinum líka svo börnin sem koma í heimsókn ættu að geta fengið útrás fyrir hreyfiþörfina. Hávaðaseggur nágranni verður á staðnum og aðrar óvæntar uppákomur á heila tímanum.

Óhætt er að fullyrða að skátarnir í Kópavogi haldi úti einni öflugustu hjálparsveit landsins og eflaust hafa margir gaman af að líta á græjurnar þeirra. „Fyrir utan leitir og aðra aðstoð við samborgarana er alltaf eitthvað um að vera hjá okkur í sveitinni, ekki síst á afmælisárinu,“ segir Íris Marelsdóttir. **- gun**



**MÆÐGUR** Margrét Sól Aðalsteinsdóttir og Ágústa með álitlegan stafla af útprjónuðum vettlingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ÁGÚSTA ÞÓRA JÓNSDÓTTIR:** ER HÖFUNDUR NÝRRAR VETTLINGABÓKAR

# Vill að allir njóti hlýrra handa

Ný bók með fimmtíu mismundi vettlingamynstrum eftir Ágústu Jónsdóttur, líffræðing og rekstrarhagfræðing, er væntanleg í búðir innan fárra vikna.

„Ég hef sjálf alltaf verið handköld og þurft á vettlingum að halda frá því ég var barn á Ísafirði,“ segir Ágústa. „Amma prjónaði mikið og ég hef lengi haft auga fyrir eigulegum vettlingum. Í fyrra fór ég að prjóna þá í jólagjafir því ég vil að allir njóti hlýrra handa en fann þá engar uppskriftir. Vissi að það kom út bók með slíkum mynstrum fyrir mörgum árum, rosalega falleg en hún er bara ófáanleg og ekki einu sinni til á bókasafni. Svo ég fór að búa til mínar eigin uppskriftir. Það var gaman og gekk vel. Þá sagði maðurinn minn: „Af hverju gefur þú ekki bara út bók?“ Þannig kom hugmyndin. Því ekki að gefa út bók? Og ég fór á fullt að teikna og prjóna.“

Ágústa segist ekki geta eignað sér öll mynstrin en hún raði þeim upp á sinn hátt og velji saman litina. „Ég er með eina hefðbundna rósavettlinga sem ég gerði eftir öðrum. Þeir eru með áttablaðarósinni og mér fannst ekki hægt að gefa út íslenska vettlingabók án þess að hafa þá með,“ útskýrir hún. Vettlingarnir eru allir símynstraðir og úr kambgarni. „Ég vildi nota íslenskt garn og kambgarnið er mjúkt og hlýtt,“ útskýrir Ágústa. „Það er til önnur bók yfir lopavettlinga en þessir eru litríkari og prjónið fínna.“



Hún viðurkennir að vettlingar úr kambgarni henti ekki í hörkufrosti, nema hafa aðra utan yfir. „Þessir notast meira við aðrar aðstæður, þegar farið er út að labba, skroppið niður í bæ, út að keyra og svona. En þó að garnið sé fínt þá er það úr hreinni ull og svo er það víðast tvöfalt og þrefalt vegna mynstranna og það gerir prjónið þykkra.“

Flestir vettlinganna í bókinni eru í millistærð sem passar á konur og unglinga en líka nokkrir á herra og börn. „Börn týna auðveldlega vettlingum en auðvelt er að prjóna nöfnin þeirra í þá og sýnishorn af því kemur fram í bókinni,“ tekur Áslaug fram en prjónaði hún alla vettlingana sjálf? „Ekki alveg alla. Móðir mín á nokkra en svo bauð ég henni á skauta í febrúar og það kom mér í koll því hún handleggsbrotnaði og gat ekki prjónað meira þann veturinn en ég fékk hjálp frá vinkonu minni.“

Ágústa segir gaman hversu mikill prjónaáhuginn sé hjá þjóðinni. „Margir eru eins og ég að taka upp þráðinn aftur eftir langt hlé og aðrir eru að prjóna sínar fyrstu lykkjur. Þeim hentar vel svona bók. Vettlingar eru léttir á prjónum og það er hægt að ljúka við þá á skömmum tíma. Maður er svona eitt til tvö kvöld með hvern ef maður situr svolítið vel við. Því er minni tilhugsun að byrja á þeim en heilli peysu. Það er líka skemmtilegt að prjóna sokka, bara verst hvað þeir endast illa.“

Það er bókaforlagið Salka sem gefur Vettlingabókina út. Ágústa segir verið að leggja lokahönd á umbrot. „Bókin kemur út í næsta mánuði,“ segir hún. „Við erum að tala um miðjan september.“ **gun@frettabladid.is**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Guðmundar Karls Jónssonar**

Strikinu 4, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar 11e, Landspítala.

**Rannveig Björnsdóttir**
**Jón Örn Guðmundsson**
**Björn Þór Guðmundsson**




**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511




Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson


Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990






**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

**NAFNIÐ MITT:** HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR

# *Nafnið valið á þjóðhátíðarárinu*

„Ég heiti Hallveig því ég er fædd árið 1974, á þjóðhátíðarárinu mikla – 1.100 ára afmælinu," segir Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona. „Nafnið var mjög mikið í umræðunni árið sem ég fæddist og ég er því skírð í höfuðið á sjálfri Hallveigu Fróðadóttur, eiginkonu Ingólfs Arnarsonar."

Hallveig segir að þar sem hún eigi eldri systkini hafi verið búið að skíra í höfuðið á öllum ömmum og öfum þegar hún fæddist og foreldrar hennar því haft nokkuð frjálst val.

„Nafnið þýðir steinmáttug – máttug sem steinn – og þótt ég hafi ekki verið alveg nógu sátt við nafnið mitt þegar ég var krakki er ég mjög ánægð með það í dag og leyfi engum að stytta það í gælunafn. Nema útlendingum, sem ég leyfi allra náðarsamlegast að kalla mig Höllu."

Nafnið er ekki mjög algengt og Hallveig segist halda að Hallveigarnar í þjóðskrá séu í kringum sextíu talsins. „Þrátt fyrir það veit ég samt um tvær aðrar sem eru fæddar árið 1974 og heita Hallveig þannig að það er greinilegt að það hafa fleiri verið í sömu þjóðlegu pælingum og foreldrar mínir þetta ár."

- jma



**VEIT UM FLEIRI FRÁ ÞESSU ÁRI** Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona segist vita um tvær aðrar sem fengu nafnið Hallveig á 1.100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

---



*Bestu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Láru Vilhelmsdóttur**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, Hringbraut 50.

**Ingþór Friðriksson**
**Hallbera Friðriksdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Karls Bóassonar**

fyrrverandi lögreglumanns, Rjúpnasölum 14, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala 25. júlí sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landakotsspítala, deild L-5, fyrir frábæra umönnun og Lögreglukór Reykjavíkur og Lögreglunni í Reykjavík fyrir veitta aðstoð.

**Halldóra Jóna Stefánsdóttir**
**Emil Brynjar Karlsson** **Sigrún Sigtryggsdóttir**
**Anna Sigríður Karlsdóttir** **Bjarni Rúnar Þórðarson**
**Örn Karlsson** **Siriworraluck Boonsart**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Kristjánsdóttir**

lést á lungnadeild Landspítalans við Túngötu þann 12. ágúst. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingólfur Hauksson**
**Kjartan Sæmundsson** **Kateryna Siparenko**
**Ásta Kristín Sæmundsdóttir** **Tommie Norrman**
**Guðrún Sæmundsdóttir** **Kjartan Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hólmfríðar Sigmunds**

Trönuhjalla 1, Kópavogi,

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild A3 á Grund fyrir frábæra umönnun.

**Sigurður E. Kristjánsson**
**Sesselja Sigurðardóttir** **Halldór E. Sigurþórsson**
**Einar Sigurðsson** **Ólöf Halldórsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** **Jón Ágúst Gunnlaugsson**
**Hreindís Elva Sigurðardóttir** **Brynjólfur Tryggvi Árnason**
**Sigmundur Sigurðsson** **Ewa Noren**
**Kristján Sigurðsson** **Margrét Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Ágústsdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 22. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 31. ágúst kl. 13.30.

**Bergrós Sigurðardóttir**
**Þorgils Sigurðsson** **Björk Sigurjónsdóttir**
**Hrafnhildur Sigurðardóttir** **Gísli Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Hjartardóttir frá Purkey**

áður til heimilis Bárugötu 6, Reykjavík,

andaðist á dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík, fimmtudaginn 27. ágúst sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helgi H. Steingrímsson** **Valgerður Halldórsdóttir**
**Þorsteinn Steingrímsson**
**Guðjón Steingrímsson** **Jóhanna Sigtryggsdóttir**
**Guðrún H. Marínósdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurvaldi Björnsson**

frá Litlu-Ásgeirsá, Nestúni 2, Hvammstanga,

sem lést 16. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju þriðjudaginn 1. september kl. 14. Jarðsett verður í Víðidalstungukirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hins látna láti félag nýrnasjúkra njóta þess. Kt. 670387-1279, bankanr. 0115-26-018061.

**Ólína Helga Sigtryggsdóttir**
**Björn Sigurður Sigurvaldason**
**Ingibjörg G. Sigurvaldadóttir** **Kristján Heiðar**
**Sigríður B. Sigurvaldadóttir** **Sævar Rúnar Einarsson**
**Sigtryggur Á. Sigurvaldason** **Þorbjörg V. Guðmundsdóttir**
**Pétur H. Sigurvaldason** **Bjarney A. Benediktsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Svandís Rafnsdóttir**

Litluskógum 3, Egilsstöðum,

lést að heimili sínu fimmtudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 1. september kl. 13.00. Minningarathöfn verður í Egilsstaðakirkju laugardaginn 12. september kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Níels Hermannsson, Rafn Hermannsson**
**og fjölskyldur**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigurjóns Þorvaldssonar**

Miðtúni 42, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2.

**Ólafía Sigurðardóttir Bergmann**
**Sigurður Bjartmar Sigurjónsson** **Sesselja Gísladóttir**
**Gísli Geir Sigurjónsson** **Herborg Sjöfn Óskarsdóttir**
**Þorvaldur B. Sigurjónsson** **Dagný Hildur Leifsdóttir**
**Brynja Sigurjónsdóttir** **Kjartan Jónsson**
**Freyja Sigurjónsdóttir** **Róbert Leadon**
**Rúnar Sigurjónsson** **Anna Elín Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

*Eiginmaður minn,*

**Rafn Vídalín Helgason**

Eiðistorgi 13, Seltjarnarnesi,

lést á deild 12G á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 23. ágúst.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Ég vil þakka starfsfólki 12G og gjörgæslunnar á Hringbraut, sem kom að hans veikindum fyrir góða umönnun.

Sérstakar þakkir vil ég færa Helga K. Sigurðssyni skurðlækni og Ingibjörgu Jónsdóttur, hjúkrunarfræðingi á deild 12G, fyrir hlýhug og vináttu í okkar garð.

**Guð blessi ykkur öll.**

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**

**Karólína Eiríksdóttir**

---



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Georgsdóttir**

Bakkagerði 4, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 15. ágúst sl. verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

**Árni Magnússon** **Sigfríður Þórisdóttir**
**Björg Árnadóttir** **Markús H. Guðmundsson**
**Magnús Árnason** **Rannveig Sigfúsdóttir**
**Erla S. Grétarsdóttir** **Gísli Þ. Arnarson**
**og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dóra Þórðardóttir**

frá Haga í Skorradal,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 19. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki E-deildar Sjúkrahúss Akraness fyrir góða umönnun á liðnum árum.

**Þórhallur Teitsson**
**Grímar Teitsson** **Petrún Berglind Sveinsdóttir**
**Elín Bjarnadóttir**
**ömmu- og langömmubörn**

# Óska eftir að kaupa
## íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.

Sem er útgefið ár **1976, 1977 eða 1978** en ekki English Course.
En útgáfuárið er auðfundið fremst í bókum , námskeiðið sem mig vantar er alíslenskt og var á sínum tíma mikið auglýst, lærið ensku á 40 tímum, án efa eiga margir námskeiðið á vísum stað uppí hillu.

**Vinsamlega hringið strax og þú lest auglýsinguna, ég slökkvi á gemsanum eftir að ég hef fengið námskeiðið. Ég borga 40,000.- fyrir námskeiðið. Ómar s. 865-7013**



# LJÓSHEIMASKÓLINN
VEGUR TIL ANDLEGS ÞROSKA OG ÞEKKINGAR

*Skólinn er fyrir alla þá sem vilja vinna með sjálfa sig, kynnast fleiru en því efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, umræðu, hugleiðslu og ýmsum æfingum.*

*Byggðu þig upp í vetur með öðru góðu fólki!*

Kennsla hefst 14. september
Upplýsingar á www.ljosheimar.is og í síma 862-4546





*„Hugurinn ber þig alla leið“*

**Kári Eyþórsson MPNLP**

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

**Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.**

**NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.**

**NLP er öflugasta sjálfstyrkingarnámskeið sem völ er á.**

**Námskeið í NLP tækni verður haldið 25. - 27.sept. og 2. - 4.okt. 2009**

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© cKari.com






# INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhússarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**



**Hringdu í síma**
# 512 50 60
**ef blaðið berst ekki**





# *Katona og Iceland*



NOKKUR ORÐ
**Freyr Gígja Gunnarsson**

Sé orðinu „Iceland“ slegið á fréttavef google.com koma upp ótal færslur um Ísland, efnahagsvandræðin, Icesave og komu indverskra kvikmyndagerðarmanna sem vilja nýta landslagið í bíómyndir sínar.

Sá böggull fylgir skammrifi að hlutir sem tengjast Íslandi ekki á nokkurn hátt fylgja með í kaupbæti. Svo sem lokun skautasvells í Ameríku en það heitir Iceland og svo hrakfallasaga Kerry Katona. Katona er bresk raunveruleikastjarna sem var gripin glóðvolg við eiturlyfjanotkun, hún saug kókaín upp í nefið á eldhúsborðinu heima hjá sér og var í kjölfarið rekin sem andlit matvörukeðjunnar Iceland.



Slagorð fyrirtækisins hefur verið að góða húsmóðirin versli í matinn hjá Iceland og vildu forsvarsmenn fyrirtækisins ekki bendla eiturlyfjaneyslu við vikulega innkaupaferð; hin fullkomna húsfreyja mátti ekki vera á kóki um leið og hún raðaði frystum kjötvörum ofan í kerruna sína. Til að bæta gráu ofan á svart réðst Katona að endurskoðanda sínum því hún var tæknilega séð gjaldþrota og til að toppa allt ógnaði hún laganna vörðum þegar hún var handtekin fyrir eiturlyfjabraskið. Ferill Katona hefur verið á hraðri niðurleið síðastliðið ár því ekki má gleyma því að hún mætti full í sjónvarpsviðtal á svipuðum tíma og bankarnir hrundu hér heima.

Sem betur fer er nú verið að reyna að finna nýtt andlit fyrir Iceland-matvörukeðjuna. Og kannski væri bara fínt fyrir Iceland ef þeir fengju Emmu Watson, Harry Potter-stjörnuna. Allavega má orðið „Iceland“ ekki við frekari skakkaföllum.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# SPARAÐU MEÐ SPARPERUM!

## Í BYKO er eitt mesta úrval landsins af sparperum!

- **Allt að 80% orkusparandi**
- **umhverfisvænar**
- **6-20x lengri líftími**
- **fjölbreytt úrval**

Sparperur frá OSRAM eru umhverfisvænar og draga úr rafmagnskostnaði um allt að 80 % samanborið við jafn bjartar ljósaperur og endast þar að auki allt að 6-20 sinnum lengur.




BYKO

EXPO · www.expo.is

**!** **kl. 21 í Batteríinu Hafnarstræti 1.**
*Rándýr eftir breska leikskáldið Simon Bowen í leikstjórn Heiðars Sumarliðasonar. Verkið fjallar um átta manneskjur í mismunandi þrepum góðærisstigans, sem eiga þó allar sameiginlegt að vilja meira. Meiri peninga, meiri virðingu, meiri ást. En einhvers staðar mun þó bólan springa og allt hlýtur að enda með ósköpum. Á dagskrá artFart.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Börnin og dauðinn mætast

Myndir af látnum börnum eru daglegur viðburður í vestrænum fjölmiðlum. Hungur, stríð, og slys tortíma þeim langt fyrir aldur fram. Nú stendur yfir í Þjóðleikhúsinu í samstarfi við ASSITEJ, samtök barnaleikhúsa, námskeið þar sem tekist er á við hvernig leikhúsið megni að ræða dauðann við börnin okkar. Verkefni leikhúslistafólksins verður að kanna hvernig leikhúsið getur á áhrifaríkan og „lifandi" hátt tekist á við þetta erfiða viðfangsefni. Leikstjórar, leikarar og leikskáld frá Finnlandi, Spáni, Svíþjóð og Íslandi sem eiga það sameiginlegt að trúa á uppeldislegan og listrænan mátt leikhússins til að takast á við jafnvel allra erfiðustu viðfangsefni. Allt þekkt fólk í sínu landi af störfum sínum í barnaleikhúsi. Alþjóðleg vinnusmiðju á vegum ASSITEJ í Venesúela í fyrra um tabú í leikhúsi var hvatinn að vinnusmiðjunni í Þjóðleikhúsinu nú. Íslensku þátttakendurnir eru reynsluboltar úr íslensku barna- og unglingaleikhúsi. Fimm og tíu ára börn frá Grunnskóla Hjallastefnunnar og



**LEIKLIST** Börn á námskeiði um dauðann
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vesturbæjarskóla verða þátttakendur í verkefninu og gegna hlutverki rýnihópa og álitsgjafa.

### > Ekki missa af

Sýningunni um tvær af okkar mikilvirkustu myndlistarkonum um miðja síðustu öld, þær Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur á Kjarvalsstöðum. Henni lýkur á sunnudag. Feikilega góð aðsókn hefur verið að sýningunni en ásamt verkum Nínu og Louisu er þar að finna verk eftir samtímamenn þeirra í New York. Sýningarstjóri er Hrafnhildur Schram.

# Föðurland vort hafið

**Í gær var ný samsýning opnuð í Hafnarborg helguð hafinu í myndlist. Sýningin nýtur stuðnings Hafnarfjarðarhafnar sem nú fagnar 100 ára afmæli sínu.**

Lífróður – Föðurland vort hálft er hafið, kalla sýningarstjórarnir safnið en þar eru verk eftir tæplega þrjátíu listamenn sem endurspegla hafið á ýmsan hátt. Mörg verkanna eru ný, sum hafa ekki áður verið sýnd hérlendis en flest eru þau frá síðustu tíu árum. Hér er á ferðinni áhugaverður hópur listamanna á ýmsum aldri og undrar ókunnugan hversu margir listamenn af yngstu kynslóðinni kjósa hafið sem efnivið. Sýningarstjórar eru þau Dorothée Kirch og Markús Þór Andrésson.

Í tengslum við sýninguna standa Þjóðfræðistofa og Kvikmyndasafn Íslands að málþingi og kvikmyndasýningum sem tengjast efninu. Verður kvikmyndadagskráin samsett af kvikmyndum sem tengjast sjósókn og hafinu en þær verða í Bæjarbíói: sjá www.kvikmyndasafn.is. Kveikja sýningarinnar var sú sjálfsmynd sem birtist í orðræðu Íslendinga í kjölfar efnahagshrunsins síðastliðið haust þegar myndlíkingar sem tengdust hafinu urðu áberandi. Gripið er til myndlíkinga úr sjómannamáli þegar eitthvað bjátar á og aðstæður verða óvæntar og illskiljanlegar. Heiti sýningarinnar, Lífróður, vísar orðrétt til hafs og sjómennsku en nú á tímum er hugtakið fyrst og fremst notað í yfirfærðri merkingu í daglegu máli. Titillinn Föðurland vort hálft er hafið er sóttur í sálm Jóns Magnússonar (1896-1944).

pbb@frettabladid.is



**MYNDLIST** Áhöfn eftir Hrafnkel Sigurðsson er eitt verkanna á sýningu sem helguð er hafinu í Hafnarborg.
MYND/HAFNARBORG/HRAFNKELL SIGURÐSSON






# Raquela tilnefnd

Kvikmyndin The Amazing Truth About Queen Raquela hefur hlotið tilnefningu í ár til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Leikstjóri og handritshöfundur er Ólafur Jóhannesson, meðhöfundur er Stefan Schaefer og framleiðendur eru þeir Ólafur og Stefan ásamt Helga Sverrissyni og Arleen Cuevas. Alls eru fimm myndir tilnefndar, ein frá hverju Norðurlandi, og eru sigurverðlaunin 350.000 danskar krónur (um 8,7 milljónir íslenskra króna), sem skiptast á milli leikstjóra, handritshöfunda og framleiðenda.

Sjón og varamaður hans, Sif Gunnarsdóttir, sitja í dómnefndinni: Þau segja í umsögn um myndina: „The Amazing Truth About Queen Raquela er hrífandi og ögrandi kvikmynd sem segir sögu titilpersónunnar, stelpustráks frá Filippseyjum. Á hógværan máta er áhorfandanum boðið inn í veröld Raquelu án fordóma, en þó ekki án þeirrar forvitni sem lífshættir hennar hljóta að vekja. Með því að má út mörk heimildarmyndar og leikinnar myndar hefur leikstjórinn, Ólafur de Fleur Jóhannesson, fundið leið til þess að taka mannlega afstöðu til harðneskjulegs raunveruleika sögupersónunnar um leið og hann nýtur þess að vinna með alla frásagnarmöguleika „góðrar sögu". Hvort sem Raquela er að selja sig á götunni eða framan við vefmyndavélina til siðlauss fjölskylduföður/klámkóngs í New York, eða sóla sig á ströndinni og versla með vinkonunum, minnir raunsæ og vonglöð afstaða Drottningarinnar til lífsins okkur á, að það er ekki okkar að dæma hvort líf annarra er þess virði að lifa því."



**KVIKMYNDIR** Queen Raquela og Ólafur Jóhannesson.

Þær fjórar myndir sem eru að auki tilnefndar eru:

Frá Danmörku, Andkristur (Antichrist), leikstjóri og handritshöfundur Lars von Trier og framleiðandi Meta Louise Foldager (Zentropa).

Frá Finnlandi, Sána (Sauna), leikstjóri AJ Annila, handritshöfundur Iiro Küttner, og framleiðendur Tero Kaukomaa og Jesse Fryckman (Solar films).

Frá Noregi, Norður (Nord), leikstjóri Rune Denstad Langlo, handritshöfundur Erlend Loe og framleiðandi Sigve Endresen (Motlys).

Frá Svíþjóð, Ljósár (Ljusår), leikstjóri og handritshöfundur Mikael Kristersson og framleiðandi Lisbet Gabrielsson (Lisbet Gabrielsson Film AB).

Græna ljósið sýnir allar myndirnar fimm 11.-13. september í Háskólabíói og þær verða sýndar í öllum höfuðborgum Norðurlandanna á næstu vikum. Almenningi gefst þar með í fyrsta skipti tækifæri til að sjá allar þær myndir sem hljóta tilnefningu í ár.

- pbb

# Sinfónískir áhugamenn

Þær eru ekki margar sinfóníuhljómsveitirnar sem starfa í landinu. Tvær þeirra eru skipaðar atvinnumönnum, tvær áhugafólki, önnur ungum hljóðfæraleikurum og hin fullnuma tónlistarfólki sem starfar sem áhugamenn. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Hljómsveitina skipa að jafnaði fjörutíu til sextíu manns. Hún starfar frá september og fram í maí ár hvert.

Nú er nýtt starfsár að hefjast í þessum hóp. Á þriðjudagskvöldið verður fyrsta æfing nýs starfsárs. Hljómsveitin mun nú sem fyrr takast á við mörg helstu verk tónbókmenntanna og halda minnst fimm tónleika á starfsárinu.

Fyrstu tónleikar verða 18. október og eru þeir framlag sveitarinnar til Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis. Þá verða frumflutt tvö verk eftir Oliver Kentish og kynntir tveir ungir og upprennandi einleikarar, Baldvin Oddsson og Magnús Pálsson. Einnig verður flutt Sinfónía nr. 9 eftir Dvorák, „Frá nýja heiminum".

Á aðventunni gengur hljómsveitin til samstarfs við kór Neskirkju og flytur Messías eftir Händel. Eftir áramót verða þrennir tónleikar og leikin verk eftir Haydn, Samuel Barber, Bach, Mozart, Mendelssohn, Dvorák og Brahms, meðal annarra. Einnig verður



**TÓNLIST** Sinfóníuhljómsveit áhugamanna er að hefja æfingar og hana vantar strengjaleikara. MYND/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT

leikinn konsert fyrir pákur eftir átjándu aldar tónskáldið Georg Druschetzky, og verður það í fyrsta sinn sem þetta verk er flutt hér á landi. Einleikari verður Frank Aarnink.

Gunnar Kvaran sellóleikari mun leika einleik með hljómsveitinni í maí og Michael Clarke verður einsöngvari á tónleikum í mars. Aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar er Oliver Kentish.

Æfingar eru eitt kvöld í hverri viku, á þriðjudagskvöldum frá hálfátta til tíu, og fara fram í Seltjarnarneskirkju. Hljómsveitin getur bætt við sig hljóðfæraleikurum, einkum í strengjadeildum. Þeir sem áhuga hafa geta haft samband við stjórnandann, Oliver Kentish, eða einfaldlega mætt á æfingu og athugað málið á þriðjudagskvöld.

- pbb

# GALOPIÐ HÚS

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Það verður líf, fjör og ekta leikhússtemning fyrir alla í fjölskyldunni

## í dag kl. 13–16

**Leikárið 2009–2010**
Kynning á verkum vetrarins

**Oliver!**
Skráning í áheyrnarprufur í Leikhúskjallara

**Skyggnst á bakvið tjöldin**
Skoðunarferðir baksviðs kl. 13.00–15.40

**Andlitsmálun og búningamátun**
Fyrir prinsa og prinsessur!

**Vinnusmiðja**
Fræðsludeild á Leikhúsloftinu

**Fíasól**
Hvernig verður Fíasól til?

**Leikhústöfrar á Stóra sviðinu**
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna kl. 13.45 og 15.00

**Búningauppboð á Stóra sviðinu**
Kl. 15.00

**Ræningjarnir úr Kardemommubæ grilla!**





## ER OLIVER! Í ÞINNI FJÖLSKYLDU?

**Skráning í áheyrnaprufur kl. 13–16 í dag.**
Við leitum að rúmlega 20 strákum á aldrinum 8–13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum OLIVER! Selma leikstjóri stjórnar skráningunni.

**Búningauppboð kl. 15 – hin 5 fræknu**

Kóngurinn í Hamlet, Smirnoffdrottningin úr Ástin er diskó, Bakaradrengurinn úr Dýrunum í Hálsaskógi, Soffía frænka úr Kardemommubænum, Gréta úr Skilaboðaskjóðunni... **þú gætir eignast draumabúninginn!**

FJÖGURRA SÝNINGA LEIKHÚSKORT KOSTAR AÐEINS **9.900** KR.
BÓKIN UM **FRIDU KAHLO** FYLGIR HVERJU LEIKHÚSKORTI Í DAG!

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**



*Drengjakór Reykjavíkur með tónleika í Montserrat klaustrinu á Spáni, sumarið 2008*

**DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR Í HALLGRÍMSKIRKJU**

- auglýsir eftir áhugasömum kórdrengjum - Drengjakórinn 9-12 ára. Undirbúningsdeild 7-8 ára. Inntökupróf fara fram í Hallgrímskirkju mánudaginn 31. ágúst frá kl. 17.00-19.00

**Nánari uppl. www.drengjakor.is og s. 896-4914**




GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009



**Vissir þú...**
**að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir veislur, fundi, ráðstefnur og námskeið?**
Einstaklega notalegt umhverfi og gott næði.
Kynnið ykkur þjónustuna á www.gerduberg.is



**Fundarherbergi** fyrir minni fundi, 8 - 20 manns.
**A-salur** 80 -100 manns við borð eða 120 manns í sæti. Upphækkanlegt svið og því tilvalinn fyrir tónleikahald, leiksýningar, fyrirlestra og veislur.
**B-salur** 40 manns við borð, hentar vel fyrir ýmiskonar námskeið.

Gallerý fiskur
**Gallerý fiskur í Gerðubergi**
Ljúffengur heitur matur í hádeginu alla virka daga, hlaðborð, súpa og salat.
Veisluþjónusta, upplýsingar á www.galleryfiskur.is

Sýningar

**Sögur án orða**
*Ólöf Erla Einarsdóttir* sýnir listrænt endurskapaðar ljósmyndir.
**Í fréttum var þetta helst**
**Halldór Baldursson** sýnir skopmyndateikningar frá árunum 2007-2009.
**Landið í lit**
**Guðráður Jóhannsson** sýnir málverk og teikningar.
**Athugið að lokað er um helgar í ágúst.**

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17
Leiðsögn fyrir hópa | Netfang: gerduberg@reykjavik.is
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

# Þau þrettán bestu saman

**Þegar kom að því að Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og blaðamaður, fór að velja tíu bestu ljósmyndara Íslands lenti hann fljótt í vanda. Og á endanum urðu þeir þrettán. Tiltækið kom upp í samstarfi Einars við Hannes Sigurðsson, safnstjóra Listasafns Akureyrar.**



**LJÓSMYNDIR** Ein mynda Sigfúsar Eymundssonar á sýningunni úr safni hans hjá Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Hún er tekin í fjörunni í Reykjavík um 1875.
MYND ÞJÓÐMINJASAFN/SIGFÚS EYMUNDSSON

Á Akureyrarvöku í dag kl. 15 verður sýningin „Úrvalið: íslenskar ljósmyndir 1866-2009“ opnuð í Listasafninu á Akureyri. Einar Falur hefur valið verk eftir þrettán kollega sína á sýninguna, og skrifar jafnframt um þá, sem og rökin fyrir vali sínu, í texta sem birtist í vandaðri sýningarskrá. Er þetta í fyrsta sinn sem tilraun er gerð til þess að gefa markvisst yfirlit á einni sýningu yfir sögu skapandi ljósmyndunar hér á landi, frá upphafi til dagsins í dag.

Á sýningunni eru verk níu látinna ljósmyndara og fjögurra sem enn starfa. Sýningarstjórinn setti sér þau mörk að velja ekki verk ljósmyndara sem fæddir eru eftir 1960 og einungis fólk sem gerði ljósmyndun að ævistarfi og starfaði því við fagið um langt skeið. Verk ellefu karlmanna og tveggja kvenna eru á sýningunni, en fram á síðustu áratugi heyrði það til undantekninga að konur störfuðu markvisst við ljósmyndun lengur en í örfá ár.

Ljósmyndararnir eru: Sigfús Eymundsson, Nicoline Waywadt, Magnús Ólafsson, Pétur Brynjólfsson, Sigríður Zoëga, Jón Kaldal, Ólafur Magnússon, Vigfús Sigurgeirsson, Ólafur K. Magnússon, Guðmundur Ingólfsson, Sigurgeir Sigurjónsson, Ragnar Axelsson og Páll Stefánsson.

Sigfús Eymundsson (1837–1911) kom heim til Íslands árið 1866 eftir að hafa lokið ljósmyndanámi í Noregi. „Sagt hefur verið að heimkoma Sigfúsar marki þáttaskil. Hann var fyrsti íslenski ljósmyndarinn sem náði að gera ljósmyndun að lífsstarfi – og var frábær ljósmyndari, einn sá allra merkilegasti sem hér hefur starfað, til þessa dags,“ skrifar Einar Falur í sýningarskrá.

„Hvað gerir ljósmynd góða?“ spyr hann. „Eða áhrifamikla? Hvaða ljósmyndari er góður og hver síðri? Þar koma margir þættir inn. Fagurfræðilegt mat, sem er huglægt og persónulegt, skiptir líklega mestu þegar myndverk eru metin út frá formrænum eigindum sínum. Og vissulega þarf að setja sköpunarverkin í sögulegt samhengi. Hugsa um stefnur og strauma í tímanum, hugmyndafræði í listum yfirleitt og afstöðu listamannanna – ljósmyndaranna. Það þarf einnig að skoða heildarverkið. Hvað liggur eftir ljósmyndarana? Náðu þeir, og jafnvel fyrir tilviljun, nokkrum góðum myndum, en voru annars bara þokkalegir iðnaðarmenn? Eða lögðu þeir mikinn metnað í sköpunina, stefndu að því að skapa einstæð myndverk? Það eru slíkir gripir sem við viljum sjá, myndir sem láta okkur staldra við og benda: svona var þetta og enginn gat sýnt það betur.“

Í vali sínu á ljósmyndurum og myndum þeirra beinir Einar Falur einkum sjónum að manninum, mannlífi og hinu manngerða í umhverfinu. Hann segir að ekki sé þó hægt að líta fram hjá því að hér hefur ætíð búið fátt fólk í stóru og margbrotnu landi, og náttúru- og landslagsljósmyndun hefur skipað stærri sess hér en víðast hvar. „Ljósmyndavélin gerir það sama á Íslandi og annarsstaðar. Þetta er aðeins skráningartæki. Það eru afstaða og sýn ljósmyndarans á heiminn sem skipta öllu máli.“

Val á sýningu sem þessa er erfitt, ekki síst í ljósi þess að söfn sumra þessara ljósmyndara eru enn ekki að fullu könnuð: þannig hafa myndir Kaldals aðrar en hin þekktu portrett hans ekki verið kannaðar að gagni. Má í því sambandi nefna myndir hans frá Héraðsskólanum á Laugarvatni á þriðja áratugnum sem eru ólíkar því sem hann er kunnastur fyrir. Ekki eru því öll kurl komin til grafar í íslenskri ljósmyndasögu.

Ljósmyndirnar á sýningunni í Listasafninu á Akureyri eru í eigu Ljósmyndasafns Íslands, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Morgunblaðsins og ljósmyndaranna. Sýningin er gerð í sérstöku samstarfi við bókaútgáfuna Sögur ehf. og Þjóðminjasafn Íslands. Sýningin stendur til 18. október. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17. Ókeypis aðgangur er í boði Akureyrarbæjar.

**pbb@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 29. ágúst 2009

**→ Tónleikar**

**22.00** Hljómsveit **Ingu Eydal** flytur gömul Akureyrarlög á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. **Aðgangur er ókeypis.**

**22.00** Hrund Ósk Árnadóttir, Gulli Briem, Kjartan Valdimars og Pálmi Gunn. flytja rólega og blúsaða tónlist á 1. árs afmæli veitingastaðarins **Kryddlegin hjörtu** við Skúlagötu.

**→ Töðugjöld**



Í Viðey verður fagnað Töðugjöldum með fjölbreyttri dagskrá. Grænmetismarkaður, víðavangsleikur, dansleikur o.fl. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.reykjavik.is.**

**→ Artfart**

**21.00** Leikverkið Rándýr í leikstjórn Heiðars Sumarliðasonar verður flutt í Leikhúsbatteríinu við Hafnarstræti 1. Sýningin er hluti af artFart háðinni sem nú stendur yfir. Nánari upplýsingar á **www. artfart.is.**

**→ Landbúnaðarsýning**

Hátt í 50 fyrirtæki verða með sýningarbása á **Landbúnaðarsýningu** sem fram fer í Reiðhöllinni við Vindás í Borganesi um helgina. Nánari upplýsingar og dagskrá á http://reidholl.123.is.

**→ Opið hús**

**Heilsudrekinn** og **Wu-Shu** félag Reykjavíkur verða með opið hús að Skeifunni 3J milli kl. 9 og 16. Frí ráðgjöf í kínverskri heilsumeðferð, Tai Chu og Kung-Fu, kínverskt heilsu te o.fl.

**→ Síðustu Forvöð**

Sýningunni **„Frá Unuhúsi til áttunda strætis“** á Kjarvalsstöðum við Flókagötu, lýkur á sunnudag. Verk Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasardóttur ásamt verkum eftir samtímamenn þeirra í New York. Opið kl. 10-17.

Skartgripasýningu útskriftanema í **gullsmíði** sem stendur yfir í Suðurgötuhúsinu í Árbæjarsafni, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 10-17.

**→ Dansleikir**

**Már & Nielsen og Dj Combó** af gamla skólanum á Jacobsen við Austurstræti 9.

Hljómsveitin **Á móti sól** verður á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

**Papar og Egó** verða í íþróttahúsinu Varmá í Mosfellsbæ.

**→ Leiðsögn**



**Dóra Árnadóttir** verður með leiðsögn um sýninguna **„mín sýn“** í Listasal Iðu við Lækjargötu 2, milli kl. 12-15. Sýningin er opin alla daga kl. 9-22.

**→ Fjölskylduhátíð**

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar laugardag og sunnudag. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.mosfellsbaer.is.**

Akureyrarvaka á Akureyri: tónleikar, sirkus, ópera, sýningar og margt fleira. Dagskrá og nánari upplýsingar á **www.visitakureyri.is**



**Mímir** - vináttufélag Vesturbæjar safnar fyrir fiskabúri sem standa á í anddyri **Vesturbæjarlaugar**. Í tilefni af því verður fjölskylduhátíð við og lauginni milli kl. 14-16. Fjölmargir listamenn koma fram og boðið verður upp á sælgæti og leiktæki fyrir börnin.

### Sunnudagur 30. ágúst 2009

**→ Tónleikar**

**16.00** **Einar Jóhannesson** klarínettuleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari flytja verk eftir W.A. Mozart, Gerald Finzi og Áskel Másson á tónleikum í Gljúfrastein, húsi Skáldsins í **Mosfellsdal.**

**20.00** Á tónleikum á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu munu koma fram fjórtán hljóðfæraleikarar sem flytja verk Áskels Mássonar.

**→ Artfart**



**21.00** Leikverkið Rándýr í leikstjórn Heiðars Sumarliðasonar verður flutt í **Leikhúsbatteríinu** við Hafnarstræti 1. Sýningin er hluti af artFart háðinni sem nú stendur yfir. Nánari upplýsingar á **www.artfart.is.**

**→ Dansleikir**

Danleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að Stangarhyl 4 kl. 20-23.30. **Borgartríó leikur fyrir dansi.**

**→ Burstabær**

**Burstabærinn Krókur** á Garðaholti í Garðabæ verður opinn milli kl. 13 og 17. Í Króki má sjá húsakost alþýðufólks á þessum landshluta á fyrri hluta 20. aldar. Krókur er í nágrenni samkomuhússins í Garðaholti. **Aðgangur er ókeypis.**

**→ Leiðsögn**

**14.00** **Guðrún Ásmundsdóttir** leikkona og **Ólöf Arnalds** söngkona verða með fjölskylduleiðsögn um sýninguna Rím sem nú stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtúni. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


Söngva Seiður
Alparós
frá Kjörís
Söngva Seiður
Alparós
4 stk.
Kjörís
Vanilluís með jarðarberjasultu & súkkulaði
Vanilluís með
jarðarberjasultu og súkkulaði
Kjörís
Ert þú búinn að tryggja þér miða á söngleikinn sem allur heimurinn elskar?
www.borgarleikhusid.is

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Nýr KronKron-diskur** Mixdiskur númer þrjú í Smirnoff/KronKron-röðinni kemur út í dag en að þessu sinni er stefnan tekin á tónlist frá New York. Það eru plötusnúðarnir B-Ruff og Gísli Galdur sem standa fyrir herlegheitunum en í tilefni alls þessa er partí í KronKron í kvöld sem síðar færist yfir á Prikið.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



Æðislegt sólarpúður með glimmeri til að viðhalda frískleika sumarsins frá Mac.






Húðlínuna frá Bobbi Brown sem er einföld og einstaklega árangursrík. Fæst í Smáralind og Kringlunni.




Nýja maskarann frá Helenu Rubinstein sem gerir augun virkilega kisulóruleg.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# Tvist, rokk og ról

Eftir smávangaveltur um hvaða tískuæði gripi Íslendinga í vetur tók ég næstum hopp af gleði þegar sannleikurinn rann upp fyrir mér. Haustið og veturinn 2009 verður rokkabillíveturinn mikli. Ótrúlegt en satt, og óháð almennum tískubylgjum erlendis, hafa landar minir tekið við sér og gripið á lofti tískuna sem hefur sniglast meðfram jaðrinum síðustu fimmtíu ár. Allt í einu eru að spretta upp tvist-kvöld, rokkabillíkvöld og meira að segja rokkabillíbúðir í höfuðborginni! Hvílík helber snilld. Ég varð að vísu fyrir vægum vonbrigðum á rokkabillíkvöldi á bar um daginn þegar plötusnúðar spiluðu aðallega Elvis og Buddy Holly en fyrir mér er slíkt bara klassískt rokk. Rokkabillí er að vísu tónlist sem fyrst kom fram á sjónarsviðið á sjötta áratugnum en hún var svo endurvakin undir lok áttunda og byrjun níunda áratugarins þegar Alan Vega og Stray Cats meðal annars byrjuðu að spila hana. Slíkt kallaðist „Rockabilly revival“ og er enn í fullum gangi.



**ROKKABILLÍ PIN-UP** Bernie Dexter var pottþétt alltaf hress.

Nú, en fyrst rokkabillí- og tvistkvöld virðast ætla að verða gífurlega vinsæl á næstu mánuðum er eins gott að vera með lúkkið nokkurn veginn á hreinu. Klassíska rokkabillídressið fyrir stúlkur er auðvitað víðu pilsin, rauður varalitur og hár í háu tagli. Fallegir „pin-up“-kjólar, köflóttar þröngar kúrekaskyrtur og blóm í hárið virka líka. Töffaralegra rokkabillí er þó klárlega að fara í svartan mótorhjólaleðurjakka,gallabuxur, támjóa skó og jafnvel svala túperaða hárgreiðslu við rauðar varir og svört Ray Ban-gleraugu. Svo er bara að skella laginu Jukebox Babe á fóninn og vera alltaf hress.



**TÖFF** Grár stuttur samfestingur við sokkabuxur.



**SILFUR** Sexý samfestingur úr skínandi silfurefni.



**GLÆSILEGT** Svört kapa með hvítri bryddingu við víðar flauelsbuxur.



**DRAMATÍSKT** Kjóll og leggings úr málmi sem minna á kvikmyndabúning.

JEAN-PAUL GAULTIER HEIÐRAR STJÖRNUR HVÍTA TJALDSINS

# HIN GULLNU ÁR HOLLYWOOD-STJARNANNA

Franski snillingurinn Jean-Paul Gaultier sótti innblástur til frægra kvikmyndastjarna fyrr á tímum þegar hann skapaði glæsilega línu fyrir haust og vetur 2009. Stjörnur eins og Brigitte Bardot og Marlene Dietrich voru honum ofarlega í huga og tókst honum að endurskapa glys og glamúr þann sem einkenndi kynbombur fyrri áratuga. Fatnaðurinn einkenndist af síðum aðsniðnum kjólum, glæsilegum kápum og gylltum áherslum. Einnig voru hárgreiðslur og förðun einstaklega vel útfærð en slíkum stíl má ná með því að nota Carmen-rúllur og rauðan varalit. - amb



**GALA** Síður svartur kjóll með klauf með hvítri chiffon-slá yfir.

**KVENLEGT** Dásamlega vel sniðinn svartur kjóll.

**GYLLTUR GLAMÚR** Stuttur kjóll við gráar sokkabuxur og loðfeld.



# Krossgátur, kókaínkúrekar,

## línudans, sterar, einræði og stríðsmenn ruslsins




Bigger Stronger Faster




Boy A




Cocaine Cowboys 2




Die Welle




Garbage Warrior




Man on Wire




Not Quite Hollywood




Slacker Rising




Wordplay




Young at Heart

**10 gæðamyndir nú fáanlegar til leigu og sölu á DVD í Videohöllinni**

VIDEOHÖLLIN
LÁGMÚLA 7 • SÍMI 568-5333

græna ljósið

> AFTUR Í MEÐFERÐ

Melanie Griffith hefur skráð sig í meðferð á Cirque Lodge-meðferðarheimilinu í Utah. Griffith, sem er gift leikaranum Antonio Banderas, fór í meðferð árið 2000 við fíkn á lyfseðilsskyldum lyfjum sem hún fékk í kjölfar meiðsla. Talsmaður Griffith segir meðferðina núna hins vegar vera hluta af heilsufarsplani sem leikkonan gerði í samráði við lækni og sé einungis ætluð til að viðhalda heilbrigðum lífsstíl.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Menntamálaráðherra til Toronto

„Íslenskir skattgreiðendur borga ekki krónu heldur borgar norræna ráðherranefndin brúsann,“ segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Hún er á leið til Toronto á kvikmyndahátíðina þar í borg til að kynna og veita norrænni kvikmyndagerð brautargengi. Íslendingar eru í forsæti fyrir norrænu ráðherranefndina í ár og var Katrín beðin um að mæta á vegum hennar til Toronto. „Já, til að sýna að stjórnvöld styddu nú rækilega við bakið á norrænni kvikmyndagerð. Enda skilst mér að það sé mjög mikið af merkilegum myndum frá Norðurlöndunum þetta árið,“ segir Katrín. Og það má til sanns vegar færa; Anti-Christ eftir Lars von Trier, The Good Heart eftir Dag Kára og svo auðvitað Sólskinsdrengurinn í leikstjórn Friðriks Þórs þar sem Kate Winslet verður sögumaður.

Katrín viðurkennir að hún hafi aldrei komið vestur um haf, verandi vinstra megin í hinu pólitíska litrófi hefur Norður-Ameríka ekkert heillað neitt sérstaklega. Þetta sé því í raun tímamótaferð í hennar lífi. Og svo skemmtilega vill til að menntamálaráðherra verður að öllum líkindum í loftinu 11. september, þegar öryggisgæsla verður í hámarki enda dagsetningin meitluð í stein vegna árásanna á Tvíburaturnana fyrir átta árum. „Já, þetta verður hressandi,“ segir Katrín, sem viðurkennir þó að hún sé spennt fyrir Kanadaferðinni. „Mér skilst að þarna séu sóknarfæri fyrir norræna kvikmyndagerð, að koma henni á framfæri við hinn vestræna heim og það er bara gaman að fá að taka þátt í því.“



**Á LEIÐ TIL NORÐUR-AMERÍKU** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra mun kynna íslenskar og norrænar kvikmyndir á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.




Ég hef hafið störf
á tannlæknastofunni
í Vesturturni Glæsibæjar
4.hæð, Álfheimum 74

Tímapantanir
í síma: 561 3130

Vilhelm Grétar Ólafsson, tannlæknir


# Áhöfnin á Halastjörnunni snýr aftur eftir 25 ára hlé

**Áhöfnin á Halastjörnunni, sem er skipuð þeim Gylfa Ægissyni, Hemma Gunn og Ara Jónssyni, hélt tónleika á Kringlukránni í gærkvöldi og ætla þeir félagar að endurtaka leikinn í kvöld. Á efnisskránni eru slagarar á borð við Stolt siglir fleyið mitt og Ég hvísla yfir hafið.**

„Fyrir 25 árum komum við í eina skiptið fram opinberlega í Búðardal. Síðan gerðum við ekkert í málinu fyrr en eftir minningartónleikana hjá Rúnari Júl, sem var útgerðarmaður og skipstjóri,“ segir Hemmi Gunn um endurkomu Áhafnarinnar á Halastjörnunni á Kringlukránni í kvöld. „Við tókum létta æfingu fyrir tveimur mánuðum í Keflavík til að kanna hvort endurkoma væri möguleg og það reyndist vera. Þetta byggist allt á léttum anda. Gylfi er svo ótrúlega skemmtileg týpa, svo „orginal“.“

Áhöfnin æfði saman á fimmtudaginn og að sögn Hemma var hlegið stanslaust í tvo tíma. „Þetta eru lög sem allir þekkja. Það er svo mikill aragrúi góðra laga sem kallinn hefur samið,“ segir hann og útilokar ekki að sveitin haldi áfram að spila. „Ef þetta gengur vel ætlum við að halda því opnu því við höfum svo mest gaman af þessu sjálfir.“

Stutt er síðan Áhöfnin atti kappi við Sigur Rós í spurningaþættinum Popppunkti á RÚV þar sem léttleikinn var sjálfsögðu í fyrirrúmi. „Þeir höfðu rosalega gaman af þessu,“ segir Hemmi um Sigur Rós. „Þetta er sá þáttur sem hefur verið mest „dánlódaður“ úr Ríkisútvarpinu, úti um allan heim. Við viljum meina að það sé út af okkur,“ segir hann og skellihlær.



**ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI** Ari Jónsson, Gylfi Ægisson og Hemmi Gunn skipa hljómsveitina Áhöfnina á Halastjörnunni sem leikur á Kringlukránni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

freyr@frettabladid.is





Það eru sjö leikir
í Pepsi-deild karla á næstunni

| | | | |
|---|---|---|---|
| lau. 29. ágú. | 16:00 | ÍBV - Valur | Hásteinsvöllur |
| lau. 29. ágú. | 16:00 | Fjölnir - Keflavík | Fjölnisvöllur |
| sun. 30. ágú. | 18:00 | KR - Fram | KR-völlur |
| mán. 31. ágú. | 18:00 | Grindavík - Fylkir | Grindavíkurvöllur |
| mán. 31. ágú. | 18:00 | Stjarnan - Breiðablik | Stjörnuvöllur |
| mán. 31. ágú. | 18:00 | Þróttur R. - FH | Valbjarnarvöllur |
| fim. 03. sep. | 18:00 | Grindavík - ÍBV | Grindavíkurvöllur |




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Sundlaugarpartí í Vesturbæ

Vesturbæingar eru nú á endaspretti söfnunar fyrir nýju fiskabúri í anddyri Vesturbæjarlaugarinnar. Mímir – Vináttufélag Vesturbæjar stendur að söfnuninni sem lýkur með veglegri fjölskylduhátíð í lauginni í dag.

„Við erum hópur Vesturbæinga sem störfum undir nafninu Mímir – Vináttufélag Vesturbæjar. Þegar Vesturbæjarlaugin var reist á sínum tíma þá var byggt risastórt fiskabúr í anddyri laugarinnar. Það búr var tekið niður fyrir tæpum þrjátíu árum síðan því það var orðið of mikið umstang í kringum umhirðu þess. Á fundum okkar Mímismanna fór fortíðarþráin að gera vart við sig og við ákváðum að endurreisa þetta fiskabúr með aðstoð Vesturbæinga,“ segir Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður Mímis.

Söfnunin hefur staðið síðan í júlí og er markmið hennar að safna nægu fé til að reisa nýtt og fullbúið fiskabúr. Að sögn Einars Gunnars hefur þó nokkuð fé safnast nú þegar. „Stefnan er að safna einni milljón og við erum nokkuð hálfnuð með það. Söfnunin er líka ákveðið afturhvarf til þess tíma þegar íbúar létu sjálfir af hendi rakna til að auðga umhverfi sitt því upprunalega fiskabúrið var byggt fyrir samskotafé íbúa hverfisins.



**SAFNA FYRIR FISKABÚRI** Einar Gunnar er einn þeirra sem standa fyrir söfnun á nýju fiskabúri í anddyri Vesturbæjarlaugar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Listamennirnir sem taka þátt í hátíðarhöldunum á morgun eru allir að gefa vinnu sína og eru allir Vesturbæingar eða fastagestir laugarinnar,“ segir Einar Gunnar. Meðal þeirra sem munu stíga á stokk og skemmta gestum eru hluti hljómsveitarinnar Ný danskrar, Lay Low og Ólöf Arnalds auk annarra.

„Við hvetjum auðvitað alla til að koma og mæta í sund og njóta dagsins með okkur. Þeir sem ekki vilja fara ofan í laugina geta tyllt sér á svæðið í kringum laugina og notið umhverfisins og tónlistarinnar.“ Dagskráin hefst klukkan 14 og stendur til klukkan 16. **- sm**

# Geir í rauða hverfinu í Mosó

Öll hverfi Mosfellsbæjar verða skreytt mismunandi litum á hinni árlegu bæjarhátíð sem hófst í gær og lýkur á morgun. Litirnir verða bleikir, bláir, gulir og rauðir eftir því um hvaða hverfi er að ræða. „Það var gaman að keyra um sveitina í gærkvöldi [fimmtudagskvöld] og sjá samstöðuna í fólki að skreyta. Menn fara sumir hamförum í þessu, sérstaklega í gula hverfinu. Það verður tvímælalaust mest skreytt þar,“ segir Davíð Þór Einarsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, sem sjálfur býr í rauða hverfinu. „Það er mjög góð tilfinning að vera í rauða hverfinu,“ segir hann og hlær. „Þetta er þriðja árið í röð sem við förum af stað með svona litadæmi og það hefur alltaf verið meiri og meiri þátttaka.“

Í einu húsi í rauða hverfinu býr Helena Kristinsdóttir framleiðandi. Skreytingin þar er heldur óvenjuleg því sjálfur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, mun sitja á veröndinni fyrir framan húsið alla hátíðina, eða réttara sagt staðgengill hans. „Það hefur ekkert heyrst af honum undanfarið þannig að við ákváðum að leyfa honum að taka þátt. Við ætlum að vera með partí í götunni fyrir framan húsið og hann ætlar að vera með. Það náðist ekki í hann persónulega og þess vegna ætlum við að hafa staðgengil,“ segir Helena.

Dómnefnd mun skera úr um fallegustu húsin í hverjum lit fyrir sig og í verðlaun verður heiðurinn sem hlýst af því að verða fyrir valinu. - fb



**Í RAUÐA HVERFINU** „Geir H. Haarde“ unir sér greinilega vel í rauða hverfinu í Mosfellsbæ.

# Túnfiskís í boði

Árleg íshátíð á vegum Kjöríss í Hveragerði verður haldin í dag. Hátíðin er haldin í tengslum við Blómstrandi daga í Hveragerði en verður stærri í sniðum en venjulega vegna fjörutíu ára afmælis Kjöríss.

Hápunktur Ísdagsins er Ólíkindabragðið svokallaða þar sem fólki gefst kostur á að bragða ís með heldur óvenjulegu innihaldi og má þar nefna túnfiskís, bjórís og kókosbolluís. Gestum verður einnig boðið að taka þátt í smökkunarleik þar sem vegleg verðlaun eru í boði.

„Einum starfsmanni Kjöríss datt þetta í hug í fyrsta sinn sem við héldum Ísdaginn hátíðlega. Þetta er í raun þungamiðja hátíðarinnar. Ég hef smakkað allar þessar bragðtegundir sjálf og finnst túnfiskísinn persónulega mjög góður, en mér þykir líka túnfiskur góður á bragðið. Hingað geta menn komið og borðað eins mikinn ís og þeir geta í sig látið þannig að ég vona að sem flestir komi og njóti dagsins með okkur,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss.

Hátíðin hefst klukkan 13.30 í dag og stendur til klukkan 18.00. - sm



**ÍSDAGURINN MIKLI** Á Ísdeginum gefst fólki kostur á að bragða ís með óvenjulegu innihaldi líkt og túnfiskís.



**UMA THURMAN** Leikkonan snjalla hefur tekið að sér aðalhlutverkið í myndinni Girl Soldier.

# Thurman í Girl Soldier

**Uma Thurman hefur tekið að sér aðalhlutverkið í myndinni Girl Soldier sem Will Raee mun leikstýra. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um alræmda uppreisnarmenn í Úganda sem námu á brott yfir eitt hundrað skólastúlkur. Uma mun leika nunnu sem eltir uppreisnarmennina og hjálpar nokkrum stúlkum að komast undan. Myndin er byggð á samnefndri bók eftir Grace Akallo, sem er ein þeirra sem voru handsamaðar. „Þetta er ótrúleg saga sem hristir rækilega upp í manni,“ sagði leikstjórinn Raee.**

# Foo Fighters með safnplötu

**Rokkararnar í Foo Fighters ætla að gefa út nýja safnplötu síðar á þessu ári. Platan nefnist einfaldlega Greatest Hits og kemur út 2. nóvember. Á henni verða lög af fjórtán ára ferli Dave Grohl og félaga auk að minnsta kosti tveggja nýrra laga. Þau eru Wheels, sem hljómsveitin frumflutti í grillveislu Baracks Obama í Hvíta húsinu 4. júlí, og Word Forward. Á meðal annarra laga á plötunni verða The Pretender, All My Life, Learn to Fly, Best of You, Times Like These, My Hero og Everlong.**



**DAVE GROHL** Rokkararnir í Foo Fighters gefa út safnplötu 2. nóvember næstkomandi.



# Hreinskilin á nýrri plötu

**Næsta plata söngkonunnar Avril Lavigne, sem kemur út í nóvember, verður nokkuð öðruvísi en hennar síðustu verk. Lavigne leitaði inn á við til að finna rétta hljóminn, hrátt rokk verður í fyrirrúmi, knúið áfram af kassagítarspili. Beint framhald af smáskífulagi hennar Girlfriend frá árinu 2004 er ekki inni í myndinni. „Þessi plata snýst um lífið sjálft,“ sagði Lavigne í viðtali við Rolling Stone. „Það er auðvelt fyrir mig að semja popplag sem fjallar um að lemja stráka en að syngja á hreinskilinn hátt um eitthvað sem ég hef sjálf lent í, er allt annað mál.“**

# Stofnar nýja söngleikjadeild

„Það er skrítið að þetta skuli ekki vera komið fyrr miðað við vinsældirnar á þessu leiklistarlistarformi,“ segir Ívar Helgason, söngvari, leikari og dansari. Ívar mun sjá um nýja söngleikjadeild innan Söngskólans í Reykjavík í haust í fyrsta sinn og verða áheyrnarprufur haldnar 2. september.

„Þegar ég kom heim fyrir tveimur árum, eftir að hafa búið úti í sex ár og unnið við söngleiki í Austurríki, Þýskalandi, Sviss og Ítalíu, var ég búinn að plana að opna Söngleikjaskóla Íslands í Hafnafirði. Ég var búinn að vera að vinna að því í samvinnu við Flensborgarskólann, en út af aðstæðum í dag var það bara komið í frystinn. Ég dreif mig í söngkennaranám í Söngskólanum í Reykjavík því ég vildi vera með kennararéttindi og í sumar talaði svo Dagrún Hjartardóttir við mig fyrir hönd Garðars Cortes því þau sáu sér tækifæri til að bæta við námsframboð skólans,“ útskýrir Ívar. Söngleikjadeildin miðast við framhaldsskólaaldur. „Við erum náttúrlega bara að koma þessu af stað, en við stefnum á að þetta verði fjögurra ára nám með viðtækum efnistökum. Það eru engin skilyrði um fyrra nám eða reynslu, en við biðjum fólk að undirbúa eitt til tvö lög til flutnings í áheyrnarprufunum og svo verðum við með smá hreyfingar þar sem allir dansa saman.“ Áhugasamir geta skráð sig í gegnum heimasíðuna songskolinn.is. **- ag**



**SÖNGUR, DANS OG LEIKLIST** Ívar mun sjá um söngleikjadeildina í Söngskólanum, en ásamt honum hafa Kjartan Valdemarsson tónlistarstjóri, Sibylle Köll danshöfundur og Dagrún Hjartardóttir umsjón með söngkennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**KOURTNEY KARDASHIAN** Mjög stressuð í kringum börn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kvíðir bleiuskiptingum

**Raunveruleikastjarnan Kourtney Kardashian, sem á von á sínu fyrsta barni í desember, segist kvíða því einna mest að þurfa að skipta um bleiur. „Ég man ekki eftir því að hafa nokkurn tímann skipt um bleiu áður. Ætli ég hafi ekki einhvern tímann hjálpað til með yngri systkini mín, en ég man það ekki. Ég var orðin sextán ára þegar yngstu systur mínar fæddust og hafði um annað að hugsa þá,“ segir stúlkan í viðtali við sjónvarpsstöðina E!. Hún þarf þó ekki að óttast því að að hennar sögn þá er systir hennar, Khloé Kardashian, mjög lagin við börn. „Khloé kann þetta allt. Hún kann að halda á börnum og leika við þau og börn eru mjög hænd að henni. Ég aftur á móti verð mjög stressuð í kringum börn, mér finnst þau svo brothætt.“**

# Ný tegund af PlayStation 3

Ný tegund af PlayStation 3-tölvunni kemur út 1. september. Harði diskurinn hefur verið stækkaður úr 80 GB yfir í 120 GB og öll innri hönnun vélarinnar hefur verið tekin í gegn, sem skilar sér í léttara og minna umfangi. Miðað við fyrstu útgáfu PlayStation 3-tölvunnar er þessi um það bil 35 prósentum minni og léttari og þar að auki eyðir hún þrjátíu prósentum minna rafmagni. Síðan PS3-tölvan kom út í mars 2007 hafa verið framleiddir fyrir hana rúmlega eitt þúsund leikir og fer sú tala hækkandi með hverjum mánuðinum. Á meðal væntanlegra titla eru Gran Turismo 5, God of War 3 og EyePet.



**MICKEY ROURKE** Leikarinn kennir sjálfum sér um að hafa verið fjarri sviðsljósinu í áratug.

# Hnefaleikar hjálpuðu til

**Leikarinn Mickey Rourke kennir sjálfum sér um að hafa verið fjarri sviðsljósinu í rúman áratug. „Það er betra að vinna ekki heldur en að vinna og vera á sama tíma öllum gleymdur. Ég var núll og nix í tólf til þrettán ár. Manni líður hryllilega og er ekki lengur við stjórnvölinn,“ sagði Rourke, sem átti frábæra endurkomu í myndinni The Wrestler. Hann segir að hnefaleikaiðkun sín hafi hjálpað sér að koma undir sig fótunum á nýjan leik. „Íþróttirnar komu mér í rétt hugarástand og fengu mig til að halda áfram og gefast ekki upp. Mér fannst ballið ekki vera búið.“**



# Teiknari á uppleið í Kaupmannahöfn

Jón Kristján Kristinsson er ungur teiknari sem býr í Kaupmannahöfn og rekur þar fyrirtækið Framebender auk fjögurra annarra. „Fyrirtækið er aðeins tveggja mánaða gamalt en við höfum haft nóg að gera síðan við komum þessu á laggirnar og höfum meðal annars gert auglýsingar fyrir veitingastaðinn Jensens bøfhus og fyrir Hróarskelduhátíðina. Núna erum við einnig að vinna að tónlistarmyndbandi fyrir íslensku hljómsveitina Valrós,“ segir Jón Kristján, en hann og söngvari hljómsveitarinnar eru gamlir vinir. „Þetta var uppástunga frá hljómsveitarmeðlimum og ég ákvað að slá til. Lagið kallast Millionaire og mun myndbandið fjalla um milljónarmæring sem vill kaupa hvað sem er handa konu sinni. Stíllinn verður svolítið gamaldags og í anda teiknimynda á borð við Tomma og Jenna og Bleika pardusinn.“

Jón Kristján segir vinnuna við myndbandið vera mjög tímafreka, enda þurfi að teikna hvern ramma fyrir sig. „Þar sem við gerum þetta ekki í þrívídd þá þarf að teikna ramma fyrir ramma, þannig að það getur tekið okkur allt að tvo mánuði að teikna einnar mínútu mynd.“



**LANGAR AÐ GEFA ÚT BÓK** Jón Kristján rekur fyrirtæki í Kaupmannahöfn sem býr til teiknimyndir.

Aðspurður segist Jón Kristján hafa mikinn áhuga á að gera teiknimyndasögu í framtíðinni og gefa út í bókarformi. Áður hefur hann hlotið fyrstu verðlaun í myndasögukeppni á vegum DR.dk, en sú saga fjallaði um búsáhöld. „Ég tók þátt í teiknimyndakeppni fyrir tveimur árum síðan og hlaut fyrstu verðlaun fyrir söguna sem ég sendi inn. Ég hefði mikinn áhuga á að fara lengra með þetta og jafnvel gefa út bók með teiknimyndaseríum, en það er erfitt að finna einhvern til að styrkja þess háttar verkefni í þessu árferði,“ segir Jón Kristján að lokum.

**- sm**

# Gordon hættir ekki að tala um lundann

Breski sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsay virðist hafa orðið hugfanginn af dvöl sinni í Vestmanneyjum og ekkert síður af hinum íslenska lunda. Hann getur hreinlega ekki hætt að tala um fuglinn og eyjarnar í erlendum fjölmiðlum. Ramsay var þannig í viðtali við spjallþáttastjórnandann Jimmy Kimmel og ræddi þar um hvernig hann hefði veitt lundann, rifið úr honum hjartað og borðað það hrátt. Fuglinn hefði síðan verið grillaður og borinn fram með fersku gúrkusalati.



Ramsay hefur auglýst Íslandsferð sína nokkuð mikið og má varla mæta í blaða- eða sjónvarpsviðtal án þess að minnast á lundahjartað, þegar hann datt fram af bjargi eða ældi eftir að hafa smakkað íslenskan hákarl. Lundainnslagið í þætti Ramsays, The F Word, vakti enda hörð viðbrögð á sínum tíma því fjöldi breskra sjónvarpsáhorfenda kvartaði mikið undan aðförum Ramsays og töldu meðal annars að lundinn væri í útrýmingarhættu.

**- fgg**

**TALAR GJARNAN UM LUNDANN** Gordon Ramsay talar um lundaveiðarnar í Vestmannaeyjum við hvert tækifæri, nú síðast hjá spjallþáttastjórnandanum Jimmy Kimmel.






# Afslappað par

Leikarinn Orlando Bloom og kærasta hans, ástralska fyrirsætan Miranda Kerr, skemmtu sér saman á tónleikum hljómsveitarinnar Kings of Leon á dögunum.

Parið, sem hefur verið saman frá árinu 2007, virtist njóta bæði tónlistarinnar og félagsskapar hvort annars. „Þau voru mjög afslöppuð og virtust mjög jarðbundin. Þau virtust skemmta sér mjög vel saman, þau dönsuðu og föðmuðust,“ var haft eftir einum tónleikagesti. Annar tónleikagestur segir að parið hafi skemmt sér við að benda á fólk í salnum sem þeim þótti aðlaðandi.

„Fyrst benti Orlando á stúlku og spurði Miröndu hvort henni þætti hún ekki vera flott, Miranda hló og kinkaði kolli og svo benti hún á mann og spurði Orlando hins sama.“



**JARÐBUNDINN** Hjartaknúsarinn Orlando Bloom hefur verið á föstu með fyrirsætunni Miröndu Kerr frá árinu 2007. NORDICPHOTOS/GETTY

# Æfa Húmanimal á ensku

„Ég og vinir mínir sem settum upp sýninguna Húmanimal í Hafnafjarðarleikhúsinu síðasta vor stöndum nú í ströngu við að æfa sýninguna upp á ensku,“ segir Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona. Tilefni þess að hópurinn ræðst í að æfa sýninguna á ensku er þátttaka þeirra á LÓKAL-leiklistarhátíðinni sem fer fram dagana 3. til 6.september næstkomandi, en Húmanimal hlaut einróma lof gagnrýnenda og níu tilnefningar til Grímunnar 2009.

„Mörg verkanna á hátíðinni eru flutt á ensku og er þetta því einstakt tækifæri fyrir enskumælandi fólk að kynna sér þverskurðinn af því mest spennandi sem er að gerast í leikhúslífi Íslendinga. Húmanímal er að vísu mjög myndræn sýning og því ekki nauðsynlegt að skilja hið talaða mál hennar til að njóta verksins, en okkur fannst hins vegar spennandi verkefni að yfirfæra textann á engilsaxnesku og kynnast textunum upp á nýtt því annað tungumál setur nýjan blæ á senurnar,“ útskýrir Álfrún. „Færri komust að en vildu á sýningar vorsins, en í framhaldi af hinni ensku útgáfu af Húmanímal sem verður sýnd hinn 5. september í Hafnafjarðarleikhúsinu verða fjórar aukasýningar á íslensku,“ bætir hún við, en nánari upplýsingar má nálgast á hhh.is. - ag



**ÆFA STÍFT** Hópurinn sem stendur að Húmanimal æfir nú sýninguna á ensku fyrir þátttöku á LÓKAL-leiklistarhátíðinni sem fer fram dagana 3. til 6. september næstkomandi.






**EDDIE CIBRIAN** Hélt við LeAnn Rimes og skildi í fjölfarið við eiginkonu sína til sjö ára. NORDICPHOTOS/GETTY

# Loksins skilin

Leikarinn Eddie Cibrian er nú endanlega skilinn við eiginkonu sína til sjö ára, Brandi Glanville. Upp komst um ástarsamband Cibrians og mótleikkonu hans, söngkonunnar LeAnn Rimes, fyrir stuttu en þau léku saman í sjónvarpsmyndinni Northern Lights. Rimes skildi einnig við eiginmann sinn eftir að upp komst um samband hennar og Cibrians. Fyrrverandi eiginkona Cibrians segist vera ánægð nú þegar skilnaðurinn er loks genginn í gegn og hún geti nú einbeitt sér að öðru. „Við ræddumst við um daginn, hann er nú á leið til Mexíkó í helgarfrí með Rimes. Ég hlakka mikið til að sjá þær myndir,“ sagði Glanville í viðtali við sjónvarpsstöðina E!.

# Kirsten Dunst dottin í það

**Tímaritið National Enquirer greindi nýlega frá því að sést hefði til leikkonunnar Kirsten Dunst ofurölvi á skemmtistaðnum Tropicana Bar í Los Angeles. Það eitt þykir ekki í frásögur færandi nema hvað að leikkonan fór í meðferð í byrjun síðasta árs til að vinna bug á áfengisvanda sínum, en þá var drykkjusvallið víst farið að hafa áhrif á leikferil hennar.**

**Sjónarvottar segja að Dunst hafi verið mjög drukkin og átt erfitt með að halda jafnvægi. „Hún var augljóslega mjög drukkin og átti erfitt með gang. Hún datt á fólk og þegar hún yfirgaf staðinn var hún enn með drykk í hendinni,“ var haft eftir sjónarvotti.**



# Kings endurgerð



**KINGS OF LEON** Plata með endurgerðum laga Kings of Leon er í bígerð.

Plata með endurgerðum lögum suðurríkjarokkaranna í Kings of Leon er í bígerð. Á meðal þeirra sem ætla að spreyta sig á lögum sveitarinnar eru Lykke Li og Kenna. Hugmyndin að plötunni varð til eftir að trommarinn Nathan Followill frétti að Justin Timberlake og Pharrell hefðu gert óopinberar útgáfur af lögum sveitarinnar. „Það er ótrúlegt að heyra lögin sín spiluð af svona skapandi tónlistarmönnum,“ sagði hann. Ný tónleikamynd með Kings of Leon er einnig væntanleg. Hún var tekin upp í O2-höllinni í London í júlí síðastliðnum. „Okkur fannst tilvalið að taka myndina upp þarna þar sem áhorfendurnir hafa verið svo ótrúlegir í svo langan tíma.“ Sveitin er einnig að semja ný lög og segir Followill að sum þeirra hljómi eins og Radiohead og önnur eins og Thin Lizzy eða The Band.

# Fjölskrúðug og yndisleg múm

Dómar um nýjustu plötu múm, Sing Along to Songs You Don't Know, hafa verið að birtast í erlendum fjölmiðlum að undanförnu. Bestu dómana fær hún í breska tímaritinu Mojo, eða fimm stjörnur, en The Guardian gefur henni hins vegar þrjár stjörnur og tímaritið Q aðeins tvær af fimm mögulegum.

Tónlistarsíðan Drowned in Sound gefur henni 7 af 10 mögulegum. „Platan var tekin upp þegar efnahagskreppan á Íslandi skall á. Þrátt fyrir að textarnir gætu átt erfitt með að standa undir 18% vöxtunum vonaðist sveitin eftir því að óánægja landsmanna myndi veita henni innblástur,“ segir gagnrýnandinn. „Það hefur margborgað sig hjá múm að hafa víkkað út sjóndeildarhring sinn með því að bæta fleiri hljóðfærum í sarpinn. Bestu augnablikin á Sing Along ... bjóða upp á fjölskrúðugra landslag en nokkru sinni fyrr.“



**MÚM** Hljómsveitin múm hefur fengið góða dóma fyrir sína nýjustu plötu.

Musicomh.com gefur plötunni fjóra í einkunn af fimm mögulegum. „Ef þið hafið ekki kynnst viðkvæmum og yndislegum hljómi sveitarinnar er rétta stundin runnin upp.“ Hér í Fréttablaðinu fékk hún fjórar stjörnur af fimm mögulegum og var sögð besta íslenska plata ársins hingað til.

Múm er lögð af stað í umfangsmikla tónleikaferð um Evrópu og Norður-Ameríku til að fylgja plötunni eftir. Sveitin spilaði í Bretlandi fyrir skömmu en fram undan eru tónleikar í Þýskalandi, Belgíu og Frakklandi. Ferðin til Norður-Ameríku hefst 21. október og stendur yfir til 7. nóvember. Þar verður spilað í New York, Toronto, Seattle, Los Angeles og á fleiri góðum stöðum.

# Nýtt myndband GusGus frumsýnt

**Nýtt myndband hljómsveitarinnar Gus Gus við lagið Add This Song verður frumflutt hjá bresku útgáfunni af Myspace á mánudaginn. Eftir það fer myndbandið í sýningar víða um netið, þar á meðal á Youtube, Daily Motion, Muzu, Babelgum, Current TV, Vimeo og Virb. Einnig verður það sýnt á innlendum síðum og á sjónvarpsstöðvum bæði hér heima og erlendis. Add This Song er fyrsta smáskífulagið af plötunni 24/7 sem kemur út 14. september. Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata Gus Gus, Forever, kom út við góðar undirtektir.**



**GUS GUS** Nýtt myndband við lagið Add This Song verður frumflutt á mánudaginn. Stebbi Steph er ánægður með útkomuna.



**SKIPULEGGJENDUR** Anna Hildur Hildibrandsdóttir og Kamilla Ingibergsdóttir eru skipuleggjendur You Are In Control.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kínverji með fyrirlestur

**Kínverjinn Ni Bing, sem hefur mikið látið að sér kveða í tónleikahaldi og klúbbasenunni í Kína, hefur bæst í hóp þeirra sem halda fyrirlestur á ráðstefnunni You Are In Control sem fer fram í Reykjavík í september. Ni Bing, sem er eigandi fyrirtækisins Lychee Productions, er einnig plötusnúður og blaðamaður. Hann er mjög spenntur fyrir því að koma til Íslands enda búinn að vera aðdáandi Bjarkar, Sigur Rósar og Gus Gus lengi. Hann hyggst dvelja á Íslandi í fjóra daga eftir að ráðstefnunni lýkur til þess að vinna að blaðagrein um íslenska tónlist og menningu.**




# Eiki feiti slær í gegn í miðbænum

„Við bjóðum upp á stóran salatbar, súpur og brauð, kaffi, deserta, ávaxtabar, ýmsar tegundir pastasalata og heitan mat í hádeginu. Í sumar höfum við líka verið með sérstakt tilboð þar sem við bjóðum upp á svokallað „all you can eat"-hlaðborð fyrir þúsund krónur," segir kokkurinn Eiríkur Friðriksson, betur þekktur sem Eiki feiti, en hann opnaði veitingastaðinn Feita tómatinn í kjallara Iðuhússins í júlí. Veitingastaðurinn er opinn alla daga frá 11 til 21 og segist Eiríkur hafa haft meira en nóg að gera frá byrjun. „Mér fannst vanta einmitt svona stað í miðbæinn og ég virðist hafa haft rétt fyrir mér því það er búið að vera brjálað að gera hjá okkur. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með verðið hjá okkur og samkvæmt því sem ég hef heyrt þá erum við með þeim lægstu. Íslendingarnir eru duglegir að koma í hádeginu og ferðamennirnir koma svo seinni part dags," segir Eiríkur og tekur fram að allur matur sé eldaður á staðnum, „Ég stend sjálfur í eldhúsinu og kokka alla daga ásamt öðrum," segir Eiríkur að lokum. - sm



**NÓG AÐ GERA** Eiríkur segist hafa haft nóg fyrir stafni síðan hann opnaði veitingastaðinn Feita tómatinn í Iðuhúsinu. Hér er hann ásamt kokkunum Heiðmari og Sveini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ljósið vekur mikla athygli

**Nýtt myndband við lag tónlistarmannsins Ólafs Arnalds, Ljósið, hefur vakið gríðarlega athygli víða um heim, sérstaklega á meðal grafískra hönnuða.**



**ÓLAFUR ARNALDS** Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds fær góða dóma fyrir plötu sína Found Songs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það var argentínskur hönnuður sem gerði þetta bara frítt. Hann langaði að gera eitthvað og nota lagið og ég fékk að nota myndbandið," segir Ólafur. „Þetta er einhver tækni sem hann er að nota til að láta þessi form fylgja hljóði á þennan hátt."

Myndbandið hefur verið skoðað um tvö hundruð þúsund sinnum á heimasíðu Argentínumannsins auk þess sem fjallað hefur verið um það í fjölmörgum virtum tímaritum um grafíska hönnun.

Þetta er annað myndband Ólafs, sem síðast fékk þýska fyrirtækið Zoon til að gera myndband við lagið 3055 af fyrstu plötu sinni. Ljósið er tekið af nýrri plötu Ólafs, Found Songs, sem kemur út erlendis á mánudaginn en hér heima eftir nokkrar vikur. Platan fær 8 í einkunn af 10 mögulegum á tónlistarsíðunni Drowned in Sound. Á plötunni eru sjö lög sem Ólafur samdi í vor á óvenjulegan hátt. Hann bjó þau til á píanó, tók upp og gaf út eitt lag á netinu ókeypis á hverjum degi í heila viku. Afraksturinn er að finna á nýju plötunni.

„Mikið hefur verið lagt í fyrri útgáfur Ólafs Arnalds þar sem fjöldi hljóðfæra hefur komið við sögu. Þessi lög eru berstrípuð og laus við allan slíkan óþarfa," segir gagnrýnandi Drowned in Sound. „Vegna hraðans sem þau voru samin á gafst lítill tími til að horfa um öxl og útkoman er safn laga sem eru laus við öll dulargervi og plat. Þau eru byggð upp í kringum ákveðið form en eru samt bæði hrá og tilfinningarík," segir hann og bætir við: „Mikið hefur verið talað um að landslagið á Íslandi skili sér inn í tónlistina þaðan. Ef það er eitthvað af landi Ólafs í þessari tónlist er það hin mikla kyrrð sem þar er að finna. Svona tónlist á maður að hlusta á einn í lestarferð horfandi á landslagið að þjóta framhjá glugganum. Með Found Songs hefur Ólafur skapað sitt fallegasta verk til þessa."

Fram undan hjá Ólafi eru tónleikar á tónleikaröðinni Réttir á Nasa í september. Eftir það spilar hann á tvennum tónleikum í Þýskalandi og Svíþjóð. Hann er sömuleiðis að semja tónlist við ballett hins virta höfundar Wayne McGregor sem hefur starfað lengi fyrir Konunglega ballettinn í Bretlandi. Ballettinn verður frumsýndur í London í október og er þegar uppselt á fyrstu fimm sýningarnar, sem um tíu þúsund manns munu sjá. freyr@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!

UPP – Ein allra besta Disney-Pixar mynd til þessa. Stórkostlegt ævintýri sem engin fjölskylda má missa af. ★★★★ - T.V. kvikmyndir.is ★★★★ – Roger Ebert. DISNEY DIGITAL 3D

FRÁ LEIKSTJÓRA QUENTIN TARANTINO KEMUR HANS MAGNAÐASTA, VILLTASTA OG STÓRKOSTLEGASTA ÆVINTÝRI TIL ÞESSA. ★★★★ „BESTA TARANTINO-MYNDIN SÍÐAN PULP FICTION OG KLÁRLEGA EIN AF BETRI MYNDUM ÁRSINS" T.V. - KVIKMYNDIR.IS ★★★★½ H.G.G. Poppland/Rás 2. LÚXUS

★★★ „EIN BESTA MYND TONY SCOTT SEINNI ÁRIN" -S.V., MBL

GOODS – TALLADEGA NIGHTS – STEP BROTHERS

The Time Traveler's Wife ★★★ - T.V. kvikmyndir.is

STELPURNAR OKKAR

KARLAR SEM HATA KONUR 40.000 MANNS! ★★★★★ Heimir og Gulli Bítið á Bylgjunni.

ÍSÖLD 3

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 – TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| UPP 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 1 (850) - 3 - 5 (ekki sun.) | L |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 1 - 5 (ekki sun.) - 8 - 11 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL/ÍSL. TEXTI | kl. 1 - 5 (sunnudag) | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 – TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| G.I. JOE | kl. 10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 – TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 6 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 – 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 2.50 - 10.10 | 16 |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL/ÍSL. TEXTI | kl. 3.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ – LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

INGLOURIOUS BASTERDS ★★★★½ - T.V. - Kvikmyndir.is ★★★★½ - H.G.G, Poppland/Rás 2 ★★★★½ - S.V. - MBL. POWERSÝNING KL. 10:00

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 4, 7 og 10(POWER) | 16 |
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 1.30(550 kr.) 3.45 og 5.45 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 2(850 kr.) | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 1.50(550kr.) og 3.45 | L |

EIN ALLRA BESTA DISNEY-PIXAR MYND TIL ÞESSA – UPP. STÓRKOSTLEGT ÆVINTÝRI SEM ENGIN FJÖLSKYLDA MÁ MISSA AF. ★★★★ T.V. KVIKMYNDIR.IS ★★★★ ROGER EBERT

★★★★ „BESTA TARANTINO MYNDIN SÍÐAN PULP FICTION OG KLÁRLEGA EIN AF BETRI MYNDUM ÁRSINS." ★★★★★ H.G.G. - POPPLAND/RÁS 2

FRÁ LEIKSTJÓRANUM QUENTIN TARANTINO KEMUR HANS MAGNAÐASTA, VILLTASTA OG STÓRKOSTLEGASTA ÆVINTÝRI TIL ÞESSA.

DRAG ME TO HELL – SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS BÓNORÐIÐ „THE PROPOSAL" HERE COMES THE BRIBE... – JOHNNY DEPP CHRISTIAN BALE PUBLIC ENEMIES

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 10:10 | VIP |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8(3D) | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50 (3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10:10 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| HARRY POTTER | kl. 4 | 10 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10:20 | 16 |

SPARbíó – 550 KR Á Á MYNDIR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á MYNDIR MERKTAR GRÆNU

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus – Ódýrt í bíó

G.I. JOE THE RISE OF COBRA – ATH. SÝND KL. 1.30 – ATH. 550 KR.

ÍSÖLD 3 RISAEÐLURNAR ROKKA! – ATH. 850 KR. Á 3D - KL. 2 – ATH. 550 KR. EKKI Í 3D - KL. 1.50

LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

KARLAR SEM HATA KONUR 550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 BORGARBÍÓ

ÍSÖLD 3 550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ ísl & enskt tal

UPP DISNEY DIGITAL 3D 850 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ

INGLOURIOUS BASTERDS 550 kr. KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

The Time Traveler's Wife 550 kr. KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

STELPURNAR OKKAR 550 kr. KL.4 HÁSKÓLABÍÓ

SparBíó LAUGARDAG OG SUNNUDAG – SAMbio.is SAMBÍÓIN

UPP M/ ísl. Tali (550 kr. á 2D - 850kr á 3D) kl. 1.30 í Álf. og í kringl. í 3D og í 2D kl. 1.30 á self. kl. 2 á AK og í Kefl.

G-FORCE M/ ísl. Tali (550 kr. á 2D - 850kr á 3D) kl. 1.30(2D) í Álf. kl. 2(3D) í Kringlunni kl. 2 á Akureyri, Keflavík og á Selfossi

HARRY POTTER 6 550kr kl. 2 í Álfabakka

BÓNORÐIÐ 550kr SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS kl. 1:30 í Álfabakka

# Færðu tölvuna endurgreidda í Skólaleik Max?

**Kauptu fartölvu í Max og þú kemst í pott þar sem úr verða dregnir eftirfarandi vinningar:**

**1. VINNINGUR**: Fartölva endurgreidd ásamt gjafapakka; prentari, taska og fartölvuhátalarar.

**2. VINNINGUR**: Fartölva endurgreidd.

**3. VINNINGUR**: Gjafapakki; prentari, taska og fartölvuhátalarar.

Vinningar verða dregnir út laugardaginn 5. sept. og birtir í auglýsingu Max í fréttablaðinu þann daginn. Einnig verða dregnir út aukavinningar vikulega næstu tvær vikurnar.




**Toshiba Satellite PRO L300D-227**
AMD Sempron 2.0Ghz örgjörvi
• 2GB DDR2 minni • 160GB diskur
• 15.4" WXGA skjár

# 84.989 kr.

Ryksugupokar Barnavörur Fjöltengi Perur
B-borð Örbylgjuofnar Ísskápar Örbylgjuofnar í hillu Sjónvörp Amerískir ísskápar
Þvottavélar Frystikistur Ofnar Þurrkarar
Vínkælar Helluborð ofl.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Leikið í Pepsi-deildinni um helgina

Þrír leikir fara fram í Pepsi-deild karla um helgina. Tveir þeirra eru í dag og eru báðir klukkan 16.00. ÍBV tekur á móti Val í Vestmannaeyjum og Fjölnir mætir Keflavík í Grafarvoginum. Fjölnismenn þurfa nauðsynlega að sigra í leiknum til að eiga von um að halda sæti sínu í deildinni og um leið treysta helst á að Valur vinni í Vestmannaeyjum. Á morgun eigast svo við KR og Fram klukkan 18.00 en þetta eru liðin í öðru og fjórða sæti deildarinnar og því um hörkuleik að ræða.



**sport**

sport@frettabladid.is

**REYNIR BJÖRN BJÖRNSSON:** LÆKNIR STELPNANNA SÉR UM BYRJUNARLIÐIÐ DAGINN EFTIR LEIK

# *Þær vilja helst vera í bolta en þær fá engan bolta*

Reynir Björn Björnsson, læknir íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, er allt í öllu á æfingu daginn eftir leik að stilla púlsmæla, stjórna byrjunarliðinu á hlaupa- og teygjuæfingu og hugsa fyrir öðru sem hjálpar leikmönnum liðsins að ná úr sér leik gærkvöldsins á sem bestan hátt.

„Ég stjórna endurheimtinni og þetta hefur alltaf verið mitt áhugamál. Ég er með þjálfaramenntun og er menntaður á þessu sviði. Við Siggi höfum verið að vinna mikið í þessari endurheimt saman og ég hef bara tekið það að mér að skokka með þeim,“ sagði Reynir og hann er á því að þetta skipti leikmenn miklu máli.

„Það eru aðeins þrír sólarhringar á milli leikja og það má ekki vera minna. Í raun og veru er alveg á mörkunum að þú sért hundrað prósent tilbúinn í næsta leik, þrátt fyrir að þú gerir allt rétt, borðir rétt og hugsir eins vel um þig og þú getur,“ segir Reynir.



Oft má sjá byrjunarliðsmennina horfa löngunaraugum á aðra leikmenn liðsins sem eru á fullu í fjörugum bolta- og skotæfingum. „Þær vilja helst vera í bolta en þær fá engan bolta. Þessar eiga bara að hugsa um að ná sér. Þær geta leikið sér pínulítið en það mega ekki vera nein átök. Þær eiga bara að vera í hvíld. Þeim finnst voðalega leiðinlegt að sjá hinar vera að gera eitthvað sem þeim finnst rosalega skemmtilegt. Þær segja alltaf við mig: nú koma skemmtilegu æfingarnar,“ segir Reynir.

Þóra Björg Helgadóttir segir leikmenn finna mikinn mun á sér. „Það er fýla í gangi núna því við viljum allar vera með á æfingu en ég myndi segja að það væri mjög jákvæð fýla. Okkur líður betur í kroppnum. Þessi endurheimt hjá Sigga og Reyni er að skila sínu. Það er ógeðslega leiðinlegt að horfa á hinar leika sér á æfingu en mér finnst við vera sprækari í dag,“ segir Þóra.



**ÁSTA** Á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

Ásta Árnadóttir:

## Fæ vonandi tækifæri

**FÓTBOLTI** Ásta Árnadóttir hefur enn ekki fengið að spreyta sig á EM eftir að hafa verið fastamaður í liðinu þegar það tryggði sér sætið á EM. Landsliðsþjálfarinn hefur hrósað varamönnum liðsins fyrir gott hugarfar. „Það er mikilvægt að við séum allar jákvæðar og bíðum eftir kallinu. Auðvitað vill maður spila og gera sitt inni á vellinum en maður reynir að gera sitt utan vallar meðan maður bíður eftir tækifærinu,“ segir Ásta. Innköstin hennar voru tekin fyrir á UEFA-síðunni fyrir keppnina en hafa enn ekki sést. „Það er aldrei að vita nema fólk á EM fái að sjá löngu innköstin mín. Þetta er ekki búið og ennþá einn leikur eftir. Vonandi fæ ég tækifæri til að sanna mig,“ segir Ásta. - óój

# Var grátbeðin um að ná 100 leikjum

**Katrín Jónsdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins, ætlar að ákveða í samráði við fjölskyldu sína og þjálfara hvort hún ætli að halda áfram í fótbolta. Hún spilar sinn 89. landsleik á móti Þjóðverjum á EM á morgun.**

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar leika á morgun lokaleik sinn á Evrópumótinu í Finnlandi á móti heims- og Evrópumeisturum Þýskalands. Fram undan er hins vegar annað ævintýri þar sem stelpurnar reyna að komast fyrst allra íslenska knattspyrnulandsliða í úrslitakeppni heimsmeistaramóts. Það er hins vegar enn óvissa hvort þær þurfa að gera það án fyrirliða síns, Katrínar Jónsdóttur, sem er ekki búin að ákveða framtíð sína í boltanum.

Íslenska kvennalandsliðið er framtíðarlið því flestir leikmenn liðsins eru enn ungir og enginn af reynsluboltunum er að hugsa um að hætta nema kannski fyrirliðinn. Katrín spilar gríðarlega stórt hlutverk í liðinu innan sem utan vallar og það er því mikilvægt fyrir kvennalandsliðið að hún hjálpi liðinu að stíga næsta skref.

„Ég veit ekki hvernig þetta þróast. Núna langar mig ekki að hætta í fótbolta, því mér finnst þetta ennþá svo gaman,” segir Katrín. „Ég sest niður með þjálfurunum eftir tímabilið og við metum stöðuna. Ég þarf líka að ræða þetta við fjölskylduna því hún hefur eitthvað að segja í þessu líka,” segir Katrín.



**FYRIRLIÐINN** Katrín Jónsdóttir með Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur á æfingu íslenska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

„Mér finnst ég ennþá hafa eitthvað að gefa mínum liðum, bæði mínu félagsliði á Íslandi og landsliðinu. Ég finn það alveg að eftir því sem maður verður eldri þarf maður að vera skynsamari í æfingunum. Það er ekkert ókeypis og maður þarf að hafa meira fyrir hlutunum en þegar maður var tvítugur,“ sagði Katrín.

Þeir eru örugglega margir sem eiga eftir að velta þessu upp á næstu mánuðum enda vilja allir sjá þennan mikla leiðtoga hjálpa landsliðinu að komast enn lengra. Ein af þeim er yngri systir Katrínar. „Systir mín sem er fjórtán ára sagði við mig áður en ég fór út til Finnlands: „Gerðu það, ekki hætta. Þú verður að ná hundrað leikjum.“ Ég er ekki alveg að pæla í því, maður er í þessu á meðan þetta er gaman og manni finnst að maður sé að gefa liðinu eitthvað. Mér finnst það núna,“ segir Katrín, sem ætti að eiga átta leiki eftir í hundraðasta leikinn spili hún alla leiki ársins.

Félagar Katrínar segja það svo skemmtilegt að vera hluti af þessu liði að það gæti orðið erfitt fyrir hana að hætta. „Ég hef ekki áhyggjur af því að neinn sé að fara að hætta í þessu liði. Það er svo mikil stemning að vera í þessum hóp að þær verða í þessu eins lengi og þeim finnst gaman,“ sagði Dóra Stefánsdóttir.

Markvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir er ekkert farin að plana það að hætta sjálf. „Það er eðlilegt að það verði einhver endurnýjun en maður vonar að sem flestar haldi áfram. Þær einu sem eru í alvarlegum áhættuhópi eru fyrirliðinn og, mig grunar, Erna [Björk Sigurðardóttir] líka. Maður vonar samt ekki,“ segir Þóra. Hún segir að stelpurnar myndu alveg skilja það þó að Katrín segði þetta gott. „Það verður mikill missir að Katrínu en við munum leysa það einhvern veginn. Maður skilur það nú alveg. Það eru nokkur ár í næsta mann hjá henni og hún er orðin 32 ára. Það yrði enginn svekktur út í hana ef hún hætti en ég veit ekki hvað hún gerir,“ sagði Þóra.

„Katrín á nokkur góð ár eftir ef hana langar að halda áfram. Hún er enn í góðu formi og þarf ekkert að hætta,“ segir Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, félagi Katrínar í miðvarðarstöðunni. „Það yrði slæmt að missa hana. Hún er svo frábær karakter og leiðtogi í hópnum. Við sjáum til hvað hún gerir. Það væri leiðinlegt að missa hana en við erum með svakalega breiðan hóp og það kemur maður í manns stað þó að það sé stórt skarð að fylla ef Katrín hættir,“ sagði Guðrún, sem ætlar að halda áfram með liðinu.



EM Í FINNLANDI
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Tampere
ooj@frettabladid.is

KOMDU Í SKÁTANA!
www.skatar.is

Knattspyrnudeild HK auglýsir eftir yfirþjálfara og þjálfurum

Knattspyrnudeild HK leitar að yfirþjálfara fyrir yngri flokka félagsins. Einnig leitar félagið að áhugasömum þjálfurum fyrir yngri flokkana. Um er að ræða karla og kvennaflokka. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúinir að leggja sitt af mörkum til að efla yngri flokka félagsins og starfa eftir stefnu HK.

Reynsla og þjálfaramenntun skilyrði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 30.ágúst nk. Umsóknir skulu berast til HK á netfangið hk@hk.is.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á sama stað eða hjá Viggó formanni unglingaráðs í síma 8587029.

Dóra Stefánsdóttir segir að stelpurnar ætli að komast enn lengra í framtíðinni:

# Enginn vill mæta Íslandi og við viljum hafa það þannig

**FÓTBOLTI** Dóra Stefánsdóttir horfir fram á veginn með íslenska kvennalandsliðinu þrátt fyrir að hlutirnir hafi ekki alveg gengið upp á EM í Finnlandi. Hún er sannfærð um að stelpurnar okkar eigi eftir að ná enn lengra í framtíðinni og geti komist mun oftar inn á stórmót.

„Þetta er bara byrjunin hjá okkur. Við erum búnar að sýna það að við eigum að vera hérna og núna þurfum við bara smá tíma til að bæta okkar leik og þá verður þetta allt annað þegar við erum komnar á stórmót í annað sinn,“ segir Dóra. „Maður vonar bara að þetta sé bara byrjunin á einhverju ennþá stærra. Það er drullusvekkjandi að ná ekki okkar markmiðum því við settum okkur það markmið að komast upp úr riðlinum. Það gengur ekki eftir og þá er maður andvaka yfir því. Það þýðir



**DÓRA STEFÁNSDÓTTIR** Segir þetta aðeins byrjunina. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR Ó.

bara ekkert, svona er íþróttin og við þurfum bara að leggja ennþá meira á okkur,“ segir Dóra.

Dóra ætlar að nýta svekkelsið eftir töpin á móti Frakklandi og Noregi til að ná upp meiri krafti fyrir leikinn á móti heims- og Evrópumeisturum Þýskalands á sunnudaginn. „Maður notar þessa orku sem maður hefur til þess að gera eitthvað gott í þeim leik í staðinn fyrir að eyða henni í pirring. Maður verður að reyna að sjá þetta sem frábæra reynslu og tækifæri til að fá góðan leik á móti frábæru liði. Það eru hörkuleikir eftir í HM á þessu ári þannig að þetta verður bara hluti af því að búa liðið undir þá,“ segir Dóra. Hún segir þær þýsku munu fá að finna fyrir því í leik sem þær hafi ekki mikla áhyggjur af enda búnar að tryggja sér sigurinn í riðlinum. „Það vill enginn mæta Íslandi og við ætlum að halda áfram að hafa það þannig,“ segir Dóra, sem er langt frá því að vera södd.

„Við erum búnar að taka mörg skref fyrir kvennafótboltann á Íslandi og við erum alls ekki hættar. Þetta er ungt lið en við erum með há markmið. Þetta mót fer í reynslubankann hjá okkur en þetta er bara rétt að byrja.“ - óój

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

LOKADAGUR LOKADAGUR ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**FLOTTIR HÁFAR MEÐ ALLT AÐ 100.000 KR. AFSL.**
**KENWOOD HRÆRIVÉLAR MEÐ 20.000 KR. AFSL.**
**SAUMAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI - FRÁ KR. 29.995**
**OBH BLANDARAR MEÐ GLERSKÁL - ÚTSALA KR. 4.995**
*- VERÐ ÁÐUR KR. 7.995 - 38% AFSLÁTTUR*
**JBL VÖGGUR FYRIR iPOD MEÐ ALLT AÐ 50% AFSL.**
**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KR. AFSL.**
**GRÆJUR OG HÁTALARAR FRÁ DENON,**
**NAD, DALI OG CANTON**
**Á ÚTRÝMINGARVERÐI**

Sjá allt úrvalið á ht.is

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Opið laugardaga kl. 10 – 16

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido OBH NORDICA INDESIT DeLonghi Whirlpool



ÞÓRA BJÖRG Ísland var óheppið með riðil, segir Þóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR Ó.

Þóra Björg Helgadóttir:

## Hinir riðlarnir eru hálfgert grín

**FÓTBOLTI** Þóra Björg Helgadóttir, markvörður íslenska liðsins, var enn að sætta sig við tapið á móti Noregi á æfingu í gær. „Maður er kannski meira svekktur í dag en í gær. Það er ekkert við því að gera, við vissum að þetta yrði ekki auðvelt,“ sagði Þóra.

Fram undan er leikur á móti Þýskalandi, sem Þóra spáir að verði Evrópumeistari. „Við þurfum að gera töluvert betur til þess að ná einhverju út úr þessum leik við Þýskaland. Þær eru eflaust besta lið í heimi í dag og ég sé ekkert annað lið stoppa þær.“

Hún segir íslenska riðilinn skera sig nokkuð úr. „Hinir riðlarnir eru hálfgert grín við hliðina á riðlinum okkar.“

Þóra segir að mikið sé fram undan hjá íslenska liðinu enda eru þrír leikir í undankeppni HM í haust. „Þessi leikur á móti Þýskalandi er undirbúningur fyrir HM og um leið okkar leið til þess að bjarga stoltinu og ná í stig. Ég held að það væri rosalega mikilvægt fyrir okkur að fá stig í okkar fyrstu úrslitakeppni og hafa tekið það þrep líka,“ segir Þóra. - óój

# Gauragangur og vitleysa nauðsynleg

**Íslenska kvennalandsliðið heldur uppi frábærum liðsanda á EM þótt hlutirnir gangi ekki upp inni á vellinum. Elstu leikmenn liðsins skipulögðu fyrir ferðina til Finnlands sérstakt verkefni fyrir aðra leikmenn liðsins sem þurfa að að koma fram undir óþægilegum kringumstæðum einhvern tímann í ferðinni.**



DÝRSLEG Þóra Björg Helgadóttir slær hér á létta strengi á æfingu og leikur ónefnt dýr af mikilli innlifun. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið á ekki lengur möguleika á að komast í átta liða úrslitin á Evrópumótinu í Finnlandi en íslensku stelpurnar hafa engu að síður gert keppnina ógleymanlega, bæði fyrir sig sjálfar og aðra sem hafa fengið að vera í kringum liðið. Það er magnað að sjá stelpurnar saman, 22 góðar vinkonur sem eru alltaf tilbúnar og hlæja og gera grín hver að annarri. Liðsandinn er frábær og einn helsti styrkur liðsins. Liðið er alltaf að bæta sig inni á sjálfum vellinum en gleðin og samheldnin í hópnum verður varla mikið betri en hefur verið þessa daga í Finnlandi.

„Þetta er frábær hópur hvað liðsandann varðar. Maður getur ímyndað sér að það sé frábært að vera hérna sem leikmaður. Þær eru margar ekki búnar að taka þátt í keppninni ennþá en samt eru þær jákvæðar, peppa hver aðra upp og styðja hver við bakið á annarri og það er frábært að hafa svoleiðis hóp,“ segir landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson. Hann hefur komið inn með marga siði og venjur ásamt liðstjórninni en það eru þó stelpurnar sem færa allt upp á annað plan.

„Það er nauðsynlegt að vera með smá gauragang og vitleysu. Við erum með smá verkefni fyrir hópinn sem fararstjórinn vissi ekkert af en veit það núna þegar hún les þetta. Allir leikmenn eru með ákveðið verkefni sem þarf að framfylgja einhvern tímann í ferðinni,“ segir fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir. „Þetta var hugmynd Þóru en við Edda og Gunna vorum síðan saman í að skipuleggja þetta. Við reynsluboltarnir sáum um þetta og þá sleppum við líka við að gera þetta,“ sagði Katrín í léttum tón.

„Við megum ekki uppljóstra um okkar verkefni heldur eiga þau að koma óvænt upp. Þetta kryddar vel upp á stemninguna í hópnum,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir og hún er mjög ánægð með andann í íslenska liðinu. „Það er alltaf verið að gera eitthvað saman og mér finnst þessi félagslegu verkefni vera frábær. Við erum búnar að spila lengi saman og nokkrar af okkur eru líka búnar að spila saman í öllum yngri landsliðunum. Það eru líka færri leikmenn í Val og KR en hefur verið undanfarin ár og sá rígur er ekki í gangi þó að hann hafi bara verið eðlilegur. Það er flottur andi og ég held að hann hafi aldrei verið betri,“ segir Margrét Lára.

Þóra er ein af þeim í liðinu sem eru hvað hugmyndaríkastar að koma með hluti fyrir liðið til að gera og gleðjast saman yfir. „Það er fullt í gangi. Allt liðið er mjög samstillt í þessu. Við erum með ýmis uppátæki því þetta er lengri ferð en við erum vanar. Okkar einkenni er þessi gleði sem er í hópnum og við erum með ýmis uppátæki til að viðhalda henni,“ segir Þóra.

Hólmfríður Magnúsdóttir segir líka að þessi félagslegu verkefni hjálpi liðinu mikið. „Það er nauðsynlegt að eyða dauða tímanum og gera eitthvað skemmtilegt í staðinn fyrir að hanga inni á herbergi í tölvunum,“ segir Hólmfríður en gleðin er oft mikil í herbergi hennar og Guðbjargar Gunnarsdóttur markmanns þar sem þær hafa meðal annars boðið í smá danspartí til að kveikja í íslenska kraftinum fyrir leik.

Íslenska landsliðið hefur líka margar skemmtilegar venjur. Syrpan hans Sigurðar Ragnars þjálfara er mikilvæg á síðasta fundinum fyrir hvern leik og þá hefur verið sagt frá því að liðið syngi alltaf saman Ísland er land þitt á leiðinni á leikstað. „Söngurinn í rútunni fyrir leikinn er mikilvægur. Þá syngja allir saman og við þjöppum liðinu saman. Það er mikilvægast og skemmtilegast,“ segir Katrín Ómarsdóttir. Stelpurnar hafa líka sett saman lagalista sem er spilaður allt frá því að söngnum lýkur í rútunni þar til þær eru klárar að fara inn á völlinn. Allir leikmenn völdu sér eitt lag og að þessu sinni var það Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir sem sá um listann.

Katrínu þótti þó vænst um eitt. Fyrir keppnina fær hver leikmaður það verkefni að gefa öllum hinum leikmönnunum hrós á blaði. „Fyrir ferðina skrifuðum við allar eitthvað jákvætt hver um aðra og við erum síðan búin að safna því saman. Það var mjög flott að fá 21 jákvætt komment frá öllum hinum leikmönnunum í liðinu,“ sagði Katrín.



EM Í FINNLANDI
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Tampere
ooj@frettabladid.is

KOMDU Í SKÁTANA!
www.skatar.is




Fimm manna íslensk fjölskylda kom frá Noregi til Finnlands til að styðja Ísland:

# Ákváðum að fara um leið og stelpurnar komust á EM



GLAÐBEITT FJÖLSKYLDA Kom frá Noregi til að styðja stelpurnar okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

**FÓTBOLTI** Guðni Gunnarsson og Friðgerður Jóhannsdóttir búa í Stafangri í Noregi ásamt þremur börnum sínum og hafa gert það í eitt ár en þau fluttu frá Íslandi rétt fyrir hrun. Fjölskyldan er búin að koma sér vel fyrir í Noregi og því var ákveðið að skella sér á EM í fótbolta í Finnlandi.

Öll fjölskyldan mætti í fullum skrúða á leikinn við Frakka á mánudagskvöldið og Friðgerður hafði meðal annars málað íslenska fánann á manninn sinn og öll börnin þrjú.

„Við ákváðum að fara í þessa ferð um leið og þær kláruðu leikina á móti Írunum. Við ætlum að vera hérna alla riðlakeppnina og förum til baka á mánudaginn,“ sagði Guðni en fjölskyldan fylgdist þá með lokaleiknum á frosnum Laugardalsvelli á netinu. „Við förum á alla leikina á Íslandi í fyrrasumar áður en við förum út,“ sagði Friðgerður en þau byrjuðu Finnlandsferðina á því að fara á opnunarleik Finnlands og Danmerkur í Helsinki.

Friðgerður var í mörg ár í fótboltanum þegar hún var yngri og minntist þess að hafa spilað með Katrínu Jónsdóttur, fyrirliða landsliðsins, í Breiðabliki á sínum tíma.

Elsta stelpan þeirra, Kristrún Guðnadóttir, sem er að verða tólf ára, æfir fótbolta og er þegar farin að stefna á að verða ein af stelpunum okkar. Kristrún æfir fótbolta í Noregi en hún æfði með ÍA á Akranesi áður en hún fór út. Yngri börnin eru Haukur, níu ára, og Edda, fimm ára. „Haukur er ekkert í fótboltanum en gæti kannski reynt fyrir sér í handboltanum,“ sagði pabbi hans. - óój


OPIÐ ALLA
HELGINA
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á FARTÖLVUM • AÐEINS Í 3 DAGA
0% VEXTIR
FYRSTA GREIÐSLA
2DES
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
ALLT AÐ
50
ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF
FARTÖLVUM
Tilboð gilda dagana 28-30 ágúst eða meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl
3DAGAR
3 DAGA FARTÖLVUVEISLA • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ
3DAGA TILBOÐ
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF
FRÁBÆRUM TILBOÐUM Á
FARTÖLVUM
OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
11:00 - 17:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



**JÓHANNES KARL** Í baráttunni í bikarsigri Burnley gegn Chelsea á síðasta tímabili. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Nær Burnley að stoppa Chelsea?

**FÓTBOLTI** Chelsea hefur farið vel af stað undir stjórn Carlo Ancelotti og unnið alla þrjá deildarleiki sína til þessa. Lundúnafélagið mætir svo Burnley á Stamford Bridge-leikvanginum í dag. Nýliðar Burnley hafa komið hressilega á óvart til þessa og unnið bæði Manchester United og Everton og það er spurning hvað þeir gera gegn Chelsea. Burnley komst í fréttirnar á síðasta keppnistímabili þegar félagið lék í b-deildinni eftir röð góðra úrslita í deildarbikarnum þar sem Chelsea var eitt fórnarlambið en Arsenal og Fulham lágu þá einnig í valnum.

Þrátt fyrir góða byrjun á tímabilinu er knattspyrnustjórinn Owen Coyle hjá Burnley ekkert að tapa sér í gleðinni.

„Markmið okkar fyrir tímabilið er einfalt og það er að sjá til þess að við séum ennþá í deildinni á næsta tímabili. Markmið Chelsea eru talsvert öðruvísi þar sem liðið setur stefnuna á að vinna alla þá titla sem í boði eru,“ segir Coyle.

Búist er við því að Jóhannes Karl Guðjónsson verði á varamannabekknum gegn Chelsea en hann hefur komið við sögu í einum leik af þremur til þessa í deildinni. - óþ

# Fyrsti stórleikur tímabilsins í dag

Manchester United og Arsenal mætast í sannkölluðum stórleik á Old Trafford í ensku úrvalseildinni í dag. Leikurinn markar fyrsta skiptið sem einhver af „stóru fjórum“ liðunum mætast á yfirstandandi tímabili.

**FÓTBOLTI** Sjö leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag en allra augu verða á Old Trafford-leikvanginum þar sem Englandsmeistarar Manchester United taka á móti Arsenal. Leikurinn hefst kl. 16.15.

Eftir hæga byrjun á tímabilinu hjá meisturum United, þar sem liðið virkaði hægt og ósannfærandi í sigurleik gegn Birmingham annars vegar og tapleik gegn Burnley hins vegar, opnuðust allar flóðgáttir í 0-5 stórsigri gegn Wigan á DW-leikvanginum. Mikið var rætt fyrir tímabilið um hvernig sóknarleikur United yrði eftir að Cristiano Ronaldo og Carlos Tevez yfirgáfu félagið en knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson hlýtur að hafa verið ánægður með að framherjarnir Dimitar Berbatov, Wayne Rooney og Michael Owen voru allir á meðal markaskorara gegn Wigan.

Á síðasta tímabili vann United aðeins einn af sex leikjum sínum gegn hinum þremur af „stóru fjórum“ liðunum, Arsenal, Chelsea og Liverpool, og Ferguson vonast til þess að geta gert betur á þessu tímabili.

„Við þurfum nauðsynlega að gera betur í þessum leikjum gegn stóru liðunum. Við töpuðum sex stigum til Liverpool, fjórum stigum til Arsenal og tveimur stigum til Chelsea á síðasta tímabili og það þarf að breytast. Við þurfum að draga línuna strax gegn Arsenal um helgina. Arsenal hefur byrjað tímabilið af krafti og við vitum að okkar bíður erfiður leikur. Við erum þegar búnir að tapa einum leik til þessa og megum ekki við því að tapa öðrum,“ segir Ferguson.



**STÓRLEIKUR** Það er alltaf mikið í húfi þegar erkifjendurnir Manchester United og Arsenal mætast og leikurinn á Old Trafford í dag er sannarlega engin undantekning frá því. NORDIC PHOTOS/GETTY



**ARSHAVIN** Er mikilvægur hlekkur í sóknarleik Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY

Síðan knattspyrnustjórinn Arsene Wenger tók við hjá Arsenal fyrir þrettán árum hafa hann og Ferguson eldað saman grátt silfur og bendir ekkert til þess að þeir hætti því í bráð. Wenger kveðst hlakka mjög til þess að mæta United.

„Ég er fullur tilhlökkunar að fara á Old Trafford-leikvanginn vegna þess að heimsóknin markar fyrsta alvöru prófið fyrir okkur á þessu keppnistímabili. Það er mikilvægt að vera með mikið sjálfstraust þegar komið er að því að heimsækja United og við erum virkilega vel stemmdir núna,“ segir Wenger.



**ROONEY** Hefur skorað þrjú mörk í þremur deildarleikjum til þessa. NORDIC PHOTOS/GETTY

United verður án Edwin van der Sar, Rio Ferdinand og Rafael da Silva vegna meiðsla en Wes Brown er leikfær að nýju eftir að hafa spilað með varaliði United fyrr í vikunni. Hjá Arsenal er fyrirliðinn Cesc Fabregas meiddur og Aaron Ramsey tæpur en Robin van Persie og Andrey Arshavin verða líklega á byrjunarliðinu að nýju eftir að hafa verið á varamannabekknum gegn Celtic í miðri viku.

Þó svo að titlar séu hvorki unnir né tapaðir í ágúst mun útkoman úr stórleik United og Arsenal eflaust gefa tóninn fyrir harða toppbaráttu á nýhöfnu keppnistímabili á Englandi.

omar@frettabladid.is


60 ára KÞ 1949 2009

Í TILEFNI 60 ÁRA AFMÆLIS ÞRÓTTAR

HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR

11. SEPTEMBER Á BROADWAY

HANDKNATTLEIKSDEILD • SKÁKMENN • BLAKDEILD

*Föstudaginn 11. september kl 19.00 verður glæsileg afmælishátíð á Broadway, þar munu ungir sem aldnir Þróttarar fagna því að 60 ár eru liðin frá stofnun félagsins.*

*Boðið verður upp á fordrykk, þriggja rétta kvöldverð og glæsilega hátíðardagskrá þar sem veittar verða heiðursviðurkenningar.*

*Aðalstjórn Þróttar hvetur alla sem koma að starfi deilda Þróttar í dag auk þeirra sem hafa með einhverjum hætti komið að starfi Þróttar síðustu 60 ár að gera kvöldið að eftirminnilegu Þróttarkvöldi.*

*Það er fátt mikilvægara fyrir starfið í félaginu en að Þróttarar þekkist vel og hafi gaman af því að koma saman.*

*Mætum öll !*

DAGSKRÁ
*Kl 19.00 Húsið opnar með fordrykk.*
*Kl 20.00 Borðhald hefst.*

MATSEÐILL
*Púrtvínstónuð skógarsveppasúpa*
*Lambavöðvi prime smurður balsamic sinnepi og kryddjurtum*
*Eftirréttafantasía a la Chef*

VEISLUSTJÓRAR
*Halldór Gylfason, leikari og Jón Ólafsson, tónlistarmaður.*

HEIÐURVIÐURSKENNINGAR

SKEMMTIATRIÐI
*Viggó og Violetta, söng og skemmtiatriði*
*Karl Örvarsson, eftirherma og söngvari.*

DANSLEIKUR
*Að lokinni dagskrá verður dansleikur þar sem hljómsveitin **Hunang** leikur.*







KNATTSPYRNUDEILD • TENNISDEILD • KRULLUDEILD

***Verðið á þessa glæsilegu skemmtun er aðeins kr 5.000***
*Þeir sem vilja tryggja sér miða á hátíðarkvöldverðinn geta haft samband við Ásmund (asiv@trottur.is) eða Eystein (eysteinn@trottur.is), eða pantið miða í síma 580-5900 fyrir þriðjudaginn 08. september.*

LEIKMENN • ELDRI ÞRÓTTARAR • FORELDRAR ÞRÓTTARA • VELUNNARAR • STUÐNINGSMENN



**EIÐUR SMÁRI** Hefur fá tækifæri fengið með Barcelona að undanförnu. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Orðaður við Mónakó

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í gær orðaður við Mónakó sem leikur í frönsku úrvalsdeildinni. Franska dagblaðið L'Equipe staðhæfði að félagið hefði átt í viðræðum við Eið Smára og Arnór, föður hans og umboðsmann, í gær. Báðir voru í Mónakó í gær enda var núverandi lið Eiðs Smára, Barcelona, að etja kappi þar við Shakhtar Donetsk í Meistarakeppni UEFA í gær.

Eiður Smári hefur verið orðaður við fjölda félaga í sumar, helst við West Ham upp á síðkastið. Félagskiptaglugganum verður lokað á mánudagskvöld og minnka líkurnar á að hann fari frá Barcelona með hverjum degi. Hann er samningsbundinn Börsungum út núverandi keppnistímabil. - esá



**HETJAN** Pedro skoraði sigurmark Barcelona í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Meistarakeppni UEFA:

## Barcelona enn á sigurbraut

**FÓTBOLTI Barcelona bætti enn einum titlinum í safnið er liðið vann sigur á Shakhtar Donetsk, 1-0 í framlengdum leik, í Meistarakeppni UEFA í gær.**

**Leikurinn var reyndar ekki mikið fyrir augað en það var varamaðurinn Pedro Rodrigues sem skoraði eina mark leiksins á 115. mínútu leiksins eftir laglegan samleik við Lionel Messi.**

**Eiður Smári Guðjohnsen var í leikmannahópi Barcelona en kom ekkert við sögu í leiknum.**

**Börsungar urðu bæði spænskir deildar- og bikarmeistarar á síðustu leiktíð sem og Evrópumeistarar. Liðið varð svo meistari meistaranna á Spáni á dögunum og hafði nú betur í árlegum leik þar sem sigurvegarar Meistaradeildar Evrópu og UEFA-bikarkeppninnar eigast við.** - esá

## ÚRSLIT

*EM 2009 - C-riðill*

| | |
|---|---|
| Ítalía - Svíþjóð | 0-2 |
| England - Rússland | 3-2 |

*1. deild karla*

| | |
|---|---|
| ÍA - ÍR | 1-0 |
| Afturelding - HK | 1-3 |
| Haukar - Víkingur | 2-2 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Selfoss** | **18** | **12** | **2** | **4** | **37-20** | **38** |
| Haukar | 19 | 10 | 5 | 4 | 36-24 | 35 |
| **HK** | **19** | **11** | **2** | **6** | **34-23** | **35** |
| Fjarðabyggð | 18 | 10 | 2 | 6 | 30-27 | 32 |
| **KA** | **18** | **7** | **5** | **6** | **24-19** | **26** |
| Leiknir | 18 | 6 | 6 | 6 | 23-24 | 24 |
| **ÍA** | **19** | **6** | **6** | **7** | **22-23** | **24** |
| Þór | 18 | 8 | 0 | 10 | 22-27 | 24 |
| **Víkingur, R.** | **19** | **6** | **5** | **8** | **31-29** | **23** |
| ÍR | 19 | 7 | 2 | 10 | 33-39 | 23 |
| **Afturelding** | **19** | **3** | **7** | **9** | **21-32** | **16** |
| Víkingur, Ó. | 18 | 3 | 2 | 13 | 18-44 | 11 |

Íslensku körfuboltalandsliðin bjóða upp á tvíhöfða í Smáranum í Kópavogi í dag:

# Væri frábært að vinna þrjá leiki af fjórum

**KÖRFUBOLTI** Íslensku körfuboltalandsliðin leika í dag sína síðustu leiki í B-deild Evrópumótanna í Smáranum, íþróttahúsi í Kópavoginum í dag. Klukkan 14.00 leikur kvennaliðið við Svartfjallaland og klukkan 16.30 tekur karlaliðið á móti austurríska liðinu.

Gengi liðanna hefur verið nokkuð ólíkt. Karlalandsliðið byrjaði törnina á því að vinna tvo afar sterka sigra, fyrst á Dönum á útivelli og svo Hollendingum hér heima. Liðið tapaði svo stórt fyrir geysisterku liði Svartfjallalands ytra á miðvikudagskvöldið.

Kvennaliðið tapaði fyrstu þremur leikjum sínum undir stjórn Hennings Henningssonar sem tók við þjálfun liðsins í vor. En liðið vann svo góðan sigur á Írum á Ásvöllum í vikunni og stefnir aftur á sigur nú, þó svo að kvennalið Svartfellinga gefi karlaliði landsins ekkert eftir.

„Þetta er alvöru lið frá stórri körfuboltaþjóð. Það kom hingað 35 manna hópur á einkaþotu til landsins í dag (í gær) og greinilega ekkert til sparað," sagði Henning. „Þetta er mun sterkara lið á pappírnum, en með jákvæðu hugarfari og baráttu er aldrei að vita hvað gerist. Við viljum sýna að það býr meira í okkur en árangurinn gefur til kynna."

Sigurður Ingimundarson, þjálfari karlaliðsins, sagði að ferðalagið til Svartfjallalands hefði tekið sinn toll enda langt. „Þetta var tveggja daga ferðalag og leikurinn var mjög erfiður, eins og við vissum. Það voru reyndar veikindi í hópnum, sem höfðu auðvitað sín áhrif. Munurinn á þessum liðum er ekki jafn mikill og úrslit leiksins sýndu."

Fannar Ólafsson er veikur og hefur Hlynur Bæringsson verið kallaður í landsliðið í hans stað. „Það er gríðarlega jákvætt að fá hann. Ísland og Austurríki eru jöfn að stigum í riðlinum og því úrslitaleikur upp á þriðja sætið. Það gefur svo sem ekkert að verða í þriðja sæti frekar en fjórða en við ætlum að sjálfsögðu að vinna. Það væri frábær árangur að vinna þrjá af fjórum leikjum okkar í þessari törn." - esá



**SIGURÐUR INGIMUNDARSON** Þjálfari íslenska karlalandsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# dagskrá sunnudagur

> **Mark Ruffalo**

„Ég er svo óspennandi mannvera að ég gerðist leikari til þess eins að geta verið einhver annar en ég er.“

***Ruffalo fer með eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni We Don't Live Here Anymore sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld kl. 22.00.***



## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**

**Lie To Me**

Nýstárleg og fersk spennuþáttaröð um sérfræðinga sem eru fremstir í sínu fagi. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdrætti, vita þeir hvort verið er að segja satt eða ósatt. The Lightman Group leysir oft erfiðustu málin fyrir Alríkislögregluna, lögfræðistofur, fyrirtæki og einstaklinga.

Með aðalhlutverk fara meðal annarra Tim Roth og Kelli Williams úr Men in Trees og The Practice.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Einkalíf tannlækna**

**Sjónvarpið kl. 21.00**

Bandarísk bíómynd frá árinu 2002. Tannlæknir grunar konu sína um að halda framhjá sér og af þeim sökum er geðheilsa hans í molum og fjölskyldulífið í tætlum. Aðalhlutverk: Campbell Scott, Hope Davis, Denis Leary og Robin Tunney.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Geirharður Bojng Bojng, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Alvöru Dreki, Einu sinni var... Jörðin og Landið mitt.

**10.40 Popppunktur** (e)

**11.35 Kastljós - Samantekt**

**12.05 Helgarsportið** (e)

**13.00 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Þjóðverja.

**14.50 EM-stofan**

**15.20 EM kvenna í fótbolta** Upptaka frá leik Norðmanna og Frakka.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Meistarinn**

**17.45 Pip og Panik** (P.I.P) (12:13) (e)

**17.49 Skoppa og Skrítla** (4:8) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Hellisbúar** (Cavemen) (12:13)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Út og suður** Gísli Einarsson ræðir við systurnar Guðrúnu og Sigurlínu Tryggvadætur í Svartárkoti í Bárðardal og föður þeirra Tryggva Harðarson.

**20.05 Gróðabragð** (Scalp) (6:8)

**21.00 Einkalíf tannlækna** (The Secret Lives of Dentists) Bandarísk bíómynd frá 2002.

**22.45 EM kvöld**

**23.15 Með sínu lagi** Þýsk heimildarmynd um evrópskan djass.

**00.45 EM kvenna í fótbolta** (Ísland - Þýskaland) (e)

**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.10** Jonathan Creek **11.00** Jonathan Creek **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Hero **16.30** Doctor Who **17.15** Doctor Who **18.00** Hotel Babylon **18.55** Jonathan Creek **19.55** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **22.55** Doctor Who **23.40** Doctor Who

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Elías, Þorlákur, Ruff's Patch, Litla risaeðlan og Gulla og grænjaxlarnir.

**08.05 Algjör Sveppi** Kalli og Lóa, Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn og Aðalkötturinn.

**10.40 James and the Giant Peach**

**12.00 Nágrannar**

**12.20 Nágrannar**

**12.40 Nágrannar**

**13.00 Nágrannar**

**13.20 Nágrannar**

**13.45 So You Think You Can Dance**

**15.15 So You Think You Can Dance**

**16.05 Beauty and the Geek** (5:10)

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Íþróttir**

**19.02 Veður**

**19.10 Réttur** (4:6) Leikin íslensk spennuþáttaröð sem gerist í heimi lagaflækna og glæpa.

**19.55 Back to You** (12:17) Kelsey Grammer leikur sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina.

**20.20 Monk** (10:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála.

**21.05 Numbers** (7:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní.

**21.50 Lie to Me** (11:13)

**22.35 The 4400** (4:13)

**23.20 NCIS** (3:19)

**00.05 60 mínútur**

**00.50 Mitch Albom's For One More Day**

**02.15 Into the Fire**

**03.50 Monk** (10:16)

**04.35 Deep Sea 3D**

**05.15 Back To You** (12:17)

**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.15 Real Madrid - Deportivo** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**08.55 Arsenal - Celtic** Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.

**10.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**11.00 F1: Við rásmarkið**

**11.30 F1: Belgía: Kappaksturinn** Bein útsending.

**14.15 F1: Við endamarkið**

**14.45 The Barkleys** Útsending frá The Barkleys mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

**17.45 10 Bestu: Ásgeir Sigurvinsson** Þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**18.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

**19.00 The Barkleys** Bein útsending frá lokadegi Barcleys mótsins í golfi.

**22.00 F1: Við endamarkið**

**22.30 Barcelona - Shakhtar Donetsk** Útsending frá leik í UEFA Super Cup.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.50 Mörk dagsins**

**09.30 Man. Utd - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**11.10 Premier League World**

**11.40 Mörk dagsins**

**12.20 Portsmouth - Man. City** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.50 Aston Villa - Fulham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.00 Everton - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Chelsea - Burnley** Útsending frá leik í úrvalsdeildinni.

**20.20 Portsmouth - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.00 Man. Utd - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.40 Bolton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## EXTRA

**14.00 Doctors** (5:25)

**14.30 Doctors** (6:25)

**15.00 Doctors** (7:25)

**15.30 Doctors** (8:25)

**16.00 Doctors** (9:25)

**17.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**18.10 Seinfeld** (18:22)

**18.35 Seinfeld** (19:22)

**19.00 Seinfeld** (21:24)

**19.30 Seinfeld** (22:24)

**20.00 America's Got Talent** (13:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn. Líkt og síðast eru dómarar David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.

**21.15 Inside the Michael Jackson Mansion: Never Can Say Goodbye** Heimildarþáttur um hina umdeildu goðsögn poppsins þar sem skyggnst verður inn í líf hans og sérstaka lífsmáta. Áhorfendur fá í fyrsta sinn að sjá inn á heimili hans í Holmby Hills.

**22.05 Moonwalker** Frumleg og áhugaverð mynd með Michael Jackson þar tilbúningur, svipmyndir úr lífi Michaels og tónlistarmyndbönd eru sett saman.

**23.35 Seinfeld** (18:22)

**00.00 Seinfeld** (19:22)

**00.50 Seinfeld** (22:24)

**01.15 ET Weekend**

**02.00 The O.C. 2** (9:24)

**02.45 Sjáðu**

**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Neytendavaktin**

**18.30 Óli á Hrauni**

**19.00 Reykjavík – Ísafjörður**

**19.30 Eldum íslenskt**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Í kallfæri**

**21.30 Maturinn og lífið**

**22.00 Hrafnaþing**

**23.00 Reykjavík – Ísafjörður**

**23.30 Græðlingur**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**10.45 Rachael Ray** (e)

**11.30 Rachael Ray** (e)

**12.15 Á allra vörum** (e)

**15.15 America's Funniest Home Videos** (20:48) (e)

**15.40 What I Like About You** (e)

**16.05 Style Her Famous** (17:20) (e)

**16.35 Design Star** (5:9) (e)

**17.25 Britain's Next Top Model** (e)

**18.15 Bachelorette** (7:12) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (21:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Robin Hood** (11:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku.

**21.00 High Noon** Ný rómantísk spennumynd byggð á metsölubók eftir Noru Roberts. Aðalsöguhetjan er ung kona sem er sérþjálfuð í að semja við mannræningja. En samningatækni hennar kemur ekki að neinum notum þegar hún kynnist myndarlegum kráareiganda sem er staðráðinn í að fanga hjarta hennar. Aðalhlutverkin leika Emilie de Ravin, Ivan Sergei og Cybill Shepherd.

**22.30 The Recruit** Spennumynd frá 2003 með Al Pacino og Colin Farrell í aðalhlutverkum. James Clayton er efnilegur nýliði bandarísku leyniþjónustunnar sem er í þjálfun hjá Walter Burke, einum virtasta og reyndasta njósnara stofnunarinnar. Ekki líður á löngu uns Clayton fær það vandasama hlutverk að hjálpa Burke við að hafa uppi á gagnnjósnara Kínverja en uppgötvar þá að hinum snjalla lærimeistara er ekki treystandi. (e)

**00.25 Secret Diary of a Call Girl** (e)

**00.55 CSI** (24:24) (e)

**01.45 Murder** (8:10) (e)

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Music and Lyrics**

**10.00 House of D**

**12.00 Shrek**

**14.00 Music and Lyrics**

**16.00 House of D**

**18.00 Pokemon**

**20.00 Phat Girlz** Gamanmynd um stórvaxna stelpu í mjónuheimi sem dreymir um að finna hinn eina rétta sem dæmir hana ekki út frá stærð og útliti.

**22.00 We Don't Live Here Anymore**

**00.00 Into the Wild**

**02.25 Ice Harvest**

**04.00 We Don't Live Here**

**06.00 Silver City**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Truslen fra dybet **11.10** Sugar Rush **11.50** Bispevielse i Københavns Domkirke **14.05** Fra Regnormenes Liv **15.30** Vores store verden **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Michael Palin i det nye Europa **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med SAS liga **20.05** Taggart **21.45** Dødens Detektiver **22.10** Jennifers afsløringer **23.10** Seinfeld

## NRK 1

**10.10** Riot On! **11.25** En klegg i dress **11.55** Dronning Sonja Internasjonale Musikkonkurranse 2009 **13.15** Komiprisen 2009 **14.40** Thor Heyerdahl - På jakt etter paradiset **15.30** Åpen himmel **16.01** H.C. Andersens eventyr **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Smarte aper **18.55** Poirot. Solen var vitne **20.35** Birkebeinerrittet **21.05** Kveldsnytt **21.25** Wag the Dog - Når halen logrer med hunden **23.00** Bilbombane **23.45** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.25** Märkesårsgalan **11.55** Ridsport. EM 2009 **12.40** Friidrott. Finnkampen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hedebyborna **17.15** Kronprinsessan Victorias fond **17.20** 1809 **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Solens mat **18.30** Sportspegeln **19.15** Puls på Sverige **20.15** En hjärnas födelse och död **20.45** Människans resa **21.15** De stora krigarna **22.05** Necrobusiness




ÖRFÁIR DAGAR EFTIR

50-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

# ZIKZAK LAGERSALA




STAKIR JAKKAR
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
SKÓR Á 1.500 KR.
GALLABUXUR
BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

Innréttingar – Gínur

Opið virka daga 15-19 og helgar 13-17
LAGERSALAN EHF. S. 662 4499 – Bak við Holtagarða

Á efri hæð Holtagarða:

## BLÖNDUNARTÆKI

Eldhúss- og hitastýrð blöndunartæki komin aftur. Sama frábæra verðið!

Eldhússvaskar
Gólf- og veggflísar



Bað+sturta

VERÐ 16.000 KR.



VERÐ 5.900 KR.



VERÐ 10.000 KR.

> **Ben Stiller**

„Það er erfitt að vinna með húmor. Það þarf að sinna því starfi af mikilli alvöru og aga. Það þarf miklu meira til en bara góðan brandara.“

***Stiller fer með aðalhlutverkið í gamanmyndinni The Heartbreak Kid sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR HLÆR AÐ ÞÝÐINGUM

# *Hún sefur í hnipri fátæka konan, eða hvað?*

Hún sefur í hnipri er líklega sú hroðalegasta þýðing á texta sem sést hefur í sjónvarpi að mínu viti. Það sem manneskjan sagði var: She sleeps around, sem myndi líklegast útleggjast á íslensku sem: Hún er lauslát. Önnur skemmtileg rangfærsla í þýðingum sem oft hefur orðið að aðhlátursefni á mínu heimili er: Vertu góður við fátæka manninn, eða: Be nice to the poor man. Það sem persónan meinti augljóslega, þar sem maðurinn umræddi var augljóslega ekki fátækur, var að sjálfsögðu, vertu góður við aumingja manninn. Þar sem ég er ágæt í ensku gat ég greint þarna á milli. Þar sem þýðandinn var það ekki gat hann það ekki.

Ég veit satt að segja ekki hvort ég skildi nokkuð í sjónvarpinu ef ég kynni ekki ensku. Stundum eru þýðingarnar svo fullkomlega úr samhengi við það sem er að gerast að það er líkt og að ráða morðgátu að púsla saman brotunum frá þýðanda. Þegar er um myndir á annarri tungu en þeim sem ég kann verð ég að treysta því að þýðandinn



**SOFANDI** Þessi sefur í hnipri, en er að öllum líkindum ekki lauslát. En hver veltir sér svo sem upp úr muninum?

sé með athyglina við verkið. Þegar ég fer að spá í það gæti þetta verið rótin að því að fólk fattar ekkert í evrópskri kvikmyndahefð. Hmmm.

Þetta getur reyndar verið ágætis skemmtun og innblástur hverjum þeim sem hefur gaman af afbyggðum texta. Líkt og spam eða þýðingar með babblefish, sem verða oft snilldar atómljóð eða hækur. Þeir sem vilja fylgjast með söguþræðinum og hafa staðreyndir, samtöl og annað á hreinu eru hins vegar í djúpum skít. Ef þú telur ömmu þína vera með elliglöp því hún skilur ekki sjónvarpsefnið sem þið eruð að horfa á, þá veistu hver sannleikurinn í málinu er. Hún er ekki kölkuð, þýðandinn var bara ekki að pæla í því hvað var að gerast. Stundum held ég að þeir þýði bara setningu fyrir setningu. Sem verður að teljast fremur skrítið.

Maður spyr sig hvernig svona væri farið að ef við myndum talsetja erlent efni? Sem betur fer dettur engum það í hug.

## LAUGARDAGUR



▶ **16.00** **Man. Utd – Arsenal, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.35** **America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **19.35** **Fallega fólkið** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** **Ástríður** STÖÐ 2 EXTRA



**20.10** **What I Like About You** ▶ SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Sammi, Bangsímon og vinir hans, Tóti og Patti, Ólivía, Sögurnar okkar, Elías knái, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir og Hrúturinn Hreinn.
**10.25 Gullmót í frjálsum íþróttum** (e)
**12.30 Helgarsportið** (e)
**13.30 Kastljós** (e)
**14.00 Út og suður** (e)
**14.30 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Dana og Hollendinga.
**16.25 EM kvenna í fótbolta** Upptaka frá leik Finna og Úkraínumanna.
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.05 Lincolnshæðir** (17:23)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Fallega fólkið** (5:6) Bresk gamanþáttaröð um metnaðargjarnan pilt sem þráir að komast burt úr heimabæ sínum.
**20.10 Hetjur heimskautsins** (Eight Below) Bandarísk bíómynd frá 2006.
**22.10 EM kvöld**
**22.35 Tilboðið** (The Proposition) Áströlsk bíómynd frá 2005. Löggæslumaður handsamar útlaga og setur honum þá afarkosti að drepi hann ekki eldri bróður sinn innan níu daga verði yngri bróðir hans tekinn af lífi. (e)
**00.20 Taggart - Lögin** (Taggart: Law) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. (e)
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Annie**
**10.05 Jack and Sarah**
**12.00 Pokemon**
**14.00 Annie**
**16.05 Jack and Sarah**
**18.00 Shrek**
**20.00 The Heartbreak Kid** Rómantísk gamanmynd með Ben Stiller úr smiðju Farrelly-bræðra.
**22.00 The Kite Runner**
**00.05 When a Stranger Calls**
**02.00 Box 507 (la Caja 507)**
**04.00 Out of Reach**
**06.00 Grease**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli á þakinu, Kalli litli Kanína og vinir og Ruff's Patch.
**08.00 Algjör Sveppi** Gulla og grænjaxlarnir, Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Sumardalsmyllan, Refurinn Pablo, Könnuðurinn Dóra, Maularinn, Krakkarnir í næsta húsi, Íkornastrákurinn, Nornafélagið og Ofuröndin.
**11.35 Risaeðlugarðurinn**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 The Apprentice** (5:14)
**14.30 Supernanny** (4:20)
**15.20 You Are What You Eat** (6:18)
**15.50 The Big Bang Theory** (10:17)
**16.15 Ástríður** (2:12) Ný íslensk gamanþáttaröð um unga konu sem á erfitt með að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins og á vegi ástarinnar.
**16.45 How I Met Your Mother** (12:20)
**17.10 ET Weekend** Fréttir af öllu því helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Íþróttir**
**18.52 Lottó**
**19.00 Veður**
**19.05 Ísland í dag - helgarúrval**
▶**19.35 America's Got Talent** (13:20) Leitin er hafin í þriðja sinn að sönnu hæfileikafólki. Dómarar eru David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne.
**20.50 Inside the Michael Jackson Mansion: Never Can Say Goodbye** Heimildarþáttur um Michael Jackson.
**21.35 Moonwalker** Áhugaverð mynd með Michael Jackson þar sem tilbúningur, svipmyndir úr lífi Michaels og tónlistarmyndbönd eru sett saman.
**23.10 Mischief** Gamanmynd um félagana Jonathan og Gene. Jonathan er lítt reyndur í samskiptum við hitt kynið en Gene, sem er úr stórborginni, lumar á ráðum í þeim efnum sem hitta þó ekki alltaf í mark.
**00.45 Freedomland**
**02.35 Enemy of the State**
**04.50 ET Weekend**
**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.25 F1. Belgía – Æfingar**
**08.55 F1: Belgía – Æfingar**
**10.00 PGA Tour 2009 – Hápunktar**
**10.50 Inside the PGA Tour 2009**
**11.15 F1: Við rásmarkið**
**11.45 F1: Belgía – Tímataka** Bein útsending.
**13.15 Pepsímörkin 2009**
**14.35 Atl. Madrid - Panathinaikos** Útsending frá í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.
**16.15 Anderlecht - Lyon** Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.
**17.55 Real Madrid - Deportivo** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**20.00 The Barclays** Bein útsending frá Barclays-mótinu í golfi.
**22.00 Ultimate Fighter** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
**22.45 UFC Unleashed**
**23.30 UFC Unleashed**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.45 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 1999. Hápunktarnir.
**08.15 PL Classic Matches** Arsenal - Manchester Utd, 2001.
**08.45 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 2002.
**09.15 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 1997.
**09.45 PL Classic Matches** Man. Utd - Arsenal, 2001.
**10.15 Premier League Review 2009/10**
**11.10 Premier League Preview 2009/10**
**11.40 Chelsea - Burnley** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**13.50 Bolton - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Tottenham - Birmingham Sport 4. Blackburn - West Ham Sport 5. Stoke - Sunderland Sport 6. Wolves - Hull
▶**16.00 Man. Utd - Arsenal** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Mörk dagsins**
**19.10 Leikur dagsins**
**20.55 Mörk dagsins**
**21.35 Mörk dagsins**
**22.15 Mörk dagsins**
**22.55 Mörk dagsins**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.20 Rachael Ray** (e)
**13.05 Rachael Ray** (e)
**13.50 Rachael Ray** (e)
**14.35 All of Us** (20:22) (e)
**15.05 America's Funniest Home Videos** (41:48) (e)
**15.30 America's Funniest Home Videos** (19:48) (e)
**15.55 Kitchen Nightmares** (1:13) (e)
**17.35 The Contender Muay Thai** (e)
**18.25 Family Guy** (13:18) (e)
**18.50 Everybody Hates Chris** (e)
**19.15 Welcome to the Captain** (2:5) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan hóp fólks sem býr í Hollywood. (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (20:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶ **20.10 What I Like About You** (15:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.
**20.35 According to Jim** (6:18) (e)
**21.00 Flashpoint** (5:18) (e)
**21.50 Midnight Bayou** Ný rómantísk spennumynd byggð á sögu eftir Noru Roberts. Declan er virtur lögfræðingur sem kaupir sveitasetur nærri New Orleans. Fljótlega eftir að hann flytur inn fer hann að heyra raddir og sjá dularfulla hluti. (e)
**23.20 Á allra vörum** (e)
**02.20 Murder** (8:10) (e)
**03.10 Penn & Teller: Bullshit** (e)
**03.40 Penn & Teller: Bullshit** (e)
**04.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Reykjavík – Ísafjörður**
**19.30 Græðlingur**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Reykjavík – Egilsstaðir**
**22.00 Neytendavaktin**
**22.30 Óli á hrauni**
**23.00 Reykjavík – Ísafjörður**
**23.30 Eldum íslenskt**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**

### Inside the Michael Jackson Mansion: Never Can Say Goodbye



Einstakur heimildarþáttur um hina umdeildu goðsögn poppsins þar sem skyggnst verður inn í líf hans og sérstakan lífsmáta. Áhorfendur fá í fyrsta sinn að sjá inn á heimili hans í Holmby Hills sem nú er orðið frægt og rætt verður við hans nánustu vini og samstarfsaðila. Strax á eftir er hin ódauðlega Moonwalker, frumleg og áhugaverð mynd með Michael Jackson í aðalhlutverki.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Hetjur heimskautsins**

**Sjónvarpið kl. 20.10**

Hetjur heimskautsins er bandarísk bíómynd frá 2006. Hundahirðir neyðist til að skilja sleðahunda sína eftir á Suðurskautslandinu vegna óveðurs og reynir síðan hvað hann getur að komast þangað aftur til að bjarga þeim. Aðalhlutverk: Paul Walker, Bruce Greenwood og Jason Biggs.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ísland og Evrópusambandið
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** This Is It - í minningu Michael Jackson
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Í boði náttúrunnar
**17.05** Húslestrar á Listahátíð 2009
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**19.00** 127 dagar til Flórudags
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Tríó
**21.30** Draumaprinsinn
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Trúðar og leikarar leika þar um völl
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 93,5** | Rás 1 |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 96,7** | Létt Bylgjan |
| **FM 97,7** | X-ið | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 99,4** | Útvarp Saga |
| **FM 90,1** | Rás 2 | **FM 102,2** | Útvarp Latibær | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 105,5** | Útvarp Boðun | | | | |

## 2 EXTRA

**14.00 Doctors** (1:25)
**14.30 Doctors** (2:25)
**15.00 Doctors** (3:25)
**15.30 Doctors** (4:25)
**16.00 Nágrannar**
**16.20 Nágrannar**
**16.40 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**17.40 ER** (4:22)
**18.30 Ally McBeal** (15:21) Ally, John og Richard glíma nú við sitt fyrsta morðmál í þætti kvöldsins og Billy áttar sig á ástæðu furðulegrar hegðunar sinnar undanfarið.
**19.15 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Það rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**20.00 Ástríður** (1:12) Ný íslensk gamanþáttaröð um unga konu sem gengur erfiðlega að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins og á vegi ástarinnar.
**20.30 Ástríður** (2:12)
**21.00 So You Think You Can Dance**
**21.45 So You Think You Can Dance**
**22.30 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**22.55 ER** (4:22)
**23.40 Ally McBeal** (15:21)
**00.25 Gilmore Girls**
**01.10 Stelpurnar**
**01.35 Sjáðu**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** My Hero **10.50** My Hero **11.20** My Hero **11.50** EastEnders **12.20** EastEnders **12.50** EastEnders **13.20** EastEnders **13.50** Dalziel and Pascoe **14.40** Dalziel and Pascoe **15.30** Doctor Who **16.15** My Hero **16.45** My Hero **17.15** Hotel Babylon **18.10** Judge John Deed **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** Dalziel and Pascoe **20.40** Dalziel and Pascoe **21.30** Waking the Dead **22.20** Hotel Babylon **23.15** Judge John Deed

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Update **11.00** Fremtidens detektiver **11.30** Backstage Special med Sys Bjerre **12.00** Talent 09 **13.00** Martin fra Ørum **13.35** Columbo **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Den travle by **16.00** Mr. Bean **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** SportNyt **17.05** Det vilde Kina **18.00** Merlin **18.45** Kriminalkommissær Barnaby **20.20** If Only **21.50** Seinfeld **22.15**

## NRK 1

**10.00** Birkebeinerrittet **11.00** VM roing **11.15** Birkebeinerrittet **13.50** 4-4-2. Tippekampen **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Gutta Boys **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Komiprisen 2009 **19.45** 20 spørsmål **20.10** Sjukehuset i Aidensfield **21.00** Kveldsnytt **21.15** Wolf **23.15** Vart du skræmt, no? **23.50** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Min älskade, tokiga mamma **10.25** Tre berättelser från Thule **11.05** En nästan vanlig ungdom **13.25** Uppdrag Granskning **14.25** Strömsö **15.05** Elisabeth Andreassen & Rybak **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.25** Bernard **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Märkesårsgalan **19.30** Den bästa av mödrar **21.20** Ridsport. EM 2009 **22.05** Motor. VM i speedway **22.50** Sprickorna i muren **00.25** Sändningar från SVT24


# ÞINN ÁRANGUR
## – settu þig í fyrsta sæti

NÁMSKEIÐ, AÐHALD, OG FASTIR TÍMAR: ÖRUGG LEIÐ TIL ÁRANGURS!

Nánari lýsingu á námskeiðum og því sem er innifalið er að finna á www.hreyfing.is

**Námskeiðið hefst 7. september.**

Hægt er að panta og ganga frá skráningu á www.hreyfing.is

Nýtt! **HJÓL/ÞOL/TÆKNI hjólanámskeið fyrir karla og konur 4-vikur, 2x í viku**

**Fyrir þá sem vilja bæta þol sitt til muna!**
Í hverjum tíma er unnið markvisst með notkun púlsmæla. Þú styrkir verulega hjarta- og æðakerfi líkamans, byggir upp topp þol og hámarkar fitubruna líkamans. Markmið námskeiðsins er m.a. að þátttakendur auki þol sitt jafnt og þétt, finni hámarkshjartslátt, bæti tækni á hjólinu o.fl. Hver tími er fyrirfram ákveðinn „hjólaferð“. Frábær leið til að byggja upp þitt besta mögulega þol!
Ath. Púlsmælar eru nauðsynlegir á þessu námskeiði. 15% afsláttur af þeim hjá Hreyfingu fyrir þátttakendur.

Vertu með á þessu spennandi 4- vikna hjólanámskeiði.

**Mánudaga og miðvikudaga kl. 16:20**
Umsjón: Ágústa Johnson og Anna Eiríksdóttir
**Verð 15.900 kr.**



HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

## PERSÓNAN

*Kamilla Ingibergsdóttir*



**Aldur:** Þrítug.
**Fjölskylda:** Er einhleyp og barnlaus en ekki fjölskyldulaus. Á mömmu, Guðrúnu Júlíusdóttur, pabba, Ingiberg Þór Kristinsson, tvo bræður og áhangendur.
**Búseta:** Reykjavík.
**Starf:** Verkefnastjóri hjá ÚTÓN og ráðstefnustjóri You Are In Control-ráðstefnunnar sem haldin verður 23. og 24. september.
**Stjörnumerki:** Rétt slefa í nautið.

Kamilla skipuleggur tónlistarráðstefnuna You Are In Control í Reykjavík í næsta mánuði.

# Íslensk stelpa opnar Lomo-verslun í London

Hadda Hreiðarsdóttir mun opna sérstaka Lomography-verslun í miðborg London ásamt sambýlismanni sínum, Adam Scott. Verslunin, sem verður opnuð 10. september og heitir Lomography Gallery Store, London, verður fyrsta sérhæfða Lomography-verslunin í London.

„Ég er viðskiptafræðingur að mennt en sambýlismaður minn er ljósmyndari og hefur mikið verið að vinna fyrir Lomography-fyrirtækið. Búðin verður opnuð í náinni samvinnu við fyrirtækið sjálft og eru til dæmis allar innréttingar smíðaðar í Austurríki, þar sem höfuðstöðvar Lomography eru, og verða sendar hingað yfir til okkar,“ segir Hadda, sem hefur verið búsett í London síðastliðin tvö ár. Aðspurð segist hún una sér vel í borginni og hafa engan hug á að flytja heim í bráð. „Ég er mjög sátt hérna úti. Ég er líka spennt fyrir opnun búðarinnar, enda hefur það verið draumur lengi að reka mitt eigið fyrirtæki og ráða mér sjálf.“



**OPNA LOMOGRAPHY-VERSLUN** Hadda Hreiðarsdóttir og sambýlismaður hennar, Adam Scott, opna fyrstu Lomography-verslunina í London í september.

Verslunin verður á Newburgh Street í miðborg London og verður á þremur hæðum. Verslunin mun einnig hýsa gallerí og samkomustað fyrir aðdáendur Lomo-vélanna þar sem þeir geta hist og spjallað. „Þetta er stórt samfélag fólks. Það er engu líkara en að fólk ánetjist þessu því um leið og það hefur prófað Lomo-vélarnar er ekki aftur snúið. Ég held að sjarminn við þetta sé endurhvarfið til filmunnar, fólk nýtur þess að taka myndir án þess að sjá strax hver útkoman er eins og með digital-myndavélarnar.“ Lomo-vélarnar eiga sér einnig aðdáendur á meðal stjarnanna og nefnir Hadda meðal annars Vladimir Pútín, Meatloaf og meðlimi Radiohead í því samhengi.

Að sögn Höddu verður haldið heljarinnar teiti í tilefni opnunarinnar. „Það verður rosa veisla. Hljómsveitir munu skemmta gestum og það verða veitingar í boði. Öllum Íslendingum á svæðinu er auðvitað boðið,“ segir Hadda að lokum. **- sm**



**LÁRÉTT**
**2.** mál skips, **6.** klaki, **8.** ferð, **9.** smáskilaboð, **11.** nudd, **12.** málmblanda, **14.** andstuttur, **16.** sjó, **17.** röst, **18.** árkvíslir, **20.** tveir eins, **21.** loga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fangi, **3.** hvort, **4.** sýndu fram á, **5.** hyggja, **7.** lítilsvert málefni, **10.** hlóðir, **13.** súld, **15.** grobb, **16.** andi, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lest, **6.** ís, **8.** för, **9.** sms, **11.** nú, **12.** látún, **14.** móður, **16.** sæ, **17.** iða, **18.** ála, **20.** nn, **21.** lifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** gísl, **3.** ef, **4.** sönnuðu, **5.** trú, **7.** smámæli, **10.** stó, **13.** úði, **15.** raup, **16.** sál, **19.** af.

**MULTILASER**
Gæða ljósritunarpappír
Svansmerktur
Gunnar Eggertsson hf.
Sími 525-3800
ge@ge.is



**GCD** Frá vinstri: Gunnlaugur Briem, Júlíus Guðmundsson, Bubbi Morthens og Bergþór Morthens. Þeir ætla að heiðra minningu Rúnars Júlíussonar á Ljósanótt 4. september. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**BUBBI MORTHENS:** KVEÐUR „GAMLA“ MEÐ ÞAKKLÆTI Í HJARTA

# Sonur Rúnars Júl spilar með GCD á Ljósanótt

„Þetta væri ekki hægt nema vegna þess að partur af Rúnari er með okkur,“ segir Bubbi Morthens. Rokksveitin GCD ætlar að koma saman á Ljósanótt í Keflavík 4. september til að heiðra minningu fyrrum félaga síns Rúnars Júlíussonar sem lést á síðasta ári. Yfirskrift viðburðarins verður „Óður til Rúnars“.

Júlíus, sonur Rúnars, mun fylla skarð hans bæði sem bassaleikari og söngvari. „Þó svo að ég sé með stærri löpp en pabbi er erfitt að fylla í hans spor,“ segir Júlíus við hlátrasköll nýrra félaga sinna. Hann hlakkar mikið til að stíga á svið með Bubba, bróður hans Bergþóri og trommaranum Gunnlaugi Briem en gerir sér um leið grein fyrir því að hann er undir þrýstingi um að standa sig vel, enda var faðir hans prímusmótorinn í sveitinni ásamt Bubba.

GCD starfaði í þrjú sumur í byrjun tíunda áratugarins og gaf út þrjár plötur. Hún var gríðarlega vinsæl, keyrði vítt og breitt um landið og spilaði ávallt fyrir fullu húsi. Lög eins og Kaupmaðurinn á horninu, Mýrdalssandur og Sumarið er tíminn eru ennþá feikivinsæl og munu lifa í minningu Íslendinga um ókomin ár.

Þeir félagar segja það vel við hæfi að koma aftur saman í Keflavík til að spila Rúnari til heiðurs. „Þetta er einstakt „móment“. Við erum í Keflavík sem er uppeldisbær Rúnars og með son hans um borð. Ég er alveg viss um að karlinn verður þarna með okkur,“ segir Bergþór og Bubbi tekur í sama streng: „Það er gaman að fá tækifæri til að kveðja hann almennilega. Eins og hann blasti við okkur þá var einhvers konar búdda í honum. Hann var sérstakur til orðs og æðis. Rúnar var mjög vandað eintak og það er þakklæti í mínu hjarta að geta kvatt „gamla“ svona,“ segir hann og bætir við: „Það verður rosalega gaman að spila á Ljósanótt. Þetta er flott staðsetning og alltaf gríðarleg stemning þarna. Þessi tegund tónlistar með GCD er algjörlega heiðarleg. Það er ekki verið að finna upp hjólið en menn voru að spila með hjartanu. Þegar þetta er gert á réttum forsendum þá virkar það.“

**freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Myndlistarmaðurinn **Davíð Örn Halldórsson** er rísandi stjarna í listaheiminum. Því áttar listvinurinn Francesca von Habsburg, barónessa frá Austurríki, sig vel á og hefur tekið hann undir sinn verndarvæng. Málverk Davíðs prýða nýja plötu hljómsveitarinnar Hjálma. Sú sveit hefur löngum verið í uppáhaldi barónessunnar, eins og sannaðist á tónleikum á Menningarnótt þegar hún dansaði með sveitinni uppi á sviði. Þegar barónessan sá verk Davíðs á umslaginu keypti hún þau undir eins, þrátt fyrir að einu verkinu hafi þegar verið lofað annað.



**Francesca von Habsburg** hefur reynst mörgum íslenskum listamanninum vel. Veislur hennar eru frægar meðal listaelítunnar og hún er almennt mjög vel liðin. Það borgar sig líka að vera í náðinni eins og Davíð Örn fær nú að kynnast. Barónessan lét sér ekki nægja að kaupa verkin af Hjálmaplötunni heldur hefur hún falið Davíð að mála þrjár myndir fyrir sig til viðbótar. Til að listamaðurinn fái næði til að sinna því verki hefur hún boðið honum og einum gesti til Jamaíka í tvö mánuði. Þar fær listamaðurinn afnot af villu og þjónn sem sér um að sinna helstu verkum.

Fréttablaðið hefur sagt frá vinsældum bókarinnar Matar og drykkjar eftir Helgu Sigurðardóttur sem nýlega var endurútgefin. Skömmu eftir útgáfu kom eldri kona til **Sigurðar Svavarssonar** í Opna bókafélagið og festi kaup á sjö eintökum. Fylgdi sögunni að hún ætlaði að eiga eitt sjálf en börn



hennar fengju hin svo hún þyrfti ekki að lána sitt eintak. Í vikunni kom eldri kona í bókafélagið og bætti um betur. Hún keypti átján eintök og ætlaði að gefa öllum barnabörnunum sínum bókina. **- hdm**





# Mjólkar sig á Hverfisgötu í dag

„Báðir synir mínir fæddust fyrir tímann og þurftu því að dvelja á vökudeild Barnaspítala Hringsins eftir fæðingu. Ég gat ekki tekið þá á brjóst og þurfti því að nota mjaltavél við það. Mér þótti þetta svolítið fjarstæðukennt en á sama tíma fannst mér þetta nokkuð myndrænt og mér datt í hug að nota þessa reynslu í gjörning,“ segir Katrín I. Jónsdóttir Hjördísardóttir listamaður, sem verður með allsérstakan gjörning á vinnustofu sinni við Hverfisgötu 61 í dag. Katrín, sem útskrifaðist af myndlistarbraut LHÍ fyrir ári, mun mjólka sig fyrir augum almennings og segist óviss með viðbrögðin sem gjörningurinn mun vekja. „Það er ósköp eðlilegt fyrir konur að gefa brjóst á almannafæri, en það er eitthvað ónáttúrulegt og óeðlilegt við þetta. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig fólk mun taka þessu,“ segir Katrín.



**SÉRSTAKUR GJÖRNINGUR** Katrín I. verður með nokkuð sérstakan gjörning á vinnustofu sinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Listamenn nýta oft listina til að vekja athygli á samfélagsmeinum og með þessum gjörningi langar mig að vekja athygli á því að mæður fyrirbura neyðast til þess að borga sjálfar leiguna á mjaltavélinni, sem getur verið kostnaðarsamt.“ Gjörningurinn hefst klukkan 13 og verður endurtekinn klukkan 16 í dag. **- sm**



heima
30%
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
Nýkomið
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Öndvegi
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
30%
Nýkomið
mood
30%
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









## BAKÞANKAR


Davíðs Þórs Jónssonar


# Alþynnki

Það er ljótt að vera fullur í vinnunni. Drukknir menn skila alla jafna verra verki en allsgáðir og svindla þannig á vinnuveitendum sínum. Þó geta kringumstæður mildað alvarleika glæpsins, til dæmis ef vinnan er svo niðurdrepandi og vinnufélagarnir slíkt pakk að smá brjóstbirta sé nauðsynleg til að þreyja kvöldvaktina. Sömuleiðis ef vinnan er þess eðlis að vart megi greina á afurðinni hvort hún hafi verið unnin af fullum manni eða ófullum. Á hinn bóginn er það síðan auðvitað grátleg sóun á fyllirii að vera á því á jafnömurlega leiðinlegum stað og Alþingi Íslendinga.

**LÖNG** hefð er fyrir því að utanbæjarmönnum verði hált á svellinu í kaupstaðarferðum og fari offari í sollinum á mölinni. Þannig henti það til dæmis nýlega þingmannsblók eina utan af landi að fá sér eilítið rækilegar neðan í því en góðu hófi gegndi áður en hún steig í ræðustól þingsins. Í kjölfarið reyndi hún síðan fyrst að þræta fyrir að hafa smakkað það og síðan fyrir að hafa fundið nokkurn skapaðan hlut á sér, rétt eins og alsiða sé að smakka það í öðrum tilgangi. Höfðu sumir á orði að við þetta hefði Alþingi sett niður og tók Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, jafnvel svo djúpt í árinni að segja þetta þinginu ekki sæmandi.

**NÚ VEIT** ég ekki alveg hvaða skilning þingmaðurinn leggur í orðið sæmd en benda verður á að hann er fulltrúi flokks sem réði lögum og lofum á Alþingi síðastliðna tvo áratugi og notaði þá til að breyta þinginu í viljalausa afgreiðslu fyrir ríkisstjórn, gera löggjafarvaldið að gólfmottu framkvæmdarvaldsins. Á þeim tíma steyptu sjálfstæðismenn þjóðarbúinu í svo glórulausar skuldir að þegar allt er talið jafnast þær á við að hvert einasta hús á landinu hafi brunnið til kaldra kola. Og þetta gerðu þeir bláedrú! Þeir hafa enga afsökun.

**AUÐVITAÐ** á maður ekki að vera fullur í vinnunni, en áður en farið er að gapa um sæmd Alþingis væri kannski ekki úr vegi að skoða hana í óbrjáluðu samhengi. Sæmd Alþingis er nefnilega alls ekki í svaðinu. Hún er ofan í iðrum jarðar. Hafi einhverjum tekist að hífa hana þaðan upp í svaðið á hann þakkir skilið, en ekki skammir frá þeim sem notuðu áratuga einræði sitt yfir stofnuninni til að gera Íslendinga að alheimsundri fyrir heimsku.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 29. ágúst 2009, 241. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.01 | 13.29 | 20.54 |
| Akureyri | 5.40 | 13.13 | 20.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


